

ARNALDUR INDRIDASON

# mýrin



VAKA-HELGAPELL

Þessi saga er skáldskapur. Nöfn, persónur, staðir og atburðir eru hugarsmíð höfundar og finnst einhver samsvörun í raunveruleikanum er um hreina tilviljun að ræða.

**mýrin**

© Arnaldur Indriðason

Útgefandi: Vaka-Helgafell  
Reykjavík 2004


1. útgáfa 2000
  2. útgáfa – kilja 2001
- endurpr. 2002, 2003, 2004

Kápuhönnun: Ragnar Helgi Ólafsson  
Umbrot: Vaka-Helgafell hf.  
Prentun: Nørhaven Paperback a/s, Viborg, Danmörku

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 9979-2-1555-0

Þetta er allt ein andskotans norðurmýri.  
*Erlendur Sveinsson, rannsóknarlögreglumaður*



# REYKJAVÍK 2001

ATLANTA  
1905

# I

Orðin voru skrifuð með blýanti á blað sem lagt var ofan á líkið. Þrjú orð, óskiljanleg Erlendi.

Líkið var af manni sem hlaut að vera um sjötugt. Hann lá á hægri hlið á gólfinu, uppi við sófa í lítilli stofu, klæddur í bláa skyrtu og ljósbrúnar, rifflaðar flauelsbuxur. Hann hafði inniskó á fótum. Hárið var tekið að þynnast, nær algrátt. Það var litað blóði úr stóru sári á höfðinu. Á gólfinu skammt frá líkinu var stór öskubakki úr gleri, oddhvass og hornóttur. Hann var einnig blóðugur. Stofuborðið hafði oltið um koll.

Þetta var í kjallaraíbúð í tvílyftu steinhúsi í Norðurmýrinni. Það stóð í litlum garði umluktum steinvegg á þrjá vegu. Trén höfðu fellt lafið sem lá þétt um garðinn svo hvergi sást í jörð, og kræklottar greinar trjána teygðu sig upp í himinsortann. Malarinnkeyrsla lá upp að bílskúr. Starfsmenn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík voru enn að renna í hlað. Þeir fóru um asalaust eins og draugar í gömlu húsi. Von var á héraðslækni, sem skrifa mundi undir dánarvottorð. Tilkynnt hafði verið um líkfundinn fyrir um fimmtán mínútum. Erlendur var einna fyrstur á staðinn. Hann átti von á Sigurði Óla á hverri stundu.

Októberrökkur lagðist yfir borgina og regnið slóst til í haustrokinu. Einhver hafði kveikt á lampa sem stóð á borði í stofunni og varpaði drungalegri birtu á umhverfið. Að öðru leyti hafði ekki verið hreyft við vettvangi. Tæknimenn voru að koma fyrir sterkum flúrljósum á þrífæti. Með þeim yrði íbúðin lýst upp. Erlendur tók eftir bókaskáp og slitnu sófasetti, borðstofuborði, gömlu skrifborði úti í horni, teppi á gólfinu, blóði í teppinu. Innangengt var í eldhúsið úr stofunni, aðrar dyr lágu út í holið og inn á lítinn gang þar sem voru tvö herbergi og salerni.

Nágranninn á efri hæðinni gerði lögreglunni viðvart. Hann

kom heim þetta síðdegi eftir að hafa náð í drengina sína tvo í skólann og fannst óvenjulegt að sjá kjallaradyrnar opnar upp á gátt. Hann sá inn í íbúð nágrannans og kallaði á hann óviss um hvort hann væri heima. Hann fékk ekkert svar. Hann skimaði inn í íbúð nágrannans og kallaði nafn hans aftur en fékk engin viðbrögð. Þau höfðu búið á efri hæðinni í nokkur ár en þekktu ekki vel roska manninn í kjallaranum. Eldri sonurinn, níu ára, var ekki jafn varfærinn og faðirinn og fyrr en varði var hann kominn inn í stofu hjá nágrannanum. Andartaki síðar kom krakkinn út aftur og sagði að það væri dauður maður inni í íbúðinni og virtist ekki kippa sér mikið upp við það.

– Þú horfir of mikið á bíómyndir, sagði faðirinn og fetaði sig inn í íbúðina og sá hvar nágranni hans lá í blóði sínu á stofugólfinu.

Erlendur vissi nafnið á hinum látna. Það stóð á dyrabjöllunni. En til þess að eiga ekki á hættu að gera sig að fífla setti hann upp þunna gúmmíhanska og gróf upp seðlaveski mannsins úr jakka sem hékk á snaga frammi í anddyrinu og fann mynd af honum á greiðslukorti. Holberg hét hann, sextíu og níu ára gamall. Látinn á heimili sínu. Sennilega myrtur.

Erlendur gekk um íbúðina og velti fyrir sér einföldustu spurningunum. Það var hans starf. Að rannsaka hið augljósa. Tæknimennirnir sáu um leyndardóminn. Hann sá engin merki um innbrot, hvorki á gluggum né dyrum. Svo virtist við fyrstu sýn að maðurinn hefði sjálfur hleypt árársmanni sínum inn í íbúðina. Nágrannarnir höfðu sporað út anddyrið og stofuteppið þegar þeir komu inn úr rigningunni og árárarmaðurinn hlaut að hafa gert það líka. Nema hann hafi farið úr skónum í dyrunum. Erlendi sýndist að það hefði verið meiri asi á honum en svo að hann leyfði sér að fara úr skónum. Tæknimennirnir höfðu með sér ryksugur til þess að ná upp minnstu ögnum og duft til þess að kalla fram vísbendingar. Þeir leituðu að fingraförum og aur af



skófatnaði sem ekki átti heima í húsinu. Þeir leituðu að einhverju sem var utanaðkomandi. Einhverju sem skildi eftir sig eyðileggingu.

Erlendur gat ekki séð að maðurinn hefði tekið á móti gesti sínum af sérstakri gestrisni. Hann hellti ekki upp á kaffi. Kaffivél í eldhúsinu virtist ekki hafa verið notuð síðustu klukkustundirnar. Engin merki voru um tedrykkju og engir bollar höfðu verið teknir niður úr skápum. Glös stóðu óhreyfð á sínum stað. Hinn myrti hafði verið snyrtimenni. Allt í röð og reglu hjá honum. Kannski þekkti hann ekki árársarmann sinn vel. Kannski hafði gesturinn ráðist á hann formálalaust um leið og dyrnar opnust. Án þess að fara úr skónum.

Er hægt að myrða á sokkunum?

Erlendur leit í kringum sig og hugsaði með sér að hann þyrfti að koma betra skipulagi á hugsanir sínar.

Í öllu falli hafði verið flýtir á gestinum. Hann hafði ekki haft fyrir því að loka dyrum á eftir sér. Árásin sjálf bar merki um flýti eins og hún hefði verið gerð upp úr þurru og án viðvörunar. Það voru engin merki um áflog í íbúðinni. Maðurinn virtist hafa fallið beint í gólfid og lent á stofuborðinu og velt því um koll. Allt annað var óhreyft við fyrstu sýn. Erlendur gat ekki séð að framið hefði verið rán í íbúðinni. Allir skápar voru kirfilega lokaðir, skúffur einnig, nýleg tölva og gömul hljómtæki á sínum stað, veski mannsins í jakka á snaga frammi í holinu, einn tvöþúsund króna seðill og tvö greiðslukort, annað debet og hitt kredit.

Það var eins og árársarmaðurinn hefði gripið það sem hendi var næst og slegið því í höfuð mannsins. Öskubakkinn var úr þykku, grænleitu gleri og vó ekki minna en eitt og hálf kíló, hélt Erlendur. Morðtöl fyrir þann sem það vildi. Árársarmaðurinn hafði varla komið með hann með sér og skilið eftir á stofugólfinu blóðugan.

Þetta voru augljósu vísbendingarnar: Maðurinn hafði opnað dyrnar og boðið eða í öllu falli gengið með gesti sínum til stofu. Líklega þekkti hann gest sinn en þó þurfti það ekki að vera. Á hann var ráðist með öskubakkanum, eitt þungt högg og árásarmaðurinn hljóp út í skyndingu og skildi dyrnar að íbúðinni eftir opnar. Klappað og klárt.

Nema orðsendingin.

Hún var skrifuð á línustrikað A4-bláð sem virtist rífið úr gormabók og var eina vísbendingin um að hér hefði verið framinn glæpur að yfirlögðu ráði; hún benti til þess að gesturinn hefði komið í húsið gagngert til þess að ráða mannum bana. Gesturinn hafði ekki verið gripinn morðæði allt í einu þar sem hann stóð á stofugólfinu. Hann kom í húsið með þann ásetning að fremja morð. Hann hafði skrifað orðsendingu. Þrjú orð sem Erlendur fékk engan botn í. Hafði hann verið búinn að skrifa orðin á blað áður en hann kom í húsið? Önnur augljós spurning sem þurfti að svara. Erlendur gekk að skrifborði mannsins í horni stofunnar. Á borðinu úði og grúði af skjölum, reikningum, umslögum, blöðum. Ofan á öllu því lá gormabók. Hann leitaði að blýanti en sá hann ekki á skrifborðinu. Hann gáði í kringum skrifborðið og fann hann undir því. Hann hreyfði ekki við neinu. Horfði og hugsaði.

– Er þetta ekki dæmigert íslenskt morð? sagði Sigurður Óli sem komið hafði inn í kjallarann án þess að Erlendur tæki eftir honum og stóð við líkið.

– Ha? sagði Erlendur niðursokkinn.

– Subbulegt, tilgangslaust og framið án þess að gerð sé tilraun til þess að leyna því, breyta verksummerkjum eða fela sönnunargögn.

– Jú, sagði Erlendur. Ömurlegt, íslenskt morð.

– Nema hann hafi dottið á borðið og lent með höfuðið á öskubakkanum, sagði Sigurður Óli. Elínborg var í fylgd með honum.

Erlendur hafði reynt að takmarka umgang lögreglu- og tækni-  
manna og sjúkraflutningafólks á meðan hann gekk álútur um  
húsið með hatt sinn á höfði.

– Og skrifað óskiljanlega orðsendingu í fallinu? sagði Erlendur.

– Hann gæti hafa verið með hana í höndunum.

– Botnarðu eitthvað í orðsendingunni?

– Kannski þetta sé guð, sagði Sigurður Óli. Kannski morðinginn, ég veit það ekki. Áherslan á síðasta orðið er svolítið forvitnileg. Stórir stafir í HANN.

– Mér sýnist þetta ekki vera nein flýtskrift. Síðasta orðið er skrifað með blokkstöfum en hin tvö með skrifstöfum. Gesturinn hefur gefið sér góðan tíma til ritstarfanna. Lokar samt ekki á eftir sér. Hvað þýðir það? Ræðst á manninn og hleypur út en skrifar eitthvert óskiljanlegt bull á blað og vandar sig við að leggja áherslu á síðasta orðið.

– Það hlýtur að vera átt við hann, sagði Sigurður Óli. Líkið, meina ég. Þetta getur ekki átt við um neinn annan.

– Ég veit það ekki, sagði Erlendur. Hver er tilgangurinn með því að skilja eftir svona orðsendingu og leggja ofan á líkið? Hver gerir svona? Hvað vill hann segja með því? Er hann að segja okkur eitthvað? Er morðinginn að tala við sjálfan sig? Er hann að tala við líkið?

– Ruglað kvikindi, sagði Elínborg og ætlaði að beygja sig eftir orðsendingunni. Erlendur stöðvaði hana.

– Kannski voru þeir fleiri en einn, sagði Sigurður Óli. Sem réðust á hann.

– Mundu eftir hönskunum, Elínborg mín, sagði Erlendur og lét eins og hann væri að tala við barn. Ekki spilla sönnunargögnum. Orðsendingin var skrifuð á borðinu þarna, bætti hann við og benti út í hornið. Blaðið er rífið úr gormabók sem fórnarlambið átti.

– Kannski voru þeir fleiri en einn, endurtók Sigurður Óli. Honum fannst hann hafa hitt á áhugavert atriði.

– Já, já, sagði Erlendur. Kannski.

– Svolítið kaldrifjað, sagði Sigurður Óli. Fyrst drepuðu gamalmenni og svo sestu við skriftir. Þarf ekki stáltaugar í það? Er það ekki rætinn djöfull sem gerir svoleiðis?

– Eða æðrulaus, sagði Elínborg.

– Eða með messíasarkomplex, sagði Erlendur.

Hann beygði sig niður eftir orðsendingunni og las hana yfir í hljóði.

Stórkostlegan messíasarkomplex, hugsaði hann með sjálfum sér.

## 2

Erlendur kom heim til sín í blokkina um tíuleytið um kvöldið og stakk tilbúnum rétti í örbylgjuofninn. Hann stóð fyrir framan ofninn og horfði á réttinn snúast bak við glerið og hugsaði með sér að hann hefði horft á margt verra í sjónvarpinu. Úti fyrir hvein í haustvindum fullum af regni og myrkri.

Hann hugsaði um fólk sem skildi eftir sig skilaboð og lét sig hverfa. Hvað mundi hann sjálfur skrifa á bréfsnepil? Handa hverjum ætti hann að skilja eftir orðsendingu? Dóttir hans, Eva Lind, kom upp í hugann. Hún var í eiturlyfjum og myndi vilja vita hvort hann ætti einhverja peninga. Hún gerðist sífellt ágengari í þeim efnum. Sonur hans, Sindri Snær, hafði nýlega lokið sinni þriðju áfengismeðferð. Skilaboðin til hans yrðu einföld: Aldrei aftur Hiroshima.

Erlendur brosti dauflega um leið og örbylgjuofninn gaf frá sér þrjú hljóðmerki.

Ekki svo að skilja að það hefði nokkru sinni hvarflað að Erlendi að láta sig hverfa eitt eða neitt.

Þeir Sigurður Óli höfðu rætt við nágrannann sem kom að líkinu. Eiginkona hans var þá komin heim og hafði talað um að taka drengina burtu úr húsinu og fara með þá til móður sinnar. Nágranninn hét Ólafur og sagði að hann sjálfur og fjölskylda hans öll, eiginkonan og synirnir tveir, færu í skóla og vinnu á hverjum morgni klukkan átta og enginn kæmi heim aftur fyrr en í fyrsta lagi eftir fjögur; það var hans verk að sækja drengina í skólann. Þau höfðu ekki tekið eftir neinu óeðlilegu þegar þau fóru að heiman frá sér um morguninn. Dyrnar inn í íbúð mannsins höfðu verið lokaðar. Þau sváfu fast um nóttina. Heyrðu ekkert. Samskipti þeirra við nágrannann voru ekki mikil. Þau þekktu hann að segja mátti ekki neitt þó nokkur ár væru síðan þau fluttu á hæðina fyrir ofan hann.

Réttarlæknir átti eftir að komast að nokkuð nákvæmri dánarstund en Erlendur hugsaði með sér að morðið hefði verið framið um miðjan dag. Á háannatíma eins og það var kallað. Hver hefur tíma til þess nútildags? hugsaði hann með sér. Tilkynting hafði verið send fjölmiðlum sem greindi frá því að maður um sjö- tugt hefði fundist látinn í íbúð sinni í Norðurmýri og líklega verið ráðinn bani. Þeir sem orðið hefðu varir grunsamlegra mannaferða í og við hús Holbergs síðasta sólarhringinn voru beðnir að hafa samband við lögregluna í Reykjavík.

Erlendur var um fimmtugt, fráskilinn fyrir mörgum árum, tveggja barna faðir. Hann lét aldrei neinn finna að hann þoldi ekki nöfnin á börnunum sínum. Konunni hans fyrrverandi, sem hann hafði varla talað við í meira en tvo áratugi, fannst þau sæt á sínum tíma. Skilnaðurinn var erfiður og Erlendur missti að mestu sambandið við börnin sín ung. Þau leituðu til hans þegar þau eltust og hann tók þeim fagnandi en harmaði hvernig komið var fyrir þeim. Sérstaklega grét hann örlög Evu Lindar. Sindri Snær var betur á sig kominn. Tæplega þó.

Hann tók réttinn úr ofninum og settist við eldhúsbordið. Íbúðin var tveggja herbergja og morandi í bókum hvar sem hægt var að koma þeim fyrir. Gamlar fjölskyldumyndir af ættingjum á Austfjörðum hingu á veggjum en þangað átti Erlendur ættir sínar að rekja. Engar myndir átti hann af sjálfum sér eða börnunum sínum. Gamall Nordmende-sjónvarpsræfill stóð við einn vegginn og enn ræfilslegri hægindastóll framan við hann. Erlendur hélt íbúðinni sæmilega þrifalegri með lágmarksumhirðu.

Hann vissi ekki nákvæmlega hvað það var sem hann borðaði. Utan á skrautlegum pakkanum stóð eitthvað um austrænar lystisemdir en rétturinn, sem leyndist innan í einhvers konar hveitirúllu, smakkaðist eins og súr brauðsúpa. Erlendur ýtti honum frá sér. Hann velti fyrir sér hvort hann ætti ennþá rúgbrauðið sem hann keypti fyrir nokkrum dögum. Og kindakæf-

una. Í því var dyrabjöllunni hringt. Eva Lind hafði ákveðið að „droppa inn“. Það fór í taugarnar á honum hvernig hún talaði.

– Hvernig hangir hann? sagði hún um leið og hún skaust inn um dyrnar og hlammaði sér beint í sófann í stofunni.

– Æi, sagði Erlendur og lokaði dyrunum. Ekki þetta fíflamál við mig.

– Ég hélt að þú vildir að ég vandaði mál mitt, sagði Eva Lind, sem setið hafði undir ófáum fyrirlestrum föður síns um málfar.

– Segðu þá eitthvað af viti.

Það var erfitt að sjá hver hún var í þetta skiptið. Eva Lind var besta leikkona sem hann hafði nokkru sinni komist í kynni við en það sagði reyndar ekki mikið því hann fór aldrei í leikhús eða kvikmyndahús og horfði nær aðeins á sjónvarp ef hann vissi af fræðsluþætti. Leikrit Evu Lindar var yfirleitt fjölskyldudrama í einum til þremur þáttum og fjallaði um hvernig best væri að hafa fé af Erlendi. Það gerðist ekki oft því Eva Lind hafði sínar aðferðir við að ná sér í peninga og Erlendur vildi sem minnst vita um þær. En svo kom það fyrir að hún átti ekki „goddamsent“, eins og hún sagði, og leitaði til hans.

Stundum var hún litla stelpa hans, hjúfraði sig upp að honum og malaði eins og köttur. Stundum var hún á barmi örvæntingar, óð um íbúðina gersamlega hugstola og hamaðist í honum og álasaði fyrir að hafa yfirgefið hana og Sindra Snæ svo ung. Þá gat hún verið klúr og kvikindisleg og ill. Stundum hélt hann að hún væri eins og hún átti að sér, næstum því edlileg, ef eitthvað var til sem hét að vera edlilegur, og Erlendi fannst eins og hann gæti rætt við hana eins og manneskju.

Hún var í snjáðum gallabuxum og svörtum leðurjakka sem náði henni í mitti, með stutt, hrafnsvarð hár, tvo litla hringi í hægri augabruninni og silfurkross niður úr öðru eyranu. Hún hafði verið með hvítar og fallegar tennur en þær voru farnar að láta á sjá; tvær vantaði í efri göminn. Það kom í ljós þegar hún

brosti breitt. Hún var horuð og tekin í andliti með dökka bauga undir augum. Erlendi fannst hann stundum sjá svip móður sinnar í andlitinu. Hann blótaði örlögum Evu Lindar og kenndi vanhirðu sinni um hvernig komið var fyrir henni.

– Ég talaði við mömmu í dag eða hún talaði við mig og vildi vita hvort ég gæti talað við þig. Frábært að vera skilnaðarbarn.

– Vill mamma þín mér eitthvað? spurði Erlendur í forundran. Hún hataði hann enn eftir tuttugu ár. Hann hafði aðeins einu sinni séð henni bregða fyrir á öllum þessum tíma og illskan í svip hennar leyndi sér ekki. Hún hafði einu sinni talað við hann í síma vegna Sindra Snæs og það var samtal sem hann reyndi að gleyma.

– Hún er svo snobbað kvikindi.

– Ekki tala svona um mömmu þína.

– Eitthvað vinafólk í Garðabænum, moldríkt, gifti dóttur sína um helgina og hún bara hvarf úr brúðkaupinu. Ógeðslega vandræðalegt. Þetta var á laugardaginn og hún hefur ekki haft samband síðan. Mamma var í brúðkaupinu og er alveg yfir sig hneyksluð. Ég átti að spyrja hvort þú vildir tala við fólkið. Það vill ekki senda tilkynningar í blöðin eða neitt, þetta snobbdrasl, en veit að þú ert hjá rannsóknarlögreglunni og heldur að það geti gert allt ofsalega höss, höss. Það er ég sem á að biðja þig um að tala við dótið. Ekki mamma. Skilurðu? Aldrei!

– Þekkir þú þetta fólk?

– Mér var allavega ekki boðið í fína brúðkaupið sem litla, sæta dúkkudruslan fokkaði upp.

– En stelpuna?

– Sáralítið.

– Og hvert hefur hún stungið af?

– Ég veit það ekki.

Erlendur yppti öxlum.

– Ég var að hugsa til þín rétt áðan, sagði hann.

– Næs, sagði Eva Lind. Ég var einmitt að þæla hvort ...



– Ég á engan pening, sagði Erlendur og settist gegnt henni í sjónvarpsstólinn. Ertu svöng?

Eva Lind skaut upp kryppu.

– Af hverju get ég aldrei talað við þig án þess að þú farir að tala um peninga? sagði hún og Erlendi fannst eins og hún hefði stolið frá sér setningu.

– Og af hverju get ég aldrei talað við þig, punktur?

– Æi, fokkaðu þér.

– Til hvers ertu að segja eitthvað svona? Hvað er það? Fokkaðu þér! Hvernig hangir hann? Hvers konar talsmáti er það?

– Djásis, stundi Eva Lind.

– Hver ertu núna? Við hverja er ég að tala? Hvar ert þú sjálf innan í þessari dópdrullu allri?

– Byrjaðu ekki þennan fíflasöng aftur. Hver ert þú? hermdi hún eftir honum. Hvar ert þú sjálf? Ég er hér. Ég sit fyrir framman þig. Ég er ég!

– Eva.

– Tíu þúsund! sagði hún. Hvað er það? Geturðu ekki reddað tíu þúsundum? Þú átt skítnóg af peningum.

Erlendur horfði á dóttur sína. Það var eitthvað í fari hennar sem hann hafði tekið eftir um leið og hún kom inn. Hún var andstutt og það perlaði á svita á enninu og hún iðaði öll í sætinu. Eins og hún væri veik.

– Ertu lasin? spurði hann.

– Ég er í fínu lagi. Mig vantar smápening. Plís, ekki vera erfíður.

– Ertu lasin?

– Plís.

Erlendur horfði enn á dóttur sína.

– Ertu að reyna að hætta? sagði hann.

– Plís, tíu þúsund. Það er ekki neitt. Ekki neitt fyrir þig. Ég skal aldrei koma til þín aftur og biðja um pening.

– Já, einmitt. Hvað er langt síðan þú ... Erlendur vissi ekki nákvæmlega hvernig hann átti að koma orðum að því ... notaðir efni?

– Skiptir ekki máli. Ég er hætt við. Hætt við að hætta við að hætta við að hætta við að hætta við að hætta! Eva Lind var staðin upp. Láttu mig hafa tíu þúsund. Plís. Fimm. Láttu mig hafa fimm þúsund. Ertu með það í vasanum? Fimm! Það er skítur á priki.

– Af hverju ertu að reyna að hætta núna?

Eva Lind horfði á föður sinn.

– Engar fíflaspurningar. Ég er ekkert að hætta. Hætta hverju? Hverju á ég að hætta? Hætt þú þessu kjaftæði!

– Hvað er að gerast? Af hverju ertu svona æst? Ertu lasin?

– Já, ég er hundveik. Geturðu lánað mér tíu þúsund? Það er lán, ég borga þér, ha? Nirfill.

– Nirfill er fínt orð, sagði Erlendur. Ertu lasin, Eva?

– Af hverju ertu að spyrja um það? sagði hún og ætist ennþá meira.

– Ertu með hita?

– Láttu mig hafa peninginn. Tvö þúsund! Það er ekki neitt! Þú skilur þetta ekki. Kallasni!

Hann var staðinn á fætur líka og hún kom upp að honum eins og hún ætlaði að ráðast á hann. Hann áttaði sig ekki á þessum skyndilega ofsa í henni. Hann horfði niður eftir henni.

– Á hvað ertu að horfa? hrópaði hún framan í hann. Langar þig? Ha! Langar þabba gamla!!

Erlendur sló hana utan undir en ekki fast.

– Fannst þér þetta gott? sagði hún.

Hann sló hana aftur og fastar í þetta skiptið.

– Stífnar hann? sagði hún og Erlendur hrökklaðist frá henni. Hún hafði aldrei talað svona til hans áður. Á einu andartaki hafði hún breyst í óargadýr. Hann hafði ekki séð hana í þessum ham

áður. Hann stóð ráðalaus gegnt henni og reiðin vék smám saman fyrir meðaumkun.

– Af hverju ertu að reyna að hætta núna? endurtók hann.

– Ég er ekkert að reyna að hætta núna! hrópaði hún. Hvað er að þér, maður? Geturðu ekki skilið það sem ég segi? Hver er að tala um að hætta?

– Hvað er að, Eva?

– Pegiðu með þetta, hvað er að, Eva! Geturðu látið mig hafa fimm þúsund? Geturðu svarað því? Það var eins og hún hefði róast. Kannski gerði hún sér grein fyrir að hún hafði gengið of langt. Hún talaði ekki svona við föður sinn.

– Af hverju núna? spurði Erlendur enn.

– Læturðu mig hafa tíu þúsund ef ég segi þér það?

– Hvað hefur gerst?

– Fimm þúsund.

Erlendur starði á dóttur sína.

– Ertu ólétt? spurði hann.

Eva Lind leit á föður sinn og brosti í uppgjöf.

– Bingó, sagði hún.

– En hvernig? stundi Erlendur.

– Hvað meinarðu, hvernig? Viltu að ég lýsi því?

– Ekkert kjaftæði! Þú notar einhverjar varnir, eða hvað? Verjur? Pillur?

– Ég veit ekkert hvað gerðist. Það bara gerðist.

– Og viltu hætta í dópinu?

– Ekki lengur. Ég get það ekki. Núna er ég búin að segja þér allt. Allt! Þú skuldar mér tíu þúsund.

– Til þess að dópa barnið þitt.

– Þetta er ekkert barn, bjáninn þinn! Þetta er ekki neitt. Þetta er sandkorn. Ég get ekki hætt strax. Ég hætti á morgun. Ég lofa því. Bara ekki núna. Tvö þúsund. Hvað er það?

Erlendur gekk upp að henni aftur.

- En þú reyndir. Þú vilt hætta. Ég skal hjálpa þér.
- Ég get það ekki! hrópaði Eva Lind. Svitinn bogaði af andliti hennar og hún reyndi að leyna skjálfta sem fór um allan líkamann.
- Þess vegna komstu til mín, sagði Erlendur. Þú hefðir getað farið eitthvað annað og útvegað þér pening. Þú hefur gert það hingað til. En þú komst til mín af því að þú vilt ...
- Ekkert kjaftæði. Ég kom af því að mamma bað mig og þú átt pening. Ekki út af neinu öðru. Ef þú lætur mig ekki hafa hann þá útvega ég mér hann. Það er minnsta mál. Nóg af köllum eins og þér sem eru tilbúnir að borga mér.
- Erlendur lét hana ekki slá sig út af laginu.
- Hefurðu orðið ólétt áður? sagði hann.
- Nei, svaraði Eva Lind og leit undan.
- Hver er þabbinn?

Eva Lind varð kjaftstopp og horfði upp á föður sinn stórum augum.

- HALLÓ! hrópaði hún. Sýnist þér ég vera að koma af brúðarsvítunni á Hótel fokking Sögu?!

Ög áður en Erlendur fékk rönd við reist hafði hún ýtt honum frá sér og hlaupið út úr íbúðinni, niður stigann og út á götu þar sem hún hvarf í kalda haustrínginguna.

Hann lokaði dyrunum hægt á eftir henni og velti því fyrir sér hvort hann hefði farið rétt að. Það var eins og þau gætu ekki talað saman án þess að rífast og öskra hvort á annað og hann var þreyttur á því.

Hann hafði ekki lengur lyst á mat en settist aftur í stólinn í stofunni, starði hugsí fram fyrir sig og hafði áhyggjur af því hvað Eva Lind mundi taka til bragðs. Um síðir tók hann upp bók sem hann var að lesa og lá opin á borði við hliðina á stólnum. Hún var úr einum eftirlætisbókaflokknum hans og lýsti hrakningum og mannsköðum á heiðum uppi.

Hann hélt áfram að lesa þaðan sem frá var horfið í frásögn sem bar heitið Mannskaðinn á Mosfellsheiði og var brátt staddur í iðulausri stórhrið þar sem ungir menn frusu í hel.

### 3

Rigningin hrundi niður úr skýjunum þegar Erlendur og Sigurður Óli hröðuðu sér úr bílnum, hlupu upp tröppurnar á blokk í Stigahlíð og hringdu bjöllu. Þeir íhuguðu að sitja af sér skúrina en Erlendi leiddist biðin í bílnum og stökk af stað. Sigurður Óli vildi ekki sitja eftir. Þeir urðu holdvotir á svipstundu. Regnið lak niður eftir hári Sigurðar Óla og niður á bak og hann horfði illúðlegur á Erlend á meðan þeir biðu eftir að dyrnar opnuðust.

Þeir höfðu velt möguleikunum fyrir sér á fundi um morguninn, lögreglumennirnir sem fóru með rannsókn málsins. Ein kenningin var sú að Holberg hefði verið myrtur í algjöru tilgangsleysi og árásarmaðurinn hefði ranglað um hverfið í einhvern tíma, jafnvel daga. Þjófur í leit að innbroti. Barið að dyrum hjá Holberg til þess að vita hvort einhver væri heima en svo komið fát á hann þegar húsráðandi kom í dyrnar. Orðsendingin sem hann skildi eftir var aðeins til þess að afvegaleiða lögregluna. Hafði enga sýnilega merkingu aðra.

Borist hafði tilkynning sama dag og Holberg fannst látinn frá íbúum blokkar í Stigahlíð, um ungan mann í grænum hermanna-jakka sem réðst þar á tvær rosknar konur, tvíburasystur. Hann hafði komist inn í stigaganginn, bankað upp á hjá þeim, þær opnuðu og hann ruddist inn á þær, skellti á eftir sér hurðinni og heimtaði af þeim fé. Þegar þær gegndu því ekki sló hann aðra í andlitið með berum hnefanum en hrinti hinni í gólfið og sparkaði í hana áður en hann hljóp út aftur.

Rödd kom í dýrasímann og Sigurður Óli kynnti sig. Það heyrðust skruðningar í hurðinni og þeir gengu inn á stigaganginn. Hann var illa upplýstur og í honum þefur af óþrifnaði. Þegar þeir komu upp á aðra hæðina stóð önnur konan í dyrunum og beið þeirra.

– Eruð þið búnir að ná honum? spurði hún.

– Því miður, sagði Sigurður Óli og hristi hausinn, en okkur langaði að tala við þig um ...

– Eru þeir búnir að ná honum? heyrðist innan úr íbúðinni og nákvæmlega sama eintakið af konunni birtist þeim í dyrunum. Þær voru um sjötugt, gildvaxnar og báðar klæddar í svart þils og rauða peysu, gráhærðar með hárið túperað, kringluleitar og eftirvæntingarsvipurinn leyndi sér ekki.

– Nei, sagði Erlendur. Ekki ennþá.

– Hann var ræfill, greyið, sagði kona númer eitt. Hét Fjóla. Hún bauð þeim inn.

– Vertu ekki að vorkenna honum, sagði kona númer tvö, sem hét Birna og lokaði á eftir þeim dyrunum. Hann var svipljótur fantur sem barði þig í hausinn. Sér er nú hver ræfillinn, huh.

Þeir settust niður í stofunni hjá konunum, horfðu á þær til skiptis og síðan hvor á annan. Íbúðin var lítil. Sigurður Óli tók eftir tveimur samliggjandi svefnherbergjum. Hann sá inn í lítið eldhús úr stofunni.

– Við lásum skýrsluna sem var tekin af ykkur, sagði Sigurður Óli, sem flett hafði í gegnum hana í bílnum á leiðinni til systuranna. Það er spurning hvort þið getið gefið okkur meiri upplýsingar um manninn sem réðst á ykkur.

– Mann, sagði Fjóla. Þetta var nú frekar drengur.

– Nógu gamall til að ráðast á okkur, sagði Birna. Hann var nógu gamall til þess. Hrinti mér í gólfið og sparkaði í mig.

– Við eigum enga peninga, sagði Fjóla.

– Geymum enga peninga hér, sagði Birna. Sögðum honum það.

– En hann trúði okkur ekki.

– Og hann réðst á okkur.

– Hann var æstur.

– Og orðljótur. Það sem hann kallaði okkur.

– Í þessum hryllilega græna jakka. Eins og hermaður.  
– Líka í þess konar stígvélum, þykkum og svörtum sem eru reimuð upp á legginn.

– Hann eyðilagði samt ekkert.

– Nei, stökk bara í burtu.

– Tók hann þá ekkert? skaut Erlendur inn í.

– Það var eins og hann væri ekki með sjálfum sér, sagði Fjóla, sem reyndi eins og hún gat að finna árásarmanni sínum eitthvað til málsbóta. Hann eyðilagði ekkert og hann tók ekkert. Bara réðst á okkur þegar hann vissi að hann fengi enga peninga frá okkur. Greyið.

– Uppdópaður, hreytti Birna út úr sér. Greyið?! Hún sneri sér að systur sinni. Stundum ertu ekki með öllum mjalla. Hann var uppdópaður. Sá það á augunum í honum. Hörð og gljáandi augu. Og hann var sveittur.

– Sveittur? sagði Erlendur.

– Rann niður andlitið á honum. Svitinn.

– Það var rigningin, sagði Fjóla.

– Nei. Og svo skalf hann allur.

– Rigningin, endurtók Fjóla og Birna sendi henni illt augnaráð.

– Lamdi þig í hausinn, Fjóla mín. Það er aldrei gott.

– Einnurðu enn til þar sem hann sparkaði í þig? spurði Fjóla og horfði á Erlend og hann sá ekki betur en augun dönsuðu af gleði.

Það var enn árla morguns þegar Erlendur og Sigurður Óli komu í Norðurmýrina. Nágrannar Holbergs á fyrstu og annarri hæð biðu þeirra. Lögreglan hafði þegar tekið skýrslu af hjónunum á neðri hæðinni sem áttu börnin tvö en Erlendur vildi ræða við þau betur. Á efri hæðinni bjó flugmaður sem sagðist hafa komið heim frá Boston um hádegi daginn sem Holberg var myrtur og



lagst til svefns síðdegis og ekki raknað úr rotinu fyrr en lögreglan bankaði hjá honum.

Þeir byrjuðu á flugmanninum. Hann var á fertugsaldri; bjó einn og íbúðin var eins og ruslagámur, föt á víð og dreif, tvær ferðatöskur í nýlegum leðursófa, plastpokar úr Fríhöfninni á gólfinu, vínflöskur á borðum og opnar bjórdollur hvar sem hægt var að koma þeim fyrir. Sjálfur kom flugmaðurinn til dyra órakaður á hlýrabol og í stuttbuxum. Horfði á þá tvo en labbaði svo á undan þeim inn í íbúðina aftur án þess að segja orð og hlammaði sér í stól. Þeir stóðu fyrir framan hann. Fundu ekki sæti. Erlendur leit í kringum sig og hugsaði með sér að hann mundi ekki einu sinni stíga inn í flughermi með þessum manni.

Af einhverjum ástæðum fór flugmaðurinn að tala um skilnað sem hann átti í og velti fyrir sér hvort gæti orðið að lögreglumáli. Tíkin fór að halda framhjá. Hann í fluginu. Kom heim frá Osló einn daginn, þeirri ömurlegu borg, bætti hann við og þeir vissu ekki hvort var ömurlegra að konan hélt framhjá honum eða að hann þurfti að gista í Osló; var þá með gömlum skólabróður sínum ...

– Það var út af morðinu sem var framið hérna í kjallaranum hjá þér, sagði Erlendur og truflaði þvoglukennða frásögn flugmannsins.

– Hafid þið komið til Osló? spurði flugmaðurinn.

– Nei, sagði Erlendur. Við ætlum ekki að tala um Osló.

Flugmaðurinn leit á hann og svo á Sigurd Óla og allt í einu var eins og hann áttaði sig.

– Ég þekkti manninn ekki neitt, sagði hann. Ég keypti þessa holu fyrir fjórum mánuðum og þá hafði enginn búið hér í langan tíma, skilst mér. Hitti hann nokkrum sinnum, bara hérna fyrir utan. Það virtist allt í lagi með hann.

– Allt í lagi? sagði Erlendur.

– Ágætt að tala við hann, meina ég.

- Um hvað töluðuð þið?
- Flugíð. Mest. Hann var áhugasamur um flugið.
- Hvernig áhugasamur um flugið?
- Vélarnar, sagði flugmaðurinn og opnaði bjórdós sem hann kraflaði upp úr plastpoka. Staðina, sagði hann og svolgraði bjórinn í sig. Flugfreyjurnar, sagði hann og ropaði. Spurði mikið um flugfreyjurnar. Þið vitið.
- Nei, sagði Erlendur.
- Í stoppunum. Úti.
- Já.
- Hvað gerdist, hvort það væri ekki stuð á þeim. Þannig. Hafði heyrt að það væri fjör í þessu. Í utanlandsfluginu.
- Hvenær sástu hann síðast? spurði Sigurður Óli.
- Flugmaðurinn hugsaði sig um. Mundi það ekki.
- Það eru einhverjir dagar síðan, sagði hann loksins.
- Tókstu eftir hvort hann hafði fengið heimsóknir að undanfögnu? spurði Erlendur.
- Nei, ég er ekki mikið heima.
- Tókstu eftir einhverjum að snudda hér í hverfinu eins og hann væri að skoða sig um eða bara rangla á milli húsa í tilgangssleysi?
- Nei.
- Í grænum hermannajakka?
- Nei.
- Ungur maður í hermannastígvélum?
- Nei. Var það hann? Vitið þið hver gerði þetta?
- Nei, sagði Erlendur og felldi um koll hálffulla bjórdós þegar hann sneri við út úr íbúðinni.

Konan ætlaði með drengina til móður sinnar í nokkra daga og var ferðbúin. Vildi ekki að þau væru í húsinu eftir það sem hafði gerst. Maðurinn kinkaði kolla. Það væri þeim fyrir bestu. Þau voru sýnilega slegin. Þau höfðu keypt íbúðina fyrir fjórum árum

og leið vel í Norðurmýrinni. Góður staður að búa á. Líka með börn. Drengirnir stóðu við hlið móður sinnar.

– Hryllilegt að koma svona að honum, sagði maðurinn og röddin varð að eins konar hvísli. Hann horfði á drengina. Við erum búin að tala við þá um að hann hafi verið sofandi, bætti hann við. En ...

– Við vitum að hann var dauður, sagði eldri drengurinn.

– Dauður, sagði sá yngri.

Hjónin brostu vandræðalega.

– Þeir taka þessu ágætlega, sagði konan og strauk eldri drengnum um vangann.

– Ég kundi ekki illa við Holberg, sagði maðurinn. Við töluðum stundum saman hérna fyrir utan. Hann hafði búið lengi í húsinu og við töluðum um garðinn og viðhald og þetta, svona eins og maður talar við nágranna sinn.

– Það var samt ekki neitt náíð, sagði konan. Sambandið. Mér finnst það ágætt. Það á ekkert að vera neitt of náíð, finnst mér. Upp á prívasið.

Þau höfðu ekki tekið eftir neinum óvenjulegum mannaferðum í kringum húsið og ekki séð neinn mann í grænum hermannajakka þvælast um hverfið. Konan var óþreyjufull að komast í burtu með drengina.

– Var gestkvæmt hjá Holberg? spurði Sigurður Óli.

– Ég tók aldrei eftir neinum hjá honum, svaraði konan.

– Virkaði frekar einmana, sagði maðurinn hennar.

– Það var vond fýla inni hjá honum, sagði eldri sonurinn.

– Fýla, át bróðirinn upp eftir honum.

– Það er einhver raki í kjallaranum, sagði maðurinn afsakandi.

– Hann kemur stundum hingað upp, sagði konan. Rakinn.

– Við höfðum rætt það við hann, sagði maðurinn.

– Hann ætlaði að athuga málið, sagði hún.

– Það eru tvö ár síðan, sagði hann.

Hjónin í Gardabænum horfðu á Erlend angistaraugum. Litla dóttir þeirra var horfin. Þau höfðu ekki heyrt frá henni í þrjá daga. Ekki síðan í brúðkaupinu. Þau sögðu að hún hefði stungið af úr brúðkaupinu. Litla dóttirin. Erlendur sá fyrir sér stelpukríli með ljósa lokka áður en hann fékk að vita að hún var 23 ára nemi í sálfræði við Háskóla Íslands.

– Brúðkaupinu? sagði Erlendur og leit í kringum sig í víðáttumikilli stásstofunni; hún var eins og heil hæð í blokkinni hans.

– Sínu eigin brúðkaupi! sagði maðurinn eins og hann skildi ekki ennþá hvað gerst hafði. Stelpan stakk af úr sínu eigin brúðkaupi!

Konan bar velktan vasaklút upp að nefi sér.

Komið var hádegi. Það hafði tekið Erlend hálf tíma að komast í Gardabæinn vegna vegaframkvæmda á leiðinni úr Reykjavík og hann fann ekki stóra einbýlishúsið fyrr en eftir nokkra leit. Það var næstum ósýnilegt frá götunni, umlukið stórum garði þar sem uxu alls konar tegundir af trjám næstum sex metra upp í loftið. Hjónin tóku á móti honum í greinilegri geðshræringu.

Erlendur vissi að þetta var tímaeyðsla og aðrir brýnni hlutir biðu hans en fyrst fyrirverandi kona hans bað hann um greiða vildi hann verða við beiðninni jafnvel þótt þau hefðu naumast talast við í tvo áratugi.

Hún var í snyrtilegri fölgrænni dragt en hann í svörtum jakka-fötum og sagðist hafa vaxandi áhyggjur af dóttur sinni. Hann vissi að hún mundi skila sér heim aftur og að hún væri heil á húfi, trúði ekki öðru, en vildi ráðfæra sig við lögregluna og þótti ástæðulaust að kalla strax út leitarflokka og björgunarsveitir og setja tilkynningar í útvarp og blöð og sjónvarp.

– Hún bara lét sig hverfa, sagði eiginkonan. Þau voru á aldur

við Erlend, um fimmtugt, bæði í kaupsýslu, fluttu inn barnavörur og það nægði þeim til þess að þau gátu lifað við sæmilegt ríki-dæmi. Nýríka fólkið. Aldurinn hafði farið um þau mjúkum höndum. Erlendur tók eftir tveimur nýjum bílum framan við tvöfalda bílskúrinn þeirra. Gljáfægðum.

Hún herti upp hugann og byrjaði að segja honum sólaröguna. Það var á laugardaginn, núna var kominn þriðjudagur, drottinn minn dýri hvað þetta er fljótt að líða, og það var svo dásamlegur dagur. Þau giftu sig hjá þessum presti sem er svo vinsæll.

– Ömurlegur, sagði eiginmaðurinn. Kom á harðahlaupum og fór með einhverja tuggu og var svo horfinn aftur með skjalatöskuna sína. Skil ekki af hverju hann er svona vinsæll.

Eiginkonan lét ekkert trufla fegurð brúðkaupsins.

– Stórkostlegur dagur! Sól og yndislegt haustveður, alveg. Örugglega hundrað manns sem mættu bara í kirkjuna. Hún á svo mikið af vinum. Svo vinsæl, stelpan. Við héldum veisluna hérna í Garðabænum. Hvað heitir staðurinn? Gleymi því alltaf.

– Garðaholt, sagði eiginmaðurinn.

– Svo ægilega huggulegt hús, hélt hún áfram. Fylltum það. Húsið, meina ég. Svo margar gjafir. Svo þegar ... svo þegar ...

– Þau áttu að dansa fyrsta dansinn, hélt maðurinn áfram þegar konan brast í grát, og strákbjóninn stóð á dansgólfinu og við kölluðum á Dísu Rós en hún lét ekki sjá sig. Við fórum að leita að henni en það var eins og jörðin hefði gleypt hana.

– Dísu Rós? sagði Erlendur.

– Það kom í ljós að hún tók giftingarbílinn ...

– Giftingarbílinn?

– Æi, drossíuna með blómunum og borðunum sem flutti þau frá kirkjunni, giftingarbílinn, hvað viltu kalla þetta, og lét sig hverfa úr brúðkaupinu, sagði maðurinn. Fyrirvaralaust! Skýringarlaus!

– Úr sínu eigin brúðkaupi! hljóðaði konan.

– Og þið vitið ekki hvað olli því?

– Hún hefur greinilega skipt um skoðun, sagði konan. Hún hefur séð eftir öllu saman.

– En hvers vegna? sagði Erlendur.

– Geturðu fundið hana fyrir okkur? spurði maðurinn. Hún hefur ekkert látið í sér heyra og eins og þú sérð erum við ákaflega áhyggjufull. Veislan var alger hörmung. Brúðkaupið ónýtt. Við erum gersamlega ráðþrota. Og litla stelpa okkar týnd.

– Ehm ... giftingarbillinn. Fannst hann?

– Í Garðastræti, sagði maðurinn.

– Af hverju þar?

– Ég veit það ekki. Hún þekkir engan þar. Fötin hennar voru í þessum bíl. Alvörufötin.

Erlendur hikaði.

– Voru alvörufötin í giftingarbílnum? sagði hann loks og íhugaði stuttlega niður á hvaða plan þessar samræður voru komnar og hvort hann ætti kannski einhverja sök á því.

– Hún fór úr brúðarkjólnum og í fötin sín sem hún virðist hafa geymt í bílnum, sagði konan.

– Heldurðu að þú getir haft uppi á henni? spurði eiginmaðurinn. Við erum búin að hafa samband við alla sem hún þekkir en enginn veit neitt. Við bara vitum ekki hvernig við eigum að snúa okkur í þessu. Ég er hérna með mynd af henni.

Hann rétti Erlendi stúdentsmynd af ungri og falgri, ljóshærðri stúlku, sem farin var í felur. Hún brosti til hans á myndinni.

– Þið hafið enga hugmynd um hvað gerðist?

– Ekki hugmynd, sagði móðirin.

– Enga, sagði faðirinn.

– Og eru þetta gjafirnar? Erlendur horfði á risavaxið borðstofuborðið í margra metra fjarlægð, hlaðið litfögum pökkum, falgum skrautmunum, sellófani og blómum. Hann gekk í átt-

ina að því og hjónin fylgdu á eftir honum. Hann hafði aldrei séð svona margar gjafir á ævinni og velti því fyrir sér hvað þakkarnir hefðu að geyma. Stell og meira stell, gat hann ímyndað sér.

Þetta líf.

– Svo er einhver gróður hérna, sagði hann og benti á trjáhríslur sem stóðu upp úr stórum vasa við annan borðsendann. Niður úr hríslunum héngu hjartalaga rauðir miðar í bandi.

– Þetta er skilaboðatréd.

– Hvað er það? spurði Erlendur. Hann hafði aðeins verið við eitt brúðkaup um sína daga og það var langt um liðið. Ekkert skilaboðatré þar.

– Gestirnir fá miða og geta skrifað kveðju til brúðhjónanna sem er hengd á tréd. Það var búið að setja fjölda miða á það þegar Dísarós hvarf, sagði konan og bar enn vasaklútinn upp að nefinu.

Farsímminn hringdi í frakkavasa Erlends og hann gróf hann upp en svo óheppilega vildi til að síminn festist í vasaopinu og í stað þess að nota lagni og skynsemi, sem hefði verið svo auðvelt, reif Erlendur í hann af öllu afli þar til frakkavasinn gaf eftir. Höndin með símanum slóst í skilaboðatréd. Það valt um koll og datt í gólfíð. Erlendur horfði afsakandi á hjónin og kveikti á símanum.

– Ætlarðu að koma með okkur í Norðurmýrina? spurði Sigurður Óli formálalaust. Skoða íbúðina betur.

– Ertu niður frá? spurði Erlendur. Hann hafði gengið afsíðis.

– Ég hinkra eftir þér, sagði Sigurður Óli. Hvar í andskotanum ertu?

Erlendur slökkti á farsímanum.

– Ég skal sjá hvað ég get gert, sagði hann við hjónin. Ég held að það sé ekki nein hættu á ferðum. Stelpan hefur misst kjarkinn og er að jafna sig hjá einhverjum vini sínum. Þið ættuð ekki að hafa miklar áhyggjur. Hún hringir fyrr en varir.

Hjónin bogruðu yfir litlu miðunum sem dottið höfðu í gólfíð af skilaboðatrénu. Hann sá að þeim hafði sést yfir nokkra miða sem lágu undir stól og beygði sig niður eftir þeim. Þeir voru úr rauðum kartonpappír. Erlendur las kveðjurnar sem skrifaðar voru á miðana og leit á hjónin.

– Voruð þið búin að sjá þetta? spurði hann og rétti þeim einn miðann.

Maðurinn las kveðjuna og það kom undrunarsvipur á andlit hans. Hann fékk konu sinni miðann. Hún las hann aftur og aftur en virtist ekki skilja neitt í neinu. Erlendur rétti höndina eftir miðanum og las á hann. Skilaboðin voru ómerkt.

– Er þetta skrift dóttur ykkar? spurði hann.

– Ég held það, svaraði konan.

Erlendur velti miðanum á milli fingra sér og las aftur skilaboðin:

*hann er hryllilegur hvað hef ég gert*



## 5

– Hvar hefur þú verið? spurði Sigurður Óli þegar Erlendur kom aftur í vinnuna en hann svaraði honum ekki.

– Hefur Eva Lind nokkuð reynt að hafa samband við mig? spurði hann.

Sigurður Óli sagðist ekki halda það. Hann vissi hvernig komið var fyrir dóttur Erlends en hvorugur hafði nokkru sinni orð á því. Einkamálin flæktust sjaldan inn í samræður þeirra.

– Nokkuð nýtt um Holberg? spurði Erlendur og gekk rakleitt inn á skrifstofu sína. Sigurður Óli elti og lokaði dyrunum. Morð voru fátíð í Reykjavík og vöktu gríðarlega athygli þá sjaldan þau voru framin. Rannsóknarlögreglan hafði það fyrir reglu að greina ekki fjölmiðlum frá efnispáttum rannsókna sinna nema brýna nauðsyn bæri til en það gildi ekki um þetta mál.

– Við vitum aðeins meira um hann, sagði Sigurður Óli og opnaði möppu sem hann hélt á. Hann var fæddur á Sauðárkróki, sextíu og níu ára að aldri. Starfaði síðustu árin sem vörubílstjóri hjá Íslandsflutningum. Vann enn við það, stopult.

Sigurður Óli þagnaði.

– Verðum við ekki að ræða við vinnufélagana? sagði hann og sléttaði úr bindinu. Hann var klæddur í ný jakkaföt, hávaxinn og myndarlegur, menntaður í glæpafræðum í Bandaríkjunum. Hann var allt það sem Erlendur var ekki, nútímalegur og skipulagður.

– Verðum við ekki að koma okkur upp prófíl af manninum? hélt hann áfram. Kynnast honum örlítið?

– Prófíl? sagði Erlendur. Hvað er það? Vangamynd? Viltu koma þér upp vangamynd af manninum?

– Safna upplýsingum um manninn, hvað er þetta!

– Hvað halda menn hér almennt? spurði Erlendur og fitlaði

við lausa tölu á peysunni sinni sem datt loks í lófann á honum. Hann var þrekvaxinn og sterklegur með rauðbrúnan hárlubba, einn af reyndustu rannsóknarlögreglumönnum embættisins. Hann fékk yfirleitt að fara sínu fram. Bæði yfirmenn og aðrir starfsmenn voru löngu hættir að eiga við hann. Málin höfðu þróast þannig í áranna rás. Erlendur kunni því ekki illa.

– Líklega vitleysingur, sagði Sigurður Óli. Leitin beinist að græna hermannaajakkanum. Strákur sem hefur ætlað að hafa fé af Holberg en panikerað.

– Hvað með fjölskyldu Holbergs? Átti hann fjölskyldu?

– Engin fjölskylda. Annars erum við ekki komnir með allar upplýsingarnar. Við erum ennþá að safna þessu saman, fjölskyldu, vinum, starfsfélögum. Þú veist, bakgrunninum. *Prófilnum*.

– Mér sýndist á íbúðinni að hann væri einstæðingur og hefði verið það lengi.

– Þú þekkir það auðvitað, missti Sigurður Óli út úr sér en Erlendur lét eins og hann heyrði það ekki.

– Eitthvað frá réttarlækninum? Tæknideildinni?

– Bráðabirgðaskýrslan er kómin. Ekkert í henni sem við ekki vitum. Holberg lést af völdum höfuðhöggs. Höggið var þungt en það var fyrst og fremst lagið á öskubakkanum, oddarnir, sem gerðu útslagið. Höfuðkúpan brotnaði og hann hefur látist samtundis eða því sem næst. Hann virðist hafa lent á horni stofuborðsins í fallinu. Hann var með ljótt sár á enninu sem passaði við borðshornið. Fingraförin á öskubakkanum voru af Holberg og svo eru að minnsta kosti tvenn önnur og önnur þeirra eru líka á blýantinum.

– Sem eru þá af morðingjanum.

– Það eru allar líkur á að það sé morðinginn.

– Altso, dæmigert íslenskt subbumorð. Það er málið.

– Dæmigert. Og eftir því er unnið.

Það rigndi enn. Lægðirnar, sem komu djúpt sunnan úr Atlants-  
hafi á þessum árstíma, gengu í röð suður og austur fyrir landið  
með hvassviðri, bleytu og skammdegisdrunga. Rannsóknar-  
deildin var enn að störfum í húsinu í Norðurmýri. Gulur lög-  
regluborðinn, sem strengdur hafði verið í kringum húsið,  
minnti Erlend á Rafmagnsveituna; holi í götunni, skítugt tjald  
yfir holunni, eldglampa inni í tjaldinu, allt saman pakkað vand-  
lega inn með gulum borða. Á sama hátt hafði lögreglan pakkað  
morðinu inn með snyrtilegum, gulum plastborða merktum  
embættinu. Erlendur og Sigurður Óli mættu Elínborgu og  
fleiri rannsóknarlögreglumönnum sem unnið höfðu við að fín-  
kempa húsið í haustnóttinni fram á morgun og voru að ljúka  
störfum.

Nágrannar í næstu húsum voru yfirheyrðir en enginn þeirra  
hafði orðið var grunsamlegra mannaferða við morðstaðinn frá  
því á mánudagsmorgninum og fram til þess tíma að líkið  
fannst.

Brátt voru ekki aðrir eftir í húsinu en Erlendur og Sigurður  
Óli. Blóðpollurinn í teppinu var orðinn svartur. Öskubakkinn  
var fjarlægður sem sönnunargagn. Einnig blýanturinn og skrif-  
blokkinn. Að öðru leyti var eins og ekkert hefði í skorist. Sigurður  
Óli gekk fram í holið og inn í herbergisganginn en Erlendur  
gekk um stofuna. Þeir settu á sig hvíta gúmmíhanska. Á veggj-  
unum héngu eftirprentanir sem litu út eins og þær hefðu verið  
keyptar við útidyrnar af farandsölum. Í bókaskápnnum voru  
þýddar spennubækur, kiljuútgáfur frá kiljukúbbi, sumar lesnar,  
aðrar óhreyfðar. Engar merkilegar innbundnar útgáfur. Erlendur  
beygði sig næstum niður í gólfíð til þess að lesa titlana í  
neðstu hillunni og þekkti aðeins einn. Lólítu eftir Nabokov.  
Vasabrot. Hann tók hana úr skápnnum. Hún var á ensku og hafði  
verið lesin.

Hann setti bókina aftur á sinn stað og fíkraði sig í átt að skrif-

borðinu. Það var L-laga og fyllti út í eitt horn stofunnar. Nýlegur og þægilegur skrifborðsstóll úr leðri stóð við borðið og undir honum var hlíf úr harðplasti teppinu til varnar. Borðið virtist mun eldra en stóllinn. Skúffur voru á báðar hliðar undir lengri borðplötunni og ein stór fyrir henni miðri, níu samtals. Styttri borðplatan rúmaði sautján tommu tölvuskjá og undir borðplötunni hafði verið komið fyrir grind undir lyklaborð. Á gólfinu undir þeim hluta skrifborðsins stóð tölvan.

Skúffurnar voru allar læstar.

Sigurður Óli fór í gegnum fataskápinn í svefnherberginu. Sæmilegt skipulag var á skápnum, sokkar í einni skúffu, nærföt í annarri, buxur, bolir. Skyrtur og þrenn jakkaföt héngu á herðatrjám, elstu jakkafötin frá diskótímanum, sýndist Sigurði Óla, brúnröndótt. Nokkur skópör á gólfi skápsins. Rúmföt í efstu hillunni. Maðurinn hafði búið um rúmið áður en hann tók á móti gesti sínum. Hvítt rúmteppi huldi sæng og kotta. Rúmið var einbreitt.

Á náttborðinu var vekjaraklukkan og tvær bækur, önnur samtalsbók við þekktan stjórnmalaleiðtoga, hin ljósmyndabók um sænsku Scania Vabis-vörubílan. Náttborðið var líka skápur og í honum voru lyf, brennsluspritt, svefntöflur, Panodil-verkjatöflur, lítill glerkrukka með vaselíni, kámug.

– Sérðu einhvers staðar lykla? spurði Erlendur sem kominn var í dyrnar.

– Engir lykjar. Húslyklar, meinarðu?

– Nei, að skrifborðinu.

– Nei, ekki heldur.

Erlendur gekk fram í holið og inn í eldhús. Opnaði skúffur og skápa en sá ekki annað en hnifapör og glös, sleifar og diska. Enga lykja. Hann gekk inn í fatahengið, þreifaði á yfirhöfnum og fann lítinn svartan sekk með lyklakippu og smáaurum. Tveir litlir lykjar héngu á kippunni með útidyraklinum, lykli að

íbúðinni og herbergislyklum, hélt Erlendur, og hann reyndi þá á skrifborðið. Sami lykillinn gekk að öllum skúffunum.

Hann opnaði fyrst stóru skúffuna fyrir miðju borðsins. Þar voru mestmegnis reikningar, sími og rafmagn og hiti, greiðslu- kortareikningar, áskrift að morgunblaði. Neðstu tvær skúffurnar vinstra megin voru tómar og í þeirri næstefstu voru skattaskýrslur og launaseðlar. Í þeirri efstu var myndaalbúm. Erlendur fletti því. Allt svarthvítar, gamlar myndir af fólki frá ýmsum tímum, stundum spariklæddu og Erlendi sýndist það sitja í stofunni í Norðurmýrinni, stundum í lautarferð; skógarkjarr, Gullfoss og Geysir. Hann sá tvær myndir, sem honum sýndust geta verið af hinum myrta á unga aldri, en enga nýlega mynd.

Hann opnaði skúffurnar hægra megin. Tvær þær efstu voru tómar. Í þriðju skúffunni fann hann spilastokka, taflborð sem brotið var saman í kassa með taflmönnum, gamla blekbyttu.

Hann fann myndina undir neðstu skúffunni.

Erlendur var að ýta henni inn aftur þegar hann heyrði eins og smáskráf innan úr henni. Hann dró skúffuna út og ýtti inn aftur og þá heyrði hann skráfið á ný. Skúffan straukst við eitthvað á leiðinni inn. Hann dæsti og lagðist á hnén, horfði inn í skúffuna en sá ekkert. Hann dró hana út en heyrði ekkert og ýtti henni inn og þá kom hljóðið aftur. Hann lagðist á hnén á gólfíð, dró skúffuna alveg út, sá eitthvað liggja eftir í skápnum og teygði sig eftir því.

Þetta var lítil, svarthvít ljósmynd, tekin af grafreit í kirkjugarði um vetur. Hann þekkti ekki kirkjugarðinn í fljótu bragði. Legsteinn var við leiðið og stærsta letrið á honum var sæmilega skýrt. Á hann var ritað kvenmannsnafn. Auður. Ekkert föðurnafn. Erlendur sá ekki vel ártölin. Hann þreifaði eftir gleraugum í jakkavasanum, setti þau á sig og bar myndina upp að nefinu. 1964–1968. Hann sá móta fyrir grafskrift en letrið var smátt og hann gat ekki lesið hana. Hann blés varlega ryk af myndinni.

Stúlkan var aðeins fjögurra ára þegar hún dó.

Erlendur leit upp við hávaðann í veðrinu. Þetta var um miðjan dag en himinninn var svartur af skammdegi og haustringingin ólmaðist utan á húsinu.

Stór vörubíllinn ruggaði til í storminum eins og forsöguleg skepna og rigningin buldi á honum. Það tók lögregluna nokkurn tíma að hafa uppi á bílnum því hann stóð hvergi við hús Holbergs í Norðurmýrinni heldur á bílastæði vestan Snorrabrautar, hjá Domus Medica-læknamiðstöðinni, í nokkurra mínútna göngufæri frá heimili hans. Á endanum þurfti að láta auglýsa eftir bílnum í útvarpi. Lögreglumenn á eftirlitsferð fundu vörubíllinn um sama leyti og Erlendur og Sigurður Óli stigu út úr húsi Holbergs með ljósmyndina. Hópur tæknimanna var kallaður til að fínkemma bíllinn í leit að vísbendingum sem að gagni mættu koma í morðrannsókninni. Hún var af gerðinni M. A. N. með rauðu stýrishúsi. Það eina sem fannst við snögga leit var stafli af grófum klámbloðum. Ákveðið var að færa vörubifreiðina í húsakynni rannsóknarlögreglunnar til frekari rannsóknar.

Á meðan á því stóð unnu tæknimenn við ljósmyndina. Í ljós kom að hún var prentuð á Ilford-ljósmyndapappír sem var mikið notaður á sjöunda áratugnum en ekki framleiddur lengur. Líklegast hafði myndin verið framkölluð af ljósmyndaranum sjálfum eða áhugamanni; hún var tekin að dofna eins og ekki hefði verið vandað sérstaklega til verksins. Ekkert var skrifað aftan á hana og erfiðlega gekk að ákvarða í hvaða kirkjugarði myndin var tekin. Hann gat verið hvar sem var á landinu.

Ljósmyndarinn hafði staðið í um þriggja metra fjarlægð frá legsteininum. Myndin var tekin nokkurn veginn beint framan á steininn; ljósmyndarinn hlaut að hafa þurft að beygja sig í hnjúnum nema hann hafi verið þeim mun smávaxnari. Jafnvel þótt fjarlægðin væri þessi var sjónarhornið mjög þröngt. Engan gróður var að finna. Snjóföln var á jörðu. Ekki sást í nein önn-

ur leiði. Handan við legsteininn var ekki annað að sjá en hvíta móðu.

Tæknimennirnir einbeittu sér að grafskriftinni sem var mjög óljós vegna fjarlægðar ljósmyndarans. Gerðar voru fjölmargar eftirprentanir af myndinni og stækkanir á grafskriftinni þar til hver og einn stafur hennar hafði verið framkallaður á pappír af stærðinni A5, þeir númeraðir og raðað saman eins og þeir komu fyrir á steininum. Myndirnar voru mjög grófkornaðar, varla meira en svartir og hvítir punktar til skiptis sem mynduðu blæbrigði ljóss og skugga, en þegar búið var að skanna þær inn á tölvur var hægt að vinna með skuggana og grófleikann. Sumir stafirnir voru skýrari en aðrir og hjálpuðu tæknimönnum að geta í eyðurnar. Auðveldlega tókst að greina stafinn M og T og Ó. Aðrir stafir voru erfiðari.

Erlendur hringdi heim til deildarstjóra hjá Hagstofunni um kvöldmatarleytið og fékk hann bölvandi og ragnandi til þess að hitta sig við hús Hagstofunnar í Skuggahverfinu. Þar vissi Erlendur að geymd voru öll dánarvottorð sem gefin hefðu verið út frá 1916. Ekki var nokkur sála á kreiki í húsinu enda starfsmenn hættir vinnu fyrir allnokkru. Deildarstjórinn renndi bílnum sínum um hálf tíma síðar að Hagstofunni og tók örsnöggt í höndina á Erlendi. Hann sló inn kóða á þjófavarnatæki og hleypti þeim inn í bygginguna með sérstöku korti. Erlendur skýrði málið út fyrir honum en sagði honum aðeins það nauðsynlegasta.

Þeir skoðuðu öll dánarvottorð sem gefin höfðu verið út á árinu 1968. Þeir fundu tvær Auðar. Önnur þeirra var á fjórða ári. Hún lést í febrúar. Læknir hafði gefið út dánarvottorðið og þeir fundu hann þegar í þjóðskránni. Hann bjó í Reykjavík. Móðir stúlkunnar var nefnd í vottorðinu. Þeir fundu hana vandræðalaust. Hún hafði síðast átt lögheimili í Keflavík í upphafi áttunda áratugarins. Nafnið var Kolbrún. Þeir flettu því upp meðal



dánarvottorðanna. Hún hafði dáið árið 1971, þremur árum eftir lát dóttur sinnar.

Stúlkan hafði dáið úr illkynja heilaæxli.

Móðirin hafði fyrirfarið sér.

## 7

Brúðguminn tók á móti Erlendi á skrifstofu sinni. Hann var gæða- og markaðsfulltrúi hjá heildsala sem flutti inn amerískt morgunkorn og Erlendur, sem aldrei hafði bragðað amerískt morgunkorn á ævinni, velti því fyrir sér, þar sem hann tyllti sér niður á skrifstofunni, hvað gæða- og markaðsfulltrúi hjá heildsala gerði. Hann nennti ekki að spyrja að því. Brúðguminn var á hvítri, straujaðri skyrtu með þykk axlabönd og hann hafði brett upp á ermarnar eins og gæðamálin þyrftu á öllu hans afli að halda. Meðalmaður á hæð, nokkuð þybbinn með skegghring í kringum varaþykkann munninn. Viggó að nafni.

– Ég hef ekkert heyrt í Dísu, sagði Viggó hraðmæltur og settist gegnt Erlendi.

– Var það eitthvað sem þú sagðir við hana sem ...

– Þetta halda allir, sagði brúðguminn. Það halda allir að þetta sé mér að kenna. Það er verst. Það er verst af þessu öllu. Ég þoli það ekki.

– Tókstu eftir einhverju óvenjulegu í fari hennar áður en hún hljóp út? Einhverju sem gat hafa komið henni í uppnám?

– Það voru bara allir að skemmta sér. Þú veist, brúðkaup, þú veist hvað ég meina.

– Nei.

– Þú hefur farið í brúðkaup?

– Eitt. Langt síðan.

– Við áttum að dansa fyrsta dansinn. Það var búið að halda ræður og vinkonur hennar voru búnar að vera með skemmtiatriði, harmonikkuleikarinn var kominn og þá áttum við að dansa. Ég sat við borðið okkar og allir fóru að leita að Dísu en þá var hún farin.

– Hvar sást þú hana síðast?

– Hún sat hjá mér og sagðist þurfa að skreppa á klósettið.  
– Og sagðir þú eitthvað við hana svo hún fór í fýlu?  
– Alls ekki! Ég kyssti hana og sagði henni að flýta sér.  
– Hvað leið langur tími frá því hún fór og þar til þið byrjuðuð að leita að henni?

– Úff, ég veit það ekki. Ég settist hjá vinum mínum og svo fór ég út að reykja, allir sem reyktu fóru út til þess, talaði við fólk úti og á leiðinni fram og til baka, settist aftur og harmonikkuleikarinn kom og talaði við mig um dansinn og spilið. Einhverja fleiri var ég að tala við, ætli þetta hafi ekki verið svona hálf tími, ég veit það ekki.

– Og sástu hana aldrei á þeim tíma?

– Nei. Þetta var algjört disaster. Góndu allir á mig eins og þetta væri mér að kenna.

– Hvað heldur þú að hafi orðið um hana?

– Ég er búinn að leita alls staðar. Tala við allar vinkonur hennar og vini og ættingja en enginn veit neitt eða segir það.

– Heldurðu að einhver sé að ljúga?

– Einhvers staðar er hún.

– Vissirðu að hún skildi eftir skilaboð?

– Nei. Hvernig skilaboð? Hvað meinarðu?

– Hengdi miða á eitthvert skilaboðatré. Hann er hryllilegur, hvað hef ég gert? stóð á honum. Veistu hvað hún á við?

– Hann er hryllilegur, endurtók Viggó. Um hvern er hún að tala?

– Ég var að vona að það værir þú.

– Ég, sagði Viggó og æstist allur upp. Ég hef ekki gert henni neitt, ekki nokkurn skapaðan hlut. Aldrei. Þetta er ekki ég. Þetta getur ekki verið ég.

– Bíllinn sem hún tók fannst í Garðastræti. Segir það eitthvað ...?

– Hún þekkir engan þar. Ætlið þið að lýsa eftir henni?

– Ég held að fólkið hennar vilji gefa henni tíma til þess að skila sér.

– Og ef það gerist ekki?

– Þá sjáum við til. Erlendur hikaði. Ég hefði haldið að hún setti sig í samband við þig, sagði hann svo. Til þess að segja þér að allt sé í lagi.

– Ég hefði haldið það líka, sagði gæða- og markaðsfulltrúinn. Við erum hjón þótt ekki sé annað.

Hann þagnaði.

– Bíddu, ertu að gefa í skyn að þetta hafi verið mér að kenna og hún tali ekki við mig af því að ég gerði henni eitthvað? Djöfull er þetta hrikalegt! Veistu hvernig var að koma hérna í vinnuna á mánudaginn? Allir vinnufélagar mínir voru í veislunni. Forstjórinn minn var í veislunni! Heldurðu að þetta sé mér að kenna? Djöfullinn! Það halda allir að þetta sé mér að kenna.

– Kvenfólk, sagði Erlendur og stóð upp. Erfitt að gæðastjórna.

Erlendur var nýkominn á skrifstofuna þegar síminn hringdi. Hann þekkti strax röddina þótt hann hefði ekki heyrt hana í langan tíma. Hún var enn skýr og sterk og ákveðin þrátt fyrir háan aldur. Erlendur hafði þekkt Marion Briem í bráðum þrjátíu ár og það hafði ekki alltaf verið dans á rósum.

– Ég er að koma úr sumarbústaðnum, sagði röddin, og fékk engar fréttir fyrr en ég kom í bæinn áðan.

– Ertu að tala um Holberg? sagði Erlendur.

– Hafid þið skoðað skýrslurnar um hann?

– Ég vissi að Sigurður Óli var að fletta honum upp í tölvunum en ég hef ekki heyrt í honum. Hvaða skýrslur?

– Spurning hvort þær eru í tölvunum. Kannski er búið að henda þeim. eru einhver fyrningalög um skýrslur? Er þeim eytt?

– Hvað ertu að fara?

– Holberg var enginn fyrirmyndarborgari, sagði Marion Briem.  
– Hvernig þá?  
– Það eru allar líkur á því að hann hafi verið nauðgari.  
– Allar líkur?  
– Hann fékk á sig kæru fyrir nauðgun en var aldrei dæmdur.  
Þetta var árið 1963. Þið ættuð að skoða skýrslurnar ykkar.

– Hver kærði hann?  
– Kona að nafni Kolbrún. Hún bjó í ...  
– Keflavík?  
– Já, veistu eitthvað um hana?  
– Við fundum ljósmynd í skrifborði Holbergs. Það var eins og hún hefði verið falin. Myndin var af legsteini stúlkubarns sem hét Auður, í kirkjugarði sem við vitum ekki ennþá hvar er á landinu. Ég vakti upp þurs hjá Hagstofunni og fann nafn Kolbrúnar á dánarvottorðinu. Hún var móðir stúlkunnar á legsteininum. Móðir Auðar. Hún er látin.

Marion þagnaði.

– Marion? sagði Erlendur.  
– Og hvað segir það þér, sagði röddin í símanum.  
Erlendur hugsaði sig um.  
– Ég get ímyndað mér að ef Holberg hefur nauðgað móðurinni sé hann faðir barnsins og þess vegna hafi ljósmyndin verið í skrifborðinu hans. Stúlkan var á fjórða ári þegar hún dó, fæddist 1964.

– Holberg var aldrei dæmdur, sagði Marion Briem. Málið var látið niður falla vegna ónógra sannana.

– Var þetta tilbúningur í henni?  
– Mér fannst það ólíklegt á þeim tíma en það var ekkert hægt að sanna. Það er sjálfsagt aldrei auðvelt fyrir konur að kæra slíkt ofbeldi. Þú getur ímyndað þér hvað hún hefur þurft að ganga í gegnum, þessi kona, fyrir bráðum fjörutíu árum. Það er nógu erfitt fyrir konur að koma fram og kæra í dag en það hefur verið

margfalt erfiðara þá. Hún hefur varla gert það að gamni sínu. Ljósmyndin er kannski eins konar staðfesting á faðerninu. Af hverju ætti Holberg að geyma hana í skrifborðinu sínu? Tíminn virðist stemma. Nauðgunin á sér stað árið 1963. Þú segir að Kolbrún hafi eignast Auði árið eftir. Hún deyr fjórum árum síðar. Kolbrún jarðar barnið sitt. Holberg er á einhvern hátt inni í málinu. Kannski tekur hann ljósmyndina sjálfur. Ég veit ekki í hvaða tilgangi. Kannski skiptir það engu máli.

– Hann hefur örugglega ekki verið við jarðarförina en hann hefur getað farið að leiðinu og tekið af því mynd. Ertu að meina eitthvað slíkt?

– Það er líka annar möguleiki.

– Nú?

– Kannski hefur hún tekið myndina sjálf og sent honum.

Erlendur hugsaði sig um andartak.

– En til hvers? Ef hann hefur nauðgað henni, af hverju sendir hún honum ljósmyndina?

– Það er spurning.

– Kom fram á vottorðinu hvert var banamein Auðar? spurði Marion Briem. Hvernig dó stúlkan? Var það slys?

– Það stendur að hún hafi verið með heilaæxli. Heldurðu að það geti skipt máli?

– Var hún þá krufin?

– Ugglaut. Nafn læknisins er á vottorðinu.

– En móðirin?

– Bráðkvödd á heimili sínu.

– Sjálfsmorð?

– Já.

– Þú ert hættur að líta inn til mín, sagði Marion Briem eftir stutta þögn.

– Annir, sagði Erlendur. Helvítis, bölvaðar annir.

Það rigndi á Keflavíkurveginum um morguninn og vatnið safnaðist í djúp hjólför sem bílarnir reyndu að forðast. Vatnselgurinn var slíkur að varla sást út um rúður bílanna, sem voru sveipaðir vatnsúða og kipptust til í hamslausum suðaustanstorminum. Rúðupurrkurnar höfðu ekki undan að ryðja vatninu af framrúðunni og Erlendur hélt svo fast um stýrið að hnúarnir hvítuðu. Hann sá grilla í rauð afturljósin á næsta bíl fyrir framan og reyndi að fylgja þeim eftir bestu getu.

Hann var einn á ferð. Taldi það best eftir að hafa rætt við systur Kolbrúnar í síma fyrr um morguninn. Hún var skráður nánasti aðstandandi á dánarvottorðinu. Systirin var ekki samvinnuþýð. Hún neitaði að hitta hann. Þvertók fyrir það. Blöðin höfðu birt mynd af hinum látna ásamt nafni hans. Erlendur spurði hvort hún hefði séð það og ætlaði að spyrja hvort hún myndi eftir honum þegar hún skellti á hann í miðri setningu. Hann ákvað að láta á það reyna hvað hún gerði ef hann birtist á þröskuldinum hjá henni. Hann vildi ógjarnan láta færa hana til sín með lögregluvaldi.

Erlendur hafði sofið illa um nóttina. Hann hafði áhyggjur af Evu Lind og óttaðist að hún mundi gera einhverja bölvæða vitleysu. Hún átti farsíma en alltaf þegar hann hringdi kom þessi vélræna rödd sem sagði að annaðhvort væri síminn utan þjónustusvæðis, allar rásir uppteknar eða að slökkt væri á honum. Erlendur mundi sjaldnast það sem hann dreymdi en það voru ónot í honum þegar hann vaknaði og slitur úr vondum draumi fóru gegnum hugann áður en þau hurfu honum algerlega.

Peir höfðu sáralitlar upplýsingar um Kolbrúna. Hún var fædd árið 1934 og kærði Holberg fyrir nauðgun þann 23. nóvember árið 1963. Áður en Erlendur lagði af stað til Keflavíkur hafði Sig-

urður Óli rakið fyrir honum innihald nauðgunarkærunnar þar sem kom fram lýsing á atburðinum tekin úr lögregluskýrslu sem Sigurður Óli hafði fundið í skjalageymslunum eftir ábendingu Marion Briem.

Kolbrún var þrítug þegar hún eignaðist dótturina Auði. Nauðgunin átti sér stað níu mánuðum fyrr. Samkvæmt vitnisburði Kolbrúnar voru málsatvik á þá leið að hún hafði hitt Holberg á skemmtistaðnum Krossinum, sem þá var á milli Keflavíkur og Njarðvíkur. Þetta var á laugardagskvöldi. Hún þekkti hann ekki fyrir og hafði aldrei séð hann áður. Hún var með tveimur vinkonum sínum og Holberg og tveir félagar hans voru með þeim um kvöldið á ballinu. Þegar því lauk héldu þau öll áfram að skemmta sér heima hjá annarri af vinkonum Kolbrúnar. Þegar nokkuð var liðið á nóttina hafði Kolbrún búið sig til farar heim á leið. Holberg sagðist vilja fylgja henni til öryggis. Hún setti sig ekki upp á móti því. Hvorugt var undir áhrifum áfengis svo nokkru nam. Kolbrún bar að hún hefði fengið sér tvö lítil vodkaglös með gosblöndu á ballinu en ekkert eftir að hún fór þaðan. Holberg drakk ekki þetta kvöld. Hann sagðist, svo Kolbrún heyrði, vera á penisillínkúr vegna sýkingar í eyra. Vottorð frá lækni fylgdi ákæruskjölunum og staðfesti það.

*Holberg bað um að fá að hringja á leigubíl. Sagðist ætla til Reykjavíkur. Hún hikaði andartak en benti honum svo á hvar síminn væri. Hann gekk inn í stofuna á meðan hún fór úr kápu sinni frammi í anddyrinu og síðan inn í eldhús að fá sér vatnsglas. Hún heyrði ekki þegar hann lauk símtalinu ef það var þá eitthvert símtal. Hún fann að hann var allt í einu kominn aftan að henni þar sem hún stóð við eldhúsvaskinn.*

*Henni brá svo að hún missti glasið niður í vaskinn og vatnið skvettist á eldhúsbordið. Hún hrópaði upp yfir sig þegar hendur hans gripu um brjóstin og hrökklaðist frá honum innar í eldhúskrókinn.*



– Hvað ertu að gera? spurði hún.

– Eigum við ekki að skemmta okkur aðeins? sagði hann og stóð kyrr fyrir framan hana, kraftalega vaxinn með sterklegar hendur, fingraþykkur.

– Ég vil að þú farir út, sagði hún ákveðin. Núna! Viltu gjöra svo vel og fara út.

– Eigum við ekki að skemmta okkur aðeins? endurtók hann. Hann tók eitt skref nær henni og hún setti fram hendurnar eins og til varnar.

– Komdu ekki nálægt mér! hrópaði hún. Ég hringi á lögregluna! Hún fann allt í einu hvað hún var ein og varnarlaus gagnvart þessum ókunnuga manni sem hún hafði hleypt inn á heimili sitt og var nú komin upp að henni, búinn að beygja hendur hennar aftur fyrir bak og reyndi að kyssa hana.

Hún bardist um en það var til einskis. Hún reyndi að tala við hann. Tala hann til en fann aðeins hvernig vanmáttur hennar óx.

Erlendur hrökk við þegar risastór vöruflutningabíll flautaði á hann og óð fram úr honum með ógurlegum drunum og vatnsgusum sem gengu yfir bílinn. Hann rykkti til stýrinu og dansaði um stund á vatninu. Afturendi bílsins slóst til og eitt andartak hélt Erlendur að hann myndi missa stjórn á honum og endasendast út í hraunið. Hann snarhægði ferðina og náði að halda sig á veginum og jós svívirðingum yfir vörubílstjóran, sem var horfinn honum í regnúðanum.

Um tuttugu mínútum síðar renndi hann í hlað framan við lítið, bárujárnsklætt timburhús í elsta hluta Keflavíkur. Það var hvítmálað og lítið, hvítmálað grindverk í kringum það og garður sem sinnt var um af natni. Systirin hét Elín og var nokkrum árum eldri en Kolbrún, nú komin á eftirlaun. Hún stóð í forstofunni, komin í kápu og á leiðinni út þegar Erlendur hringdi bjöllunni. Hún horfði á hann í forundran, lágvaxin og grönn með

harðan svip á andlitinu, stingandi augu, há kinnbein og hrukkur í kringum munninn.

– Ég hélt ég hefði sagt þér í símann að ég vildi ekkert með þig eða lögregluna hafa, sagði hún reiðilega þegar Erlendur hafði gert grein fyrir sér.

– Ég veit það, sagði Erlendur, en ...

– Ég ætla að biðja þig að láta mig í friði, sagði hún. Þú hefðir ekki þurft að ómaka þig alla leið hingað.

Hún steig út á dyrapallinn og lokaði hurðinni á eftir sér og gekk niður þrjár tröppur sem lágu upp að húsinu og opnaði lítið hlið á girðingunni og skildi það eftir opið til merkis um að hún vildi Erlend í burtu. Hún leit ekki við honum. Erlendur stóð á tröppunum og horfði á eftir henni.

– Þú veist að Holberg er látinn, kallaði hann.

Hún svaraði honum ekki.

– Hann var myrtur á heimili sínu. Þú veist það.

Erlendur var kominn niður tröppurnar í humátt á eftir henni. Hún var með svarta regnhlíf sem hún opnaði og regnið buldi á henni. Hann hafði ekki annað en hattinn á höfðinu til þess að verjast rigningunni. Hún greikkaði sporið. Hann elti og hljóp við fót til þess að ná henni. Hann vissi ekki hvað hann átti að segja til að fá hana til þess að hlusta á sig. Vissi ekki hvers vegna konan brást svona við honum.

– Mig langaði að spyrja þig um Auði, sagði hann.

Konan nam skyndilega staðar og sneri sér við og gekk hratt upp að honum með vonskusvip í andlitinu.

– Ómerkilegi lögguræfill, hvæsti hún á milli samanbitinna tannanna. Ekki leyfa þér að nefna hana á nafn. Hvernig vogarðu þér? Eftir allt það sem þið gerðuð henni. Láttu þig hverfa! Láttu þig hverfa héðan á stundinni! Lögguræfill!

Hún horfði á Erlend hatursfullum augum og hann starði á hana á móti.

– Eftir allt sem við gerðum henni? sagði hann. Henni hverri?

– Burt með þig, hrópaði hún og snerist á hæli og skildi hann eftir í sömu sporum. Hann hætti eltingarleiknum en horfði á hana fjarlægjast í regninu, örlítið lotna í grænni kápu og svörtum stígvélum sem náðu upp fyrir ökkjana. Hann sneri við og gekk hugsí aftur að húsi hennar og að bílnum. Hann settist inn í hann og kveikti sér í sígarettu, opnaði gluggann aðeins og setti svo í gang. Hann bakkaði með hægð úr stæðinu, setti í fyrsta gír og ók framhá litla húsinu.

Hann sogaði reykinn að sér og fann aftur daufa verkinn fyrir brjóstinu miðju. Hann var ekki nýr. Hafði valdið Erlendi nokkru hugarangri í bráðum ár. Daufur verkur sem heilsaði honum á morgnana en hvarf yfirleitt fljótlega eftir að hann steig fram úr rúminu. Dýnan sem hann svaf á var ekki góð. Stundum verkjaði hann í allan skrokkinn ef hann lá lengi í rúminu.

Hann sogaði að sér reykinn.

Vonaði að það væri rúmdýnan.

Farsíminn hringdi í frakkavasanum þegar hann var að drepa í sígarettunni. Það var yfirmaður tæknideildarinnar með þær fréttir að þeim hefði tekist að lesa úr grafskriftinni á legsteininum og fundið henni stað í orði guðs.

– Hún er tekin úr 64. Davíðssálmi, sagði yfirmaðurinn.

– Já, sagði Erlendur.

– Varðveit líf mitt fyrir ógnum óvinarins.

– Ha?

– Á steininum stendur: Varðveit líf mitt fyrir ógnum óvinarins.

Þetta er úr Davíðssálmunum.

– Varðveit líf mitt fyrir ógnum óvinarins.

– Hjálpar þetta eitthvað?

– Ég hef ekki hugmynd um það.

– Það voru tvenn fingraför á myndinni.

– Já, Sigurður Óli var búinn að segja mér það.

– Önnur eru af hinum látna en hin höfum við ekki á skrá hjá okkur. Þau eru frekar óskýr. Mjög gömul fingraför.

– Sjáid þið á hvers konar vél myndin var tekin? spurði Erlendur.

– Ómögulegt að segja. Held samt að hún hafi ekki þurft að vera merkileg.

## 9

Sigurður Óli lagði bílnum á plani Íslandsflutninga þar sem hann vonaði að hann yrði engum til vandræða. Vöruflutningabílar stóðu í röðum á planinu. Suma var verið að ferma, öðrum var ekið í burtu, enn öðrum var bakkað að vöruhúsi flutningamiðstöðvarinnar. Bensínstybba og olíufnykur fylltu loftið og ærandi hávaði barst frá vélum trukkanna. Starfsfólk og viðskiptavinir voru á þönum um planið og vöruhúsið.

Veðurstofan spáði áframhaldandi vætu. Sigurður Óli reyndi að nota frakkann til þess að verjast rigningunni, setti hann yfir höfuð sér og hljóp við fót upp að vöruhúsinu. Honum var vísað á verkstjóra sem sat í litlu glerbúri og yfirfór pappíra og virtist ákaflega upptekinn.

Verkstjórinn, maður þybbinn vel í blárri úlpu sem hann hneppti að sér með einni tölu yfir vömbina og með vindilstubb milli fingranna, hafði frétt af láti Holbergs og sagðist hafa þekkt hann ágætlega. Lýsti honum sem áreiðanlegum manni, duglegum vörubílstjóra sem ekið hefði landshorna á milli áratugum saman og þekkti hvern krók og kima íslenska þjóðvegakerfisins. Sagði hann dulan, talaði aldrei um sjálfan sig á persónulegum nótum, eignaðist ekki vini í þessu fyrirtæki, vissi ekki hvað hann gerði áður, hélt hann hefði alla tíð verið vörubílstjóri. Talaði þannig. Ókvæntur og barnlaus, það hann best vissi. Ræddi aldrei um sína nánustu.

– Ég held það nú, sagði verkstjórinn eins og til þess að ljúka samtalinu, tók upp lítinn kveikjara úr úlpuvasanum og kveikti í vindilstubbum. Bölvað, púff, púff, að fara svona, púff.

– Hverja umgekkst hann mest hérna? spurði Sigurður Óli og reyndi að anda ekki að sér þefillum vindlareyknum.

– Þú getur talað við Hilmar og Gauja, ætli þeir hafi ekki

þekkt hann best. Hilmar er hérna frammi. Hann er frá Reyðarfirði og fékk stundum að sofa hjá Holberg í Norðurmýrinni þegar hann þurfti að hvíla sig í bænum. Það eru ákveðnar hvíldarreglur sem bílstjórnir verða að uppfylla og þá þurfa þeir at-hvarf í borginni.

– Svað hann hjá honum um helgina, veistu það?

– Nei, hann var að vinna fyrir austan. En kannski hann hafi verið hjá honum hina helgina.

– Geturðu ímyndað þér hver hefði viljað Holberg illt? Einhverjar erjur hér á vinnustaðnum eða ...

– Nei, nei, ekkert, þúff, slíkt, þúff, þúff. Manninum gekk illa að halda glóðinni í vindlinum. Talaðu við, þúff, Hilmar, vinur. Hann getur kannski hjálpað þér.

Sigurður Óli fann Hilmar eftir leiðbeiningum verkstjórans. Hann stóð við einar vörudyrnar og fylgdist með þegar verið var að afferma vörubíl. Hilmar var mikill rummungur, um tveir metrar á hæð, þrekvaxinn, rauðbirkinn, skeggjaður og loðinn á handleggjunum sem stóðu fram úr stuttermabol. Virtist vera um fimmtugt. Gamaldags, blá axlarbönd héldu uppi snjáðum gallabuxum. Lítill gaffallyftari var notaður til þess að afferma vörubílinn. Verið var að bakka öðrum vörubíl að næstu dyrum með tilheyrandi drunum, á sama tíma flautuðu tveir bílstjórar hvor á annan á planinu og jusu út úr sér svívirðingum.

Sigurður Óli gekk upp að Hilmar og bankaði létt á öxlina á honum en bílstjórinn varð hans ekki var. Hann bankaði fastar og loks sneri Hilmar sér að honum. Hann sá Sigurð Óla tala til sín en gat ekki heyrt hvað hann sagði og horfði niður á hann sljóum augum. Sigurður Óli hækkaði röddina en allt kom fyrir ekki. Hann hækkaði enn röddina og sýndist skilningsglampi koma í augu Hilmars en það var missýning. Hilmar hristi bara hausinn og benti á eyrun á sér.

Sigurður Óli færðist allur í aukana við þetta, reigði sig og lyfti

sér á tá og öskraði upp yfir sig en samtímis datt á dúnalogn og orð hans bergmáluðu veggja á milli í risastóru vöruhúsinu og út á planið í öllu sínu veldi:

– SVAFST ÞÚ HJÁ HOLBERG?

## IO

Hann var að raka saman laufi í garðinum sínum þegar Erlendur kom að honum. Leit ekki upp fyrir en Erlendur hafði staðið góða stund og fylgst með honum vinna hægum hreyfingum gamalmennisins. Þurrkaði sultardropa úr nefinu. Það virtist engu máli skipta þótt rigndi og laufið væri klesst og óþægilegt að fást við. Hann fór sér að engu ódslega, krakaði í laufið með hrífu og reyndi að búa til litlar hrúgur úr því. Hann bjó ennþá í Keflavík. Var borinn þar og barnfæddur.

Erlendur bað Elínborgu að safna saman upplýsingum um hann og hún hafði grafið upp það helsta sem til var um gamalmennið í garðinum, ferilinn innan lögreglunnar, þær athugasemdir sem gerðar höfðu verið við framkomu hans og verklag, en þær voru margar á langri starfsævi, málareksturinn vegna Kolbrúnar og hvernig hann hafði verið áminntur fyrir meðferð sína á því máli sérstaklega. Hún hringdi aftur með upplýsingarnar þar sem Erlendur sat að snæðingi í Keflavík. Hann íhugaði hvort hann ætti að geyma heimsóknina þar til daginn eftir en hugsaði með sér að hann nennti ekki að vera að keyra þetta fram og aftur í vitlausu veðri.

Maðurinn var klæddur grænni vetrarúlpu og með hafnabolta-húfu á höfði. Hvítar, beinaberar hendur héldu um hrífuskaftið. Hann var hávaxinn og hafði sjálfsagt einhvern tíma verið holdugri og valdsmannslegri á að líta en var nú orðinn gamall og visinn með sultardropa í nefinu. Erlendur horfði á hann paufast í elli sinni í garði á bak við hús. Maðurinn leit ekki upp úr laufinu og veitti honum enga athygli. Þannig leið góð stund uns Erlendur ákvað að láta til skarar skríða.

– Hvers vegna vill systirin ekki tala við mig? sagði hann og sá gamla manninn hrökkva upp.



– Ha? Hvað var þetta? Maðurinn leit upp frá verkinu. Hver ert þú? spurði hann.

– Hvernig tókuð þið á móti Kolbrúnu þegar hún kom með kæruna til ykkar? spurði Erlendur.

Gamli maðurinn horfði á þennan ókunnuga mann sem kominn var inn í garðinn til hans og strauk sultardropann af nefinu með handarbakinu. Hann horfði niður eftir Erlendi.

– Þekki ég þig? sagði hann. Um hvað ertu að tala? Hver ertu?

– Ég heiti Erlendur. Ég er að rannsaka morð á manni að nafni Holberg í Reykjavík. Hann var kærður fyrir nauðgun fyrir næstum fjörutíu árum. Þú stjórnadur rannsókn málsins. Hún hét Kolbrún sem var nauðgað. Hún er látin. Systir hennar talar ekki við lögregluna af ástæðum sem ég er að reyna að grafast fyrir um. Hún sagði við mig: Eftir það sem þið gerðuð henni. Mig langar til þess að þú segir mér hvað það var sem við gerðum henni.

Maðurinn horfði á Erlend án þess að segja orð. Horfði í augu hans og þagði.

– Hvað var það sem við gerðum henni? endurtók Erlendur.

– Ég man ekki ... hvaða leyfi hefur þú? Hvers konar dónaskapur er þetta eiginlega? Röddin titraði lítillaga. Viltu koma þér burtu úr garðinum mínum eða ég hringi á lögregluna.

– Nei, sjáðu til, Rúnar, ég er lögreglan. Og ég má ekki vera að neinu helvítis kjaftæði.

Maðurinn hugsaði sig um.

– Er þetta nýja aðferðin? Ráðast á fólk með dylgjum og dónaskap?

– Gott að þú minnst á aðferðir og dónaskap, sagði Erlendur. Þú fékkst á einu tímabili á þig átta kærur fyrir afglöp í starfi, hrottaskap þar á meðal. Ég veit ekki hverjum þú þurftir að þjóna til þess að halda starfinu en þú hefur ekki gefið hann nógu góðan undir það síðasta því þú fórst að lokum frá lögreglunni með skömm. Rekinn ...

– Haltu kjafti, sagði maðurinn og leit í kringum sig. Hvernig vogarðu ...

– ... fyrir margítrekaða og grófa kynferðislega áreitni.

Hvítu, beinaberu hendurnar hertu takið á hrífunni svo það strekkist á litlausri húðinni og kjúkurnar komu í ljós. Andlitið lokaðist með hatursfullum munnherkjum, augun drógust saman þar til þau lokuðust til hálf. Erlendur hafði velt því fyrir sér á leiðinni til mannsins, á meðan upplýsingarnar frá Elínborgu fóru eins og rafstuð um vitund hans, hvort hægt væri að álasa þessum manni fyrir það sem hann hafði gert í öðru lífi, þegar hann var annar maður, á öðrum tíma. Erlendur hafði verið nógu lengi í lögreglunni til þess að muna eftir sögunum um hann, um vandræðin sem hann skapaði. Hann mundi eftir Rúnari. Hann hafði hitt Rúnar tvisvar eða þrisvar fyrir mörgum árum en hann var orðinn svo gamall og hrumur að það tók Erlend góða stund að átta sig á að þetta var sami maðurinn þegar hann kom í garðinn til hans. Sögurnar um Rúnar gengu enn innan lögreglunnar. Erlendur hafði einu sinni lesið að fortíðin væri annað land og hann skildi það. Hann skildi að tímarnir breyttust og mennirnir líka. En hann var ekki tilbúinn að þurrka út fortíðina.

Þeir stóðu í garðinum hvor á móti öðrum.

– Hvað með Kolbrúnu? sagði Erlendur.

– Hypjaðu þig!

– Fyrst segirðu mér frá Kolbrúnu.

– Hún var helvítis mella! sagði maðurinn allt í einu á milli samanbitinna tannanna. Og hafðu það og burtu með þig! Allt sem hún sagði um mig var helvítis lygi. Var engin andskotans nauðgun. Hún laug allan tímann!

Erlendur sá Kolbrúnu sitja fyrir framan þennan mann, fyrir öllum þessum árum þegar hún kærði nauðgunina. Hann ímyndaði sér hvernig hún hafði safnað kjarki þar til hún þoldi ekki lengur við og fór til lögreglunnar að segja frá því sem komið

hafði fyrir hana, skelfingunni sem hún hafði upplifað og vildi helst af öllu geta gleymt eins og ekkert hefði gerst, eins og þetta hefði aðeins verið martröð og hún vaknað jafnheil og áður. En hún mundi aldrei vakna jafnheil og áður. Hún hafði verið saurguð. Það hafði verið ráðist á hana og það hafði verið ráðist inn í hana ...

– Hún kom þremur dögum eftir atburðinn og bar upp á manninn nauðgun, sagði gamli maðurinn við Erlend. Það var ekki mjög sannfærandi.

– Og þú hentir henni út aftur, sagði Erlendur.

– Hún laug því.

– Og hlóst að henni og gerðir lítið úr henni og sagðir henni að gleyma þessu. En hún gleymdi þessu ekki, var það?

Gamli maðurinn leit hatursfullum augum á Erlend.

– Hún fór til Reykjavíkur, var það ekki? sagði Erlendur.

– Holberg var aldrei dæmdur.

– Og hverjum er það að þakka, heldurðu?

Erlendur sá Kolbrúnu fyrir sér þrefa við Rúnar á skrifstofunni. Þrefa við hann! Pennan mann! Þrefa um það sem hún hafði gengið í gegnum. Reyna að sannfæra hann um að hún segði sannleikann eins og hann væri æðsti dómari í hennar máli.

*Hún þurfti á öllu sínu að halda þegar hún rakti fyrir honum atburði næturinnar og reyndi að segja skipulega frá en það var of hræðilegt. Hún gat ekki lýst því. Gat ekki sagt frá því sem var ólýsanlegt, viðbjóðslegt, afskræmt. Einhvern veginn tókst henni að ljúka slitrótttri frásögninni. Var þetta glott? Hún áttaði sig ekki á því hvers vegna lögreglu maðurinn glotti. Henni sýndist það vera glott en það gat ekki verið. Svo fór hann að spyrja hana út í smáatriðin.*

*Segðu mér hvernig þetta var nákvæmlega.*

*Hún horfði á hann. Byrjaði hikandi aftur frásögn sína.*

*Nei, ég er búinn að heyra þetta. Segðu mér hvað gerðist nákvæmlega.*

*Pú hefur verið í nærbuxum. Hvernig tók hann þig úr nærbuxunum? Hvernig kom hann honum inn í þig?*

*Var honum akvára? Spurði loks hvort nokkur kvenmaður starfaði við lögregluna.*

*Nei ... Ef þú vilt kæra þennan mann fyrir nauðgun þarftu að vera nákvæmari en þetta, skilurðu. Hafðirðu gefið honum undir fótinn á einhvern hátt þannig að hann hefði ástæðu til þess að ætla að þú værir til í tuskið?*

*Til í tuskið?*

*Hún sagði honum svo lágt að heyrðist varla að hún hefði alls ekkert gert.*

*Pú verður að tala hærra. Hvernig tók hann þig úr nærbuxunum?*

*Hún var viss um að þetta var glott. Hann spurði hana hranalega, véfengdi það sem hún sagði, var ruddalegur, sumar spurningarnar voru hreinn dónaskapur, klám, hann reyndi að láta líta svo út að hún hefði ýtt undir glæpinn, að hún hefði viljað hafa samfarir við manninn, kannski hætt við en þá hefði það verið orðið of seint, skilurðu, of seint að bakka með svoleiðis nokkuð. Þýðir ekki að fara í Krossinn og daðra við kurlmenn og hætta við í miðju kafi. Það þýðir ekki, sagði hann.*

*Hún grét að lokum hljóðlega þegar hún opnaði litla handtösku og tók upp plastpoka og rétti honum. Hann opnaði pokann og tók upp rifnar nærbuxurnar af henni ...*

Rúnar slepti takinu á hrífunni og ætlaði að ganga framhjá Erlendi en Erlendur gekk í veg fyrir hann og króaði hann af upp við húsvegginn. Þeir horfðust í augu.

– Hún lét þig hafa sönnunargagn, sagði Erlendur. Eina sönnunargagnið sem hún hafði. Hún var viss um að Holberg hefði skilið eitthvað eftir sig.

– Hún lét mig aldrei hafa neitt, hvæsti Rúnar. Láttu mig í friði.

– Hún lét þig hafa nærbuxurnar.

– Hún laug því.

– Þeir hefðu átt að reka þig strax þá, sagði Erlendur. Aumingjans, andskotans ómennið þitt.

Hann bakkaði hægt og með andstygðarsvip frá Rúnari sem hímdi upp við vegginn, gamalt hró.

– Ég var bara að sýna henni hverju hún átti von á ef hún færi með málið lengra, sagði hann skrækroma. Ég var að gera henni greiða. Dómstólarnir hlæja að þessum málum.

Erlendur sneri sér við og gekk í burtu og hugsaði um hvernig guð, ef hann væri til, gæti haft löngun í sér til þess að leyfa manni eins og Rúnari að deyja í hárrí elli en taka líf fjögurra ára stúlkubarns.

Hann ætlaði aftur til systur Kolbrúnar en kom fyrst við á bókasafninu í Keflavík. Hann gekk á milli bókaskápanna og renndi augum yfir kilina þar til hann fann Biblíuna. Erlendur þekkti ágætlega guðs orð. Hann opnaði bókina á Davíðssálmunum og fann sálm númer 64. Hann fann ljóðlínuna sem var á legsteininum. *Varðveit líf mitt fyrir ógnum óvinnarins.*

Hann hafði munað rétt. Grafskriftin var framhald fyrstu línunnar í sálminum. Erlendur las hana nokkrum sinnum yfir, strauk hugsni hendi yfir sálmasíðurnar og fór með setninguna í hálfum hljóðum þar sem hann stóð við bókahillurnar.

Fyrsta ljóðlína sálmsins var ákall til drottins og Erlendi fannst eins og hann heyrði þögult hróp konunnar í gegnum árin.

*Heyr, ó Guð, raust mína, er ég kveina.*

## II

Erlendur renndi bílnum upp að litla, hvítmálaða bárujárnshúsinu og drap á vélinni. Hann sat áfram inni í bílnum og lauk við sígarettuna. Hann var að reyna að draga úr reykingunum og var kominn niður í fimm á dag þegar vel gekk. Þessi var númer átta þennan daginn og klukkan var enn ekki orðin þrjú.

Hann steig út úr bílnum, gekk upp tröppurnar að húsinu og hringdi bjöllunni. Hann beið góða stund en ekkert gerðist. Hann hringdi aftur en það bar engan árangur. Hann lagðist á glugga og sá grænu kápuna og regnhlífina og stígvélin. Hann hringdi í þriðja sinnið, stóð á dyrapallinum og reyndi að verjast rigningunni. Allt í einu opnuðust dyrnar og Elín starði á hann.

– Láttu mig í friði, heyrirðu það! Farðu burtu! Burtu með þig! Hún ætlaði að skella aftur hurðinni en Erlendur kom fæti á milli.

– Við erum ekki allir eins og Rúnar, sagði hann. Ég veit að systir þín fékk ekki sanngjarna meðferð. Ég fór og talaði við Rúnar. Það sem hann gerði er óafsakanlegt en því verður ekki breytt héðan af. Hann er vesælt gamalmenni og hann á aldrei eftir að sjá neitt rangt við það sem hann gerði.

– Viltu láta mig í friði!

– Ég verð að tala við þig. Ef það gengur ekki svona verð ég að láta sækja þig og færa til yfirheyrslu. Ég vil komast hjá því. Hann tók ljósmyndina úr kirkjugarðinum úr frakkavasa sínum og smeygði henni á milli stafs og hurðar. Ég fann þessa ljósmynd heima hjá Holberg, sagði hann.

Elín svaraði honum ekki. Það leið löng stund. Erlendur hélt á myndinni í dyragættinni en sá ekki Elínu, sem enn þrýsti á hurðina. Smám saman fann hann að losnaði um fótinn og Elín tók við myndinni. Brátt stóðu dyrnar opnar. Konan gekk inn í

húsið með myndina í hendinni. Erlendur steig inn fyrir og lokaði varlega á eftir sér.

Elín hvarf inn í litla stofu og andartak velti Erlendur því fyrir sér hvort hann ætti að fara úr blautum skónum. Hann þurrkaði vandlega af sér á mottu og fylgdi Elínu inn í stofuna, gekk framhjá snyrtilegu, litlu eldhúsi og vinnuherbergi. Í stofunni héngu myndir á veggjum, útsaumur í gylltum ramma og lítið rafmagnsorgel var í einu horni hennar.

– Kannast þú við þessa mynd? spurði Erlendur varlega.

– Ég hef aldrei séð hana áður, sagði hún.

– Hafði systir þín eitthvert samband við Holberg eftir ... atburðinn?

– Aldrei svo ég vissi til. Aldrei. Þú getur rétt ímyndað þér.

– Fór ekki fram blóðrannsókn til þess að sjá hvort hann væri faðirinn?

– Til hvers?

– Það styður framburð systur þinnar. Að um nauðgun hafi verið að ræða.

Hún leit af myndinni og starði á hann góða stund en sagði svo:

– Þið eruð allir eins, þessir lögreglumenn. Nennið ekki að vinna vinnuna ykkar.

– Nú?

– Hefurðu ekki kynnt þér málið?

– Í stórum dráttum. Hélt ég.

– Holberg þrætti ekki fyrir að þau hefðu haft samfarir. Hann var klókari en svo. Hann þrætti fyrir að það hefði verið nauðgun. Hann sagði að systir mín hefði verið honum viljug. Hann sagði að hún hefði eggjað hann og boðið honum heim með sér. Það var hans mikla vörn. Að Kolbrún hefði haft samfarir við hann af fús-um og frjálsum vilja. Lék sig svo saklausan. Lék sig svo saklausan, kvikindið.

– En ...

– Það eina sem systir mín hafði voru rifnar nærbuxur, hélt Elín áfram. Það sá ekki mikið á henni. Hún var ekki sterk, gat ekki veitt mikla mótspyrnu og hún sagði mér að hún hefði næstum lamast af hræðslu þegar hann byrjaði að þukla á henni í eldhúsinu. Hann neyddi hana með sér inn í svefnherbergið og kom fram vilja sínum þar. Tvisvar. Hélt henni undir sér og þreifaði á henni og klæmdist þangað til hann var tilbúinn að gera það aftur. Það tók hana þrjá daga að safna kjarki til þess að leita til lög­reglunnar og það hjálpaði ekki þegar gerð var á henni læk­nis­rannsókn um síðir. Hún skildi aldrei hvað olli því að hann réðst á hana. Hún sakaði sjálfa sig um að hafa ýtt undir það sem hann gerði. Hún hélt kannski að hún hefði gefið honum undir fótinn í þessu samkvæmi sem þau fóru í eftir að skemmtistaðnum var lokað. Að hún hefði sagt eitthvað eða gefið eitthvað í skyn sem vakti í honum löngun. Hún kenndi sjálfri sér um. Ég býst við að það séu algeng viðbrögð.

Elín þagði um stund.

– Þegar hún loksins tók af skarið mætti hún Rúnari. Ég hefði farið með henni en hún skammaðist sín svo mikið að hún sagði engum frá því sem gerst hafði fyrr en löngu seinna. Holberg hót­aði henni. Sagði að ef hún gerði eitthvað í málinu mundi hann koma aftur og kvelja hana. Þegar hún leitaði til lögreglunnar hélt hún að hún væri að leita skjóls. Að hún væri hólpin. Að þeir mundu gæta hennar. Það var ekki fyrr en Rúnar sendi hana heim aftur, eftir að hafa leikið sér að henni og tekið við nærbuxunum og sagt henni að gleyma þessu, sem hún leitaði til mín.

– Nærbuxurnar komu aldrei í leitirnar, sagði Erlendur. Rúnar neitaði ...

– Kolbrún sagðist hafa afhent honum þær og ég vissi aldrei til þess að systir mín segði ósatt. Ég veit ekkert hvað vakti fyrir þessum manni. Sé hann stundum á göngu hér í bænum, í kjör­búðinni eða hjá fisksalanum. Ég æpti einu sinni á hann. Réð



ekki við mig. Mér sýndist hann njóta þess. Glotti. Kolbrún talaði einu sinni um þetta glott framan í honum. Hann sagðist aldrei hafa fengið neinar nærbuxur í hendur og að framburður Kolbrúnar hefði verið svo óskýr að hann taldi hana vera undir áhrifum áfengis. Þess vegna sendi hann hana heim.

– Hann var á endanum áminntur, sagði Erlendur, án þess að það hefði svo sem nein áhrif. Það var sífellt verið að áminna Rúnar. Hann var þekktur böðull í lögreglunni en einhver hélt yfir honum verndarhendi þar til það var ekki hægt að verja hann lengur og hann var látinn fara.

– Það þótti ekki ástæða til málshöfðunar, eins og það var orðað. Það var rétt sem Rúnar sagði, Kolbrún átti bara að gleyma þessu. Hún hikaði auðvitað lengi, of lengi, og hún var nú ekki gáfaðri en svo að hún þreif allt hátt og lágt í íbúðinni, rúmfötin sín þar á meðal, fjarlægði öll sönnunargögn. Hún geymdi nærbuxurnar. Hún reyndi þrátt fyrir allt að geyma það sönnunargagn. Eins og hún teldi það nægja. Eins og það væri nóg bara að segja sannleikann. Hún vildi þrifa atburðinn úr lífi sínu. Hún vildi ekki lifa með honum. Og eins og ég sagði, þá sá ekki mik­ið á henni. Hún var með sprungna vör þar sem hann hélt fyrir munninn og það blæddi lítils háttar inn á annað augað.

– Náði hún sér ...?

– Aldrei. Hún var ákaflega viðkvæm kona, hún systir mín. Falleg sál og auðveld bráð þeim sem vildu henni illt. Eins og Holberg. Eins og Rúnari. Þeir hafa fundið það sama báðir tveir. Þeir réðust á hana hvor með sínum hætti. Rifðu í sig bráðina.

Hún leit niður í gólfid.

– Dýrin, sagði hún.

Erlendur lét andartak líða áður en hann hélt áfram.

– Hvernig brást hún við þegar hún komst að því að hún var ófrísk? spurði hann.

– Hún tók því af mikilli skynsemi, fannst mér. Hún tók strax

þá ákvörðun að gleðjast yfir barninu þrátt fyrir kringumstæðurnar og hún elskaði Auði fölskvalaust. Það voru miklir kærleikar með þeim og systir mín hugsaði einstaklega vel um dóttur sína. Gerði allt fyrir hana sem hún gat. Aumingja, blessaða stúlkuna.

– Svo Holberg vissi að hann átti barnið?

– Hann vissi það auðvitað en hann sór fyrir það. Neitaði því algerlega. Sagðist ekkert eiga í henni. Vændi systur mína um lauslæti.

– Þau höfðu þá ekkert samband, ekki vegna dótturinnar eða ...?

– Samband! Aldrei. Hvernig dettur þér það í hug? Það gat aldrei orðið.

– Kolbrún getur ekki hafa sent honum myndina?

– Nei. Nei, ég get ekki ímyndað mér það. Það er af og frá.

– Hann hlýtur þá að hafa tekið hana sjálfur. Eða einhver sem þekkti til málsins hefur tekið hana og sent honum. Kannski hefur hann séð tilkynningu um dauðsfallið í blöðunum. Voru skrifðar minningargreinar um Auði?

– Andlát hennar var auglýst og ég skrifaði stutta minningargrein í Morgunblaðið. Hann gæti hafa lesið hana.

– Er Auður grafin hér í Keflavík?

– Nei. Við erum úr Sandgerði, systurnar, og þar skammt frá er lítill kirkjugarður. Kolbrún vildi að hún yrði jörðuð þar. Þetta var um hávetur. Þeir ætluðu aldrei að geta tekið gröfina.

– Það segir í dánarvottorðinu að hún hafi fengið heilaæxli.

– Það var skýringin sem systir mín fékk. Hún bara dó. Dó frá okkur, anginn litli, og við gátum ekkert gert. Á fjórða ári.

Elín horfði af ljósmyndinni á Erlend.

– Bara dó.

Aldimnt var orðið í húsinu og orðin hvísluðust um myrkrið full af spurn og trega. Elín stóð hægt upp, kveikti dauft ljós á stand-

lampa um leið og hún gekk fram á ganginn og inn í eldhúsið. Erlendur heyrði hana skrúfa frá vatni, láta renna í ílát, hella vatni, opna bauk, fann kaffiilminn. Hann stóð upp og skoðaði myndirnar á veggjunum. Það voru teikningar og málverk. Vaxlita-teikning eftir barn var römmuð inn í grannan svartan ramma. Loks fann hann það sem hann leitaði að. Þær voru tvær, líklega teknar með tveggja ára millibili. Ljósmyndir af Auði.

Eldri myndin var tekin hjá ljósmyndara. Hún var svarthvít. Stúlkan var ekki meira en eins árs og sat á stórum púða, prúðbúin í kjól með borða í hárinu og litla hringlu í annarri hendinni. Hún sneri sér til hálfis að ljósmyndaranum og brosti svo sást í fjórar litlar tennur. Hin myndin var af henni um þriggja ára aldurinn. Erlendur ímyndaði sér að hana hefði móðir hennar tekið. Myndin var í lit. Stúlkan stóð í lágvöxnu skógarkjarri og sólin skein beint niður á hana. Hún var klædd í þykka, rauða peysu og lítið pils, í hvítum sokkum og svörtum skóm með fallegum smellum. Hún horfði eins og íbyggin í myndavélina. Svipurinn alvarlegur. Kannski hafði hún neitað að brosa.

– Kolbrún náði sér aldrei, sagði Elín sem komin var í stofudyrnar. Erlendur rétti úr sér.

– Það er líklega ekkert til verra, sagði hann og tók við kaffibolla. Elín settist með bollann sinn aftur í sófann og Erlendur settist á ný gegnt henni og saup á kaffinu.

– Ef þú vilt reykja, þá skaltu bara gjöra svo vel, sagði hún.

– Ég er að reyna að hætta, sagði Erlendur og reyndi að láta það ekki hljóma afsakandi en varð hugsað til verksins sem hann hafði fyrir brjóstinu. Kraflaði velktan pakka upp úr frakkavasanum og fékk sér eina. Níundu sígarettu dagsins. Hún ýtti að honum öskubakka.

– Nei, sagði hún, líklega er ekkert verra. Dauðastríðið var blessunarlega stutt. Hún fór að finna til í höfðinu. Eins og hún hefði höfuðverk og læknirinn sem skoðaði hana talaði aldrei um

annað en barnamígreni. Hann gaf henni einhverjar pillur en þær virkuðu ekki neitt. Þetta var ekki góður læknir. Kolbrún sagði mér að hún hefði fundið áfengislykt út úr honum og hún hafði áhyggjur af því. En svo gerðist þetta allt svo snögg. Stelpunni hélt áfram að versna. Eitthvað var talað um húðæxli sem læknirinn hennar hefði átt að taka eftir. Bletti. Þeir á spítalanum kölluðu þetta kaffibletti. Voru mest undir höndunum. Loksins var hún send á spítalann hérna í Keflavík og þar komust þeir að því að um einhvers konar taugaæxli væri að ræða. Það reyndist vera heilaæxli. Þetta tók allt saman eitthvað um sex mánuði.

Elín þagnaði.

– Eins og ég sagði, þá var Kolbrún aldrei söm eftir þetta, andvarpaði hún. Ég býst ekki við að nokkur geti náð sér eftir slíkar hörmungar.

– Var Auður krufin? spurði Erlendur og sá fyrir sér litla líkamann flúrlýstan á köldu stálborði með Y-skurð á brjóstinu.

– Kolbrún tók það ekki í mál, sagði Elín, en hún fékk því ekki ráðið. Hún ærðist þegar hún komst að því að þeir höfðu opnað hana. Varð vitstola af harmi, auðvitað, eftir lát barnsins og það varð engu tauti við hana komið. Hún gat ekki hugsað sér að farið yrdi að skera í stúlkuna hennar. Hún var dæin og því fékk ekkert breytt. Krufningin staðfesti sjúkdómsgreininguna. Þeir fundu illkynja æxli í heilanum.

– Og systir þín ...?

– Kolbrún fyrirfór sér þremur árum síðar. Hún féll í óstjórnlegt þunglyndi og var undir læknishendi. Dvaldi á geðdeild í Reykjavík í nokkurn tíma en kom svo aftur hingað heim til Keflavíkur. Ég reyndi að hugsa um hana eins og ég gat en það var eins og hefði slokknað á henni. Lífsviljinn var enginn. Auður hafði veitt henni lífshamingju þrátt fyrir þessar skelfilegu kringumstæður. En hún var horfin.

Elín leit á Erlend.

– Þú ert líklega að velta því fyrir þér hvernig hún fór að því.  
Erlendur svaraði henni ekki.

– Hún lagðist í það og skar á púlsinn báðum megin. Keypti til þess rakvélarblöð í fyrsta skipti á ævinni.

Elín þagði og rökkur stofunnar umlukti þau.

– Veistu hvað kemur fram í hugann þegar ég hugsa til sjálfsmorðsins? Það er ekki blóðið á baðinu. Ekki systir mín liggjandi í rauðlituðu vatninu. Ekki skurðirnir. Það er Kolbrún í búðinni að kaupa rakvélarblöð. Að tína fram peningana fyrir rakvélarblöðunum. Telja krónurnar.

Elín þagnaði.

– Finnst þér ekki skrýtið hvernig hugur manns vinnur? spurði hún eins og hún væri að tala við sjálfa sig.

Erlendur vissi ekki hverju hann átti að svara.

– Ég kom að henni, hélt Elín áfram. Hún undirbjó það þannig. Hringdi í mig og bað mig að koma til sín um kvöldið. Við ræddum saman stutta stund. Ég hafði alltaf vara á mér vegna þunglyndisins en það var eins og henni væri að skána undir það síðasta. Eins og þokunni væri að léttu. Eins og hún væri fær um að takast á við lífið á ný. Ég heyrði ekkert í rödd hennar þetta kvöld sem gaf til kynna að hún ætlaði að fyrirfara sér. Þvert á móti. Við ræddum framtíðina. Við ætluðum í ferðalag saman. Þegar ég kom að henni var friður yfir henni sem ég hafði ekki séð í langan tíma. Friður og sátt. Samt veit ég að hún var langt í frá sátt og hún fann engan frið í sálinni.

– Ég verð að spyrja þig að þessu og svo er það frá, sagði Erlendur. Ég verð að heyra frá þér svárið.

– Hvað er það?

– Hefur þú einhverja vitneskju um morðið á Holberg?

– Ég hef það ekki.

– Og þú átt engan þátt í því, beinan eða óbeinan?

– Nei.

Pau þögðu litla stund.

– Grafskriftin sem hún valdi dóttur sinni fjallaði um óvininn, sagði Erlendur.

– Varðveit líf mitt fyrir ógnum óvinarins. Hún valdi sér sjálf grafskrift þótt hún færi ekki á legsteininn hennar, sagði Elín og stóð upp og gekk að fallegum glerskáp, opnaði á honum skúffu og tók upp lítið svart box. Hún opnaði það með lykli, lyfti upp nokkrum umslögum og tók upp lítið blað.

– Ég fann þetta á eldhúsborðinu kvöldið sem hún dó en ég er ekki viss um að hún hafi ætlað mér að setja þetta á legsteininn sinn. Ég efast um það. Ég held að ég hafi ekki gert mér grein fyrir hvað hún kvaldist fyrir en ég sá þetta.

Hún rétti Erlendi blaðið og hann las fyrstu þrjú orðin úr sálm-inum sem hann hafði áður fundið í Biblíunni:

*Heyr, ó Guð.*

Þegar Erlendur kom heim til sín um kvöldið sat dóttir hans Eva Lind uppi við dyrnar að íbúðinni og virtist sofandi. Hann talaði til hennar og reyndi að vekja hana. Hún sýndi engin viðbrögð svo hann tók undir hendurnar á henni, lyfti henni upp og hélt á henni inn í íbúðina. Hann vissi ekki hvort hún var sofandi eða dópuð. Hann lagði hana í sófann í stofunni. Andrátturinn var reglulegur. Þúlsinn virtist í lagi. Hann horfði á hana góða stund og velti því fyrir sér hvað hann ætti að gera. Helst vildi hann setja hana í bað. Upp af henni steig vondur þefur, hendur hennar voru skítugar og hárið klesst af óhreindum.

– Hvar hefurðu haldið þig? stundi Erlendur.

Hann settist í stól við hliðina á henni, enn með hattinn á höfði og í frakkanum, og hugsaði um dóttur sína þar til hann féll í djúpan svefn.

Hann vildi ekki vakna þegar Eva Lind hristi hann um morguninn. Reyndi að halda fast í slitur af draumi sem vakti honum sama óhug og draumurinn nóttina áður. Hann vissi að þetta var sami draumur en náði ekki að festa hann sér í minni frekar en þá, náði ekki að höndla hann. Það eina sem sat eftir var óhugnaður og vanlíðan sem fylgdi honum inn í vökuna.

Klukkan var ekki orðin átta og enn var kolniðamyrkur úti. Erlendi sýndist ekkert lát vera á rigningunni og haustnæðingnum. Sér til undrunar fann hann ilminn af kaffi úr eldhúsinu og gufulykt eins og einhver hefði farið í bað. Hann tók eftir að Eva Lind var komin í skyrtu af honum og gamlar gallabuxur sem hún reyrdi fast um grannt mittið á sér með belti. Hún var berfætt og hrein.

– Þú varst í fínu formi í gærkvöldi, sagði hann en sá strax eft-

ir því. Hugsaði svo með sér að hann ætti fyrir löngu að vera hættur að sýna henni nærgætni.

– Ég hef tekið ákvörðun, sagði Eva Lind og gekk inn í eldhús. Ég ætla að gera þig að afa. Afí Erlendur. Það ert þú.

– Og varstu þá að rasa út í síðasta skipti í gær eða hvað?

– Er í lagi að ég búi hérna smátíma, bara á meðan ég er að finna mér eitthvað nýtt?

– Mín vegna.

Hann settist með henni við eldhúsborðið og saup á kaffi sem hún hafði hellt í bolla fyrir hann.

– Og hvernig komstu að þessari niðurstöðu?

– Bara.

– Bara?

– Get ég verið hjá þér?

– Eins lengi og þú vilt. Þú veist það.

– Viltu þá hætta að spyrja mig spurninga? Hætta þessum yfirheyrslum. Það er eins og þú sért alltaf í vinnunni.

– Ég er alltaf í vinnunni.

– Ertu búinn að finna stelpuna úr Garðabænum?

– Nei. Það er ekki forgangsmál. Talaði við manninn hennar í gær. Veit ekki neitt. Stelpan skildi eftir skilaboð og sagði að einhver *hann* væri hryllilegur og spurði svo hvað hef ég gert?

– Það hefur þá einhver verið að böggja hana í partíinu.

– Böggja? sagði Erlendur. Er það orð?

– Hvað er hægt að gera brúði í brúðkaupi sem fær hana til þess að stinga af?

– Ég veit það ekki, sagði Erlendur áhugalaus. Mér dettur í hug að strákurinn hafi þreifað á brúðarmeyjunum svo hún sæi til. Mér finnst gott að þú ætlar að eiga barnið. Kannski hjálpar það þér út úr þessum vítahring. Það er kominn tími til.

Hann þagði.



– Furðulegt hvað þú ert hress miðað við ástandið á þér í gær, sagði hann svo.

Hann orðaði þetta eins varlega og hann gat en hann vissi líka að ef allt ætti að vera með felldu í þessari veröld ætti Eva Lind ekki að ljóma eins og sumardagur, vera búin að baða sig og hella upp á kaffi og láta eins og hún hefði aldrei gert annað en annast um föður sinn. Hún horfði á hann og hann sá hana velta fyrir sér möguleikunum og beið eftir ræðunni, beið eftir að hún stykkti á fætur og læsi honum pistilinn. Hún gerði það ekki.

– Ég tók með mér svolítið af pillum, sagði hún ofur rólega. Þetta gerist ekki af sjálfu sér. Og ekki heldur allt í einu. Það gerist á löngum tíma og eins og ég vil gera það.

– Og barnið?

– Það skaðast ekki af því sem ég nota. Ég ætla ekki að skaða barnið. Ég ætla að eiga það.

– Hvað veist þú um hvaða áhrif svona lyfjaskítur hefur á fóstur?

– Ég veit það.

– Gerðu þetta eins og þú vilt. Taktu eitthvað inn, trappaðu þig niður eða hvað þið kallið þetta, vertu hérna í íbúðinni, hugsaðu vel um þig. Ég get ...

– Nei, sagði Eva Lind. Þú gerir ekki neitt. Þú heldur áfram með þitt líf og sleppir því að njósna um mig. Þú þælir ekki í því sem ég er að gera. Ef ég er ekki heima þegar þú kemur heim þá skiptir það engu máli. Ef ég kem seint heim eða alls ekki hingað í íbúðina þá skiptir þú þér ekki af því. Þá er ég ekki hérna og búið spil.

– Þannig að þetta kemur mér ekki við.

– Þetta hefur aldrei komið þér neitt við, sagði Eva Lind og saup á kaffinu.

Í þessu hringdi síminn og Erlendur stóð upp og svaraði. Það var Sigurður Óli, sem hringdi heiman frá sér.

– Ég náði ekki í þig í gærdag, sagði hann. Erlendur mundi að hann hafði slökkt á farsímanum á meðan hann talaði við Elínu í Keflavík og ekki kveikt á honum aftur.

– Er eitthvað að gerast? spurði Erlendur.

– Ég talaði við mann að nafni Hilmar í gær. Vörubilstjóri líka sem svaf stundum í Norðurmýrinni hjá Holberg. Hvíldarstopp eða hvað það er kallað. Hann sagði mér að Holberg hefði verið ágætur félagi, hafði ekkert upp á hann að klega og vissi ekki betur en hann hefði verið hvers manns hugljúfi á vinnustað, greiðvikinn og félagslyndur, blablabla. Gat ekki ímyndað sér að hann ætti neina óvini en tók fram að hann þekkti ekkert sérlega vel til hans. Þegar ég hafði hlustað á allan þann lofsöng sagði Hilmar mér að Holberg hefði ekki verið eins og hann átti að sér síðast þegar hann var hjá honum, sem var fyrir svona tíu dögum. Jafnvel hagað sér einkennilega.

– Hvernig einkennilega?

– Eins og Hilmar lýsir því var hann eitthvað ragur að svara í símann. Sagði honum að hann hefði ekki frið fyrir einhverjum mannandskota, eins og hann orðaði það, sem var stöðugt að hringja í hann. Hilmar segist hafa fengið að gista hjá honum aðfaranótt sunnudags og að Holberg hafi einu sinni beðið hann að svara símanum fyrir sig. Hilmar gerði það en þegar sá sem hringdi komst að því að það var ekki Holberg sem ansaði lagði hann strax á.

– Getum við séð hverjir hafa hringt í Holberg undanfarið?

– Ég er með það í athugun. Svo er annað. Ég er búinn að fá útskrift frá Landssímanum yfir þær hringingar sem Holberg hringdi út og það kom svolítið fróðlegt í ljós.

– Hvað?

– Manstu eftir tölvunni hans?

– Já.

– Við fórum aldrei inn í hana.

- Nei. Tæknimennirnir gera það.
- Tókstu eftir hvort hún var tengd símainntaki?
- Nei.
- Flestar hringingar Holbergs, langflestar, voru í gegnum netþjónustu. Hann var heilu og hálfu dagana á netinu.
- Hvað þýðir það? spurði Erlendur, sem var einstaklega illa að sér í öllu sem snerti tölvur.
- Við sjáum það kannski þegar við kveikjum á tölvunni hans, svaraði Sigurður Óli.

Þeir komu samtímis að húsi Holbergs í Norðurmýrinni. Guli lög-  
regluborðinn var horfinn og engin merki voru lengur sýnileg um  
glæp. Hvergi var ljós á efri hæðunum. Nágrannarnir virtust ekki  
vera heima. Erlendur hafði lykil að íbúðinni. Þeir gengu rակleitt  
að tölvunni og kveiktu á henni. Hún byrjaði að suða.

– Þetta er töluvert öflug tölvu, sagði Sigurður Óli og íhugaði  
um stund hvort hann ætti að útskýra stærð hennar og gerð fyrir  
Erlendi en sleppti því. Hann hafði fengið uppgefið aðganga-  
númer Holbergs hjá netþjónustu hans eftir nokkurt þref.

– Ókei, sagði hann, ætli sé ekki best að vita hvort hann sé  
með Netscape, sem er ein leiðin inn á netið þegar búíð er að fá  
símasamband við netþjónustuna hér heima, fara í Start svo hingað  
í Programs sjáðu, hér er Internetforritið og hér höfum við  
Netskeipinn. Skoðum hvort hann geymi einhverja fæla hér á  
Bookmark, hellingur af þeim, djöfulsins hellingur af þeim. Í  
Bookmark er hægt að stytta sér leið í þau netföng sem þú heim-  
sækir mest. Þú sérð að listinn er langur. Mér sýnist þetta allt vera  
klámpjónustur, þýskar, hollenskar, sænskar, bandarískar. Það  
getur verið að hann hafi dánlódað eitthverju af þessu inn á C-  
drifið, á harða diskinn. Þá skjótum við þessu niður hingað, för-  
um inn á Start aftur og Programs og hérna upp í Windows Ex-  
plorer, opnum hann. Hérna er efnið á C-drifinu. Nú!

– Hvað? sagði Erlendur.  
– Harði diskurinn er stoppfullur.  
– Sem þýðir?  
– Það þarf helvíti mikið efni til þess að fylla diskinn. Hljóta að vera heilu bíómyndirnar inni á honum. Hérna er eitthvað sem hann kallar dmyndir<sup>3</sup>. Eigum við að skoða hvað það er?

– Endilega.  
Sigurður Óli opnaði skjalið og lítill rammi birtist með kvikmynd. Þeir horfðu á myndina í nokkra stund. Þetta var stutt atriði úr klámmynd.

– Var þetta geit sem þeir héldu yfir henni? spurði Erlendur vantrúaður.

– Dmyndafælarnir eru 312, sagði Sigurður Óli. Gætu geymt atriði eins og þessi, jafnvel myndir í fullri lengd.

– Dmyndir? sagði Erlendur.  
– Ég veit það ekki, sagði Sigurður Óli. Kannski dýramyndir. Hérna eru gmyndir. Eigum við að skoða til dæmis gmyndir<sup>88</sup>? Dobbúlklikka á fælinn, stækka myndina ...

– Dobbhva ... sagði Erlendur en hætti í miðju kafi þegar fjórir karlmenn í samförum breiddu úr sér yfir 17 tommu tölvuskjáinn.

– Gmyndir eru þá líklega gay-myndir, sagði Sigurður Óli þegar atriðinu lauk. Hommaklám.

– Hann hefur verið sjúkur í þetta, maðurinn, sagði Erlendur. Hvað eru margar myndir í allt?

– Fælarnir eru á annað þúsund hér en þeir geta vel verið miklu fleiri.

Farsími Erlends hringdi í frakkavasanum. Það var Elínborg. Hún hafði kannað hvar hægt væri að ná í mennina tvo sem voru í fylgd með Holberg í samkvæminu í Keflavík nóttina sem Kolbrún sagðist hafa orðið fyrir árásinni. Elínborg sagði Erlendi að annar þeirra, Grétar, hefði horfið fyrir mörgum árum.

- Horfið? sagði Erlendur.
- Já. Eitt af þessum mannhvörfum okkar.
- En hinn? sagði Erlendur.
- Hinn er á Hrauninu, sagði Elínborg. Vandræðamaður alla tíð. Á eitt ár eftir af fjögurra ára dómi.
- Fyrir hvað?
- Allan andskotann.

Þeir minntu tæknideildina á tölvuna. Það tæki dágóðan tíma að rannsaka öll gögnin í henni. Erlendur bað um að farið yrði í hvert einasta skjal, það skráð og flokkað og gerð nákvæm skýrsla um innihaldið. Eftir að hafa talað við tæknimennina lögðu þeir Sigurður Óli af stað austur í átt að Litla-Hrauni. Þeir voru rúma klukkustund á leiðinni. Skyggnið var slæmt og það var hálka á veginum en bíllinn á sumardekkjum svo þeir fóru varlega. Það hlýnaði aftur þegar kom niður úr Prengslunum. Þeir óku yfir Ölfusá og sáu brátt fangelsisbyggingarnar tvær rísa upp af hörðum melnum í grámóskunni. Sú eldri var hvít-máluð steinbygging á þremur hæðum, byggð í burstastíl. Hún hafði árum saman verið með rautt bárujárnsþak og leit út eins og risavaxinn íslenskur bóndabær úr fjarlægð. Nú var þakið málað grátt í samræmi við nýju bygginguna sem risið hafði upp við hlið hennar. Það var stálklædd, blágrá bygging með turnspíru, nýtískuleg og rammgerð, ekki ólík fjármálastofnun í Reykjavík.

Hvernig tímarnir breytast, hugsaði Erlendur með sér.

Elínborg hafði látið fangelsisýfirvöld vita að þeirra væri von og við hvern þeir vildu ræða. Fangelsisstjórinn tók á móti þeim, fylgdi þeim upp á skrifstofuna sína og settist niður með þeim. Sagðist vilja láta þá hafa upplýsingar um fangann áður en þeir töluðu við hann. Þeir kæmu á versta tíma. Fanginn afplánaði einangrunarvist eftir að hafa ráðist ásamt tveimur öðrum á dæmdan barnaníðing, sem nýlega var færður í fangelsið, og næstum gengið af honum dauðum. Hann sagðist veigra sér við að fara nánar út í smáatriðin en vildi koma þeim upplýsingum á framfæri við lögregluna, svo það færi ekki á milli mála, að heim-sókn þeirra ryfi einangrunina og að fanginn væri í besta falli í

óstöðugu ástandi. Eftir fundinn var þeim fylgt í sal sem notaður var fyrir heimsóknir. Þar sátu þeir og biðu fangans.

Hann hét Elliði og var 56 ára síbrotamaður. Erlendur þekkti til hans, hafði sjálfur fylgt Elliða einu sinni á Hraunið. Hann hafði fengist við ýmsan starfa á ömurlegri ævi, verið á sjónum, bæði fiski- og kaupskipum, þar sem hann stundaði smygl á áfengi og eiturlyfjum og hlaut á endanum dóm fyrir. Elliði reyndi tryggingasvindl þegar hann tók að sér að sökkva 20 tonna báti úti fyrir Reykjanestá með því að kveikja í honum. Þeir voru þrír sem „komust af“. Fyrir vangá varð fjórði maðurinn í hópnum eftir, lokaður inni í vélarrúminu, og sökk með bátnum; upp um glæpinn komst þegar kafað var niður á flakið og ljóst varð að eldurinn hafði komið upp á þremur stöðum í einu. Elliði endaði á Hrauninu í fjögur ár fyrir tryggingasvindl, manndráp af gáleysi og nokkur minni háttar brot sem hann var dæmdur fyrir í leiðinni og höfðu safnast upp hjá embætti ríkissaksóknara. Hann sat inni í tvö og hálf tveimur árum í það skiptið.

Elliði var frægur fyrir ofsafengnar líkamsárásir sem í verstu tilfellunum ollu örkumlum og varanlegri örorku. Erlendur mundi sérstaklega eftir einu tilviki og rakti það fyrir Sigurði Óla á leiðinni yfir heiðina. Elliði hafði talið sig eiga sökótt við ungan mann í húsi á Snorrabrautinni og áður en lögreglan kom á staðinn hafði honum tekist að ganga svo í skrokk á honum að hann lá í fjóra daga á milli heims og helju. Hann hafði bundið manninn niður í stól og leikið sér að því að skera í andlitið á honum með flöskubroti. Áður en tókst að yfirbuga Elliða hafði hann rotað einn lögregluþjón og handleggsbrotið annan. Hann fékk tveggja ára fangelsi fyrir verknadinn og nokkra uppsafnaða smáglæpi að auki eins og fyrr. Hann hló þegar dómurinn var kveðinn upp.

Dyrnar opnuðust og Elliði var leiddur inn í salinn í fylgd tveggja fangavarda. Hann var enn sterklega vaxinn þrátt fyrir aldurinn, nauðasköllóttur, dökkur á hörundið. Eyrn voru lítil og

eyrnasneplarnir samvaxnir höfðinu. Honum hafði samt tekist að setja gat fyrir lítinn svartan hakakross sem dinglaði niður úr öðru eyranu. Hann var með falskar tennur sem blístraði í þegar hann talaði. Hann var í snjádum gallabuxum og klæddur í svartan stuttermabol svo sást í þykka upphandleggsvöðvana, með húðflúr upp eftir báðum handleggjunum. Hann var næstum tveir metrar á hæð. Þeir tóku eftir að hann var í járnnum. Annað auga hans var rautt, hann var með skrámur í andlitinu og efri vörin var bólgin.

– Sadistaidíót, sagði Erlendur lágt við sjálfan sig.

Verðirnir tóku sér stöðu við dyrnar og Elliði gekk að borðinu og settist gegnt Erlendi og Sigurði Óla. Hann mældi þá út gráum, litlausum augum, áhugalaus með öllu.

– Þekkirðu mann að nafni Holberg? spurði Erlendur.

Elliði sýndi engin viðbrögð. Lét eins og hann hefði ekki heyrt spurninguna. Hann horfði sömu deyfðarlegu augunum á Erlend og Sigurð Óla til skiptis. Fangaverðirnir ræddu saman í lágum hljóðum við dyrnar. Einhvers staðar heyrðist öskur innan úr byggingunni. Hurðarskellir. Erlendur endurtók spurninguna. Orð hans bergmáluðu um auðan salinn. – Holberg! Manstu eftir honum?

Hann fékk engin viðbrögð frá fanganum, sem tók að horfa í kringum sig og lét eins og þeir væru ekki þarna. Þannig leið nokkur stund í þögn. Erlendur og Sigurður Óli litu hvor á annan og Erlendur endurtók spurninguna. Hvort hann hefði þekkt Holberg, hvert samband þeirra hefði verið. Holberg væri látinn. Hefði fundist myrtur.

Áhugi Elliða vaknaði þegar hann heyrði síðasta orðið. Hann setti svera handleggina upp á borðið svo hringlaði í handjárnnum. Hann gat ekki leynt undrun sinni. Hann horfði með spurnarsvip á Erlend.

– Holberg var myrtur á heimili sínu um helgina, sagði Erlend-



ur. Við ræðum við þá sem þekktu hann á einum eða öðrum tíma og það hefur komið í ljós að þú varst kunnugur honum.

Ellíði var tekinn að stara á Sigurð Óla sem starði á hann á móti. Hann svaraði ekki Erlendi.

– Þetta er rúttínu ...

– Ég tala ekki við ykkur í handjárnnum, sagði Ellíði allt í einu og hafði ekki augun af Sigurði Óla.

Röddin var hás og gróf og storkandi. Erlendur hugsaði sig um, stóð loks upp og gekk til fangavardanna tveggja. Hann útskýrði fyrir þeim hvað Ellíði vildi og spurði hvort þeir gætu losað handjárnin. Þeir hikuðu við en gengu svo að honum, losuðu járnin og tóku sér stöðu aftur við dyrnar.

– Hvað geturðu sagt okkur um Holberg? spurði Erlendur.

– Fyrst fara þeir út, sagði Ellíði og nikkaði til fangavardanna.

– Það er útilokað, sagði Erlendur.

– Ertu hommadjöfull? spurði Ellíði Sigurð Óla.

– Ekkert kjaftæði, sagði Erlendur. Sigurður Óli svaraði honum ekki. Þeir horfðust í augu.

– Ekkert er útilokað, spurði Ellíði. Ekki segja mér að neitt sé útilokað.

– Þeir fara ekki út, sagði Erlendur.

– Ertu hommi? sagði Ellíði aftur og starði enn á Sigurð Óla, sem sýndi engin viðbrögð.

Þeir þögðu góða stund. Loks stóð Erlendur upp, gekk til fangavardanna tveggja og endurtók það sem Ellíði hafði sagt og spurði hvort það væri nokkur möguleiki að fá að vera með honum einum. Verðirnir sögðu það af og frá, þeir hefðu sínar skipanir. Eftir nokkurt stapp fékk Erlendur að tala við fangelsisstjórnann í gegnum talstöð. Hann sagði að það munaði ekki miklu hvorum megin við dyrnar verðirnir stæðu, þeir væru komnir alla leið frá Reykjavík, fanginn sýndi ákveðna samvinnulipurð að uppfylltum skilyrðum. Fangelsisstjórnin talaði við sína menn og

sagðist taka persónulega ábyrgð á lögreglumönnunum tveimur. Fangaverðirnir stigu út og Erlendur sneri aftur að borðinu og settist.

– Geturðu talað við okkur núna? spurði hann.

– Ég vissi ekki að Holberg hefði verið drepinn, sagði Elliði. Fasistarnir settu mig í einangrun út af drulluskít sem ég kom ekki nálægt. Hvernig var hann drepinn? Elliði einblíndi enn á Sigurð Óla.

– Kemur það ekki við, sagði Erlendur.

– Pabbi sagði að ég væri forvitnasta kvikindi á jörðinni. Hann var alltaf að segja þetta. Kemur það ekki við. Kemur það ekki við! Hann er dauður. Asninn. Var hann stunginn? Var Holberg stunginn?

– Þér kemur það ekki við.

– Kemur það ekkert við! endurtók Elliði. Þá getið þið farið í rassgat.

Erlendur hugsaði sig um. Enginn utan rannsóknarlögreglunnar þekkti smáatriði málsins. Honum var farið að leiðast það verulega að þurfa að gefa þessum manni allt eftir.

– Hann var sleginn í höfuðið. Hauskúpan brotnaði. Lést nær samstundis.

– Var það hamar?

– Öskubakki.

Elliði leit hægt af Sigurði Óla á Erlend.

– Hvers konar aumingi notar öskubakka? sagði hann. Erlendur tók eftir því að litlir svitadropar voru farnir að myndast á enni Sigurðar Óla.

– Við erum að reyna að komast að því, sagði Erlendur. Hefur þú verið í sambandi við Holberg?

– Kvaldist hann?

– Nei.

– Fíflíð.

– Manstu eftir Grétari? spurði Erlendur. Hann var með ykkur Holberg í Keflavík.

– Grétari?

– Manstu eftir honum?

– Af hverju ertu að spyrja um hann? sagði Elliði. Hvað með hann?

– Mér skilst að Grétar hafi horfið fyrir mörgum árum, sagði Erlendur. Veist þú eitthvað um það?

– Hvað á ég að vita um það? sagði Elliði. Af hverju heldurðu að ég viti um það?

– Hvað voruð þið þrír, þú, Grétar og Holberg, að gera í Keflavík ...

– Grétar var vitleysingur, sagði Elliði og tók orðið af Erlendi.

– Hvað voruð þið að gera í Keflavík þegar ...

– ... hann nauðgaði tussunni? botnaði Elliði setninguna.

– Fyrirgefðu, hvað sagðirðu? spurði Erlendur.

– Er það þess vegna sem þið komuð hingað? Út af tussunni í Keflavík?

– Manstu eftir því?

– Hvað kemur hún málinu við?

– Ég sagði aldrei ...

– Holberg fannst gaman að tala um það, löggufífl. Montaði sig. Komst upp með það.

– Hvað ...

– Hann tók hana tvisvar, vissuð þið það? Elliði sagði þetta blátt áfram og horfði á þá til skiptis, litlausum augum.

– Ertu að tala um nauðgunina í Keflavík?

– Í hvernig nærbuxum ertu, elskan? sagði Elliði allt í einu við Sigurð Óla og byrjaði að stara aftur á hann. Erlendur leit á félagan sinn sem hafði ekki augun af Elliða.

– Engan helvítis dónaskap, sagði Erlendur.

– Hann spurði hana að því. Holberg. Spurði um nærbuxurnar.

Hann var ruglaðri en ég. Elliði flissaði. Svo senda þeir mig á Hraunið.

– Hverja spurði hann um nærbuxurnar?

– Stelpuna í Keflavík.

– Sagði hann þér frá því?

– Mjög nákvæmlega, sagði Elliði. Hann var alltaf að tala um það. Af hverju eruð þið að spyrja um Keflavík? Hvað kemur Keflavík málinu við? Og hvað eruð þið að spyrja um Grétar núna? Hvað er í gangi?

– Bara okkar leiðindavinna, sagði Erlendur.

– Já einmitt, en hvað fæ ég út úr því?

– Þú hefur fengið allt sem þú vilt. Við sitjum hérna einir með þér og handjárnin eru farin. Við þurfum að hlusta á viðbjóðinn úr þér. Það er ekkert meira sem við getum gert fyrir þig. Annaðhvort svararðu spurningunum núna eða við förum.

Hann stóðst ekki lengur mátið, teygði sig yfir borðið og greip um andlitið á Elliða sterklegum krumlum og sneri honum að sér.

– Sagði pabbi þinn þér aldrei að það er dónaskapur að stara á fólk, sagði hann. Sigurður Óli leit á Erlend.

– Ég ræð við hann. Þú þarft ekki að hjálpa mér, sagði hann.

Erlendur sleppti takinu á Elliða.

– Hvernig þekktirðu Holberg? spurði hann. Elliði strauk sér um kjálkann. Hann vissi að hann hafði þegar unnið smásigur. Og hann var ekki hættur.

– Ekki halda að ég muni ekki eftir þér, sagði hann við Erlend. Ekki halda að ég viti ekki hver þú ert. Ekki halda að ég þekki ekki Evu.

Erlendur starði á fangann þrumu lostinn. Þetta var ekki í fyrsta skipti sem hann heyrði eitthvað svipað frá afbrotamönnum en hann var alltaf jafnilla undir það búinn. Hann vissi ekki nákvæmlega hverja Eva Lind umgekkst en sumt var glæpalýð-

ur, eiturlyfjasalar, innbrotsþjófar, götumellur, sjoppuræningjar, ofbeldismenn. Listinn var langur. Hún hafði sjálf komist í kast við lögin. Hún hafði einu sinni verið handtekin eftir ábendingu foreldris þar sem hún var að selja eiturlyf við grunnskóla. Hún gat vel þekkt mann eins og Elliða. Maður eins og Elliði gat vel þekkt hana.

– Hvernig þekktirðu Holberg? endurtók Erlendur.

– Eva er ágæt, sagði Elliði. Erlendur gat túlkað orð hans á ótal vegu.

– Ef þú nefnir hana aftur erum við farnir, sagði hann. Og þá hefurðu engan að leika við.

– Sígarettur, sjónvarp í klefann, enga helvítis þrælkun og enga helvítis einangrun meira. Er það of mikið? Geta ekki tvær súperlökkur komið því í kring? Svo væri gott ef ég gæti fengið hóru hingað upp eftir svona einu sinni í mánuði. Stelpuna hans, til dæmis, sagði hann og leit á Sigurð Óla.

Erlendur stóð upp og Sigurður Óli reis hægt á fætur. Elliði byrjaði að hlæja hásum hlátri sem sauð niðri í honum og endaði í háværum hryglum. Loks hóstaði hann upp úr sér gulleitu slími og spýtti á gólfid. Þeir sneru frá honum og gengu í átt til dyra.

– Hann talaði oft við mig um nauðgunina í Keflavík! hrópaði hann á eftir þeim. Sagði mér allt um hana. Hvernig tussan hrein eins og svín og hverju hann hvíslaði í eyrað á henni þegar hann beið eftir að ná honum upp aftur. Viljið þið heyra hvað það var? Viljið þið heyra hvað hann sagði við hana?! Helvítis aumingjar! Viljið þið heyra hvað það var?!!

Erlendur og Sigurður Óli námu staðar. Þeir sneru sér við og sáu Elliða skekja að þeim hausinn og froðufella og garga að þeim bölv og formælingar. Hann var staðinn upp, hafði sett hendurnar á borðið og beygði sig yfir það, teygði stóran hausinn í áttina til þeirra og baulaði á þá eins og naut í flagi.

Dyrnar að salnum opnuðust og fangaverðirnir tveir stigu inn.

– Hann sagði henni frá hinni! öskraði Elliði. Hann sagði henni hvernig hann fór með hina helvítis tussuna sem hann nauðgaði!

Þegar Elliði sá fangaverðina slepti hann sér. Hann stökk yfir borðið og hljóp öskrandi í átt að mönnunum fjórum og kastaði sér á þá. Erlendur og Sigurður Óli lentu undir honum og skullu báðir í gólfíð áður en þeir fengu rönd við reist. Hann skallaði Sigurð Óla í andlitið svo blóðið spýttist úr nefinu á þeim báðum og hafði reitt hnefa til höggs í óvarið andlit Erlends þegar annar vörðurinn tók upp lítið, svart tæki og gaf honum rafstuð í síðuna. Það hægði á Elliða en stoppaði hann ekki. Hann lyfti aftur upp hendinni. Það var ekki fyrr en hinn fangavörðurinn stuðaði hann líka sem hann lyppaðist niður og féll ofan á Erlend.

Þeir skriðu undan honum. Sigurður Óli setti vasaklút fyrir nefið á sér og reyndi að stöðva blæðinguna. Elliði fékk þriðja rafstuðið og hreyfði sig ekki eftir það. Verðirnir settu hann í járn og reistu hann upp með miklum erfiðismunum. Þeir ætluðu með hann út en Erlendur bað þá að hinkra aðeins. Hann gekk upp að Elliða.

– Hvaða hinni? spurði hann.

Elliði sýndi engin viðbrögð.

– Hvaða hinni sem hann nauðgaði? endurtók Erlendur.

Elliði reyndi að brosa, dasaður eftir rafstuðið, og það myndaðist gretta í andlitinu á honum. Blóðið úr nefinu hafði runnið niður í munninn og fölsku tennurnar voru blóðugar. Erlendur reyndi að leyna ákafanum í röddinni. Eins og það skipti engu máli fyrir hann hvað Elliði vissi. Reyndi að gefa ekki færi á sér. Reyndi að sýna engin svipbrigði. Hann vissi að minnsti veikleiki fékk hjartað í náungum eins og Elliða til þess að slá hraðar, gerði þá að mönnum, gaf þeim tilgang í þeirra grátlegu lífsblekkingu. Minnsta frávik nægði. Ákafur tónn í röddinni, augnatillit, handa-hreyfingar, vottur af ópolinmæði. Elliða hafði tekist að slá hann

út af laginu þegar hann nefndi Evu Lind. Erlendur ætlaði ekki að veita honum þá ánægju að skríða fyrir honum.

Peir horfðust í augu.

– Út með hann, sagði Erlendur loksins og sneri sér frá Elliða. Verðirnir ætluðu að leiða fangann burtu en hann stífnaði upp og haggaðist ekki þegar þeir ætluðu af stað. Hann horfði á Erlend góða stund eins og hann væri að bræða eitthvað með sér en gaf loks eftir og dyrnar lokuðust á eftir þeim. Sigurður Óli reyndi enn að stöðva blæðinguna. Nefið var þrútið og vasaklúturinn var löðrandi í blóði.

– Þetta eru slæmar blóðnasir, sagði Erlendur og skoðaði nefið á Sigurði Óla. Ekkert annað, ekkert alvarlegt. Þú ert hvergi skorinn og nefið er óbrotið. Hann kleip í það þéttingsfast og Sigurður Óli rak upp sársaukaöskur.

– Kannski er það brotið, ég er enginn læknir, sagði Erlendur.

– Helvítis kvikindið, stundi Sigurður Óli. Helvítis, djöfulsins kvikindið.

– Er hann að spila með okkur eða veit hann um aðra? sagði Erlendur um leið og hann opnaði dyrnar og þeir gengu út úr salnum. Ef það var einhver önnur, voru þær þá kannski fleiri sem Holberg nauðgaði og aldrei komu fram?

– Það er engin leið að tala við manninn af viti, sagði Sigurður Óli. Hann var að þessu til þess að skemmta sér, hræra upp í okkur. Hann var að leika sér að okkur. Það er ekki að marka orð sem hann segir. Djöfulsins fiflið. Helvítis, djöfulsins fiflið.

Peir fóru inn á skrifstofu fangelsisstjórans og gáfu honum stutta skýrslu um það sem gerðist. Peir létu í ljós þá skoðun sína að Elliði ætti heima í bólstruðum klefa á geðdeild. Fangelsisstjórinn jánknaði því þreytulega en sagði að eina úrræðið sem yfirvöld hefðu væri að geyma hann á Hrauninu. Þetta var ekki í fyrsta sinn sem Elliði var geymdur í einangrun fyrir ofbeldisverk innan fangelsisins og örugglega ekki það síðasta.



Peir kvöddu við svo búið og gengu út undir bert loft. Þegar þeir voru að aka í burtu frá fangelsinu og biðu eftir að stóra, blámálaða hliðið að bílastæðinu opnaðist tók Sigurður Óli eftir fangaverði sem kom á harðahlaupum í áttina til þeirra og veifaði þeim að nema staðar. Peir biðu þar til hann var kominn að bílnum.

– Hann vill tala við þig, sagði vörðurinn andstuttur eftir hlaupin þegar Erlendur renndi niður rúðunni.

– Hver? spurði Erlendur.

– Elliði. Elliði vill tala við þig.

– Við erum búnir að tala við Elliða, sagði Erlendur. Segðu honum að hann geti átt sig.

– Hann segist ætla að láta þig fá upplýsingarnar sem þú vildir.

– Hann er að ljúga því.

– Þetta sagði hann.

Erlendur leit á Sigurð Óla sem yppti öxlum. Hann hugsaði sig um dálitla stund.

– Við komum þá, sagði hann loks.

– Hann vill bara þig, ekki hann, sagði vörðurinn og leit á Sigurð Óla.

Elliða var ekki hleypt úr klefa sínum á ný svo Erlendur varð að tala við hann í gegnum lítið gat á hurð einangrunarklefans. Það opnaðist með loku sem rennt var til hliðar. Myrkur var í klefanum svo Erlendur sá ekki til hans. Hann heyrði aðeins röddina, hása og hryglukennda. Fangavörðurinn hafði fylgt Erlendi að hurðinni og skilið hann þar einan eftir.

– Hvernig er homminn? var það fyrsta sem Elliði spurði um. Hann stóð ekki uppi við gatið í dyrunum heldur inni í klefanum. Kannski lá hann út af á beddanum. Kannski sat hann upp við vegg. Erlendi fannst eins og röddin kæmi djúpt innan úr myrkrinu. Elliði hafði róast aftur.

– Þetta er ekki kaffiboð, svaraði Erlendur. Þú vildir tala við mig.

– Hver haldið þið að hafi drepit Holberg?

– Við vitum það ekki. Hvað viltu mér? Hvað með Holberg?

– Hún hét Kolbrún, stelpa sem hann tók þarna í Keflavík. Hann talaði oft um það. Talaði um hvað munaði litlu að hann hefði náðst fyrst tussan var svona vitlaus að kæra. Hann lýsti smáatriðunum. Viltu heyra hvað hann sagði?

– Nei, sagði Erlendur. Hvert var samband þitt við hann?

– Við hittumst alltaf af og til. Ég seldi honum brennivín og keypti fyrir hann klám á meðan ég sigldi. Við kynntumst þegar við vorum saman í vinnuflokki hjá Vita- og hafnamálum. Áður en hann fór að keyra truckkana. Fórum í plássin. Glataður dráttur kemur aldrei aftur. Það var það fyrsta sem hann kenndi mér. Hann kunni að tala. Reffilegur. Duglegur að kjafta sig inn á kvenfólk. Gaman að honum.

– Fóruð þið í plássin?

– Þess vegna vorum við í Keflavík. Vorum að mála Reykjanesvita. Ægilegur djöfulsins draugagangur þar. Hefurðu komið þangað? Ískur og væl alla nóttina. Verra en í þessari drulluholu. Holberg var ekki hræddur við drauga. Hann var ekki hræddur við neitt.

– Og sagði hann þér strax frá árásinni á Kolbrúnu og þú nýbúinn að kynna honum?

– Hann blikkaði mig þegar hann fór á eftir henni úr partiinu. Ég vissi hvað það þýddi. Gat verið kavalur. Fannst fyndið að sleppa frá þessu. Hló mikið að einhverri löggæfing sem tók á móti stelpunni og eyðilagði málið fyrir henni.

– Þekktust þeir, Holberg og löggæfingurinn?

– Veit það ekki.

– Talaði hann einhvern tíma um dótturina sem Kolbrún eignaðist eftir nauðgunina?

– Dótturina? Nei. Kom barn út úr því?

– Þú veist um aðra nauðgun, sagði Erlendur og svaraði honum ekki. Aðra konu sem hann nauðgaði. Hver var það? Hvaða kona var það?

– Ég veit það ekki.

– Af hverju ertu þá að kalla á mig?

– Ég veit ekki hver það var en ég veit hvenær það var og hvar hún bjó. Svona næstum því. Það er nóg til þess að þið finnið hana.

– Hvar? Og hvenær?

– Já, einmitt, en hvað fæ ég?

– Þú?

– Hvað getur þú gert fyrir mig?

– Ég get ekkert gert fyrir þig og mig langar ekki til þess að gera neitt fyrir þig.

– Víst. Þá skal ég segja þér það sem ég veit.

Erlendur hugsaði sig um.

– Ég get engu lofað, sagði hann.

– Ég þoli ekki þessa einangrun.

– Var það þess vegna sem þú kallaðir á mig?

– Þú veist ekki hvað hún gerir manni. Ég er að verða vitlaus hérna í klefanum. Þeir kveikja aldrei ljósið. Ég veit ekki hvaða dagur er. Maður er geymdur eins og dýr í búri. Það er farið með mann eins og skepnu.

– Og hvað, þú ert greifinn af Monte Cristo! sagði Erlendur háðslega. Þú ert sadisti, Elliði. Sadistaidíót af verstu sort. Heimskur bjáni sem hefur gaman af ofbeldi. Hommahatari og rasisti. Þú ert versta tilfelli af fábjána sem ég veit um. Mér er sama þótt þeir geymi þig hérna inni til æviloka. Ég ætla að fara upp til þeirra og mæla með því.

– Ég skal segja þér hvar hún bjó ef þú kemur mér héðan.

– Ég get ekkert komið þér héðan, asninn þinn. Ég hef ekkert

vald til þess og mig langar ekki til þess. Ef þú vilt stytta þessa einangrun ættirðu ekki að ráðast á fólk.

– Þú getur samið um það. Þú getur sagt að þið hafið æst mig upp. Þú getur sagt að homminn hafi byrjað. Ég hafi verið samvinnuþýður en hann hafi verið með meldingar. Svo hafi ég hjálpað þér með rannsóknina. Þeir hlusta á þig. Ég veit hver þú ert. Þeir hlusta á þig.

– Talaði Holberg um fleiri en þessar tvær?

– Ætlarðu að gera þetta fyrir mig?

Erlendur hugsaði sig um.

– Ég skal sjá hvað ég get gert. Talaði hann um einhverjar fleiri?

– Nei. Aldrei. Ég vissi bara um þessar tvær.

– Ertu að ljúga?

– Ég er ekkert að ljúga. Hin kærði aldrei. Þetta var upp úr níttjándruð og sextíu. Hann kom aldrei aftur í plássíð.

– Hvaða pláss?

– Ætlarðu að koma mér héðan út?

– Hvaða pláss?

– Lofaðu því!

– Ég get engu lofað, sagði Erlendur. Ég skal tala við þá. Hvaða pláss var það?

– Húsavík.

– Hvað var hún gömul?

– Þetta var eitthvað svipað dæmi og stelpan í Keflavík, bara harkalegra, sagði Elliði.

– Harkalegra?

– Viltu heyra hvað það var? sagði Elliði og ákefðin leyndi sér ekki. Viltu heyra hvað hann gerði?

Elliði beið ekki eftir svari. Rödd hans barst út um lúguna og nauðbeygður stóð Erlendur við dyrnar og hlustaði á myrkrið.

Sigurður Óli beið hans í bílnum og þeir óku frá fangelsinu. Erlendur fræddi hann stuttlega um samtal sitt við Elliða en þagði um einræðu fangans í lokin. Þeir ákváðu að láta skoða íbúaskrá Húsavíkur frá árunum í kringum 1960. Ef konan var á aldur við Kolbrúnu, eins og Elliði gaf í skyn, var mögulegt að hafa uppi á henni.

– Og hvað með Elliða? spurði Sigurður Óli þegar þeir voru komnir aftur í Prengslin á leiðinni til Reykjavíkur.

– Ég spurði hvort þeir vildu stytta einangrunarvistina hjá honum en þeir höfnuðu því. Ekkert meira sem ég get gert.

– Þú gerðir þitt besta, sagði Sigurður Óli og brosti. Ef Holberg hefur nauðgað þessum tveimur, geta þær þá ekki verið fleiri?

– Þær gætu verið fleiri, sagði Erlendur annars hugar.

– Hvað ertu nú að hugsa?

– Það er tvennt sem er að naga mig, sagði Erlendur.

– Það er alltaf eitthvað að naga þig, sagði Sigurður Óli.

– Mig langar að vita nákvæmlega úr hverju litla stúlkan dó, sagði Erlendur og heyrði Sigurð Óla dæsa þunglega við hliðina á sér. Og mig langar að vita hvort hún var ekki örugglega dóttir Holbergs.

– Hvað er að vefjast fyrir þér?

– Elliði sagði mér að Holberg hefði átt systur.

– Systur?

– Sem dó ung. Við þurfum að hafa uppi á sjúkraskýrslunum um hana. Leitaðu á spítölunum. Sjáðu hvað þú finnur.

– Úr hverju dó hún? Systir Holbergs?

– Kannski einhverju svipuðu og Auður. Holberg hafði einhvern tíma nefnt eitthvað í hausnum á henni. Eða þannig lýsti Elliði því. Ég spurði hvort það gæti hafa verið heilaæxli en Elliði vissi það ekki.

– Og hverju erum við nær? spurði Sigurður Óli.

- Ég held að þetta snúist um skyldleika, sagði Erlendur.
- Skyldleika? Bíddu, út af orðsendingunni sem við fundum?
- Já, sagði Erlendur, út af orðsendingunni. Kannski er þetta allt spurning um skyldleika og erfðir.

Læknirinn bjó í litlu raðhúsi í elsta hverfi Grafarvogs. Hann var hættur hefðbundnum læknisstörfum og tók sjálfur á móti Erlendi í dyrunum. Hann vísaði honum inn í rúmgott forstofuherbergi sem hann notaði fyrir skrifstofu. Hann sagði Erlendi að hann starfaði lítillaga fyrir lögfræðinga við matsgerðir vegna örorku. Skrifstofan var laus við allan íburð, snyrtileg, með litlu skrifborði og ritvél. Læknirinn var lágvaxinn, grannur og kvikur í hreyfingum, klæddur skyrtu með tvo penna í brjóstvasanum. Stórskorinn, Frank að nafni.

Erlendur hafði hringt á undan sér. Þetta var síðdegis sama dag og tekið að rökkva. Sigurður Óli og Elínborg grúfðu sig yfir ljósrit af fjörutíu ára gamalli íbúaskrá Húsavíkur. Þau höfðu fengið hana senda frá sýsluskrifstofunni fyrir norðan með faxi. Læknirinn bauð honum að setjast.

– Eru þetta ekki allt saman lygarar sem koma til þín? spurði Erlendur og leit í kringum sig á skrifstofunni.

– Lygarar? Ég segi það nú ekki, sagði læknirinn með semingi. Sumir eflaust. Hálsmeinin eru verst. Það er eiginlega engin leið nema taka sjúklinga trúanlega sem kvarta um hálsmeiðsli eftir bílslys. Þau er erfðast að meðhöndla. Sumir eru þjáðari en aðrir. Ég held að það séu í raun ekki margir sem leika sér með þetta.

– Þegar ég hringdi í þig mundirðu strax eftir stúlkunni í Keflavík.

– Það er erfitt að gleyma slíku. Erfitt að gleyma móðurinni. Kolbrún, hét hún það ekki? Mér skilst að hún hafi fyrirfarið sér.

– Þetta er allt einn andskotans harmleikur, sagði Erlendur. Hann velti því fyrir sér hvort hann ætti að spyrja lækninn um verkinn sem hann hafði fyrir brjóstinu þegar hann vaknaði á

morgnana en ákvað að sleppa því. Læknirinn mundi eflaust komast að því að hann væri dauðvona, legði hann inn á spítala og hann væri farinn að leika á hörpu með englunum fyrir helgi. Erlendur forðaðist slæmar fréttir ef hann gat komist hjá þeim og hann átti sannarlega ekki von á neinum góðum fréttum af sjálfum sér.

– Þú sagðir að þetta væri út af morðinu í Norðurmýrinni, sagði læknirinn og kippti Erlendi aftur inn á skrifstofuna til sín.

– Holberg, sá sem var myrtur, var mjög líklega faðir stúlkunnar í Keflavík, sagði Erlendur. Móðirin hélt því fram alla tíð. Holberg játaði því hvorki né neitaði. Hann viðurkenndi að hafa haft samfarir við Kolbrúnu. Það var ekki hægt að sanna á hann nauðgun. Oft er ekki á miklu að byggja í þessum málum. Við erum að rannsaka fortíð mannsins. Stúlkan veiktist og dó á fjórða ári. Hvað gerðist?

– Ég sé ekki hvernig það getur haft nokkuð með morðmálið að gera.

– Hafðu ekki áhyggjur af því.

Læknirinn horfði á Erlend góða stund.

– Það er líklega best að ég segi þér það strax, Erlendur, sagði hann loks og eins og tók á sig rögg. Ég var annar maður á þessum árum.

– Annar maður?

– Og verri. Annar og verri. Ég hef ekki snert áfengi núna í næstum þrjátíu ár. Ég get sagt þér það strax, svo þú þurfir ekki að ómaka þig frekar, að ég missti læknaleyfið tímabundið á árabílinu 1969 til 1972.

– Út af litlu stúlkunni?

– Nei, nei, ekki henni þótt það hafi sjálfsagt verið næg ástæða ein og sér. Það var út af drykkjuskap og vanrækslu. Ég vil ekki fara út í það nema það sé algerlega nauðsynlegt.

Erlendur ætlaði að láta þar við sitja en gat ekki stillt sig.



– Þú hefur þá verið drukkinn meira og minna þessi ár, eða hvað?

– Meira og minna.

– Fékkstu svo læknaleyfið aftur?

– Já.

– Og ekkert amað að síðan?

– Nei, ekkert amað að síðan, sagði læknirinn og hristi hausinn. En sem sagt, ég var ekki í góðu ástandi þegar ég annaðist um stúlkuna hennar Kolbrúnar. Auði. Hún kenndi sér meins í höfði og ég taldi að um barnamígreni væri að ræða. Hún hafði uppköst á morgnana. Þegar verkirnir ágerðust gaf ég sterkari verkjalyf. Þetta er allt í frekar mikilli þoku hjá mér. Ég hef kosíð að gleyma sem mestu frá þessum tíma. Það gera allir mistök, lækna líka.

– Hvert var banameinið?

– Það hefði líklega ekki skipt neinu máli þótt ég hefði brugðist skjótar við og sent hana á spítala, sagði læknirinn eins og við sjálfan sig. Eða það reyndi ég að segja sjálfum mér. Það var ekki mikið um barnasérfræðinga þá og við höfðum ekki þessar finu tölvusneiðmyndir. Við urðum að reiða okkur miklu meira á tilfinningu og þekkingu og, eins og ég segi, þá hafði ég ekki mikla tilfinningu fyrir öðru en brennivíni á þessum árum. Slæmur skilnaður bætti ekki úr skák. Ég er ekki að afsaka mig, sagði hann og leit á Erlend þótt hann væri svo augljóslega að því.

Erlendur kinkaði kalli.

– Mig fór að gruna eftir tvo mánuði, held ég, að það gæti verið eitthvað alvarlegra á ferðinni en barnamígreni. Stúlkan lagaðist ekkert. Það komu engin hlé inn á milli. Henni bara versnaði. Veslaðist upp, varð horuð. Eitt og annað kom til greina. Mér datt í hug eitthvað eins og bráðaberklar í höfði. Einu sinni var talað um höfuðkvef þegar menn vissu í rauninni ekkert í sinn haus. Loks var tilgátan heilahimnubólga en það vantaði ýmis einkenni

hennar; hún er líka fljótvirkari. Stelpan fékk svokallaða kaffibletti á húðina og loksins fór ég að hugsa um tímorsjúkdóm.

– Kaffibletti! sagði Erlendur og mundi að hann hafði heyrt um þá áður.

– Peir geta fylgt tímorsjúkdómi.

– Þú hefur sent hana á sjúkrahúsið í Keflavík.

– Hún dó þar, sagði Frank. Ég man hvað hún var móðurinni mikill harmdauði. Hún varð hugstola. Við urðum að sprauta hana niður. Hún þverneitaði að stúlkan yrði krufin. Öskraði á okkur að það yrði ekki gert.

– En hún var samt krufin.

Læknirinn hikaði.

– Hjá því varð ekki komist. Engan veginn.

– Og hvað kom í ljós?

– Tímorsjúkdómur eins og ég sagði.

– Hvað áttu við með tímorsjúkdómi?

– Heilaæxli, sagði læknirinn. Það var heilaæxli sem dró hana til dauða.

– Hvers konar heilaæxli?

– Ég er ekki klár á því, sagði læknirinn. Ég veit ekki hvort þeir rannsökuðu það mjög nákvæmlega. Mér þykir líklegt að þeir hafi gert það. Mig minnir að þeir hafi verið að tala um einhvers konar erfðasjúkdóm.

– Erfðasjúkdóm! sagði Erlendur og hækkaði róminn.

– Er það ekki tískuorðið? Erfðarannsóknir. Hvað kemur þetta morðinu á Holberg við? spurði læknirinn.

Erlendur sat djúpt hugsu og heyrði ekki í lækninum.

– Af hverju ertu að spyrja um þessa stelpu?

– Mig dreymir, sagði Erlendur.

Eva Lind var ekki í íbúðinni þegar Erlendur kom heim til sín um kvöldið. Hann reyndi að fara að ráðum hennar og hugsa ekki of mikið um hvert hún hafði farið eða hvar hún var eða hvort hún kæmi aftur og í hvers konar ástandi hún yrði ef hún gerði það. Hann hafði komið við á skyndibitastað og var með nokkra kjúklingabita í poka fyrir þau bæði. Hann henti honum í stól og var að klæða sig úr frakkanum þegar hann fann gamalkunnan matarilm. Hann hafði ekki fundið matarilm úr eldhúsinu í langan tíma. Kjúklingabitar eins og þeir sem lágu í stólnum voru fæði hans, hamborgarar, tilbúinn matur frá Múlakaffi, tilbúinn matur úr kjötbörðum verslana, soðin, köld svið, skyr í dollum, bragðlausir örbylgjuréttir. Hann mundi ekki hvenær hann hafði síðast eldað sér mat í eldhúsinu. Hann mundi ekki hvenær hann hafði síðast fundið hjá sér löngun til þess.

Erlendur fetaði sig varlega inn í eldhúsið eins og hann ætti von á óbótamönnum þar inni og sá að lagt hafði verið á borð fyrir tvo með fallegum diskum, sem hann rámaði í að hann ætti. Tvö vínglös á háum fæti stóðu við diskana, servíettur lágu ofan á diskunum, rauð kerti loguðu í tveimur ósamstæðum kerta-stjökum sem Erlendur hafði aldrei séð áður.

Hann fíkraði sig innar í átt að eldavélinni og sá að kraumaði í stórum potti. Hann lyfti lokinu og horfði niður í einstaklega kræsilega kjötsúpu. Dáltil fitubrúk flaut ofan á gulrófum, kartöflum, kjötbitum og kryddjurtum og upp af því steig ilmur sem fyllti íbúðina hans af alvöru matarlykt. Hann rak nefið niður í pottinn og andaði að sér lyktinni af soðnu kjöti og grænmeti.

– Mig vantaði gulrætur, sagði Eva Lind í eldhúsdyrnum. Erlendur hafði ekki tekið eftir henni koma inn í íbúðina. Hún var í úlpu af honum og hélt á litlum poka með gulrótum.

– Hvar lærðirðu að búa til kjötsúpu? sagði Erlendur.

– Mamma var alltaf að sjóða kjötsúpu, sagði Eva Lind. Einhvern tíma þegar hún talaði ekki mjög illa um þig sagði hún að kjötsúpan hennar væri það besta sem þú fengir. Svo sagði hún að þú værir andstyggilegt kvikindi.

– Hvort tveggja hárrétt hjá kerlingunni, sagði Erlendur. Hann fylgdist með Evu Lind skera niður gulræturnar og setja í pottinn með hinu grænmetinu. Það læddist að honum sú hugsun að hann væri að upplifa eiginlegt fjölskyldulíf og varð dapur og glaður í senn. Hann leyfði sér ekki þann munað að halda að sælan entist.

– Ertu búinn að finna mörðingjann? spurði Eva Lind.

– Elliði bað að heilsa þér, sagði Erlendur og var búinn að missa það út úr sér áður en það hvarflaði að honum að villidýr eins og hann ætti ekki heima í þessu umhverfi.

– Elliði. Hann er á Hrauninu. Veit hann hver ég er?

– Ræflarnir sem ég tala við nefna þig stundum á nafn, sagði Erlendur. Þeir halda að þeir séu að klekkja á mér með því, bætti hann við.

– Og gera þeir það?

– Sumir. Eins og Elliði. Hvernig þekkir þú hann? spurði Erlendur varlega.

– Ég hef heyrt sögurnar um hann. Hitti hann einu sinni fyrir mörgum árum. Þá var hann búinn að líma upp í sig tanngóminn með tonnataki.

– Hann er alveg stórkostlegt ídíót.

Þau töluðu ekki meira um Elliða þetta kvöld. Þegar þau settust niður hellti Eva Lind vatni í vínglösin og Erlendur borðaði svo mikið af kjötsúpunni að hann rétt gat staulast inn í stofuna á eftir. Þar sofnaði hann og svaf í fötunum til morguns, vondum svefni.

Í þetta sinn mundi hann mest af draumnum. Hann vissi að

Þetta var sami draumur og hafði vitjað hans undanfarnar nætur en hann náði ekki að höndla áður en vakan gerði hann að engu.

EVA LIND BIRTIST HONUM EINS OG HANN HAFÐI ALDREI SÉÐ HANA ÁÐUR UMVAFIN BIRTU SEM HANN VISSI EKKI HVADAN KOM Í FALLEGUM SUMARKJÓL SEM NÁÐI HENNI NIÐUR Á ÖKKLA OG MIKIÐ DÖKKT HÁRIÐ FÉLL NIÐUR Á BAK OG SÝNIN VAR FULLKOMIN NÆSTUM ILMÆÐI AF SUMRI OG HÚN GEKK Í ÁTTINA TIL HANS EÐA KANNSKI FLAUT HÚN ÞVÍ HANN HUGSAÐI MEÐ SÉR AÐ HÚN KÆMI ALDREI VIÐ JÖRÐINA HANN GREINDI EKKI UMHVERFIÐ ÞAÐ EINA SEM HANN SÁ VAR SKJANNABIRTAN OG EVA LIND Í LJÓSINU MIÐJU NÁLGAST HANN BROSANDI ÚT AÐ EYRUM OG HANN SÁ SJÁLFAH SIG OPNA FAÐMINN Á MÓTI HENNI OG BÍÐA EFTIR AÐ GETA TEKIÐ UTAN UM HANA OG FANN ÓÐREYJUNA Í SÉR EN HÚN KOM ALDREI Í FAÐM HANS HELDUR RÉTTI HONUM LJÓSMYND OG LJÓSIÐ HVARF OG EVA LIND HVARF OG HANN HÉLT Á LJÓSMYNDINNI SEM HANN ÞEKKTI SVO VEL OG VAR ÚR KIRKJUGARÐINUM OG LJÓSMYNDIN FÉKK LÍF OG HANN VAR STADDUR INNI Í HENNI OG HORFÐI UPP Í SVARTAN HIMININN OG FANN RIGNINGUNA BERJA SIG Í ANDLITIÐ OG ÞEGAR HANN LEIT NIÐUR SÁ HANN ÞEGAR LEGSTEINNINN FÉLL AFTUR OG GRÖFIN OPNAÐIST INN Í MYRKRIÐ ÞAR TIL KISTAN KOM Í LJÓS OG HÚN OPNAÐIST OG HANN SÁ STÚLKUNA Í KISTUNNI SKORNA UPP EFTIR MIÐJUM BÚKNUM OG UPP TIL HERÐANNA OG ALLT Í EINU OPNAÐI STÚLKAN AUGUN OG STARÐI UPP TIL HANS OG HÚN OPNAÐI MUNNINN OG HRYLLILEGT ANGISTARVEINIÐ BARST HONUM ÚR GRÖFINNI

Hann hrökk upp með andfælum og starði fram fyrir sig á meðan hann var að ná áttum. Hann kallaði á Evu Lind en fékk ekkert svar. Hann gekk inn í herbergið til hennar en fann tómlaikann áður en hann opnaði dyrnar. Hann vissi að hún var farin.

Eftir að hafa skoðað íbúaskrá Húsavíkur voru Elínborg og Sig-

urður Óli með lista í höndunum yfir 176 konur sem til greina kom að Holberg hefði nauðgað. Það eina sem þau höfðu til að fara eftir voru orð Elliða um að það hefði verið „eitthvað svipað dæmi“ svo þau miðuðu við aldur Kolbrúnar með tíu ára fráviki í báðar áttir. Við fyrstu athugun kom í ljós að skipta mátti hópn- um gróflega í þrennt, fjórðungurinn bjó enn á Húsavík, helm- ingurinn hafði flust til Reykjavíkur og fjórðungurinn var dreifð- ur um allt land.

– Kleppsvinna, stundi Elínborg og leit niður eftir listanum áður en hún rétti Erlendi hann. Hún tók eftir að hann var venju fremur tætingslegur. Skeggbroddarnir voru nokkurra daga gaml- ir, rauðbrúni hárflokinn stóð í allar áttir, snjád og þvæld jakkaföt- in hefðu þurft hreinsun; Elínborg var að velta því fyrir sér hvort hún ætti að bjóðast til þess að kveikja í þeim fyrir hann en svip- urinn á Erlendi bauð ekki upp á gamanmál.

– Hvernig sefurðu þessa dagana, Erlendur minn? spurði hún varfærnislega.

– Á rassgatinu, sagði Erlendur.

– Og hvað? sagði Sigurður Óli. Eigum við bara að ganga að öllu þessu kvenfólki og spyrja hvort því hafi verið nauðgað fyrir mannsaldri síðan? Er það ekki frekar ... þjósnalegt?

– Ég sé ekki hvernig hægt er að gera þetta öðruvísi. Við skul- um byrja á þeim brottfluttu, sagði Erlendur. Við skulum byrja að leita í Reykjavík og sjá hvort við getum ekki aflað okkur frekari upplýsinga um þessa konu í leiðinni. Ef Elliði er ekki að ljúga, það djöfuls fífl sem hann er, talaði Holberg um hana við Kol- brúnu. Það má vera að hún hafi sagt frá því, systur sinni, jafnvel Rúnari. Ég þarf að fara aftur til Keflavíkur.

Erlendur hugsaði sig um andartak.

– Við getum kannski þrengt hópinn eitthvað, sagði hann.

– Þrengt? Hvernig? sagði Elínborg. Hvað ertu að hugsa?

– Hvarflaði að mér rétt í þessu.

– Hvað? Elínborg var strax orðin óþolinmóð. Hún hafði komið í vinnuna í nýrri fylgrænni dragt sem enginn virtist ætla að veita neina athygli.

– Skyldleiki, erfðir og sjúkdómar, sagði Erlendur.

– Já, sagði Sigurður Óli.

– Við gerum ráð fyrir að Holberg hafi verið nauðgari. Við höfum ekki hugmynd um hvað hann nauðgaði mörgum konum. Við vitum um tvær og í rauninni bara um eina fyrir víst. Þótt hann hafi þrætt fyrir það bendir allt til þess að hann hafi nauðgað Kolbrúnu. Hann eignaðist Auði, eða við verðum að reikna með því, en það getur eins verið að hann hafi eignast annað barn með konunni frá Húsavík.

– Annað barn? sagði Elínborg.

– Á undan Auði, sagði Erlendur.

– Er það ekki ótrúlegt? sagði Sigurður Óli.

Erlendur yppti öxlum.

– Viltu að við þrengjum hópinn niður í þær konur sem eignuðust börn skömmu fyrir, hvað var það, 1964?

– Ég held að það væri ekki vitlaust.

– Hann gæti þá átt fleiri börn út um allar trissur, sagði Elínborg.

– Svo þarf ekki að vera að hann hafi nauðgað nema einu sinni, sagði Erlendur. Fannstu úr hverju systir hans dó?

– Nei, ég er að vinna í því, sagði Sigurður Óli. Ég reyndi að grafast fyrir um ættingja þeirra Holbergs en það kom ekkert út úr því.

– Ég athugaði þetta með Grétar, sagði Elínborg. Hann hvarf allt í einu eins og jörðin hefði gleypt hann. Það saknaði hans ekki nokkur maður. Móðir hans hringdi í lögregluna þegar hún hafði ekki heyrt frá honum í heila tvo mánuði. Það var sett mynd af honum í blöðin og sjónvarpið en það bar engan árangur. Þetta var árið 1974, þjóðhátíðarárið. Um sumarið. Voruð þið á Þingvöllum?

– Ég var þar, sagði Erlendur. Hvað með Þingvelli? Heldurðu að hann hafi týnst á Þingvöllum?

– Ég veit ekki meir, sagði Elínborg. Það var gerð þessi venjulega rannsókn á mannhvarfi og talað við þá sem móðir hans vissi að hann þekkti, meðal annarra Holberg og Elliða. Rætt var við einhverja þrjá aðra en enginn vissi neitt. Enginn saknaði Grétars nema móðir hans og systir. Hann var fæddur í Reykjavík, átti hvorki konu né börn, ekki kærustu, frændgarðurinn enginn. Málinu var haldið opnu í nokkra mánuði og svo dó það drottni sínum. Hann var 34 ára.

– Ef hann hefur verið jafnfélegur og vinir hans Elliði og Holberg er ég ekki hissa á því að enginn skyldi sakna hans, sagði Sigurður Óli.

– Það hurfu þrettán manns á áttunda áratugnum þegar Grétar hvarf, sagði Elínborg. Tólf á þeim níunda og þá erum við ekki að tala um menn sem fórust á sjó.

– Þrettán mannhvörf, sagði Sigurður Óli, er það ekki svolítið mikið? Engin þeirra upplýst?

– Það þarf ekki að vera glæpur á bak við neitt þeirra, sagði Elínborg. Fólk hverfur, lætur sig hverfa, vill hverfa, hverfur.

– Ef ég skil þetta rétt, sagði Erlendur, er málið svona vaxið: Elliði, Holberg og Grétar eru að skemmta sér á balli í Krossinum cina helgi haustið 1963.

Hann sá að Sigurður Óli varð eitt spurningarmerki í framan.

– Krossinn var gamalt sjúkraskýli frá hernum sem breytt var í ballstað. Það voru haldin þar sveitaböll af svæsnustu gerð.

– Ég held að Hljómar hafi byrjað þar, skaut Elínborg inn í.

– Þeir hitta kvenfólk á ballinu og ein af þeim er með gleðskap heima hjá sér, hélt Erlendur áfram. Við þurfum að reyna að hafa uppi á þessum konum. Holberg fylgir einni þeirra, Kolbrúnu, heim til hennar og nauðgar henni. Hann virðist hafa leikið þann leik áður. Hann hvíslar að henni hvernig hann fór með aðra



konu. Það getur verið að hún búi eða hafi búið á Húsavík og hefur að líkindum ekki kært hann. Premur dögum síðar hefur Kolbrún loksins safnað nægum kjarki til þess að kæra nauðgunina en mætir lögreglumanni sem hefur litla samúð með konum sem bjóða körlum heim af balli og hrópa svo nauðgun. Kolbrún eignast barn. Holberg gæti hafa vitað af því barni, við finnum ljósmynd af legsteininum á grafreit hennar í skrifborðinu hans. Hver tók hana? Hvers vegna? Stúlkan deyr úr banvænum sjúkdómi og móðir hennar fremur sjálfsmorð nokkrum árum síðar. Einn af félögum Holbergs hverfur þremur árum eftir það. Holberg er myrtur fyrir nokkrum dögum og óskiljanleg orðsending skilin eftir.

Erlendur gerði stutt hlé á máli sínu.

– Hvers vegna er Holberg myrtur núna, kominn á gamalsaldur? Tengist árásarmaður hans þessari forsögu? Og ef hann gerir það, hvers vegna var þá ekki ráðist á Holberg fyrir? Hvers vegna öll þessi bið? Eða hefur morðið á honum ekkert að gera með þá staðreynd, ef það er þá staðreynd, að Holberg var nauðgari?

– Mér finnst við ekki geta litið framhjá því að morðið virðist ekki framið að yfirlögðu ráði, skaut Sigurður Óli inn í. Eins og Elliði sagði, hvers konar aumingjar nota öskubakka? Það er ekki eins og hafi það verið langur, sögulegur aðdragandi að því. Orðsendingin er einhvers konar brandari, eitthvað sem enginn botn fæst í. Morðið á Holberg kemur ekki neinu nauðgunarmáli við. Deildin hér er öll í því að leita að unga manningum í græna hermannajakkanum.

– Holberg var enginn engill, sagði Elínborg. Kannski er þetta hefndarmorð eða hvað á að kalla það? Einhverjum hefur kannski fundist hann eiga þetta skilið.

– Sú eina sem við höfum vissu um að hataði Holberg er Elín í Keflavík, sagði Erlendur. Ég sé hana ekki fyrir mér drepa neinn með öskubakka.

– Gæti hún hafa fengið einhvern til þess? spurði Sigurður Óli.

– Hvern? spurði Erlendur.

– Ég veit það ekki. Hins vegar, og ég einhvern veginn hallast að því, lítur þetta út eins og einhver hafi ranglað um hverfið og ætlað einhvers staðar inn að stela og kannski eyðileggja, Holberg komið að honum en fengið öskubakkann í hausinn. Þetta hefur verið einhver dópisti sem vissi hvorki í þennan heim né annan. Kemur fortíðinni ekkert við heldur þvert á móti nútíðinni. Reykjavík eins og hún er orðin.

– Í það minnsta hefur einhverjum fundist réttast að kála þessum manni, sagði Elínborg. Við verðum að taka mark á orðsendingunni. Hún er enginn brandari.

Sigurður Óli horfði hugsandi á Erlend.

– Þegar þú talaðir um að þú vildir vita nákvæmlega úr hverju stúlkan dó, áttu þá við það sem ég held að þú eigir við? spurði hann.

– Ég er hræddur um það, sagði Erlendur.

Rúnar kom sjálfur til dýra og horfði góða stund á Erlend án þess að koma honum fyrir sig. Erlendur stóð í litlu anddyri, regnvotur eftir að hafa skotist inn í húsið. Hægra megin við hann var stigi sem lá upp á efri hæð. Tröppurnar voru dúkklagðar en dúkurinn var gatslitinn þar sem álagið var mest. Rakalykt lá í loftinu og Erlendur hugsaði með sér hvort hestafólk byggi í húsinu. Erlendur spurði Rúnar hvort hann myndi eftir sér og Rúnar virtist gera það því hann reyndi að loka dýrunum samstundis aftur en Erlendur var sneggri. Hann var kominn inn í íbúðina áður en Rúnar fékk rönd við reist.

– Notalegt, sagði Erlendur og litaðist um í rökkri íbúðarinnar.

– Viltu láta mig í friði! Rúnar reyndi að hrópa á Erlend en röddin brast og varð skræk.

– Passaðu blóðþrýstinginn. Ekki langar mig að blása í þig ef þú hrekkur upp af. Ég þarf að spyrja þig um smáatriði og svo er ég farinn og þú getur haldið áfram að deyja hér inni. Ætti ekki að taka langan tíma. Þú lítur ekki beint út eins og Gamalmenni ársins.

– Komdu þér út! sagði Rúnar eins reiðilega og aldurinn leyfði, snerist á hæli og gekk inn í litla stofu og settist í sófa. Erlendur gekk á eftir honum og settist þunglega í stól gegnt honum. Rúnar leit ekki við honum.

– Talaði Kolbrún um aðra nauðgun þegar hún kom til þín vegna Holbergs?

Rúnar svaraði honum ekki.

– Því fyrr sem þú svarar mér því fyrr losnarðu við mig.

Rúnar leit upp og horfði á Erlend.

– Hún nefndi aldrei aðra nauðgun. Viltu nú fara.

– Við höfum ástæðu til þess að ætla að Holberg hafi nauðgað

áður en hann hitti Kolbrúnu. Hann gæti hafa haldið áfram upp-  
teknum hætti eftir að hann nauðgaði henni, við vitum það ekki.  
Kolbrún er eina konan sem kærði hann þótt það hafi ekki orðið  
til neins, þökk sé þér.

– Farðu út!

– Ertu viss um að hún hafi ekki nefnt aðra konu? Það er hugs-  
anlegt að Holberg hafi stært sig af annarri nauðgun og sagt Kol-  
brúnu frá henni.

– Hún talaði ekkert um það, sagði Rúnar og horfði niður á eld-  
húsborðið.

– Holberg var með tveimur vinum sínum þetta kvöld. Annar  
er Elliði, síbrotamaður sem þú kannast kannski við. Hann er á  
Hrauninu og berst við drauga og forynjur í litlum myrkraklefa.  
Hinn er Grétar. Hann hvarf af yfirborði jarðar sjálfst þjóðhátíðar-  
sumarið. Veistu eitthvað um þennan félagsskap?

– Nei. Láttu mig í friði!

– Hvað voru þeir að gera hér í bænum kvöldið sem Kolbrúnu  
var nauðgað?

– Ég veit það ekki.

– Ræddirðu aldrei við neinn af þeim?

– Nei.

– Hver sá um rannsóknina í Reykjavík?

Rúnar leit í fyrsta sinn upp á Erlend.

– Það var Marion Briem.

– Marion Briem!

– Það helvítis fífl.

Elín var ekki heima þegar Erlendur bankaði upp á hjá henni.  
Hann settist því aftur út í bíl, kveikti sér í sígarettu og hugleiddi  
hvort hann ætti að halda áfram ferð sinni til Sandgerðis. Rign-  
ingin buldi á bílnum og Erlendur, sem ekki fylgdist með veður-  
fregnum, velti því fyrir sér hvort blautviðrið ætlaði engan enda

að taka. Kannski var þetta lítil útgáfa af syndaflóðinu, hugsaði hann með sér í gegnum bláan sígarettureykinn. Kannski var ekki vanþörf á að skola burtu syndum mannanna annað veifið.

Erlendur kveidi fyrir því að hitta Elínu og var hálf í hvoru feginn þegar í ljós kom að hún var ekki heima. Hann vissi að hún myndi snúast öndverð gegn honum og hann vildi síst af öllu koma henni í þann ham sem hún var í þegar hún kallaði hann lögguræfil. Það yrði þó ekki umflúið. Hvort sem það yrði núna eða síðar. Hann dæsti þunglega og brenndi upp sígarettuna þar til hann fann hitann í fingurgómunum. Hann hélt ofan í sér reyknum á meðan hann drap í en blés honum svo þunglega frá sér. Um huga hans fór setning úr áróðursauglýsingu gegn reykingum: Það þurfti ekki nema ein fruma að veikjast til þess að úr yrði krabbamein.

Hann hafði fundið verkinn fyrir brjóstinu um morguninn en nú var hann horfinn.

Erlendur var að bakka frá húsinu þegar Elín bankaði á rúðuna hjá honum.

– Ætlaðirðu að hitta mig? spurði hún undir regnhlífinni þegar hann renndi niður rúðunni.

Erlendur setti upp brösgrettu, skætur í andlitið sem ómögulegt var að ráða í, og kinkaði dauflega kollí. Hann vissi að mennirnir voru þegar lagðir af stað í kirkjugarðinn.

Hún opnaði fyrir honum hús sitt og honum leið eins og svikara. Hann tók af sér hattinn og setti á snaga, fór úr frakkanum og skónum og gekk inn í stofuna í velktu jakkafötunum sínum. Hann var í brúnu prjónavesti innan undir jakkanum en hafði hneppt því skakkt svo neðsta hnappagatið blasti við. Hann settist í sama stól og þegar hann kom í húsið fyrst og hún settist á móti honum þegar hún kom fram aftur. Hún hafði vikið sér fram í eldhús, sett yfir kaffi og ilmurinn fyllti litla húsið.

Svikarinn ræskti sig.

– Einn af þeim sem voru að skemmta sér með Holberg kvöldið sem hann nauðgaði Kolbrúnu heitir Elliði og er fangi á Litla-Hrauni. Það er langt síðan við fórum að kalla hann góðkunningja lögreglunnar. Þriðji maðurinn sem var með þeim hét Grétar. Hann hvarf af yfirborði jarðar árið 1974. Þjóðhátíðarárið.

– Ég var á Þingvöllum, sagði Elín. Sá Tómas og Halldór.

Erlendur ræksti sig.

– Og hefurðu talað við Elliða þennan? hélt Elín áfram.

– Einstaklega ófrýnilegt kvikindi, sagði Erlendur.

Elín bað hann að afsaka sig, stóð upp og gekk fram í eldhús. Hann heyrði klingja í bollum. Farsími Erlends hringdi í frakka-vasanum og hann gretti sig um leið og hann kveikti á honum. Hann sá á númerabirtinum að það var Sigurður Óli.

– Við erum tilbúnir, sagði Sigurður Óli og Erlendur heyrði í rigningunni í gegnum símann.

– Ekki gera neitt fyrr en ég hef samband við þig aftur, sagði Erlendur. Er það skilið. Ekki hreyfa þig fyrr en þú heyrir í mér eða ég kem á staðinn.

– Ertu búinn að tala við kerlinguna?

Erlendur svaraði honum ekki en sleit samtalinu og setti símann aftur í vasann. Elín kom með kaffið, lét bolla á borðið fyrir framan hann og skenkti þeim báðum. Þau drukku kaffið bæði svart. Hún setti kaffikönnuna á borðið og settist aftur gegnt Erlendi. Hann ræksti sig.

– Elliði sagði að Holberg hefði nauðgað annarri konu á undan Kolbrúnu og að Holberg hefði sagt Kolbrúnu frá því, sagði hann og sá undrunarsvip koma á andlit Elínar.

– Ef Kolbrún hefur vitað um aðra þá sagði hún mér aldrei frá því, sagði hún og hristi höfuðið hugsí. Getur verið að hann sé að segja satt?

– Við verðum að reikna með því, sagði Erlendur. Elliði er

reyndar svo brenndur að hann gæti logið einhverju svona. Hins vegar höfum við ekkert í höndunum sem véfengir orð hans.

– Við ræddum nauðgunina ekki oft, sagði Elín. Ég held að það hafi verið út af Auði. Meðal annars. Kolbrún var mjög hlédræg kona, feimin og inn í sig og lokaðist ennþá meira eftir atburðinn. Svo var auðvitað andstyggilegt að ræða þennan hrylling þegar hún bar barnið undir belti, hvað þá þegar það var komið í heiminn. Kolbrún gerði allt sem hún gat til þess að gleyma því að nauðgunin hefði nokkurn tíma átt sér stað. Öllu í sambandi við hana.

– Ég ímynda mér að ef Kolbrún hefur vitað um aðra, þá hafi hún sagt lögreglunni frá því til þess að styðja framburð sinn, þótt ekki væri annað. En hún nefndi þetta hvergi á nafn í þeim skýrslum sem ég hef lesið.

– Kannski hefur hún viljað hlífa konunni, sagði Elín.

– Hlífa?

– Kolbrún vissi hvernig það var að þola nauðgun. Hún vissi hvernig það var að tilkynna um nauðgun. Hún hikaði mjög við það sjálf og það reyndist ekki leiða til annars en niðurlægingar á löggukontór niðri í bæ. Ef hin konan hefur ekki viljað koma fram hefur Kolbrún kannski virt þá afstöðu. Ég get ímyndað mér það. En ég veit ekki alveg hvað þú ert að tala um.

– Hún þarf ekki að hafa vitað um nein smáatriði, ekki nafn, jafnvel aðeins haft óljósan grun. Ef hann hefur ýjað að einhverju.

– Hún talaði aldrei um neitt slíkt við mig.

– Þegar þið rædduð nauðgunina, á hvaða nótum var það þá?

– Það var ekki beinlínis um verknaðinn sjálfan, sagði Elín.

Síminn hringdi enn í vasa Erlends og Elín þagnaði. Erlendur reif símann þjósnalega upp úr vasanum og sá númerið sem hringt var úr. Það var Sigurður Óli. Erlendur slökkti á símanum og setti hann aftur í vasann.

– Fyrirgefðu, sagði hann.

– Eru þeir ekki óþolandi, þessi símar?

– Gersamlega, sagði Erlendur. Hann var kominn í tímahrak.

– Hún talaði um hvað hún elskaði dóttur sína mikið, hana Auði. Það var alveg sérstakt samband á milli þeirra þrátt fyrir þessar ömurlegu aðstæður. Auður var henni allt. Það er auðvitað hræðilegt að segja þetta en ég held að hún hefði ekki viljað fara á mis við Auði. Skilurðu? Mér fannst jafnvel á henni að hún liti á Auði sem eins konar sárabætur, eða hvað á ég að segja, fyrir nauðgunina. Ég veit að það er klaufalegt að orða hlutina svona en það var eins og stúlkan væri lánið í óláninu. Ég get ekki sagt þér hvað systir mín hugsaði, hvernig henni leið eða hvaða tilfinningar hún geymdi með sér, sjálf veit ég það ekki nema að mjög takmörkuðu leyti, og ég ætla mér ekki þá vitleysu að fara að tala fyrir hana. En hún dýrkaði litlu stúlkuna þegar fram liðu stundir og skildi hana aldrei við sig. Aldrei. Samband þeirra var að talsverðu leyti mótað af því sem gerst hafði en Kolbrún sá aldrei í stúlkunni skepnuna sem hafði eyðilagt líf hennar. Hún sá aðeins þetta fallega barn sem hún Auður var. Systir mín ofverndaði dóttur sína og það náði út yfir gröf og dauða eins og grafskriftin ber með sér. Varðveit líf mitt fyrir ógnum óvinarins.

– Veistu hvað systir þín átti nákvæmlega við með þessum orðum?

– Þetta er ákall til guðs eins og þú getur séð þegar þú lest sálminn. Lát litlu stúlkunnar hefur auðvitað haft með það að gera. Hvernig það bar að og hversu hörmulegt það var. Kolbrún mátti ekki til þess hugsa að Auður yrði krufin. Mátti ekki til þess hugsa.

Erlendur lygndi aftur augunum og gretti sig. Elín tók ekki eftir því.

– Maður getur vel ímyndað sér, sagði Elín, að þessir skelfilegu atburðir sem Kolbrún upplifði, bæði nauðgunin og svo dauði



dóttur hennar, hafi haft alvarleg áhrif á geðheilsu hennar. Hún fékk taugaáfall. Þegar farið var að tala um krufningu magnaðist upp í henni þessi ofsóknarkennd og verndartilfinning gagnvart Auði litlu. Hún eignaðist dóttur undir þessum skelfilegu kringumstæðum og missti hana strax aftur. Hún leit á það sem vilja guðs. Systir mín vildi að dóttir sín yrði látin í friði.

Erlendur sat hugsja nokkra stund áður en hann tók af skarið.

– Ég held að ég sé einn af þessum óvinum.

Elín horfði á hann og skildi ekki hvað hann var að meina.

– Ég held að það sé nauðsynlegt að grafa kistuna upp og framkvæma nákvæmari krufningu ef það er hægt.

Erlendur sagði þetta eins varlega og honum var unnt. Það tók nokkurn tíma fyrir Elínu að skilja orðin og setja þau í samhengi og þegar hún hafði áttað sig á merkingu þeirra leit hún skilningsvana á Erlend.

– Hvað ertu að segja, maður?

– Það má vera að við getum fundið skýringu á því hvers vegna hún dó.

– Skýringu? Það var heilaæxli!

– Það má vera ...

– Hvað ertu að tala um? Grafa hana upp? Barnið? Ég trúí þessu ekki! Ég var að segja þér ...

– Við höfum tvær ástæður.

– Tvær ástæður?

– Fyrir krufningu, sagði Erlendur.

Elín var staðin upp og gekk um stofuna í uppnámi. Erlendur sat sem fastast en hafði sigið lengra niður í mjúkan stólinn.

– Ég er búinn að tala við lækna á sjúkrahúsinu hérna í Keflavík. Þeir fundu ekki neinar skýrslur hjá sér um Auði nema bráðabirgðaskýrslu krufningarlæknis hennar. Læknirinn er látinn. Árið sem Auður dó var síðasta árið hans sem læknis við sjúkrahúsið. Hann greindi aðeins frá heilaæxli og rakti dánarorsökina

til þess. Ég vil vita hvers konar sjúkdómur það var sem dró stúlkuna til dauða. Ég vil vita hvort það gæti hafa verið erfðasjúkdómur.

– Erfðasjúkdómur! Ég veit ekki um neinn erfðasjúkdóm!

– Við erum að leita að honum í Holberg, sagði Erlendur. Önnur ástæða fyrir uppgreftrinum er að fá úr því skorið með vissu að Auður sé dóttir Holbergs. Það er gert með DNA-rannsóknum.

– Efist þið um að svo sé?

– Ekki endilega en við þurfum að fá þetta staðfest.

– En hvers vegna?

– Holberg neitaði að hafa átt barnið. Hann sagðist hafa átt mök við Kolbrúnu með hennar samþykki en þrætti fyrir faðernið. Þegar málið féll niður þótti ekki sérstök ástæða til þess að sanna það. Systir þín fór aldrei fram á slíkt. Hún hefur sjálfsagt verið búin að fá nóg og viljað Holberg út úr sínu lífi.

– Hver annar gæti hafa átt barnið?

– Við þurfum staðfestingu vegna morðsins.

– Morðsins á Holberg?

– Já.

Elín stóð yfir Erlendi og starði á hann.

– Á þetta afstyrmi að fá að kvelja mann út yfir gröf og dauða? Erlendur ætlaði að svara en hún tók af honum orðið.

– Þið haldið ennþá að systir mín sé að ljúga, sagði Elín. Þið ætlið aldrei að trúa henni. Þú ert ekkert betri en fiflið hann Rúnar. Ekki hótinu skárrí.

Hún beygði sig yfir hann þar sem hann sat í stólnum.

– Helvítis lögguræfill! hvæsti hún. Ég hefði aldrei átt að hleypa þér inn í mitt hús.

Sigurður Óli sá bílljósinn nálgastr í rigningunni og vissi að það var Erlendur. Það drundi í gröfunni þar sem hún kom sér fyrir fram- an við leiðið, tilbúin að hefja gröftinn þegar merki yrði gefið. Þetta var dverggrafa sem sniglast hafði á milli leiðanna með rykkjum og skrykkjum. Beltin undir henni runnu til í forinni. Hún spúði svörtum reykjarmekki og fyllti loftið þykkri olúbrælu.

Sigurður Óli og Elínborg stóðu við leiðið með réttarlækni á vegum ríkissaksóknara, lögfræðingi frá embættinu, presti og meðhjálpara, nokkrum lögreglumönnum úr Keflavík og tveimur bæjarstarfsmönnum. Fólkið himdi í rigningunni og öfundaði Elínborgu sem ein var með regnhlíf og leyfði Sigurði Óla að standa hálfur undir henni. Þau tóku eftir að Erlendur var einn á ferð þegar hann kom út úr bílnum og gekk hægum skrefum í átt- ina til þeirra. Þau voru með pappíra frá yfirvöldum sem gáfu leyfi fyrir uppgreftinum en ekkert yrði aðhafst fyrr en Erlendur gæfi leyfi fyrir því.

Erlendur leit yfir svæðið og harmaði í hljóði raskið, spjöllin, vanhelgunina. Legsteinninn hafði verið fjarlægður og lagður á göngustíg ofan við leiðið. Grænleit krukka með löngum oddi sem hægt var að stinga niður í moldina fylgdi með. Lítill, sölnaður rósavöndur var í krukku og Erlendur hugsaði með sér að Elín hefði sett hana við steininn. Hann nam staðar, las áletrun- ina einu sinni enn og hristi höfuðið. Rimlagirðing úr hvítmáluðu timbri, sem náði varla tuttugu sentímetra upp úr jörðinni og hafði afmarkað leiðið, lá brotin við hliðina á legsteininum. Erlendur hafði séð slíka girðingu á leiðum barna og stundi. Hann leit upp í himinsortann. Rigningin lak af hattbarðinu niður á herðar hans og hann pírdi augun móti henni. Hann horfði yfir

hóþinn sem stóð við gröfuna, leit loks til Sigurðar Óla og kinkaði kolli. Sigurður Óli gaf gröfustjóranum merki. Skóflan hófst á loft og sökk niður í gljúpa moldina.

Erlendur horfði á gröfuna rífa upp þrjátíu ára gamalt sár. Hann kveinkaði sér við hverja skóflustungu. Moldarbingurinn óx stöðugt og eftir því sem holan dýpkaði því meira myrkur hvarf niður í hana. Erlendur stóð í nokkurri fjarlægð og fylgdist með skóflunni grafa dýpra og dýpra niður í sárið. Allt í einu kom þessi tilfinning yfir hann að hann hefði upplifað þetta áður, eins og hann hefði séð þetta allt saman áður í draumi og eitt andartak fékk sviðið fyrir framan hann draumkenndan blæ; félagar hans í lögreglunni, sem stóðu og horfðu niður í gröfina, bæjarstarfsmennirnir í appelsínugulu samfestingunum sem hölluðu sér fram á skóflur sínar, presturinn klæddur í þykkann, svartan frakka, rigningin sem streymdi niður í gröfina og kom aftur upp í skóflunni líkt og holunni blæddi.

Hafði hann dreymt þetta nákvæmlega svona?

Svo hvarf honum tilfinningin og eins og alltaf þegar svipað gerðist gat hann með engu móti skilið hvaðan hún kom. Af hverju honum fannst hann endurlifa atburði sem aldrei höfðu gerst áður. Erlendur trúði ekki á fyrirboða, sýnir og drauma, ekki endurholdgun eða karma, hann trúði ekki á guð þótt hann hefði margoft lesið í biblíunni, ekki á eilíft líf eða að breytni hans í þessu lífi hefði áhrif á það hvort hann lenti í himnaríki eða helvíti. Honum fannst lífið sjálft bjóða upp á sambland af því tvennu.

En svo upplifði hann stundum þessa óskiljanlegu og yfirnáttúrulegu endurtekningu, upplifði stað og stund eins og hann hefði séð það allt áður, eins og hann stigi út fyrir sjálfan sig, breyttist skyndilega í áhorfanda að sínu eigin lífi. Hann gat með engu móti skýrt hvað það var sem gerðist eða hvers vegna, af hverju hugur hans lék sér að honum með þessum hætti.

Erlendur kom aftur til sjálfs sín þegar skóflan rakst í kistulokið og það heyrðist holur dynkur upp úr gröfinni. Hann tók skref nær. Rigningarvatnið streymdi niður í holuna og hann sá móta fyrir kistunni.

– Varlega! hrópaði Erlendur á gröfustjórann og fórnaði höndum.

Út undan sér sá hann bílljós koma eftir veginum. Þau litu öll upp í áttina að ljósinu og sáu bílinn sniglast áfram í rigningunni uns hann nam staðar við kirkjugarðshliðið. Þau tóku eftir merki frá leigubílastöð á þaki hans. Roskin kona í grænni kápu steig úr bílnum. Elín. Leigubíllinn hvarf og hún stormaði í áttina að gröfinni. Þegar Erlendur var kominn í heyrnarfæri tók hún að hrópa á hann og steyta að honum hnefann.

– Grafarræningi! heyrði hann Elínu hrópa. Grafarræningjar! Líkræningjar!

– Haldið henni í skefjum, sagði Erlendur rólega við lögreglumennina sem gengu á móti Elínu og stöðvuðu hana þegar hún átti nokkra metra ófarna að leiðinu. Hún reyndi að berja þá frá sér í trylltri reiði en þeir tóku um hendur hennar og héldu henni.

Bæjarstarfsmennirnir tveir fóru nú ofan í holuna með skóflur sínar, grófu frá kistunni og komu böndum fyrir endana á henni. Kistan var nokkuð heilleg. Rigningin buldi á kistulokinu með holum dynkjum og hreinsaði af henni moldina. Erlendur ímyndaði sér að hún hefði verið hvít. Lítil, hvít kista með látúns höldum á hliðunum og litlum krossi á lokinu. Menirnir festu böndin við skóflu gröfunnar sem lyfti kistunni ofur varlega upp úr jörðinni. Hún var enn í einu lagi en virtist ákaflega brothætt. Erlendur sá að Elín var hætt að berjast um og hrópa á hann. Hún var farin að gráta þegar kistan kom í ljós og hékk andartak kyrr í böndunum yfir gröfinni. Lítil sendibifreið bakkaði hægt inn eftir göngustígnum og nam staðar. Kistan var lögð á jörðina og böndin losuð. Presturinn gekk að henni, gerði krossmark yfir

henni og bærði varirnar í bæn. Bæjarstarfsmennirnir lyftu kistunni inn í sendibífreiðina og lokuðu henni. Elínborg settist í framsætið við hlið bílstjórans sem ók af stað út úr kirkjugarðinum, í gegnum hliðið og út veginn þar til rauð afturljósinn hurfu í rigningu og sorta.

Presturinn gekk til Elínar og bað lögreglumennina að sleppa henni. Þeir gerðu það samstundis. Presturinn spurði hvort það væri nokkuð sem hann gæti gert fyrir hana. Þau þekktust greinilega vel og töluðu saman í hálfum hljóðum. Elínu virtist rórra. Erlendur og Sigurður Óli litu hvor á annan og horfðu niður í gröfina. Rigningarvatnið var þegar tekið að safnast saman í botninum.

– Ég vildi reyna að stoppa þennan viðbjóð, þessi helgispjöll, heyrði Erlendur Elínu segja við prestinn. Honum létti nokkuð þegar hann sá að Elín hafði róast. Hann gekk í áttina til hennar og Sigurður Óli fylgdi í humátt á eftir honum.

– Ég fyrirgef þér þetta aldrei, sagði Elín við Erlend. Presturinn stóð við hliðina á henni. Aldrei! sagði hún. Þú mátt vita það.

– Ég skil það, sagði Erlendur, en rannsóknin gengur fyrir.

– Rannsóknin! Tröll éti þína rannsókn, hvæsti Elín. Hvert ferðu með líkið?

– Til Reykjavíkur.

– Og hvenær skilarðu því?

– Eftir tvo daga.

– Sjáðu hvað þú hefur gert við gröfina hennar, stundi Elín ráðbrota í uppgjafartón eins og hún hefði ekki enn skilið til fulls hvað gerst hafði. Hún gekk framhjá Erlendi í átt að legsteininum og litlu girðingunni, blómavasanum og opinni gröfinni.

Erlendur ákvað að segja henni frá skilaboðunum sem fundust í íbúð Holbergs.

– Það var skilin eftir orðsending hjá Holberg þegar við fundum hann, sagði Erlendur og gekk á eftir Elínu. Við fengum lít-

inn botn í hana þar til Auður kom til sögunnar og við töluðum við gamla lækninn hennar. Íslenskir morðingjar skilja yfirleitt ekki neitt eftir sig nema sóðaskap en sá sem myrta Holberg vildi gefa okkur eitthvað til þess að brjóta heilann um. Þegar læknirinn talaði um möguleika á erfðasjúkdómi fékk orðsendingin allt í einu ákveðna merkingu. Líka eftir það sem Elliði sagði mér í fangelsinu. Holberg á enga ættingja á lífi. Hann átti systur sem lést níu ára gömul. Sigurður Óli hérna, sagði Erlendur og benti á féлага sinn, hafði uppi á læknaskýrslunum um hana og það var rétt sem Elliði hélt. Hún dó eins og Auður af völdum heilæxlis. Mjög líklega úr sama sjúkdómi.

– Hvað ertu að segja? Hvaða orðsending var þetta? spurði Elín.

Erlendur hikaði. Hann leit á Sigurð Óla sem leit á Elínu og svo aftur á Erlend. Þeir horfðust í augu andartak.

– Ég er hann, sagði Erlendur.

– Hvað áttu við?

– Þannig hljómaði orðsendingin: *Ég er hann*. Með áherslu á síðasta orðið. HANN.

– Ég er hann, endurtók Elín. Hvað þýðir það?

– Það er ómögulegt að segja í rauninni en ég velti því fyrir mér hvort það bendi til einhvers konar skyldleika, sagði Erlendur. Sá sem skrifaði *ég er hann* hefur talið sig eiga eitthvað sammerkt með Holberg. Þetta gætu líka verið órar í einhverjum vitleysingi sem ekkert þekkti til Holbergs. Óskiljanlegt bull. En ég held ekki. Ég held að sjúkdómurinn hjálpi okkur. Ég held að við verðum að komast að því hver hann var nákvæmlega.

– Hvers konar skyldleika?

– Holberg átti ekki börn samkvæmt opinberum gögnum. Auður var ekki kennd við hann. Hún var aðeins Kolbrúnardóttir. En ef það er satt sem Elliði segir, að Holberg hafi nauðgað fleirum en Kolbrúnu og þær ekki sagt frá því, er allt eins líklegt

að hann eigi fleiri börn. Að Kolbrún sé ekki eina fórnarlambið sem eignaðist barn hans. Við höfum þrengt leitina að hugsanlegu fórnarlambi á Húsavík niður í þær konur sem eignuðust börn á ákvednu tímabili og erum vongóðir um að eitthvað komi út úr því fljótlega.

– Húsavík?

– Hitt fórnarlamb Holbergs mun hafa verið þaðan.

– Hvað með erfðasjúkdóminn? sagði Elín. Hvaða sjúkdómur er það? Er það sjúkdómurinn sem banaði Auði?

– Við eigum eftir að skoða Holberg, staðfesta að hann hafi verið faðir Auðar og koma þessu öllu heim og saman. En ef kenningin er rétt er líklega um sjaldgæfan sjúkdóm að ræða sem berst með erfðum.

– Og var Auður með hann?

– Það má vera að of langt sé liðið frá láti hennar til þess að hægt sé að fá fullnægjandi niðurstöðu en við verðum að reyna það.

Þau höfðu gengið upp að kirkjunni, Elín við hliðina á Erlendi en Sigurður Óli fylgdi þeim. Elín réð ferðinni. Kirkjan var opin, þau stigu inn úr rigningunni og stóðu í fordyrinu og horfðu út í skammdegið.

– Ég held að Holberg hafi verið faðir Auðar, sagði Erlendur. Ég hef í raun enga ástæðu til þess að véfengja orð þín og það sem þú hefur eftir systur þinni. En við þurfum á staðfestingu að halda. Það er nauðsynlegt frá sjónarhóli lögreglurannsóknarinnar. Ef um erfðasjúkdóm er að ræða, sem hún hefur fengið frá Holberg, gæti hann legið víðar. Það er hugsanlegt að sjúkdómurinn tengist morðinu á Holberg.

Þau tóku ekki eftir bíl sem renndi hægt í burtu frá kirkjugarðinum eftir gömlum vegarslóða, ljóslaus og illskýnilegur í myrkrinu. Þegar hann kom niður í Sandgerði jókst hraðinn, ljósin kviknuðu



og brátt hafði hann náð sendibifreiðinni með kistunni. Á Keflavíkurveginum gætti bílstjórinn þess að hafa tvo og stundum þrjá bíla á milli sín og sendibifreiðarinnar. Þannig elti hann kistuna til Reykjavíkur.

Þegar sendibifreiðin stansaði framan við líkhúsið á Barónsstígnum lagði hann bílnum í nokkurri fjarlægð og fylgdist með þegar kistan var borin inn í húsið og dyrnar lokaðust á eftir henni. Hann horfði á sendibifreiðina renna í burtu og sá þegar konan sem fylgt hafði kistunni kom út úr líkhúsinu og steig upp í leigubíl.

Þegar allt var orðið kyrrt aftur renndi hann hljóðlega í burtu.

## 19

Marion Briem tók á móti honum í dyrunum. Erlendur hafði ekki gert boð á undan sér. Hann kom beint frá Sandgerði og ákvað að tala við Marion áður en hann kæmi sér heim. Klukkan var sex og úti var kolniðamyrkur. Marion bauð Erlendi inn og bað hann að afsaka ruslið í kringum sig. Íbúðin var lítil, stofa, svefnherbergi, bað og eldhús, og hún bar vott um hirðuleysi einbúans, ekki ósvipað og íbúð Erlends. Dagblöð, tímarit og bækur voru á víð og dreif í stofunni, gólfteppið var slitið og skítugt, tau hafði safnast upp við vaskinn í eldhúsinu. Ljós frá borðlampa lýsti af veikum mætti upp myrkvaða stofuna. Marion sagði Erlendi að ryðja blöðum úr einum stólnum á gólfid og fá sér sæti.

– Þú sagðir mér ekki að þú hefðir komið að málinu á sínum tíma, sagði Erlendur.

– Ekki eitt af mínum stærstu afrekum, sagði Marion og kveikti sér í smávindli úr lítilli öskju, smáum, nettum höndum, sársaukafullur svipur í andlitinu, höfuðið var stórt en líkamsbyggingin fínleg að öðru leyti. Erlendur afþakkaði. Hann vissi að Marion fylgdist enn vel með þeim málum sem vöktu áhuga, lagði sig eftir upplýsingum frá gömlum samstarfsmönnum sem enn störfuðu í lögreglunni og lagði jafnvel sitthvað til málanna ef svo bar undir.

– Þú vilt fá að vita meira um Holberg, sagði Marion.

– Og vini hans, sagði Erlendur og settist eftir að hafa rutt blaðabunka til hliðar. Og um Rúnar í Keflavík.

– Já, Rúnar í Keflavík, sagði Marion. Hann ætlaði einu sinni að drepa mig.

– Ekki líklegur til þess í dag, hróíð, sagði Erlendur.

– Þú hefur þá hitt hann, sagði Marion. Hann er með krabba-mein, vissirðu það? Spurning um vikur frekar en mánuði.

– Vissi það ekki, sagði Erlendur og sá fyrir sér magurt og beinabert andlit Rúnars. Sultardropann í nefinu þar sem hann rakaði saman laufinu í garðinum.

– Hann átti gríðarlega öfluga vini í ráðuneytinu. Þess vegna lafði hann. Ég mælti með brottvikningu. Hann fékk áminningu.

– Manstu eitthvað eftir Kolbrúnu?

– Aumasta fórnarlamb sem ég hef séð á ævinni, sagði Marion. Ég kynntist henni ekki mikið en vissi að hún gat ekki logið nokkrum sköpuðum hlut. Hún bar þetta upp á Holberg og lýsti meðferðinni sem hún fékk hjá Rúnari og þú þekkir. Það stóð orð gegn orði í Rúnarsmálinu en framburður hennar var trúverðugur. Hann hefði ekki átt að vísa henni heim hvað sem líður sögunni um nærbuxurnar. Holberg nauðgaði henni. Það var borðleggjandi. Ég leiddi þau saman, Holberg og Kolbrúnu. Og það fór ekkert á milli mála.

– Leiddir þau saman?

– Það voru mistök. Ég hélt að það mundi hjálpa. Aumingja konan.

– Hvernig þá?

– Ég lét það líta út eins og tilviljun eða óhapp. Ég gerði mér ekki grein fyrir ... Ætti ekki að vera að segja þér frá þessu. Ég var stopp í rannsókninni. Hún sagði eitt og hann sagði annað. Ég kallaði þau bæði fyrir í einu og sá til þess að þau mættust.

– Hvað gerðist?

– Hún varð sefasjúk og við urðum að sækja lækni. Ég hafði aldrei séð neitt þvílíkt. Og hef ekki séð síðan.

– En hann?

– Stóð bara og glotti.

Erlendur þagði.

– Heldurðu að hann hafi átt barnið?

Marion yppti öxlum.

– Kolbrún hélt því alltaf fram.

– Talaði Kolbrún við þig um aðra konu sem Holberg nauðgaði á undan henni? spurði Erlendur loks.

– Var önnur?

Erlendur rakti það sem Elliði hafði sagt og brátt var hann búinn að lýsa helstu atriðum rannsóknarinnar. Marion Briem sat og reykti litla vindilinn og hlustaði. Augun störfu á Erlend, lítil, vökul og stingandi. Þau misstu ekki af neinu. Þau sáu fyrir fram- an sig þreytulegan, miðaldra mann með dökka bauga undir augunum, nokkurra daga skeggbrodda á vöngunum, þykkar augabrúnir sem stóðu beint út í loftið, mórauðan hárlubba sem var í einni bendu, sterklegar tennur sem komu stundum í ljós undan blóðlitlum vörum, mæðusvip í andliti sem hafði orðið vitni að öllu því versta sem finnst í mannsorpinu. Í augum Marion Briem mátti greina meðaumkun og dapurlega vissu um að þau væru að horfa á sína eigin spegilmynd.

Erlendur hafði verið undir handleiðslu Marion Briem þegar hann hóf störf hjá rannsóknarlögreglunni og allt sem hann lærði fyrstu árin kenndi Marion honum. Eins og Erlendur hafði Marion aldrei gegnt stöðu yfirmanns innan lögreglunnar heldur alltaf stundað hefðbundin rannsóknarlögreglustörf og bjó að gríðarlegri reynslu. Minnið var óbrigðult og hafði í engu bilað með árunum. Allt sem augu og eyru námu var flokkað, skráð og vistað í takmarkalaus geymslurými heilans og kallað fram án minnstu áreynslu þegar á þurfti að halda. Marion gat rifjað upp gömul mál í minnstu smáatriðum, hafsjór fróðleiks um hvaðeina sem laut að íslenski glæpasögu. Ályktunarhæfnin var hvöss og hugsunin rökföst.

Sem starfsfélagi var Marion Briem óþolandi smámunasamt, kröfuhart og óþolinmótt kvikindi, eins og Erlendur komst að orði við Evu Lind eitt sinn þegar viðfangsefnið bar á góma. Djúpar væringar höfðu staðið á milli hans og gamla lærimeistarans um árabíl og þar kom að varla fór orð á milli þeirra tveggja.

Erlendur skynjaði þetta þannig að hann hefði á einhvern óútskýrðan hátt valdið Marion vonbrigðum. Honum fannst Marion sýna það með æ ljósari hætti þar til lærimeistarinn hvarf loks frá störfum fyrir aldurs sakir, Erlendi til nokkurs léttis.

Eftir að Marion hætti var eins og sambandið milli þeirra lagðist aftur. Spennan minnkaði og keppnisandinn hvarf að mestu.

– ... og þess vegna datt mér í hug að líta til þín og vita hvað þú myndir um þá Holberg, Elliða og Grétar, sagði Erlendur að lokum.

– Þú ert þó ekki að gera þér vonir um að finna Grétar eftir öll þessi ár? sagði Marion og undrunartónninn leyndi sér ekki. Erlendi fannst hann greina áhyggjusvip á andlitinu eitt andartak.

– Hvað komstu langt með það?

– Ég komst ekki neitt enda hafði ég það bara sem íhlaupa- verk, sagði Marion. Erlendur gladdist andartak þegar honum fannst eins og vottaði fyrir afsökunartón. Hann hvarf líklega um sömu helgi og þjóðhátíðin var haldin á Þingvöllum. Ég ræddi við móður hans og vini, Elliða og Holberg, og samstarfsmenn. Grétar vann hjá Eimskip við uppskipun þegar hann hvarf. Menn héldu helst að hann hefði farið í sjóinn. Þeir sögðu að það hefði ekki farið framhjá þeim ef hann hefði hrapað niður í lestarnar.

– Hvar voru Holberg og Elliði um það leyti sem Grétar hvarf? Manstu það?

– Þeir sögðust báðir hafa verið á þjóðhátíðinni og við gátum staðfest það. En það var auðvitað óvíst hvenær Grétar hvarf nákvæmlega. Það hafði enginn séð til hans í tvær vikur þegar móðir hans hafði samband við okkur. Hvað ertu að hugsa? Er komið eitthvað nýtt fram um Grétar?

– Nei, sagði Erlendur. Og ég er ekki að leita að honum. Ef hann hefur ekki skyndilega skotið upp kollinum og myrt sinn gamla vin Holberg í Norðurmýrinni má hann vera horfinn að ei-

lífu mín vegna. Ég er að reyna að gera mér grein fyrir hvers konar mannsöfnuður þetta var, Holberg, Elliði og Grétar.

– Þetta voru ræflar. Allir. Þú þekkir sjálfur Elliða. Grétar var ekki hótinu skárri. Meiri aumingi. Ég þurfti einu sinni að eiga við hann út af innbroti og mér sýndist ömurlegur smákrimmaferill í uppsiglingu. Þeir unnu saman hjá Vita- og hafnamálaskrifstofunni. Þannig kynntust þeir. Elliði var heimski sadistinn. Efndi til slagsmála hvenær sem hann gat. Níddist á minni máttar. Hefur ekkert breyst, að mér skilst. Holberg var eins konar leiðtogi í hópnum. Greindastur þeirra. Fór létt út úr þessu máli með Kolbrúnu. Þegar ég fór að spyrjast fyrir um hann á sínum tíma voru menn tregir til frásagnar. Grétar var auminginn sem hékk utan í þeim, pasturslítill og ragur, en ég fékk á tilfinninguna að hann væri ekki allur þar sem hann var séður.

– Þekktust þeir Rúnar og Holberg?

– Ekki held ég það.

– Við höfum ekki birt neitt um það opinberlega ennþá, sagði Erlendur, en við fundum orðsendingu ofan á líkinu.

– Orðsendingu?

– Morðinginn skrifaði *ég er hann* á blað og lagði ofan á Holberg.

– Ég er hann?

– Bendir það ekki til skyldleika?

– Nema þetta sé messíasarkomplex. Bilaður guðsmaður.

– Ég vil frekar tengja það skyldleika.

– Ég er hann? Hvað segir maður með því? Hver eru skilaboðin?

– Ég vildi að ég vissi það, sagði Erlendur.

Hann stóð upp og setti á sig hattinn, sagðist þurfa að koma sér heim. Marion spurði hvernig Eva Lind hefði það, Erlendur sagði að hún væri að fást við sín vandamál. Marion fylgdi honum til dyra og opnaði fyrir honum. Þétt handtak í dyrunum. Þegar Erlendur gekk niður tröppurnar kallaði Marion á hann.

– Erlendur! Bíddu snöggvast, Erlendur.

Erlendur sneri sér við og leit upp í dyrnar og sá Marion standa í dyrunum og hann sá hvernig ellin hafði sett mark sitt á virðulegt yfirbragðið, hvernig lotnar herðarnar drógu úr reisininni og hrukkurnar í andlitinu vitnuðu um erfitt líf. Það var langt síðan hann hafði komið í þetta hús og hann hafði hugsað um það, á meðan hann sat gegnt Marion í stólnum, hvernig tíminn leikur fólk.

– Láttu ekki það sem þú kemst að um Holberg ganga of nærri þér, sagði Marion Briem. Láttu hann ekki drepa neitt í þér sem þú vilt ekki missa. Láttu hann ekki hafa sigur. Það var ekki annað.

Erlendur stóð kyrr í rigningunni, óviss um hvað ráðgjafi hans var að meina. Marion Briem kinkaði kolli til hans.

– Hvaða innbrot var þetta? kallaði Erlendur áður en hurðin féll að stöfum.

– Innbrot? hváði Marion og dyrnar opnuðust á ný.

– Sem Grétar framdi. Hvar braust hann inn?

– Ljósmyndavöruverslun. Hann var víst með einhverja dellu fyrir ljósmyndum, sagði Marion Briem. Tók myndir.

Tveir menn, báðir í leðurjökkum og svörtum leðurskóm reimuðum upp á kálfana, knúðu dyra og trufluðu Erlend þar sem hann dró ýsur í hægindastólnum heima hjá sér síðar um kvöldið. Hann kom heim, kallaði á Evu Lind án þess að fá svar og settist ofan á kjúklingabitana sem lágu í stólnum frá því hann svaf á þeim nóttina áður. Mennirnir tveir spurðu eftir Evu Lind. Erlendur hafði aldrei séð þá áður og ekki séð dóttur sína frá því hún gaf honum kjötsúpuna góðu. Þeir voru fólkskulegir á svipinn þegar þeir spurðu Erlend að því hvar þeir gætu náð í hana og reyndu að sjá inn í íbúðina án þess beinlínis að troða sér framhjá honum. Erlendur spurði hvað þeir vildu dóttur hans. Þeir spurðu hvort

hann væri að fela hana inni hjá sér, hórkarlinn. Erlendur spurði hvort þeir væru handrunkarar. Þeir sögðu honum að halda kjafti. Hann sagði þeim að drullast í burtu. Þeir sögðu honum að éta skít. Þegar hann ætlaði að loka á þá setti annar þeirra hnéð inn fyrir dyrakarminn. Dóttir þín er helvítis tussa, hrópaði hann. Hann var í leðurbuxum.

Erlendur dæsti.

Þetta hafði verið langur og leiðinlegur dagur.

Hann heyrði hnéð brotna í sundur þegar hurðin skall á því af því líku afli að efri lamirnar rifnuðu úr falsinu.



Sigurður Óli velti því fyrir sér hvernig hann ætti að orða spurninguna. Hann hélt á lista með nöfnum tíu kvenna sem búið höfðu á Húsavík fyrir og eftir 1960 en voru fluttar til Reykjavíkur. Tvær á listanum voru látnar. Tvær höfðu aldrei eignast börn. Sex voru mæður og höfðu eignast börn á því tímabili sem líklegt þótti að nauðgunin hefði átt sér stað. Sigurður Óli var kominn til þeirrar fyrstu. Hún bjó í Barmahlíð. Fráskilin. Átti þrjá syni uppkomna.

En hvernig átti hann að orða spurninguna frammi fyrir þessum roskennum? Fyrirgefðu frú, en ég er frá lögreglunni og hef verið sendur til þess að spyrja þig að því hvort þér hafi nokkru sinni verið nauðgað á Húsavík þegar þú áttir þar heima. Hann ræddi þetta við Elínborgu, sem var með lista yfir tíu aðrar konur, en hún skildi ekki vandamálið.

Sigurður Óli leit svo á að framkvæmdin sem Erlendur hafði sett í gang væri til einskis. Jafnvel þótt svo vildi til að Elliði segði satt og staður og tími passaði og þau hittu loksins eftir mikla leit á þá réttu, hverjar voru líkurnar á því að hún segði frá nauðguninni? Hún hafði þagað um hana í mannsaldur. Hvers vegna ætti hún að fara að tala um hana núna? Það eina sem hún þurfti að segja, þegar Sigurður Óli eða einhver annar af þeim fimm rannsóknarlögreglumönnum sem höfðu á sér sams konar lista, bankaði upp á hjá henni var „nei“ og þeir gætu lítið sagt annað en „afsakaðu ónæðið“.

– Þetta er spurning um viðbrögð, notaðu sálfræðina, hafði Erlendur sagt þegar Sigurður Óli reyndi að gera honum grein fyrir vandamálinu. Reyndu að komast inn til þeirra, setjast niður, þiggja kaffi, spjalla, vertu kerlingarlegur.

– Sálfræðina! hnussaði í Sigurði Óla þegar hann steig úr úr bíln-

um í Barmahlíðinni og hugurinn leitaði til sambýliskonu hans, Bergþóru. Hann vissi ekki einu sinni hvernig hann átti að nota „sálfræðina“ á hana. Þau höfðu hist við óvenjulegar aðstæður nokkru áður, þegar Bergþóra var vitni í erfiðu máli og eftir stutt tilhugalíf ákváðu þau að byrja að búa. Í ljós kom að þau áttu ágætlega saman, höfðu svipuð áhugamál og höfðu bæði áhuga á að koma sér upp fallegu heimili með sérvöldum húsgögnum og listmunum, í hjarta sínu uppar. Þau kysstust þegar þau hittust aftur eftir langan vinnudag. Gáfu hvort öðru litlar gjafir. Opnuðu jafnvel vínflösku. Stundum fóru þau beint í rúmið þegar þau komu heim úr vinnunni en úr því hafði dregið talsvert í seinni tíð.

Það var eftir að hún gaf honum ósköp venjuleg, finnsk vaðstígvél í afmælisgjöf. Hann reyndi að geisla af gleði en vantrúar-svipurinn sat of lengi framan í honum og hún sá að eitthvað var að. Brosið var falskt þegar það loksins lét sjá sig.

– Af því að þú átt engin, sagði hún.

– Ég hef ekki átt vaðstígvél síðan ég var ... tíu ára, sagði hann.

– Ertu ekkert ánægður? spurði hún.

– Mér finnst þetta frábært, sagði Sigurður Óli og vissi að hann svaraði ekki spurningunni. Hún vissi það líka. Nei, í alvöru, bætti hann við og fann hvernig hann bjó sér kalda gröf. Þetta er æðislegt.

– Þú ert ekkert ánægður með þau, sagði hún niðurdregin.

– Jújú, sagði hann, ennþá utangátta því hann gat ekki hætt að hugsa um þrjátíupúsundkróna armbandsúrið sem hann gaf henni í afmælisgjöf og hafði verið viku að kaupa eftir umfangsmikla könnunarleiðangra um allan bæ og viðræður við úrsmiði um tegundir, gullhúðun, úrverk, festingar, vatnsheldni, Sviss og gauksklukkur. Hann hafði beitt allri sinni hæfni sem rannsóknarlögreglumaður til þess að finna rétta armbandsúrið, fann það á endanum og hún var yfir sig hrifin, gleði hennar og ánægja var fólksvalaus.

Svo sat hann fyrir framan hana með brosið frosið framan í sér

og reyndi að sýnast virkilega glaður en bara gat það ekki fyrir sitt litla líf.

– Sálfræðina! hnussaði í Sigurði Óla.

Hann hringdi bjöllunni þegar hann var kominn upp á hæðina í Barmahlíðinni og bar upp spurninguna af eins mikilli sálfræðilegri djúpt og honum var unnt en mistókst það hrappallega. Hann vissi ekki fyrr en hann var búinn að spyrja konuna í flaustri þarna frammi á dyrapallinum hvort henni hefði ef til vill einhvern tíma verið nauðgað.

– Hvaða helvítis vitleysa er þetta eiginlega, sagði frúin, stríðsmáluð í framan, með glingur á fingrum og grimmdarlegan svip, sem aldrei virtist slakna neitt á. Hver ert þú? Hvers konar dónaskapur er nú þetta?!

– Nei, afsakaðu, stundi Sigurður Óli og var horfinn á andartaki niður stigann aftur.

Elínborgu gekk betur enda hafði hún hugann við starfið og var ófeimin við að kjafta sig inn á fólk. Hennar sérgrein var matreiðsla, hún var óvenju áhugasamur og góður kokkur og átti ekki í vandræðum með að brydda upp á umræðuefni. Ef svo bar undir spurði hún hvaða æðislegi matarilmur þetta væri sem barst úr íbúðum og fólk, sem jafnvel hafði ekki lifað á öðru en poppkorni í viku, tók henni fagnandi.

Hún sat nú í stofu í kjallaraíbúð í Breiðholtinu og þáði kaffisopa af rosknium Húsvíkingi, ekkju til margra ára og móður tveggja uppkominna barna. Hún hét Sigurlaug og var síðasta nafnið á lista Elínborgar. Henni hafði veist létt að orða viðkvæma spurninguna og bað viðmælendur sína að hafa samband við sig ef þær heyrðu eitthvað í sínum hópi, húsvískar kjaftasögur ef ekki vildi betur til.

– ... og þess vegna erum við að leita að konu frá Húsavík á þínum aldri sem gæti hafa þekkt Holberg á þessum tíma og jafnvel lent í vandræðum með hann.

– Ég man ekki eftir neinum manni á Húsavík sem hét Holberg, sagði konan. Hvers konar vandræði áttu við?

– Holberg var aðkomumaður á Húsavík, sagði Elínborg, svo það þarf ekki að vera að þú munir neitt eftir honum. Hann bjó aldrei þar. Og þetta var líkamsárás. Við vitum að hann réðst á konu í bænum fyrir áratugum síðan og við erum að reyna að hafa uppi á henni.

– Þið hljótið að hafa þetta í skýrslum hjá ykkur.

– Árásin var aldrei kærð.

– Hvernig árás?

– Nauðgun.

Konan tók ósjálfrátt fyrir munn sér og augun stækkuðu um helming.

– Drottinn minn! sagði hún. Það veit ég ekkert um. Nauðgun! Guð minn góður! Ég hef aldrei heyrt um neitt slíkt.

– Nei, það virðist hafa farið mjög leynt, sagði Elínborg. Hún skaut sér fimlega undan nærgöngulum spurningum konunnar sem vildi vita smáatriði málsins og talaði um rannsókn á frumstigi og sögusagnir einar. Ég var að velta því fyrir mér, sagði hún svo, hvort þú þekkir einhverja sem gætu vitað um þetta mál. Konan gaf henni upp nöfn tveggja vinkvenna sinna frá Húsavík sem hún sagði að misstu aldrei af neinu. Elínborg skráði niður nöfn þeirra, sat enn nokkra stund til þess að vera ekki dónaleg og kvaddi síðan.

Erlendur var með skurð á enninu sem hann hafði plástrað sjálfur. Annar gestanna frá kvöldinu áður lá óvígur eftir að hann skellti hurðinni á hnéd á honum svo hann féll emjandi í gólfíð. Hinn starði á aðfarirnar í forundran og vissi ekki fyrr til en Erlendur var kominn upp að honum úti á stigapallinum og hrinti honum, án þess að hika eitt andartak, aftur á bak niður stigann. Honum tókst að grípa í stigahandriðið og varna því að hann lenti

á tröppunum. Honum þótti Erlendur ekki árennilegur í stigaopinu, með bólgið og blóðugt ennið, leit andartak á féлага sinn liggjandi í gólfinu með harmkvælum, aftur á Erlend og ákvað að láta sig hverfa. Hann var varla meira en tvítugur.

Erlendur hringdi á sjúkrahúsi og á meðan þeir biðu eftir honum fékk hann að vita hvað þeir vildu Evu Lind. Maðurinn var tregur í fyrstu en þegar Erlendur bauðst til þess að líta á hnéð á honum varð hann strax málgefnari. Þeir voru handrukkarar. Eva Lind skuldaði bæði peninga og dóp einhverjum manni sem Erlendur hafði aldrei heyrt um.

Erlendur útskýrði ekki plásturinn fyrir nokkrum manni þegar hann sneri til vinnu daginn eftir og það var enginn sem þorði að spyrja um hann. Hurðin hafði næstum rotað hann þegar hún hrökk til baka af fæti rukkarans og skall í hausinn á honum. Hann verkjaði illilega í ennið og hafði þungar áhyggjur af Evu Lind og gat lítið sofíð um nóttina, dottaði klukkutíma og klukkutíma í stólnum og vonaði að dóttir sín sneri aftur áður en komið væri í óefni. Hann stoppaði rétt nógu lengi á skrifstofunni til þess að komast að því að Grétar hafði átt systur og að móðir hans var enn á lífi, vistmaður á elliheimilinu Grund.

Eins og hann hafði sagt Marion Briem var hann ekki að leita að Grétari sérstaklega, ekki frekar en týndu stelpunni úr Garðabænum, en hann hélt það skaðaði ekki að vita meira um hann. Grétar hafði verið í partíinu nóttina sem Kolbrúnu var nauðgað. Kannski hafði hann skilið eftir sig minningu frá því kvöldi, smáatriði sem hann hafði látið út úr sér. Hann bjóst ekki við því að finna neitt nýtt um hvarfið, Grétar mátti hvíla í friði hvar sem var hans vegna, en Erlendur hafði lengi haft áhuga á íslenskum mannhvörfum. Það lá hrollvekjja á bak við hvert og eitt þeirra en það var líka eitthvað undarlega heillandi í hans huga við fólk sem jörðin gleypri án þess að nokkur vissi hvers vegna.

Móðir Grétars var níræð og blind. Erlendur ræddi stuttlega

við forstöðukonu elliheimilisins, sem átti erfitt með að taka augun af enni hans, og fékk að vita að Theodóra var með elstu vistmönnum heimilisins og í hópi þeirra sem höfðu dvalið þar lengst, fyrirmyndarkona í alla staði, elskuð og dáð af starfsfólki og öðrum vistmönnum.

Erlendi var fylgt inn til Theodóru og hann kynntur fyrir henni. Gamla konan sat í hjólástól í herbergi sínu, klædd slopp, með ullarteppi yfir sér, sitt grátt hárið í einni stórri fléttu sem náði niður eftir stólbakinu, kroppurinn samanfallinn, hendurnar beinaberar og andlitið góðlegt. Fátt var af persónulegum eigum. Ljósmynd af John F. Kennedy, forseta Bandaríkjanna, hékk í ramma yfir rúminu hennar. Erlendur settist á stól fyrir framan hana og horfði í augun sem sáu ekki lengur og sagðist vilja ræða um Grétar. Heyrnin virtist vera í góðu lagi og hugsunin skýr. Hún sýndi engin undrunarmerki en kom sér beint að efninu eins og hún hafði sjálfsagt ætíð gert. Erlendi var sagt að hún væri Skagfirðingur. Hún talaði með þykkum norðlenskum hreim.

– Hann Grétar minn var enginn fyrirmyndarpiltur, sagði hún. Ef ég á að segja alveg eins og er þá var hann óttalegur aumingi. Ekki veit ég hvaðan hann hafði það. Þjófóttur og ómerkilegur. Í slagtogi við aðra aumingja og trosalýð, ótæti allt. Erud þið búnir að finna hann nokkuð?

– Nei, sagði Erlendur. Vinur hans einn var myrtur nýlega. Holberg. Þú hefur kannski heyrt um það.

– Þekki það ekki. Var honum stútað, sagðirðu?

Erlendur kímdi og í fyrsta skipti í langan tíma sá hann ástæðu til þess að brosa.

– Á heimili sínu. Þeir unnu saman í gamla daga, hann og sonur þinn. Hjá Vita- og hafnamálum.

– Það síðasta sem ég sá af honum Grétari mínum, og þá hafði ég ennþá prýðilega sjón, var þegar hann kom heim til mín þjóðhátíðarsumarið og stal af mér peningum sem ég átti í buddu og

svolitlu silfri. Ég komst ekki að því fyrr en hann var farinn aftur að aurarnir voru horfnir. Og svo hvarf Grétar sjálfur. Eins og honum hefði líka verið stolið. Veist þú hver stal honum?

– Nei, sagði Erlendur. Veistu nokkuð hvað hann var að bauka fyrir hvarfið? Hverja hann var í sambandi við?

– Ekki hugmynd, sagði gamla konan. Ég vissi aldrei hvað Grétar var að bauka. Sagði ykkur það á sínum tíma.

– Vissirðu að hann tók myndir?

– Já. Hann tók myndir. Hann var alltaf að taka þessar myndir. Ég veit ekki til hvers. Hann sagði mér að myndirnar væru speglar tímans en ég hafði ekki hugmynd um hvað hann var að tala.

– Var það ekki háfleygt fyrir Grétar?

– Ég heyrði hann aldrei tala svona.

– Síðasta heimilisfang hans var við Bergstaðastrætið þar sem hann leigði herbergi. Hvað varð um eigur hans, myndavélina og filmurnar, veistu það?

– Hún Klara mín veit það kannski, sagði Theodóra. Dóttir mín. Hún mokaði út úr herberginu hans. Fleygði öllu draslinu, held ég.

Erlendur stóð upp og hún fylgdi hreyfingu hans með höfðinu. Hann þakkaði henni fyrir aðstoðina, sagði að hún hefði verið mikils virði og vildi hrósa henni fyrir hvað hún liti vel út og væri skýr í kollinum en gerði það ekki. Vildi ekki tala við hana eins og barn. Hann leit upp eftir veggnum ofan við rúmið hennar á ljósmyndina af Kennedy og gat ekki stillt sig um að spyrja.

– Hvers vegna ertu með mynd af Kennedy yfir rúminu þínu? sagði hann og horfði í tóm augun.

– Æi! stundi Theodóra, ég habbði mætur á honum þá hann libbði.

## 21

Líkin lágu hlið við hlið á köldum skurðarborðum líkgeymslunnar við Barónsstíg. Erlendur reyndi að leiða ekki hugann að því hvernig hann hafði sameinað föður og dóttur í dauðanum. Búkur Holbergs hafði þegar verið krufinn og rannsakaður en beið enn frekari athugana sem beinast mundu að erfðasjúkdómi og skyldleikakönnun við Auði. Erlendur tók eftir að fingur hans voru svartir. Tekin höfðu verið fingraför af honum látnum. Líkið af Auði lá vafið í hvítan léreftsdúk á borði við hlið Holbergs. Enn hafði ekki verið hreyft við henni.

Erlendur þekkti ekki réttarlækninn og sá lítið af honum. Hann var hávaxinn, með stórar hendur innan undir þunnum plasthönskum, klæddur hvítri svuntu utan yfir grænan slopp, sem hnýttur var að aftan, og í grænum buxum úr sama efni. Hann var með grisju fyrir munnum og bláa plasthettu á höfðinu. Á fótunum hafði hann hvíta strigaskó.

Erlendur hafði áður komið í líkhúsið og leið alltaf jafnilla. Lyktin af dauðanum fyllti vit hans og settist í fötin, lyktin af formalíni og sóttthreinsiefnum og skelfilegur þefurinn af dauðum líkómum sem höfðu verið opnaðir. Sterkir flúrlampar héngu niður úr loftinu og vörpuðu skjannahvítri birtu um gluggalausan salinn. Stórar, hvítar flísar voru á gólfinu og veggirnir flísalagðir til hálfis en efri hlutinn málaður hvítri plastmálningu. Uppi við þá stóðu borð með smásjám og öðrum rannsóknartækjum. Á veggjunum voru skápar, sumir með glerhurðum, og sást í áhöld og krukkur sem Erlendur bar ekkert skynbragð á. Hins vegar skildi hann hlutverk hnífanna, tanganna og saganna sem lágu í snyrtilegri röð á löngu áhaldaborði.

Erlendur tók eftir ilmspjaldi sem hékk niður úr flúrlampa ofan við annað skurðarborðið. Það sýndi baðstrandarstúlku í rauðu bikini á hlaupum eftir hvítum sandi. Segulbandstæki var



á einu borðinu og nokkrar spólur þar hjá. Klassísk tónlist barst frá tækinu. Mahler, hélt Erlendur. Matarbakki læknisins stóð á borði, við hliðina á einni smásjóni.

– Hún er löngu hætt að gefa frá sér lykt, stelpa, en kroppurinn er enn í góðu lagi, sagði læknirinn og leit yfir til Erlends þar sem hann stóð við dyrnar eins og hann hikaði við að stíga inn í uppljómað herbergi dauða og rotnunar.

– Ha? sagði Erlendur og hafði ekki augun af hvítu þústinni. Það var einhver glaðhlakkalegur tónn í lækninum sem hann skildi ekki.

– Bikinistelpa, meina ég, sagði læknirinn og kinkaði kolli að ilmspjaldinu. Ég þarf að ná mér í nýtt spjald. Líklega venst maður aldrei lyktinni. Komdu inn fyrir. Vertu ekki hræddur. Þetta eru bara kjötleifar. Hann veifaði hníf yfir bók Holbergs. Engin sál, ekkert líf, bara kjötskrokkur. Trúir þú á drauga?

– Ha? sagði Erlendur aftur.

– Heldurðu að sálir þeirra séu að fylgjast með okkur? Heldurðu að þær séu á sveimi hér um herbergið eða heldurðu að þær hafi sest að í öðrum líkama? Endurfæðst. Trúir þú á líf eftir dauðann?

– Nei, ég geri það ekki, svaraði Erlendur.

– Maðurinn hérna lést eftir þungt högg á höfuðið sem reif gat á höfuðleðrið, braut upp höfuðkúpuna og sprengdi sér leið að heilanum. Mér sýnist að sá sem veitti höggið hafi staðið andspænis honum. Það er ekki ósennilegt að þeir hafi horfst í augu. Sá sem réðst á hann er líklega rétthentur, sárið er á vinstri hlið. Og hann er ágætlega á sig kominn líkamlega, ungur maður eða miðaldra, varla kona nema hún hafi unnið erfiðisvinnu. Höggið hefur dregið hann því sem næst samstundis til dauða. Hann hefur séð göngin og ljósið bjarta.

– Það eru miklar líkur á að hann hafi farið hina leiðina, sagði Erlendur.

– Nú. Maginn er nær tómur, leifar eftir egg og kaffi, ristillinn fullur. Hann þjáðist, ef það er ekki of sterkt til orða tekið, af harðlífi. Ekki óalgengt á þessum aldri. Það hefur enginn gert tilkall til búksins, skilst mér, svo við höfum sótt um leyfi til þess að fá að nota hann í kennslu. Hvernig líst þér á það?

– Það er þá meira gagn að honum dauðum en þegar hann var á lífi.

Læknirinn leit á Erlend, gekk upp að einu borðinu og tók rauðleitt kjötflicki af stálbakka og hélt því uppi með annarri hendinni.

– Ég get ekki séð hvort menn voru góðir eða slæmir, sagði hann. Þetta getur alveg eins verið hjartað í dýrlingi. Það sem við þurfum að vita, ef ég skil þig rétt, er hvort það hafi pumpað spilltu blóði.

Erlendur horfði í forundran á lækninn halda á hjartanu úr Holberg og virða það fyrir sér. Horfði á hann handfjatla dauðan vöðvann eins og ekkert í heiminum væri sjálfsgaðara.

– Þetta er sterkt hjarta, hélt læknirinn áfram. Það hefði getað haldið áfram að pumpa í mörg ár enn, hefði getað gert eiganda sinn hundrað ára. Ekkert að því.

Læknirinn setti hjartað aftur á stálbakkann.

– Það er eitt svolítið athyglisvert við þennan Holberg okkar, sagði hann, án þess að ég hafi skoðað hann sérstaklega með tiliti til þess. Þú vilt líklega að ég geri það. Hann hefur ýmis væg einkenni sem benda til ákveðins sjúkleika. Ég fann lítið æxli í heilanum, góðkynja æxli sem hefur truflað hann eitthvað, og það eru á honum húðblettir, sérstaklega hérna undir höndunum.

– Kaffiblettir? sagði Erlendur.

– Café au lait, eru þeir kallaðir í fræðibókunum. Já, kaffiblettir. Veist þú eitthvað um það?

– Ekki neitt.

– Ég á eflaust eftir að finna fleiri einkenni þegar ég skoða hann nánar.

– Það var talað um kaffibletti á stelpunni. Hún fékk heilaæxli. Illkynja. Veistu hvaða sjúkdómur þetta er?

– Ég get ekkert sagt um það ennþá.

– Erum við að tala um erfðasjúkdóm?

– Ég veit það ekki.

Læknirinn gekk yfir að borðinu þar sem Auður lá.

– Hefurðu heyrt söguna um Einstein? spurði hann.

– Einstein? sagði Erlendur.

– Albert Einstein.

– Hvaða sögu?

– Furðuleg saga. Sönn. Thomas Harvey? Aldrei heyrt um hann? Krufningalæknir.

– Nei.

– Hann var á vakt þegar Einstein lést, hélt læknirinn áfram. Forvitinn náungi. Krufði líkið, en af því að þetta var Einstein gat hann ekki á sér setið og opnaði hausinn á honum og skoðaði heilann. Og hann gerði meira en það. Hann stal heila Einsteins.

Erlendur þagði. Hann botnaði hvorki upp né niður í lækninum.

– Tók hann heim með sér. Undarleg söfnunaráráttá í fólki, sérstaklega þegar frægir menn eiga í hlut. Harvey missti starfið þegar komst upp um þjófnaðinn og varð með árunum dularfull, eiginlega þjóðsagnakennd persóna. Það spunnust um hann sögur. Hann geymdi alltaf heilann heima hjá sér. Ég veit ekki hvernig hann komst upp með það, en ættingjar Einsteins voru sífellt að reyna að fá frá honum heilann, án árangurs. Þegar hann loks var kominn á efri ár samdi hann frið við ættingjana og ákvað að skila þeim heilanum. Setti hann í skottið á bílnum sínum og keyrði með hann þvert yfir Bandaríkin til barnabarns Einsteins í Kaliforníu.

– Er þetta satt?

– Dagsatt.

- Af hverju ertu að segja mér þetta? spurði Erlendur.
- Læknirinn lyfti lakinu af barnslíkinu og leit undir það.
- Það vantar í hana heilann, sagði hann og allt í einu var horf-  
inn af honum kæruleysissvipurinn.
- Ha? stundi Erlendur.
- Heilinn, sagði læknirinn, er ekki á sínum stað.

Erlendur skildi ekki það sem læknirinn sagði og horfði á hann eins og hann hefði ekki heyrt í honum. Hann áttaði sig ekki á því um hvað læknirinn var að tala. Hann horfði andartak niður á líkið en leit snöggt upp aftur þegar hann sá bein úr lítilli hendi koma undan lakinu. Hann treysti sér ekki til þess að geyma í huga sér myndina af því sem lá undir ábreiðunni. Hann vildi ekki vita hvernig jarðneskar leifar stúlkunnar litu út. Vildi ekki að myndin framkallaðist í hvert sinn sem honum yrði hugsað til hennar.

– Hún hefur verið opnuð áður, sagði réttarlæknirinn.

– Vantar heilann? stundi Erlendur.

– Hún hefur verið krufin á sínum tíma.

– Já, á sjúkrahúsinu í Keflavík.

– Hvenær dó hún?

– Árið 1968, sagði Erlendur.

– Og ef ég skil þetta rétt á Holberg að hafa verið faðir hennar en þau bjuggu ekki saman, foreldrar hennar?

– Stúlkan átti aðeins móður sína að.

– Var gefið leyfi fyrir því að nota líffæri úr henni til rannsókna? hélt læknirinn áfram. Veistu eitthvað um það? Gaf móðirin leyfi fyrir því?

– Það get ég ekki ímyndað mér, sagði Erlendur.

– Hann gæti hafa verið tekinn án leyfis. Hver annaðist hana þegar hún dó? Hver var læknirinn hennar?

Erlendur nefndi nafn Franks. Læknirinn varð hugsí.

– Ég get ekki sagt að mér sé alveg ókunnugt um svona tilvik. Skyldmenni eru stundum spurð að því hvort fjarlægja megi líffæri í rannsóknarskyni. Allt í nafni vísindanna, auðvitað. Við þurfum á því að halda. Líka í kennslu. Ég þekki dæmi þess að

ef engin skyldmenn eru til staðar eru tekin ákveðin líffæri til rannsókna áður en líkið er greftrað. En ég þekki fá dæmi um að líffærum sé beinlínis stolið ef skyldmenn eru með í ráðum.

– Hvernig getur vantað heilann? spurði Erlendur enn.

– Höfuðið hefur verið sagað í sundur og hann fjarlægður í einu lagi.

– Nei, ég meina ...

– Snyrtilega gert, hélt læknirinn áfram. Kunnáttumaður að verki. Það er skorið á mænuna í gegnum hálsinn hér aftan frá og heilinn losaður þannig.

– Ég veit að heilinn var rannsakaður út af heilæxli, sagði Erlendur. Ertu að meina að hann hafi ekki verið settur aftur á sinn stað?

– Það er ákveðin skýring, sagði læknirinn og breiddi yfir líkið. Ef þeir hafa tekið heilann til að rannsaka hann hafa þeir varla getað skilað honum í tæka tíð fyrir jarðarförina. Hann verður að fixerast.

– Fixerast?

– Svo betra sé að vinna með hann. Verður eins og mjólkurostur. Það tekur sinn tíma.

– Hefði ekki verið nóg að taka bara sýni?

– Veit það ekki, sagði læknirinn. Það eina sem ég veit er að heilinn er ekki á sínum stað svo það verður erfitt að ákveða nákvæmlega hvað dró hana til dauða. Kannski getum við séð það með DNA-rannsókn á beinunum. Spurning hvað það segir okkur.

Undrunarsvipurinn á Frank leyndi sér ekki þegar hann opnaði dyrnar og sá Erlend standa aftur á tröppunum í úrhellisrigningu.

– Við grófum stúlkuna upp, sagði Erlendur formálalaust, og það vantar í hana heilann. Veist þú eitthvað um það?

– Grófuð upp? Heilann? sagði læknirinn undrandi og vísaði

Erlendi inn á skrifstofuna hjá sér. Hvað meinarðu með að heilann vanti?

– Það sem ég segi. Heilinn hefur verið fjarlægður. Líklega til þess að rannsaka hann vegna dánarorsakar en svo hefur honum ekki verið skilað aftur. Þú varst læknirinn hennar. Veist þú hvað hefur gerst? Veistu eitthvað um málið?

– Ég var heimilislæknirinn hennar eins og ég held að ég hafi skýrt út fyrir þér síðast þegar þú komst hingað. Hún var í umsjá sjúkrahússins í Keflavík, læknanna þar.

– Sá sem framkvæmdi krufninguna er látinn. Við fengum afrit af réttarskýrslu hans, sem er mjög stuttaraleg og nefnir aðeins heilaæxli. Ef hann hefur rannsakað það eitthvað nánar finnst ekki skýrsla um það. Hefði ekki verið nóg að taka sýni? Þurfti að fjarlægja allan heilann?

Læknirinn yppti öxlum.

– Ég þekki þetta ekki svo vel.

Hann hikaði andartak.

– Vantaði fleiri líffæri? spurði hann svo.

– Fleiri? sagði Erlendur.

– En heilann. Var hann það eina sem vantaði?

– Hvað áttu við?

– Það hefur ekki verið hreyft við neinu öðru?

– Það held ég ekki. Læknirinn nefndi það ekki. Hreyft við neinu öðru? Hvað ertu að fara?

Frank horfði hugsandi á Erlend.

– Ég býst ekki við að þú hafir nokkru sinni heyrt talað um Krukkuborgina.

– Krukkuborgina?

– Já.

– Hvaða Krukkuborg?

– Henni hefur verið lokað, skilst mér, reyndar fyrir ekki svo löngu. Herbergið var kallað þetta. Krukkuborgin.

– Herbergið?

– Uppi á Barónsstíg. Þar sem þeir geymdu líffærin.

– Geymdu líffærin?

– Þau voru geymd í formalíni í glerkrukkum. Alls kyns líffæri sem fengin voru af spítölunum. Í kennslu. Í læknisfræðinni, líffærafræði, meinafræði, hvað þetta nú heitir allt. Þau voru geymd í herbergi sem læknanemar kölluðu Krukkuborgina. Lágu í formalíni í krukkum. Innyfli. Hjörtu, nýru og útlimir. Heilar líka.

– Af spítölunum?

– Fólk deyr á spítölunum. Það er krufið. Líka í kennsluskyni. Líffæri eru skoðuð. Þeim er ekki öllum skilað aftur, sum eru varðveitt fyrir kennslu. Á sínum tíma voru líffæri sett í Krukkuborgina.

– Af hverju ertu að segja mér þetta?

– Það þarf ekki að vera að heilinn sé horfinn með öllu.

– Nú?

– Það má vera að hann sé til í einhverri Krukkuborg. Sýni sem eru geymd til dæmis í kennsluskyni eru öll skráð og flokkuð. Ef þú þarft að hafa uppi á heilanum er möguleiki að hann sé ennþá varðveittur.

– Ég hef aldrei heyrt um þetta fyrr. eru líffærin tekin í leyfisleysi eða er beðið um leyfi aðstandenda ... hvernig virkar þetta?

Læknirinn yppti öxlum.

– Ég veit það satt að segja ekki. Það getur sjálfsgagt verið allur gangur á því. Líffæri eru ákaflega mikilvæg í kennslu. Öll háskólasjúkrahús um allan heim eiga stórt líffærasafn. Ég hef jafnvel heyrt að einstaka læknar, rannsóknarlæknar, eigi sitt eigið privatsafn en ég sel það ekki dýrara en ég keypti.

– Líffærasafnarar?

– Þeir eru til.

– Líffærasafnarar?



– Já.

– Hvað varð um þessa ... Krukkuborg? Ef hún er ekki til lengur.

– Ég veit það ekki.

– Heldurðu að heilinn gæti hafa lent í þessari borg? Hafi verið varðveittur í formalíni?

– Alveg eins. Grófuð þið stúlkuna upp?

– Kannski voru það mistök, dæsti Erlendur. Kannski er allt þetta mál ein stór mistök.

Elínborg hafði uppi á Klöru, systur Grétars. Leit hennar að öðru fórnarlambi Holbergs, Húsavíkurkonunni eins og Erlendur kallaði hana, hafði engan árangur borið. Viðbrögð kvennanna höfðu öll verið á einn veg: stórkostleg og raunveruleg undrun og síðan eldlegur áhugi svo Elínborg þurfti á öllu sínu að halda til þess að láta ekki draga upp úr sér minnstu smáatriði málsins. Hún vissi að þótt hún og aðrir lögreglumenn sem leituðu konunnar hömrðu á því að málið væri viðkvæmt og að ekki mætti ræða það við nokkurn mann, kæmu þau ekki í veg fyrir að kjaftasöguleiðslurnar loguðu þegar liði að kveldi.

Klara bjó í snyrtilegri blokkaríbúð í Seljahverfi í Breiðholti. Hún tók á móti Elínborgu í dyrunum, mjóslegin kona á sextugsaldri, dökkhærð, í gallabuxum og blárri peysu. Hún reykti sígarettu.

– Töluðuð þið við mömmu? sagði hún þegar Elínborg hafði kynnt sig og hún boðið henni inn, vingjarnleg og áhugasöm.

– Það var Erlendur, sagði Elínborg, sem vinnur með mér.

– Hún sagði að honum liði ekki vel, sagði Klara og gekk á undan Elínborgu inn í stofuna og bauð henni að setjast. Hún er alltaf með einhverjar svona athugasemdir sem maður botnar ekkert í.

Elínborg svaraði henni ekki.

– Ég á frí í dag, sagði hún eins og hún vildi útskýra hvers vegna hún væri hangandi heima svona um miðjan dag, reykjandi sigarettur. Hún sagðist vinna á vöktum hjá ferðaskrifstofu. Karlinn í vinnunni, börnin tvö flogin úr hreiðrinu; dóttirin í læknisfræði, sagði hún hreykin. Hún hafði varla drepð í sigarettunni þegar hún tók upp nýja og kveikti í. Elínborg hóstaði kurteislega en Klara tók ekki eftir ábendingunni.

– Ég las um Holberg í blöðunum, sagði Klara eins og hún vildi stoppa málæðið í sjálfri sér. Mamma sagði að maðurinn hefði spurt um Grétar. Við vorum hálf systkin. Mamma gleymdi að segja honum það. Við Grétar erum sammæðra. Feður okkar beggja eru löngu látnir.

– Við vissum það ekki, sagði Elínborg.

– Viltu sjá draslið sem ég hirti frá Grétari?

– Það væri ágætt, sagði Elínborg.

– Viðbjóðsleg hola sem hann bjó í. Eruð þið búin að finna hann?

Klara horfði á Elínborgu og sögaði reykinn áfergjulega niður í lungun.

– Við höfum ekki fundið hann, sagði Elínborg, og ég held að við séum ekki að leita að honum neitt sérstaklega. Hún hóstaði aftur kurteislega. Það er meira en aldarfjórðungur liðinn frá því hann hvarf, svoleiðis að ...

– Ég hef enga hugmynd um hvað gerðist, greip Klara fram í og blés frá sér þykkum reykjarstrók. Það var ekki mikill samgangur okkar á milli. Hann var nokkru eldri en ég, sérsinna og leiðinlegur. Það dróst aldrei orð upp úr honum, hann níddist á mömmu og stal frá okkur báðum ef hann gat. Svo flutti hann að heiman.

– Þú þekkir þá ekki til Holbergs? spurði Elínborg.

– Nei.

– Eða Elliða? bætti hún við.

– Hvaða Elliða?

– Skiptir ekki máli.

– Ég vissi ekki hverja Grétar umgekkst. Þegar hann hvarf talaði einhver Marion við mig og fór með mér heim til hans. Það var ógeðsleg hola. Viðbjóðsleg lykt í herberginu og gólfíð þakið rusli, hálfétnum sviðahausum og úldinni rófustöppu sem hann hafði lifað á.

– Marion? spurði Elínborg. Hún hafði ekki unnið nógu lengi hjá rannsóknarlögreglunni til þess að kannast við nafnið.

– Já, hét það.

– Manstu eftir myndavél í ruslinu hjá bróður þínum?

– Hún var það eina heillega í herberginu. Ég hirti hana en hef aldrei notað hana. Lögga hélt að hún væri stolin og mér er ekkert vel við slíkt. Geymi hana niðri í kompu hérna í kjallaranum. Viltu sjá hana? Komstu út af myndavélinni?

– Mætti ég fá að líta á hana? spurði Elínborg.

Klara stóð upp. Hún bað Elínborgu að bíða augnablik og fór inn í eldhús og kom með lyklakippu. Þær gengu út á stigaganginn og niður kjallarastigann. Klara opnaði dyr inn í kompugang, kveikti ljós, gekk að einum kompudyrnum og opnaði þær. Þar inni úði og grúði af drasli, sólstólum og svefnpokum, skíðagræjum og útilegubúnaði. Elínborg rak strax augun í blátt fótanuddtæki og sodastream-tæki og stundi þungan innra með sér.

– Ég var með þetta í kassa hérna, sagði Klara er hún hafði smeygt sér í gegnum draslið hálfra leið inn í kompuna. Hún beygði sig niður og tók upp lítinn, brúnan pappakassa. Ég held að ég hafi sett allt dótið í þetta. Það var ekkert sem hann átti maðurinn nema myndavélin. Hún opnaði kassann og ætlaði að taka upp úr honum en Elínborg stoppaði hana af.

– Ekki taka neitt úr kassanum, sagði hún og rétti fram hendurnar eftir honum. Það er aldrei að vita hvaða þýðingu innihaldið hefur fyrir okkur, sagði hún svo eins og til skýringar.

Klara rétti henni kassann hálfmóðguð á svipinn og Elínborg opnaði hann. Í honum voru þrír velktir reyfarar í vasabroti, vasahnífur, fáeinir aurar og myndavél, Kodak Instamatic sem passaði í vasa og Elínborgu minnti að hefðu verið vinsælar jóla- og fermingargjafir á árum áður. Ekki merkilegur gripur fyrir mann með ódrepanði áhuga á ljósmyndavélum en gerði ugglaust sitt gagn. Hún sá engar filmur í kassanum. Erlendur hafði beðið

hana að athuga sérstaklega hvort Grétar hefði skilið eftir sig einhverjar filmur. Hún tók upp vasaklút og sneri myndavélinni við og sá að það var engin filma í henni. Engar myndir voru í kassanum.

– Svo eru hérna alls konar bakkar og vökvar, sagði Klara og benti innst í geymsluna. Ég held að hann hafi framkallað myndirnar sínar sjálfur. Það er líka eitthvað af ljósmyndapappír. Hann hlýtur að vera ónýtur, er það ekki? Bara rusl.

– Það er best að ég taki það líka, sagði Elínborg og Klara stakk sér aftur inn í draslið.

– Veistu hvort hann geymdi filmur eða sástu einhverjar heima hjá honum? spurði Elínborg.

– Nei, engar, stundi Klara þegar hún beygði sig eftir bökkunum.

– Veistu hvar hann geymdi myndirnar sínar?

– Nei.

– En veistu af hverju hann tók myndir?

– Nú, af því hann hafði gaman af því, býst ég við, sagði Klara.

– Ég á við myndefnið; sástu eitthvað af myndunum hans?

– Nei, hann sýndi mér aldrei neitt. Það var lítið samband á milli okkar eins og ég sagði. Ég veit ekkert hvar myndirnar hans eru. Grétar var helvítis, bölvaður ræfill, sagði hún, óviss hvort hún væri að endurtaka sig en yppti svo öxlum eins og góð vísa væri aldrei of oft kveðin.

– Mig langar til þess að fá að taka kassann með mér, sagði Elínborg. Ég vona að það sé í lagi. Honum verður skilað fljótlega aftur.

– Hvað er í gangi? spurði Klara og sýndi í fyrsta sinn áhuga á heimsókn lögreglunnar og spurningunum um bróður sinn. Vitið þið hvar Grétar er?

– Nei, sagði Elínborg og reyndi að taka af allan vafa. Það er ekkert nýtt sem komið hefur fram í málinu. Ekkert.

Konurnar tvær sem voru með Kolbrúnu kvöldið sem Holberg réðst á hana voru nafngreindar í rannsóknargögnum lögreglunnar. Erlendur hafði sett í gang leit að þeim og í ljós kom að þær voru báðar úr Keflavík en hvorug bjó þar lengur.

Önnur þeirra giftist hermanni af Vellinum nokkru eftir atburðinn og bjó í Bandaríkjunum en hin flutti frá Keflavík til Stykkishólms um fimm árum síðar. Þar var hún enn skráð til heimilis. Erlendur velti því fyrir sér hvort hann ætti að eyða heilum degi í ferð vestur í Stykkishólm eða hringja í konuna og sjá hvort það dygði ekki.

Erlendur var vondur í ensku og fékk Sigurð Óla til þess að hafa uppi á konunni í Bandaríkjunum. Hann náði tali af eiginmanni hennar og í ljós kom að hún hafði látist fyrir fimmtán árum. Banameinið var krabbamein. Konan var jörðuð vestra.

Erlendur hringdi til Stykkishólms og fékk samband við konuna án teljandi erfiðleika. Hann hringdi fyrst heim til hennar og fékk að vita að hún væri í vinnunni. Hún var hjúkrunarfræðingur á sjúkrahúsinu.

Konan hlustaði á Erlend rekja erindi sitt en sagðist því miður ekkert geta hjálpað honum. Hún hefði ekki getað hjálpað lögreglunni á sínum tíma og það hefði ekkert breyst:

– Við teljum að Holberg hafi verið myrtur, sagði Erlendur, og að það tengist jafnvel þessum atburði.

– Ég sá það í fréttunum, sagði röddin í símanum. Konan hét Agnes og Erlendur reyndi að gera sér einhverja mynd af henni byggða á röddinni. Hann sá í fyrstu fyrir sér röggsama og ákvedna konu á sjötugsaldri, feitlagna því hún var andstutt. Svo tók hann eftir að hún hafði ljótan reykingahósta og Agnes tók á sig aðra mynd í huga hans, varð tággrönn, húðin gul og skorpín. Hún hóstaði ljótum, hryglukenndum hósta með reglulegu millibili.

– Manstu eftir kvöldinu í Keflavík? spurði Erlendur.

- Ég fór heim á undan þeim, sagði Agnes.
- Það voru þrír menn með ykkur.
- Ég fór heim með manni sem hét Grétar. Ég sagði ykkur frá því á sínum tíma. Mér finnst frekar óþægilegt að tala um þetta.
- Það eru nýjar upplýsingar fyrir mig að þú hafir farið með Grétari, sagði Erlendur og blaðaði í skýrslunum fyrir framan sig.
- Ég sagði þeim það þegar þeir spurðu mig að þessu sama fyrir öllum þessum árum.

Hún hóstaði og reyndi að hlífa Erlendi við hryglunum.

- Fyrirgefðu. Ég hef aldrei getað hætt helvítis reykingunum. Hann var hálfgerður ræfill, greyið. Þessi Grétar. Ég sá hann aldrei eftir þetta.

- Hvernig þekktust þið Kolbrún?

- Við unnum saman. Það var áður en ég fór í hjúkrunarnám. Við vorum tvær saman í verslun í Keflavík sem er löngu hætt. Þetta var í fyrsta og eina skiptið sem við fórum út saman. Skiljanlega.

- Trúðir þú Kolbrúnu þegar hún talaði um nauðgun?

- Ég frétti ekki af því fyrr en þið í lögreglunni birtust allt í einu hjá mér og fóruð að spyrja mig út í þetta kvöld. Ég get ekki ímyndað mér að hún hafi logið öðru eins. Kolbrún mátti ekki vamm sitt vita. Stálheidarleg í öllu sem hún gerði en hálfgerð þísl. Smágerð og veikluleg. Ekki sterkur persónuleiki. Það er kannski hræðilegt að segja þetta en hún var ekki skemmtileg ef þú veist hvað ég á við. Það var lítið gaman í kringum hana.

Agnes þagnaði og Erlendur beið þar til hún hélt áfram.

- Hún var ekki mikið fyrir að skemmta sér og ég þurfti eiginlega að draga hana út með mér og vinkonu minni, Helgu heitinni, þetta kvöld. Hún dó í Ameríku, þið vitið það kannski. Kolbrún var svo hlédræg og einhvern veginn einmana og ég vildi gera eitthvað fyrir hana. Hún var til í að koma á ballið, svo fylgdi hún okkur heim til Helgu á eftir en vildi fljótlega fara heim. Ég

fór samt á undan henni svo ég veit eiginlega ekki hvað gerðist þarna. Hún kom ekki í vinnuna á mánudeginum og ég man að ég hringdi í hana en hún svaraði ekki. Nokkrum dögum seinna komuð þið frá lögreglunni að spyrja um Kolbrúnu. Ég vissi ekki hvað ég átti að halda. Ég tók ekki eftir neinu í sambandi við Holberg og hana sem var á einhvern hátt óeðlilegt. Hann var frekar sjarmerandi maður ef ég man rétt. Ég var mjög undrandi þegar lögreglan fór að tala um nauðgun.

– Hann mun hafa komið vel fyrir, sagði Erlendur. Kvenna-  
maður, held ég að lýsingin á honum hafi verið.

– Ég man að hann kom í búðina.

– Hann? Holberg?

– Já, Holberg. Ég held að það hafi verið þess vegna sem þeir settust hjá okkur þarna um kvöldið. Hann sagðist vera endurskoðandi úr Reykjavík en það var víst einhver lygi, var það ekki?

– Þeir voru allir hjá Vita- og hafnamálum. Hvers konar búð var þetta?

– Kvennabúð. Við seldum kvenfatnað. Undirfatnað líka.

– Og kom hann í búðina?

– Já. Daginn áður. Á föstudegi. Ég þurfti að rifja þetta upp á sínum tíma og man þetta vel. Sagðist vera að leita að einhverju á konuna sína. Ég afgreiddi hann og þegar við hittumst á ballinu lét hann eins og við þekktumst.

– Varstu í einhverju sambandi við Kolbrúnu eftir atburðinn? Talaðir þú við hana um það sem gerðist?

– Hún kom aldrei aftur í búðina og eins og ég segi, þá vissi ég ekki hvað gerðist fyrr en þið fóruð að spyrja mig. Ég þekkti hana ekki það vel. Ég reyndi að hringja í hana nokkrum sinnum þarna þegar hún mætti ekki í vinnuna og fór einu sinni heim til hennar en hitti ekki á hana. Ég vildi ekki skipta mér of mikið af henni. Hún var þannig. Dularfull. Svo kom systir hennar til mín



og sagði að Kolbrún væri hætt í búðinni. Ég frétti að hún hefði dáið einhverjum árum seinna. Þá var ég komin hingað í Stykkishólmi. Var það sjálfsmorð? Ég heyrði það.

– Hún dó, sagði Erlendur og þakkaði Agnesi kurteislega fyrir samtalið.

Honum varð allt í einu hugsað til Sveins, manns sem hann hafði verið að lesa um. Hann lifði af óveðrið á Mosfellsheiði. Kvöl og dauði félaga hans virtist engin áhrif hafa á Svein. Hann var best búinn ferðalanganna og sá eini sem komst alheill til byggða og það fyrsta sem hann gerði þegar hann hafði hlotið aðhlyningu á næsta bæ við heiðina var að setja á sig skauta og renna sér á nálægri tjörn til skemmtunar.

Á meðan voru félagar hans enn að frjósa í hel á heiðinni.

Eftir þetta var hann aldrei kallaður annað en Sveinn sálarlaus.

Leitin að Húsavíkurkonunni hafði engan árangur borið undir kvöldið þegar Sigurður Óli og Elínborg settust niður á skrifstofu Erlends til skrafs og ráðagerða áður en þau héldu heim á leið. Sigurður Óli sagði það ekki koma sér á óvart, þau ættu aldrei eftir að finna konuna með þessu móti. Þegar Erlendur spurði önungur hvort hann vissi um betri aðferð hristi hann hausinn.

– Mér finnst ekki eins og við séum að leita að morðingja Holbergs, sagði Elínborg og einblíndi á Erlend. Það er eins og við séum að leita að einhverju allt öðru og ég er mjög óviss um hvað það nákvæmlega er. Þú ert búinn að grafa upp litlu stúlkuna og ég til dæmis hef ekki hugmynd um hvers vegna. Þú ert byrjaður að leita að manni sem hvarf fyrir mannsaldri síðan og ég get ekki séð að hafi neitt með málið að gera. Ég held að við séum ekki að spyrja okkur að hinu augljósa; annaðhvort er morðinginn einhver nákominn Holberg eða honum gersamlega ókunnugur, einhver sem ruðst hefur inn á hann og ætlað að ræna hann. Persónulega finnst mér það líklegasta skýringin. Mér finnst að við þurfum að fara að leita betur að þeim manni. Einhverjum dóp-hausnum. Græna hermannajakkanum. Við höfum eiginlega ekkert gert í því.

– Kannski er það einhver sem Holberg hefur greitt fyrir þjónustu, skaut Sigurður Óli inn í. Miðað við allt klámið í tölvunni hans er alls ekki ólíklegt að hann hafi greitt fyrir kynlíf.

Erlendur sat þögull yfir gagnrýninni og horfði í gaupnir sér. Hann vissi að flest af því sem Elínborg sagði var satt. Kannski hafði dómgreind hans brenglast út af áhyggjunum af Evu Lind. Hann vissi ekki hvar hún var niðurkomin, hann vissi ekki í hvaða ástandi hún var, hún var elt af mönnum sem vildu henni illt og hann stóð ráðalaus gagnvart því. Hann sagði hvorki Sig-

urði Óla né Elínborgu frá uppgötvun sinni hjá réttarlækninum.

– Við höfum orðsendinguna, sagði hann. Það er engin tilviljun að við fundum hana hjá líkinu.

Dyrnar opnuðust skyndilega og yfirmaður tæknideildarinnar rak inn hausinn.

– Ég er farinn, sagði hann. Ég ætlaði bara að segja ykkur að þeir eru enn að skoða myndavélina og hringja í ykkur um leið og þeir finna eitthvað frásagnarvert.

Hann lokaði aftur án þess að kveðja.

– Kannski erum við að sækja vatnið yfir lækinn, sagði Erlendur. Kannski er til ægilega einföld lausn á þessu öllu saman. Kannski var það einhver vitleysingur. En kannski, og ég held að svo sé, á morðið sér miklu dýpri rætur en við gerum okkur grein fyrir. Kannski er ekkert einfalt við það. Kannski á það sér skýringu í því hvaða mann Holberg hafði að geyma og hvað hann gerði í lífinu.

Erlendur þagnaði.

– Og orðsendingin, sagði hann. Ég er hann. Hvað viljið þið gera við hana?

– Hún gæti verið frá einhverjum vini, sagði Sigurður Óli og gerði gæsalappir með fingrunum. Eða vinnufélaga. Við höfum lítið beitt okkur á þeim vígstöðvum. Ég veit satt að segja ekki hverju öll þessi kerlingarleit á að skila okkur. Ég hef ekki hugmynd um hvernig ég á að fara að því að spyrja þær hvort þeim hafi verið nauðgað án þess að fá blómavasa í hausinn.

– Og hefur Elliði ekki logið öðru eins um ævina? sagði Elínborg. Er þetta ekki nákvæmlega það sem hann vill, að við gerum okkur að fíflum? Hefurðu hugleitt það?

– Æi, hvað er þetta, sagði Erlendur eins og hann nennti ekki að hlusta á þetta sífur lengur. Rannsóknin hefur leitt okkur á þessa braut. Það væri kyndugt ef við skoðuðum ekki þær vísendingar sem við fáum, hver sem uppruni þeirra er. Ég veit að

íslensk morð eru ekki flókin en það er eitthvað í þessu sem kemur ekki heim og saman ef þið ætlið að skrifa morðið á einfalda tilviljun. Ég held að þetta sé ekki hugsunarlaust voðaverk.

Síminn hringdi á skrifborði Erlends. Hann svaraði, hlustaði nokkra stund og kinkaði síðan kalli og þakkaði fyrir áður en hann lagði á aftur. Grunur hans hafði verið staðfestur.

– Tæknideildin, sagði hann og leit á Elínborgu og Sigurð Óla. Myndavél Grétars var notuð til þess að taka myndina í kirkjugarðinum af leiði Auðar. Það koma fram sams konar rispúr við framköllun. Svo nú vitum við að það eru í það minnsta sterkar líkur á að Grétar hafi tekið ljósmyndina. Mögulega hefur einhver annar notað vélina hans en hitt er mun líklegra.

– Og hvað segir það okkur? spurði Sigurður Óli og leit á klukkuna. Hann var búinn að bjóða Bergþóru út að borða um kvöldið og ætlaði að reyna að bæta þannig fyrir klaufaganginn frá því á afmælisdaginn.

– Það segir okkur til dæmis að Grétar vissi að Auður var dóttir Holbergs. Það var á fárra vitorði. Og það segir okkur líka að Grétari þótti ástæða til þess í fyrsta lagi að hafa uppi á leiðinu og í öðru lagi að taka mynd af því sérstaklega. Gerði hann það vegna þess að Holberg bað hann um það? Gerði hann það í óþökk hans? Er hvarf Grétars tengt ljósmyndinni? Ef svo er, hvernig? Hvað vildi Grétar með ljósmyndinni? Af hverju fundum við hana falda í skrifborði Holbergs? Hver tekur myndir af gröfum barna?

Elínborg og Sigurður Óli horfðu á Erlend spyrja spurninganna. Þau tóku eftir hvernig röddin varð að hálfgerðu hvísli og sáu að hann var ekki lengur að tala við þau heldur hafði hann horfið inn í sjálfan sig, annars hugar og fjarlægur. Hann lagði hönd á brjóstið á sér eins og ósjálfrátt og nuddaði það án þess að virðast gera sér grein fyrir hvað hann var að gera. Þau litu hvort á annað en þorðu ekki að spyrja.

– Hver tekur myndir af gröfum barna? stundi Erlendur aftur.

Síðar um kvöldið hafði Erlendur uppi á manningum sem sendi handrukkarana eftir Evu Lind. Hann fékk upplýsingar hjá fíkniefnadeild, sem geymdi um hann nokkuð þykka möppu, og komst að því að hann hélt til á ölkrá í miðbænum sem nefndist Napóleon. Erlendur fór á staðinn og settist gegnt manningum. Hann var kallaður Eddi og var um fimmtugt, feitlaginn með fáeinar gular tennur í munninum og sköllóttur.

– Héstu að Eva fengi aðra meðferð af því að þú ert lögga? sagði Eddi þegar Erlendur settist hjá honum. Hann virtist strax vita hver Erlendur var þótt þeir hefðu aldrei sést fyrr. Erlendi fannst eins og hann hefði átt von á sér.

– Ertu búinn að finna hana? spurði Erlendur og horfði í kringum sig í rökkvuðum salnum á fáeinar ólánlegar hræður sem sátu við borð og létu mannalega með handapati og svipbrigðum. Heiti staðarins fékk skyndilega merkingu í huga hans.

– Þú skilur að ég er vinur hennar, sagði Eddi. Ég læt hana hafa það sem hún vill. Stundum borgar hún mér. Stundum líður of langur tími. Sá með hnéð biður að heilsa þér.

– Hann kjaftaði frá þér.

– Það er erfitt að finna almennilegt fólk, sagði Eddi og benti út í salinn.

– Hvað er það mikið?

– Eva? Tvöhundrað kall. Og hún skuldar ekki bara mér.

– Getum við samið um það?

– Eins og þú vilt.

Erlendur tók upp tuttugu þúsund krónur sem hann hafði tekið út úr hraðbanka á leiðinni og setti á borðið. Eddi tók peningana, taldi þá nákvæmlega og setti í vasann.

– Ég get látið þig hafa meira eftir viku eða svo.

– Það er fínt.

Eddi horfði rannsakandi á Erlend. Þeir voru á svipuðu reki.

– Ég hélt að þú ætlaðir að vera með kjaft, sagði hann.

– Til hvers? sagði Erlendur.

– Ég veit hvar hún er, sagði Eddi, en þú átt aldrei eftir að geta bjargað Evu.

Erlendur hafði uppi á húsinu. Hann hafði áður komið í slík hús í sömu erindagjörðum. Eva Lind lá ofan á dýnu í greninu innan um annað fólk. Sumt var á hennar aldri en sumt miklu eldra. Húsið var opið og eina fyrirstaðan var maður, sem Erlendur hélt að væri um tvítugt og kom á móti honum í dyrunum veifandi handleggjunum. Erlendur skellti honum upp að vegg og henti honum út. Nakin ljósapera hékk niður úr lofti eins herbergisins. Hann beygði sig niður að Evu og reyndi að vekja hana. Andardrátturinn var jafn og eðlilegur, hjartslátturinn örlítið hraður. Hann hristi hana til, sló hana létt á vangann og brátt opnaði Eva augun.

– Afí, sagði hún og augun lokuðust aftur. Hann lyfti Evu upp og hélt á henni út úr herberginu og gætti þess að stíga ekki á annað fólk sem lá á gólfinu og hreyfði sig ekki. Hann vissi ekki hvort það vakti eða svaf. Hún opnaði augun aftur.

– Hún er hér, hvíslaði hún en Erlendur vissi ekki um hvað hún var að tala og hélt áfram með Evu út í bíl. Því fyrir sem hann kæmist í burtu með hana því betra. Hann setti hana niður á fæturna til þess að opna bílhurðina og hún lagðist upp að honum.

– Fannstu hana? spurði hún.

– Hana hverja? Um hvað ertu að tala? Hann lagði hana í framsætið, spennði bílbeltið yfir hana, settist undir stýri og ætlaði að aka burtu.

– Er hún með okkur? spurði Eva Lind án þess að opna augun.

– Hver í andskotanum? hrópaði Erlendur.

– Brúðurin, sagði Eva Lind. Sæta stelpa úr Gardabænum. Ég lá við hliðina á henni.

Símhringingin vakti Erlend að lokum. Hún glumdi í höfðinu á honum þar til hann opnaði augun og leit í kringum sig. Hann svaf í hægindastólnum í stofunni. Frakkinn og hatturinn lágu í sófanum. Það var myrkur í íbúðinni. Erlendur stóð hægt á fætur og velti því fyrir sér hvort hann gæti verið enn einn dag í sömu fötunum. Hann mundi ekki hvenær hann hafði síðast afklætt sig. Hann leit inn í svefnherbergið áður en hann svaraði símanum og sá að stelpurnar tvær lágu í rúminu hans þar sem hann hafði lagt þær kvöldið áður. Hann hallaði hurðinni inn til þeirra.

– Fingraförin á myndavélinni passa saman við hin fingraförin á ljósmyndinni, sagði Sigurður Óli formálalaust þegar Erlendur loksins svaraði. Hann þurfti að endurtaka setninguna þrisvar sinnum áður en Erlendur skildi hvað hann var að tala um.

– Meinarðu fingraför Grétars?

– Já, Grétars.

– Og svo eru fingraför Holbergs á myndinni líka? sagði Erlendur. Hvern djöfulinn voru þeir að bralla?

– Bíts mí, sagði Sigurður Óli.

– Hvað er það? spurði Erlendur.

– Ekkert. En Grétar hefur þá tekið myndina. Við getum gert ráð fyrir því. Hann hefur sýnt Holberg hana eða Holberg fundið hana. Við höldum áfram kerlingarleitinni í dag, er það ekki? spurði Sigurður Óli. Þú ert ekki með neitt nýtt?

– Jú, sagði Erlendur. Og nei.

– Ég er á leiðinni upp í Grafarvog. Við erum að klára þær hér í Reykjavík. Eigum við að senda menn norður þegar við erum búnir hér?

– Já, sagði Erlendur og lagði á. Eva Lind var komin fram í eldhús. Hún hafði vaknað við símhringinguna. Hún var enn í fötun-

um og stúlkan úr Garðabænum líka. Erlendur hafði farið aftur inn í grenið, sótt hana og ekið þeim báðum heim til sín.

Eva Lind hvarf inn á klósettið án þess að segja orð og Erlendur heyrði hana kúgast ákaflega. Hann fór inn í eldhús og hellti upp á sterkt kaffi, eina ráðið sem hann kundi í stöðunni, settist við eldhúsbordið og beið eftir að dóttir hans kæmi fram. Það leið drygklöng stund, hann hellti í tvo bolla. Loksins kom Eva Lind. Hún hafði strokið framan úr sér. Erlendi fannst hún líta hrylli-lega út. Grindhóraður líkaminn hékk varla saman.

– Ég vissi að hún notaði stundum dóp, sagði Eva Lind hásrí röddu þegar hún settist niður hjá Erlendi, en það var algjör tilviljun að ég hitti hana.

– Hvað varð um þig? spurði Erlendur.

Hún leit á föður sinn.

– Ég er að reyna, sagði hún, en það er erfitt.

– Það komu tveir strákar hingað að spyrja eftir þér. Voru með dónaskap. Ég lét einhvern Edda fá pening sem þú skuldar honum. Hann vísaði mér á grenið.

– Eddi er ágætur.

– Ætlarðu að reyna áfram?

– Verð ég ekki að eyða því? Eva Lind horfði niður í gólfíð.

– Ég veit það ekki.

– Ég er svo hrædd um að hafa eyðilagt það.

– Kannski ertu að reyna það vísvitandi.

Eva Lind leit upp á föður sinn.

– Djöfull ertu ömurlegur, sagði hún.

– Ég!

– Já, þú!

– Hvað á maður að halda? Segðu mér það! hrópaði Erlendur. Geturðu mögulega tekist á við þessa botnlausu andskotans sjálfsvorkunn? Djöfulsins aumingi sem þú getur verið. Líður þér virkilega svona vel í þessum aumingjaskap þínum að þú getur



ekki hugsað þér neitt annað betra? Hvaða rétt hefurðu á því að fara svona með líf þitt? Hvaða rétt hefurðu á því að fara svona með lífið inni í þér? Heldurðu að þú hafir það svona ægilega slæmt? Heldurðu að þér líði verst af öllum í heiminum? Ég er að rannsaka dauða stúlku sem náði ekki að verða fjögurra ára. Fékk sjúkdóm og dó. Það var eitthvað óskiljanlegt sem eyðilagði hana og drap. Kistan hennar var einn metri á lengd. Heyrirðu hvað ég er að segja? Hvaða rétt hefur þú til þess að lifa? Segðu mér það!

Erlendur var tekinn að öskra. Hann var staðinn upp og barði svo fast í eldhúsbordið að bollarnir ultu um koll og þegar hann sá það tók hann þá og henti í vegginn aftan við Evu Lind. Heftin blossaði upp í honum og andartak missti hann stjórn á sér. Hann velti eldhúsbordinu um koll, ruddi niður öllu lauslegu af borðum, diskar, pottar og glös köstuðust í veggi og gólf. Eva Lind sat kyrr í sæti sínu, horfði á föður sinn tryllast og augun fylltust tárur.

Loks bráði af Erlendi, hann sneri sér að Evu Lind og sá hvernig axlir hennar skulfu og hún faldi andlitið í höndum sér. Hann horfði á dóttur sína, skítugt hárið, granna handleggina, úlnliðina sem varla voru breiðari en fingur hans, örmjóan búkinn sem nötraði. Hún var berfætt og það voru sorgarrendur undir hverri nögl. Hann gekk til hennar og reyndi að losa hendurnar frá andlitinu en hún leyfði honum það ekki. Hann langaði að biðja hana fyrirgefningar. Langaði að taka hana í fangið. Hann gerði hvorugt.

Þess í stað settist hann á gólfid við hliðina á henni. Síminn hringdi en hann svaraði honum ekki. Stúlkan í svefnherberginu bærði ekki á sér. Síminn hætti að hringja og aftur varð þögn í íbúðinni. Einu hljóðin voru ekkasogin í Evu Lind. Erlendur vissi að hann var enginn fyrirmyndarfaðir og að ræðan sem hann hélt hefði alveg eins getað beinst að honum sjálfum. Líklega var hann ekkert síður að tala við sjálfan sig og reiðast sjálfum sér en

Eva Lind. Einhver sálfræðingur mundi segja að hann hefði verið að taka reiði sína út á stelpunni. En kannski hafði það sem hann sagði einhver áhrif. Hann hafði ekki séð Eva Lind gráta fyrr. Ekki síðan hún var smábarn. Hann fór frá henni þegar hún var tveggja ára.

Loks tók Eva Lind hendurnar frá andlitinu, saug upp í nefið og strauk framan úr sér.

– Það var pabbi hennar, sagði hún.

– Pabbi hennar? sagði Erlendur.

– Sem var hryllilegur, sagði Eva Lind. Hann er hryllilegur. Hvað hef ég gert? Það var pabbi hennar. Byrjaði að káfa á henni þegar hún fór að fá brjóst og gekk alltaf lengra og lengra. Lét hana ekki í friði í hennar eigin brúðkaupi. Tók hana með sér inn á einhvern gang. Sagði að hún væri svo sexí í brúðarkjólnum og hann réði ekki við sig. Poldi ekki að hún færi frá honum. Fór að þukla á henni. Hún fríkaði út.

– Hvílíkt lið! stundi Erlendur.

– Ég vissi að hún notaði stundum dóp. Hún hefur beðið mig um að redda sér. Hún brotnaði gersamlega niður og fór og hitti Edda. Hún er búin að liggja í þessu greni síðan.

Eva Lind þagnaði.

– Ég held að mamma hennar hafi vitað af því, sagði hún svo. Í gegnum tíðina. Gerði ekkert. Of fínt hús. Of margir bílar.

– Stelpan vill ekki kæra?

– Vá!

– Hvað?

– Ganga í gegnum það allt helvítis kjaftæði upp á þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm ef einhver trúir henni? Kommon!

– Hvað ætlar hún að gera?

– Hún skilar sér til kallsins. Eiginmannsins. Ég held að hún sé hrifin af honum.

– Hún hefur kennt sjálfri sér um, eða hvað?

– Hún veit ekki hvað hún á að halda.

– Af því hún skrifaði hvað hef ég gert. Hún hefur tekið sök-  
ina á sjálfa sig.

– Það er ekki nema von að hún sé svolítið rugluð.

– Svo er alltaf eins og helvítis öfuguggarnir sem gera þetta séu  
hinir hamingjusömustu. Brosa framan í heiminn eins og aldrei sé  
neitt að naga samviskuna í þeim helvítis fíflum.

– Ekki tala svona við mig aftur, sagði Eva Lind. Talaðu aldrei  
svona við mig aftur.

– Skuldarðu fleirum en Edda? spurði Erlendur.

– Einhverjum. En Eddi er próblemið.

Enn hringdi síminn. Stúlkan í svefnherberginu rumskaði og  
reis upp við dogg, litaðist um og steig fram úr rúminu. Erlendur  
veldi því fyrir sér hvort hann ætti að nenna að svara. Hvort hann  
ætti að nenna í vinnuna. Hvort hann ætti ekki að eyða deginum  
með Evu Lind. Halda henni félagsskap, fá hana kannski til þess  
að fara með sér til lækni og láta skoða fóstrið ef hægt var að kalla  
það fóstur. Vita hvort allt væri í lagi. Ákveða eitthvað með henni.

En síminn vildi ekki hætta að hringja. Stúlkan var komin  
fram á ganginn og horfði ráðvillt í kringum sig. Hún kallaði hvort  
einhver væri í íbúðinni. Eva Lind svaraði að þau væru inni í eld-  
húsi. Erlendur reisti sig upp, mætti stúlkunni í eldhúsdyrnum  
og bauð góðan daginn. Hann fékk ekkert svar. Þær höfðu báðar  
sofið í fötunum rétt eins og Erlendur. Stúlkan leit yfir eldhúsið  
sem Erlendur hafði gersamlega rústað og gaut augunum á hann.

Erlendur svaraði loks símanum.

– Hvernig var lyktin í íbúðinni hans Holbergs? Erlendur var  
nokkra stund að átta sig á að þetta var rödd Marion Briem.

– Lyktin? sagði Erlendur.

– Hvernig var lyktin í íbúðinni hans? endurtók Marion Briem.

– Það var svona vond kjallaralykt, sagði Erlendur. Rakalykt.  
Óþefur. Ég veit það ekki. Eins og af hrössum?

– Nei, það eru ekki hross, sagði Marion Briem. Ég var að lesa mér til um Norðurmýrina. Talaði við vin minn sem er pípari og hann benti mér á aðra pípara. Ég hef talað við marga pípara.

– Pípara?

– Ákaflega fróðlegt allt saman. Þú sagðir mér ekki frá fingraförunum á ljósmyndinni. Það var ásökunartónn í röddinni.

– Nei, sagði Erlendur. Ég hef ekki komið því í verk.

– Ég frétti af þeim. Grétar og Holberg að makka eitthvað saman. Grétar vissi að stelpa var dóttir Holbergs. Kannski vissi hann eitthvað meira.

Erlendur þagði.

– Hvað áttu við? sagði hann svo.

– Veistu hvað er það mikilvægasta sem við þurfum að vita um Norðurmýrina? spurði Marion Briem.

– Nei, sagði Erlendur og átti bágð með að fylgja eftir þankangi Marion.

– Það er svo augljóst að það fór framhá mér á sínum tíma.

– Hvað er það?

Marion þagnaði andartak eins og til þess að gefa orðum sínum aukinn þunga.

– Hún er mýri.

Sigurður Óli undraðist að konan í dyrunum vissi erindið áður en hann bar það upp. Hann var staddur í enn einum stigaganginum, í þetta sinn í þriggja hæða blokk í Grafarvoginum. Hann var rétt búinn að kynna sig og hálfnaður með skýringuna á veru sinni þarna þegar konan sagði honum að gjöra svo vel og koma inn fyrir, með þeim orðum að hún hefði átt von á honum.

Þetta var snemma morguns. Úti var dumbungur með fínlegum regnúða og haustmyrkri sem grúfði sig yfir borgina eins og staðfesting á því að það vetraði óðum, dimmdi meira og kólnaði. Talað var um það í útvarpinu að leita þyrfti marga áratugi aftur í tímann eftir annarri eins vætutið.

Konan bauðst til þess að taka frakkann. Sigurður Óli klæddi sig úr honum og hún hengdi hann inn í skáp. Maður á svipuðum aldri og konan kom út úr litlu eldhúsi og heilsaði með handabandi. Þetta voru hjón á svipuðum aldri. Bæði um sjötugt, klædd í einhvers konar íþróttagalla og í hvítum sokkum eins og þau væru á leiðinni út að skokka. Hann hafði truflað þau í morgunkaffinu. Íbúðin var mjög lítil en haganlega innréttuð, lítið bað, eldhúskrókur og sofa, rúmgott svefnherbergi. Funheitt var í íbúðinni. Sigurður Óli þáði kaffi og bað um vatnsglas í leiðinni. Hann varð strax þurr í kverkunum. Þau skiptust á nokkrum orðum um veðrið þar til Sigurður Óli gat ekki lengur á sér setið.

– Það er eins og þú hafir átt von á mér, sagði hann og saup á kaffinu. Það var lapþunnt og bragðvont.

– Nú, það er ekki um annað talað en þessa aumingja konu sem þið eruð að leita að, sagði hún.

Sigurður Óli horfði á hana skilningsvana.

– Á meðal okkar Húsvíkinga, sagði konan eins og hún þyrfti ekki að skýra svo augljósa hluti út fyrir nokkrum manni. Við höf-

um ekki talað um neitt annað frá því að þið fóruð að leita að manneskjunni. Við erum með mjög sterkt og lifandi átthagafélag hérna í borginni. Ég er viss um að það veit hver maður hérna að þið eruð að leita að þessari konu.

– Ekki um annað talað? át Sigurður Óli upp eftir henni.

– Það hafa þrjár vinkonur mínar að norðan, sem búa hérna í Reykjavík, hringt í mig frá því í gærkvöldi og í morgun fékk ég eina hringingu frá Húsavík. Það er kjaftað um þetta endalaust.

– Og eruð þið einhverju nær?

– Eiginlega ekki, sagði hún og leit á manninn sinn. Hvað átti þessi Holberg að hafa gert konunni?

Hún reyndi ekki að fela forvitni sína. Reyndi ekki að fela hnýsnina. Ákafinn var svo mikill að Sigurði Óla blöskraði og reyndi ósjálfrátt að gæta orða sinna.

– Þetta er spurning um ofbeldisverknað, sagði hann. Við erum að leita að fórnarlambi en þú veist það líklega nú þegar.

– Já, já. En hvers vegna? Hvað gerði hann henni? Og af hverju núna? Mér eða okkur, sagði hún og leit á manninn sinn, sem setti hafði hljóður og fylgst með samræðunum, finnst svo magnað að þetta skuli skip a máli eftir öll þessi ár. Ég heyrði að henni hefði verið nauðgað. Var það þannig?

– Ég get því miður ekkert gefið upp um rannsókn málsins, sagði Sigurður Óli. Og kannski skiptir þetta engu máli. Ég held að þið ættuð ekki að gera of mikið úr þessu. Í samtölum við annað fólk, meina ég. Er eitthvað sem þú getur sagt mér sem gæti komið okkur að gagni?

Hjónin litu hvort á annað.

– Gera of mikið úr þessu? sagði hún og undrun hennar virtist fölskvalaus. Við erum ekki að gera neitt úr þessu. Finnst þér það, Eyvi, að við séum að gera eitthvað úr þessu? Hún leit á manninn sinn sem var eins og á báðum áttum. Nú svaraðu, maður! sagði hún hastarlega og hann hrökk við.

– Nei, það segi ég ekki, það er ekki rétt.

Farsími Sigurðar Óla byrjaði að hringja. Hann gekk ekki með hann lausan í frakkavasanum eins og Erlendur heldur geymdi hann í snyrtilegu hulstri sem fest var við beltið á stífpressuðu buxunum hans. Sigurður Óli bað hjónin að hafa sig afsakaðan, stóð upp og kveikti á símanum. Það var Erlendur.

– Geturðu hitt mig heima hjá Holberg? spurði hann.

– Hvað er nú í gangi? sagði Sigurður Óli.

– Meiri mokstur, sagði Erlendur og lagði á.

Þegar Sigurður Óli renndi inn í Norðurmýrina voru Erlendur og Elínborg þangað komin. Erlendur stóð í kjallaradyrunum og reykti sígarettu en Elínborg var inni í íbúð Holbergs. Sigurður Óli sá ekki betur en hún hnusaði út í loftið, hún skaut höfðinu út og saug upp í nefið og blés og saug aftur. Hann horfði á Erlend sem yppti öxlum, henti sígarettunni út í garðinn og saman gengu þeir aftur inn í íbúðina.

– Hvernig lykt finnst þér hérna inni? spurði Erlendur Sigurð Óla og Sigurður Óli fór að gera eins og Elínborg og hnusaði út í loftið. Þau gengu á milli herbergjanna og þefuðu, nema Erlendur sem hafði einstaklega lélegt lyktarskyn eftir margra ára reykingar.

– Mér fannst þegar ég kom fyrst hérna inn, sagði Elínborg, að það hlyti að búa hestafólk í húsinu eða í þessari íbúð. Lyktin minnti mig á hross, reiðstígvél, hnakka eða eitthvað svoléiðis. Hrossaskít. Hesthús, hreinlega. Það var sama lyktin og var í íbúð sem ég keypti þegar ég byrjaði að búa, fyrstu íbúðinni minni. En það var ekkert hestafólk sem bjó þar heldur. Þetta var óþrifnaður og þetta var raki. Það hafði dropið árum saman úr ofnum niður í teppi og parket og ekkert verið gert í því. Svo hafði opnast leið niður í skólpið og það var rottugangur í íbúðinni. Þegar pípararnir gengu frá eftir sig tróðu þeir bara hálm í gatið og settu

þunna steypu yfir. Þess vegna kom alltaf einhver holræsalykt í gegnum hana.

– Sem þýðir? sagði Erlendur.

– Mér finnst þetta vera sama lyktin nema hún er verri hér. Raki og skítur og holræsarottur.

– Ég átti fund með Marion Briem, sagði Erlendur, óviss hvort þau þekktu nafnið. Marion las auðvitað allt sem til er um Norðurmýri og komst að þeirri niðurstöðu að það skiptir máli að hún er mýri.

Elínborg og Sigurður Óli litu hvort á annað.

– Norðurmýri var svolítið eins og sjálfstætt þorp hérna í miðri Reykjavík, hélt Erlendur áfram. Húsin voru reist um og eftir stríð. Ísland varð lýðveldi og þeir nefndu göturnar eftir stórmönnum Íslendingasagnanna; Gunnarsbraut og Skeggjagata og allt það. Hér hefur safnast saman hin fjölbreytilegasta flóra mannlífsins, allt frá þokkalega stæðu fólki, jafnvel ríku, sem lifir í ríkmannlegum húsum, til fólks sem á ekki bót fyrir boruna á sér og leigir ódýrt kjallarahúsnæði eins og þetta. Það er mikið af einstaklingsíbúðum í mýrinni þar sem búa gamalmenni eins og Holberg, þótt flest séu þau betur innrætt, og margt er í nákvæmlega svona kjallarahúsnæði. Þetta hef ég allt frá Marion.

Erlendur gerði hlé á máli sínu.

– Annað sem einkennir Norðurmýri eru kjallaraíbúðir eins og þessi hérna. Í gamla daga voru þetta engar kjallaraíbúðir heldur létu margir húseigendur breyta þeim, settu niður eldhús og reistu vegg, bjuggu til herbergi, bjuggu til íverustaði. Áður voru svona kjallarar eins konar vinnustaður fyrir, hvað var það sem Marion kallaði það? Sjálfbær heimili. Vitið þið hvað það er?

Bæði hristu höfuðið.

– Þið eruð náttúrulega svo ung, sagði Erlendur og vissi að þau þoldu ekki þegar hann sagði þetta. Í kjöllurum eins og þessum



voru stúlknaherbergi. Þá voru vinnukonur á betri heimilunum. Þær höfðu herbergi í holu eins og þessari. Hér var líka þvotta-herbergi, herbergi til sláturgerðar, til dæmis, og annarrar matar-gerðar, geymslur, bað, allt þetta.

– Og ekki gleyma að þetta er mýri? sagði Sigurður Óli háðs-lega.

– Ertu að reyna að segja okkur eitthvað sem skiptir máli? spurði Elínborg.

– Undir þessum kjöllurum eru grunnar ... sagði Erlendur.

– Það er víst alveg sérstakt, sagði Sigurður Óli við Elínborgu.

– ... eins og undir öllum húsum, hélt Erlendur áfram og lét ekki skensið í Sigurði Óla trufla sig. Ef þið talið við pípara, eins og Marion Briem gerði ...

– Hvaða Marionbriem-kjaftæði er þetta eiginlega? sagði Sigurður Óli.

– ... munduð þið komast að því að þeir hafa af og til verið kallaðir hingað í Norðurmýrina út af vandamáli sem stundum kemur upp mörgum árum og áratugum eftir að hús eru reist í mýri. Sums staðar gerist það og sums staðar ekki. Það er hægt að sjá þetta gerast utan á sumum húsanna. Mörg eru klædd skeljasandi og maður sér hvar skeljasandurinn endar og ber húsveggurinn tekur við niðri við jörðina. Það munar kannski fimmtíu til átta- tíu sentímetrum. Málið er að jarðvegurinn sígur líka innandyrá.

Erlendur tók eftir að þau voru hætt að glotta.

– Í fasteignaviðskiptum er þetta kallað leyndur galli og menn eru í bölvuðum vandræðum með hvað þeir eiga að gera við svonalagað. Þegar jarðvegurinn sígur myndast spennan og klóakrör gefur sig undir gólfinu. Áður en nokkur veit af er fólk farið að sturta úrgangi sínum beint í grunninn. Það getur gert það lengi því lyktin kemst ekki í gegnum gólfplötuna. Hins vegar myndast rakablettir í gólfunum vegna þess að í mörgum af þessum gömlu húsum fer heitavatnsfrárennslið í gegnum skólprörið

og lekur í grunninn þegar rörið brotnar, það myndast hiti og gufa sem nær upp á yfirborðið. Parket bólgnar.

Erlendur átti nú athygli þeirra alla.

– Og þetta hefurðu frá Marion? sagði Sigurður Óli.

– Þá þarf að brjóta upp gólf, hélt Erlendur áfram, og fara ofan í grunninn og laga rörið. Pípararnir sögðu Marion að stundum þegar þeir færu með loftpressu eða boruðu í gegnum gólfplötuna gripu þeir í tómt. Sums staðar er platan tiltölulega þunn og undir henni er ekkert nema loftið tómt. Jarðvegurinn hefur sigið um jafnvel hálfan eða heilan metra. Allt út af mýrinni.

Sigurður Óli og Elínborg litu hvort á annað.

– Er þá holrúm undir gólfinu hér? spurði Elínborg og stappaði niður öðrum fætinum.

Erlendur brosti.

– Marion hafði meira að segja einhvern veginn uppi á pípara sem kom hingað í húsið sjálft þjóðhátíðarárið. Það er mörgum minnisstætt ár og þessi pípari mundi vel eftir því að hafa komið hingað út af raka í gólfinu.

– Hvað ertu að reyna að segja okkur? spurði Sigurður Óli.

– Píparinn braut upp gólfið hérna. Platan er ekki mjög þykk. Undir henni er víða holrúm og píparinn er enn að hneykslast á því að Holberg leyfði honum ekki að ljúka verkinu.

– Hvernig þá?

– Hann opnaði gólfið og gerði við rörið en Holberg henti honum svo út og sagðist sjálfur ætla að klára verkið. Og gerði það.

Þau stóðu þegjandi þangað til Sigurður Óli stóðst ekki lengur mátið.

– Marion Briem? sagði hann. Marion Briem! Hann sagði nafnið hvað eftir annað eins og hann skildi það ekki. Það var rétt hjá Erlendi. Hann var of ungur til þess að muna eftir Marion hjá lög-reglunni. Hann tönnaðist á því eins og það væri honum óskilj-

anleg ráðgáta, hætti því skyndilega og varð hugsi á svipinn og spurði loks:

– Bíddu, Marion? Marion? Hvað er þetta Marion? Hvers konar nafn er það eiginlega? Hvort er þetta karl eða kona?

Sigurður Óli leit með spurnarsvip á Erlend.

– Ég velti því stundum fyrir mér sjálfur, svaraði Erlendur og tók upp farsímann.

Tæknideildin byrjaði á því að rífa gólfefnin af öllum herbergjum íbúðarinnar, eldhúsinu og baðherberginu og litla holinu frammi. Tekið hafði allan daginn að fá tilskilin leyfi fyrir aðgerðinni. Erlendur hafði fært rök fyrir máli sínu á fundi með ríkislögreglustjóra sem féllst, treglega að vísu, á að grunsemdir væru nægar til þess að brjóta upp gólfín í íbúð Holbergs. Málið fékk flýtimeðferð vegna morðsins sem framið hafði verið í húsinu.

Erlendur tengdi uppgröftinn leitinni að morðingja Holbergs; hann gaf í skyn að Grétar gæti vel verið á lífi og hugsanlegur morðingi Holbergs. Lögreglan hafði tvöfaldan ávinning af greftrinum. Ef grunur Marion Briem reyndist réttur útilokaði það Grétar sem morðingja og gátan um aldarfjórðungsgamalt mannsvarf leystist.

Fengin var stærsta gerð af sendiferðabíl og allur húsbúnaður Holbergs, nema veggfastir skápar og það sem inni í þeim var, settur inn í hann. Komið var myrkur þegar hann bakkaði upp að húsinu og skömmu síðar renndi dráttarvél í hlað með loftbor festan við drifið. Hópur tæknimanna safnaðist við húsið og fleiri rannsóknarlögreglumenn bættust í hópinn. Íbúar hússins voru hvergi sjáanlegir.

Rígt hafði allan daginn eins og dagana á undan. En nú rigndi aðeins fínlegum úða sem bylgjaðist í kaldri haustgolunni og settist á andlit Erlends þar sem hann stóð afsíðis með sígarettu á milli fingranna. Hjá honum stóðu Sigurður Óli og Elínborg. Nokkur hópur fólks hafði safnast saman framan við húsið en hætti sér ekki of nærri. Í hópnum voru blaða- og fréttamenn, myndatökumenn sjónvarpsstöðvanna og ljósmyndarar frá blöðunum. Bifreiðum, stórum og smáum, merktum fjölmiðlum,

var lagt á víð og dreif um hverfið og Erlendur, sem bannað hafði öll samskipti við fjölmiðla, hugleiddi hvort hann ætti að láta fjarlægja þá.

Brátt var íbúð Holbergs gersamlega tóm. Stóri sendiferðabíllinn stóð enn á hlaðinu á meðan verið var að ákveða hvað ætti að gera við innbúið. Að lokum skipaði Erlendur svo fyrir að farið skyldi með það í geymslu lögreglunnar. Erlendur sá þegar gólfdukar og teppi voru borin út úr íbúðinni og sett í sendiferðabíllinn, sem ók af stað og hvarf með drunum út úr götunni.

Yfirmaður tæknideildarinnar heilsaði Erlendi með handabandi. Hann var maður um fimmtugt, hét Ragnar, feitlaginn, með svartan hárfloka sem stóð í allar áttir. Hann var menntaður í Bretlandi, las ekki annað en breska reyfara og var sérstakur áhugamaður um breska sakamálaþætti í sjónvarpi.

– Hvaða helvítis vitleysu ertu nú að setja okkur í? spurði hann og leit yfir til fjölmiðlafólksins. Það vottaði fyrir gamansemi í röddinni. Honum fannst það frábært að þeir skyldu rífa upp gólf í leit að líki.

– Hvernig lítur þetta út? spurði Erlendur.

– Öll gólfín eru þykkmáluð með einhvers konar skipamálningu, sagði Ragnar. Það er ómögulegt að sjá að átt hafi verið við þau. Við sjáum ekki í neina nýrri steypu eða eitthvað sem gæti verið steypuviðgerð. Við erum að banka í gólfín með hömrum en það má eiginlega alls staðar heyra holan hljóm. Hvort það er jarðvegssig eða eitthvað annað veit ég ekki. Það er þykk og vönduð steypa í húsinu sjálfu. Ekkert alkalíkjaftæði. Hins vegar eru rakablettir víða um gólfíð. Getur ekki þessi pípari sem þið voruð í sambandi við hjálpað okkur?

– Hann er á elliheimili á Akureyri og sagðist ekki ætla aftur suður í þessu lífi. Hann gaf okkur nokkuð nákvæma lýsingu á því hvar hann opnaði gólfíð.

– Við erum líka að stinga inn klóakmyndavél í holræsið. Skoða pípulögnina, hvort hún sé í lagi, vita hvort við sjáum gömlu viðgerðina.

– Þarf allan þennan bor? spurði Erlendur og kinkaði kolli í átt að dráttarvélinni.

– Ég bara hef ekki hugmynd um það. Við erum með minni rafmagnsbora en þeir bíta ekki á blautan skít. Svo erum við með litlar borvélar og ef við finnum holrými getum við borað gat í gegnum gólfplötuna og rennt í gegnum það lítilli myndavél eins og þeir nota í skólpleiðslurnar.

– Vonandi dugar það. Ljótan ef við þyrftum að fara með allan traktorinn þarna inn.

– Það er allavega helvítis bölvaður óþefur í kjallaraholunni, sagði yfirmaðurinn og þeir gengu af stað í áttina að kjallaranum. Þrír tæknimenn klæddir í hvíta pappírssamfestinga, með plasthanska á höndum og venjulega Stanley-smíðahamra, fóru um íbúðina, lömdu í steingólfín og merktu með bláum tússpenna þar sem þeim fannst þeir heyra holhljóð.

– Samkvæmt Fasteignamati ríkisins var kjallaranum breytt árið 1959 og gert úr honum íbúðarhúsnæði, sagði Erlendur. Holberg keypti íbúðina árið 1962 og hefur líklega flutt strax inn í hana. Hann bjó hér alla tíð síðan.

Einn tæknimannanna kom upp að þeim og heilsaði Erlendi. Hann var með teikningar af húsinu, hvorri hæð fyrir sig og kjallaranum.

– Klósettin eru fyrir miðju húsi. Klósettrörin koma niður af hæðunum í grunninn þar sem klósettið stendur í kjallaranum. Það var hér í kjallaranum fyrir breytingarnar og það má ímynda sér að íbúðin hafi verið hönnuð í kringum það. Klósettið tengist skolpleiðslunni inni á baðinu, leiðslan heldur svo áfram beint í austur í gegnum hluta af stofunni, undir svefnherbergi mannsins og þaðan út í götuna.

– Leitin á ekki að takmarkast við klósettrörið, sagði yfirmaður tæknideildarinnar.

– Nei, en við höfum farið með litla myndavél inn í skolprörið utan af götunni. Þeir voru að segja mér að rörið sé í sundur þar sem það liggur inn í svefnherbergið og okkur datt í hug að skoða þar fyrst. Það er á svipuðum stað og mér skilst að gólfið hafi verið opnað áður.

Ragnar kinkaði kolti og leit á Erlend sem yppti öxlum eins og honum kæmi ekki við hvað tæknimenn aðhefðust.

– Það getur ekki verið mjög gamalt brot, sagði yfirmaðurinn. Það hlýtur að koma óþefur af því. Ertu að segja að þessi maður hafi verið settur í grunninn fyrir aldarfjórðungi?

– Hann hvarf að minnsta kosti þá, sagði Erlendur.

Orð þeirra blönduðust hamarshöggunum sem urðu að samfelldum hávaða sem bergmálaði milli auðra veggjanna. Tæknimaðurinn tók upp heyrnarhlífar úr svartri tösku á stærð við litla ferðatösku og setti á sig, dró svo upp lítinn rafmagnsbor og setti í samband. Hann þrýsti nokkrum sinnum á gikkinn eins og til að prófa hann og skellti honum niður í gólfið og byrjaði að brjóta það upp. Hávaðinn var óskaplegur og hinir tæknimennirnir settu líka upp hlífar. Honum varð lítið ágengt. Það rétt kvarnaðist úr harðri steypunni. Hann hætti púlinu og hristi hausinn.

– Við þurfum að setja traktorinn í gang, sagði hann með fínlegt steinrykið framan í sér. Og fá loftborinn hingað inn. Og við þurfum grisjur fyrir andlitið. Hvaða helvítis asni fékk þessa fráberu hugmynd? sagði hann svo og skyrpti á gólfið.

– Varla hefur Holberg notað loftbor í skjóli nætur, sagði yfirmaðurinn.

– Hann hefur ekki þurft að gera neitt í skjóli nætur, sagði Erlendur. Píparinn gerði gatið í gólfið fyrir hann.

– Heldurðu að hann hafi sett manninn ofan á skítarörið?

– Við sjáum til. Kannski hefur hann þurft að fara í einhverjar

tilfæringar í grunninum. Kannski er þetta allt saman misskilningur.

Erlendur gekk út í kvöldhúmið. Sigurður Óli og Elínborg höfðu komið sér fyrir í bílnum hans og voru að gæða sér á pylsum sem Sigurður Óli hafði skroppið eftir í næstu sjoppu. Ein pylsa beið Erlends ofan á mælaborðinu. Hann gleypți hana í sig.

– Ef við finnum líkið af Grétari hérna, hvað segir það okkur þá? spurði Elínborg og þurrkaði sér um munninn.

– Ég vildi að ég vissi það, sagði Erlendur hugsí. Ég vildi að ég vissi það.

Næsti yfirmaður þeirra, deildarstjórinn, kom aðvífandi í þeim svifum, lamdi í bílrúðuna og opnaði hurðina og bað Erlend að koma með sér andartak. Sigurður Óli og Elínborg stigu einnig úr bílnum. Deildarstjórinn hét Hrólfur og hafði verið í veikindafri um daginn en virtist nú orðinn fílhraustur. Hann var mjög feitlaginn og tókst illa að klæða það af sér, náttúrulegur og lagði sjaldnast neitt af mörkum við glæparannsóknir. Veikindadagar hans voru fjölmargir á ári hverju.

– Hvers vegna hefur ekki verið haft samband við mig vegna þessarar aðgerðar? spurði hann og reiðin leyndi sér ekki.

– Þú ert veikur, sagði Erlendur.

– Helvítis kjaftæði, sagði Hrólfur. Þú skalt ekki halda að þú getir rekið deildina eftir þínu höfði. Ég er yfirmaður þinn. Þú ræðir við mig um aðgerðir af þessu tagi áður en þú fíflast áfram í þinni nautheimsku!

– Bíddu, ég hélt að þú værir lasinn, endurtók Erlendur og gerði sér upp undrun.

– Og hvernig dettur þér í hug að draga ríkislögreglustjóra svona á asnaeyrunum? hvæsti Hrólfur. Hvernig dettur þér í hug að það liggja maður hér undir gólfinu? Þú hefur ekkert fyrir þér í því. Nákvæmlega ekki neitt nema eitthvert rugl um húsgrunna og óþef. Ertu genginn af göflunum?



Sigurður Óli gekk hikandi til þeirra.

– Það er kona hérna sem ég held að þú ættir að tala við, Erlendur, sagði hann og hélt uppi síma Erlends, sem hann hafði skilið eftir í bílnum. Það er persónulegt. Hún er í talsverðu upp-námi.

Hrólfur sneri sér að Sigurði Óla, sagði honum að drulla sér í burtu og láta þá í friði.

Sigurður Óli gaf sig ekki.

– Þú ættir að tala við hana strax, Erlendur, sagði hann.

– Hvað er þetta? Þið látið eins og ég sé ekki til! hrópaði Hrólfur og stappaði niður fæti. Er þetta samsæri, þetta helvíti?! Erlendur, ef við ætlum að sprengja upp húsgrunna út af vondri lykt í íbúðum fólks, þá gerum við ekki annað. Þetta er algerlega út í hött! Þetta er fáránlegt!

– Marion Briem kom með þessa athyglisverðu hugmynd, sagði Erlendur með sömu hægð og áður, og mér fannst hún vel þess virði. Það fannst ríkislögreglustjóra sömuleiðis. Ég bið þig að afsaka að ég hafði ekki samband en ég er feginn að sjá að þú ert kominn á fætur aftur. ●ég verð að segja eins og er, Hrólfur, að þú ert óvenju hressilegur. Viltu nú hafa mig afsakaðan.

Erlendur gekk framhjá Hrólfvi sem starði á þá Sigurð Óla albúinn að segja eitthvað en vissi ekki hvað það átti að vera.

– Það var eitt sem mér datt í hug, sagði Erlendur. Hefði átt að vera búinn að því fyrir löngu.

– Hvað? sagði Sigurður Óli.

– Heyrðu í þeim hjá Vita- og hafnamálum og vittu hvort þeir geta sagt þér hvort Holberg hafi verið á Húsavík eða í nágrenni á árunum í kringum 1960.

– Allt í lagi. Hérna, talaðu við konuna.

– Hvaða kona er þetta? sagði Erlendur og tók við símanum. Ég þekki enga konu.

– Henni var gefið samband við farsímann þinn. Hún var búin

að spyrja eftir þér hjá embættinu. Þar var henni sagt að þú værir upptekinn en hún gafst ekki upp.

Í þessu fór loftborinn á dráttarvélinni í gang. Innan úr kjallaraíbúðinni barst óheyrulegur hávaði og þeir sáu þykkt rykið berast út um dyrnar. Lögreglan hafði dregið tjöld fyrir alla glugga svo hvergi sást inn. Allir aðrir en maðurinn á bornum höfðu komið sér út og stóðu á lengdar og biðu. Þeir litu á klukkur sínar og virtust ræða sín á milli um hversu áliðið væri dagsins. Þeir vissu að þeir gætu ekki haldið áfram með þennan hávaða langt fram á kvöld svona inni í miðju íbúðahverfinu. Þeir yrðu fljótlega að hætta og halda áfram næsta morgun eða grípa til annarra ráðstafana.

Erlendur snaraðist með símann inn í bílinn og lokaði á hávaðann. Hann þekkti strax röddina.

– Hann er hérna, sagði Elín um leið og hún heyrði að Erlendur var kominn í símann. Hún virtist vera í miklu uppnámi.

– Slappaðu af, Elín, sagði Erlendur. Hvern ertu að tala um?

– Hann stendur hérna fyrir framan húsið í rigningunni og starir inn til mín. Röddin varð að hvísli.

– Hver, Elín? Ertu heima hjá þér? Heima í Keflavík?

– Ég veit ekki hvenær hann kom, veit ekki hvað hann er búinn að standa þarna lengi. Ég tók eftir honum rétt áðan. Þeir vildu ekki gefa mér samband við þig.

– Ég er ekki alveg með á nótonum. Hvern ertu að tala um, Elín?

– Nú, manninn. Ég get ekki betur séð en að þetta sé helvítis kvikindið.

– Hver?

– Nú, óþokkinn sem réðst á Kolbrúnu!

– Kolbrúnu? Um hvað ertu að tala?

– Ég veit. Þetta er ekki hægt en hann stendur hérna samt.

– Ertu ekki að ruglast eitthvað?

– Segðu ekki að ég sé að ruglast. Segðu það ekki! Ég veit alveg hvað ég er að segja.

– Hvaða maður sem réðst á Kolbrúnu?

– Hvaða maður? Hvað meinarðu?

– Um hvern ertu að tala?

– Nú, HOLBERG! Í stað þess að hækka röddina hvæsti Elín í símann. Hann stendur hérna fyrir framan húsið mitt!

Erlendur þagnaði.

– Ertu þarna? hvíslaði Elín. Hvað ætlarðu að gera?

– Elín, sagði Erlendur og lagði þunga áherslu á orð sín. Það getur ekki verið Holberg. Holberg er dauður. Þetta hlýtur að vera einhver annar.

– Talaðu ekki við mig eins og barn. Hann stendur hérna í rigningunni og gónir inn á mig. Dýrið.

Sambandið slitnaði og Erlendur setti bílinn í gang. Sigurður Óli og Elínborg horfðu á eftir honum bakka í gegnum mannþröngina á götunni og sáu hann hverfa út götuna. Þau litu hvort á annað og ypptu öxlum eins og þau væru löngu hætt að botna í manninum.

Hann var ekki kominn út úr götunni þegar hann náði sambandi við lögregluna í Keflavík og sendi hana af stað til Elínar að hirða upp mann í nágrenni við húsið, klæddan í bláa úlpu og gallabuxur með hvíta strigaskó á fótum. Elín hafði lýst manninum fyrir honum. Hann sagði varðstjóranum að setja hvorki sírenurnar né blikkljósinn í gang heldur fara eins hljóðlega og hægt væri til þess að stygga ekki manninn.

– Helvítis vitleysan í kerlingunni, sagði Erlendur við sjálfan sig og slökkti á farsímanum.

Hann ók eins hratt og hann komst út úr Reykjavík, í gegnum Hafnarfjörð og út á Keflavíkurvegin. Umferðin var mikil og þung og skyggnið slæmt en hann skautaði á milli bílanna og ók jafnvel upp á umferðareyju til þess að komast fram úr. Hann gætti hvergi að umferðarljósum og komst til Keflavíkur á hálf-tíma. Það hjálpaði honum að nýlega höfðu rannsóknarlögreglumenn fengið í ómerktar bifreiðar sínar blátt lögguljós sem þeir gátu sett upp á þakið í neyðartilvikum. Hann hafði hlegið að því á sínum tíma. Minntist þess að hafa séð slíkt apparat í löggubáttum í sjónvarpi og fannst fásinna að brúka slíkan spennugjafa í Reykjavík.

Tvær lögreglubifreiðar stóðu framan við hús Elínar þegar hann renndi í hlað. Elín beið hans innandyra ásamt þremur lögreglumönnum. Hún sagði að maðurinn hefði horfið í myrkrið rétt áður en lögreglubílarirnir renndu upp að húsinu. Hún benti

lögreglumönnunum á hvar hann hefði staðið og í hvaða átt hann hljóp en þeir höfðu ekki uppi á honum og urðu ekki varir við neinar mannaferðir. Lögreglumennirnir stóðu ráðþrota frammi fyrir Elínu sem vildi ekki segja þeim hvaða maður þetta væri og hvers vegna hann væri hættulegur; hann virtist ekki hafa gert annað af sér en að standa úti í rigningunni. Þegar þeir sneru sér að Erlendi með spurningar sínar sagði hann þeim að þessi maður tengdist morðrannsókn í Reykjavík. Hann bað þá um að láta sig vita ef þeir hefðu uppi á manni sem svipaði til lýsingar Elínar.

Elín var í talsverðu uppnámi og Erlendi þótti ráðlegast að losa hana við lögreglumennina út úr húsinu hið fyrsta. Honum tókst það án mikillar fyrirhafnar. Þeir töluðu um að þeir hefðu annað betra að gera en fara eftir einhverjum dyntum í kerlingum, en gættu þess að Elín heyrði það ekki.

– Ég get svarið að þetta var hann hérna fyrir utan, sagði hún við Erlend þegar þau voru orðin tvö ein í húsinu. Ég veit ekkert hvernig á því stendur en þetta var hann!

Erlendur horfði á hana og heyrði hvað hún sagði og sá að hún meinti það í fullri alvöru. Hann vissi að hún hafði verið undir miklu álagi að undanfögnu.

– Það stenst bara ekki, Elín. Holberg er dauður. Ég sá hann í líkhúsinu. Hann hugsaði sig um og bætti við: Ég sá í honum hjartað.

Elín leit á hann.

– Var það svart? spurði hún og Erlendur minntist orða réttarlæknisins sem sagði að hann gæti ekki séð hvort það væri úr slæmum eða góðum manni.

– Læknirinn sagði að hann hefði getað orðið hundrað ára, sagði Erlendur.

– Þú heldur að ég sé rugluð, sagði Elín. Þú heldur að ég sé að ímynda mér þetta. Að þetta sé einhver aðferð til þess að vekja á mér athygli vegna ...

– Holberg er dauður, greip Erlendur fram í fyrir henni. Hvað á ég að halda?

– Þá var þetta einhver nauðalíkur honum, sagði Elín.

– Lýstu þessum manni betur fyrir mér.

Elín stóð upp og gekk út að stofuglugganum og benti út í rigninguna.

– Hann stóð hérna við gangstíginn sem liggur út á götuna milli húsanna. Stóð grafkyrr og horfði inn til mín. Ég veit ekki hvort hann sá mig. Ég reyndi að fela mig fyrir honum. Ég var að lesa og stóð upp þegar fór að rökkva í stofunni og ætlaði að kveikja ljós þegar mér varð litið út um gluggann. Hann var berhöfðaður og það var eins og það skipti hann engu máli þótt dembdist yfir hann rigningin. Þótt hann stæði þarna úti var samt eins og hann væri einhvern veginn víðs fjarri.

Elín hugsaði sig um.

– Hann var svarthærður og mér sýndist að hann gæti verið um fertugt. Meðalmaður á hæð.

– Elín, sagði Erlendur. Það er myrkur úti. Það er grenjandi rigning. Þú sérð varla út um rúðuna. Gangstígurinn er ekki upplýstur. Þú notar gleraugu. Ertu að segja mér að ...

– Það var farið að rökkva og ég stökk ekki strax í símann. Ég skoðaði manninn vel bæði úr þessum glugga og eldhúsglugganum. Ég var talsverðan tíma að átta mig á að þetta var Holberg eða einhver eins og hann. Gangstígurinn er ekki upplýstur en umferðin af götunni er talsverð og í hvert sinn sem bíll fór framhá lýsti hann upp manninn svo ég sá greinilega í andlitið á honum.

– Hvernig geturðu verið svona viss?

– Hann var eins og Holberg þegar hann var yngri, sagði Elín. Ekki þetta gamalmenni sem myndin var af í blöðunum.

– Sást þú Holberg þegar hann var yngri?

– Já, ég sá hann. Kolbrún var einu sinni kölluð til rannsóknar-

lögreglunnar upp úr þurru. Henni var sagt að þeir þyrftu nánari útskýringar hennar á einhverju atriði. Allt helvítis lygi. Einhver Marion Briem var með málið. Hvers konar nafn er það? Marion Briem! Kolbrúnu var sagt að mæta til Reykjavíkur. Hún bað mig um að koma með sér og ég gerði það. Hún átti að koma á einhverjum ákveðnum tíma, ég held að það hafi verið um morgun. Við komum þarna inn og þessi Marion tók á móti okkur og leiddi okkur inn í eitthvert herbergi. Við höfðum setið þar í nokkra stund þegar dyrnar opnuðust allt í einu og Holberg kom inn til okkar. Marion stóð fyrir aftan hann í dyrunum.

Elín þagnaði.

– Og hvað gerðist? spurði Erlendur.

– Systir mín fékk áfall. Holberg var brosandí og gerði eitthvað með tungunni og Kolbrún greip í mig eins og hún væri að drukkna. Hún náði ekki andanum. Holberg fór að hlæja og Kolbrún fékk kast. Hún ranghvolfdi í sér augunum, froðufelldi og féll svo í gólfíð. Marion kom Holberg út aftur en þarna sá ég kvikindið í fyrsta og eina skiptið og því smetti gleymi ég ekki.

– Og þetta andlit sástu fyrir utan gluggann hjá þér í kvöld?

Elín kinkaði kalli.

– Mér brá illilega, ég viðurkenni það, og auðvitað var þetta ekki Holberg sjálfur en þessi maður var nákvæmlega eins og hann.

Erlendur hugsaði með sér hvort hann ætti að segja Elínu frá því sem hann hafði verið að ígrunda að undanfögnu. Hann velti því fyrir sér hversu mikið hann gæti sagt henni og hvort það sem hann segði ætti einhverja stoð í raunveruleikanum. Þau sátu í þögn á meðan hann hugsaði sig um. Komíð var kvöld og Erlendi varð hugsað til Evu Lindar. Hann fann aftur fyrir verknum í bjóstinu og strauk sér eins og hann gæti látið hann hverfa þannig.

– Er ekki allt í lagi með þig? spurði Elín.

– Það er svolítið sem við höfum verið að vinna með undanfar-  
ið en ég hef ekki hugmynd um hvort eitthvað er til í því, sagði  
Erlendur. Þessi uppákoma hér ýtir undir kenninguna. Ef til er  
annað fórnarlamb Holbergs, ef Holberg hefur nauðgað einhverri  
annarri konu, þá er ekki útilokað að hún hafi eignast barn hans  
rétt eins og Kolbrún. Ég hef velt þeim möguleika fyrir mér út af  
orðsendingunni sem við fundum hjá líkinu. Það er hugsanlegt að  
hún hafi eignast son. Hann gæti þá verið um fertugt í dag ef sú  
nauðgun átti sér stað fyrir 1964. Og það má vera að hann hafi  
staðið hérna fyrir utan heimili þitt í kvöld.

Elín horfði á Erlend þrumu lostin.

– Sonur Holbergs? Getur það verið?

– Þú segir að hann hafi verið nauðalíkur honum.

– Já, en ...

– Ég velti því svona fyrir mér. Einhvers staðar í öllu þessu máli  
er týndur hlekkur og ég held að þessi maður geti vel verið hann.

– En hvers vegna? Hvað er hann að gera hingað?

– Finnst þér það ekki augljóst?

– Hvað er augljóst?

– Þú ert frænka systur hans, sagði Erlendur og sá undrunar-  
svipinn myndast í andliti Elínar þegar hún gerði sér smám sam-  
an grein fyrir hvað Erlendur átti við.

– Auður var systir hans, stundi hún. En hvernig veit hann um  
mig? Hvernig veit hann hvar ég á heima? Hvernig getur hann  
tengt Holberg við mig? Það hefur ekkert verið fjallað um fortíð  
hans í blöðunum, ekkert um nauðganir hans eða að hann ætti  
dóttur. Það vissi enginn um Auði. Hvernig veit þessi maður hver  
ég er?

– Hann svarar því kannski þegar við finnum hann.

– Er hann morðingi Holbergs, heldurðu?

– Núna ertu að spyrja mig hvort hann hafi myrt föður sinn,  
sagði Erlendur.



Elín hugsaði sig um.

– Drottinn minn dýri, sagði hún svo.

– Ég veit það ekki, sagði Erlendur. Ef þú sérð hann aftur hérna fyrir utan þá hringirðu í mig.

Elín var staðin upp og hún gekk að glugganum sem sneri út að gangstígnum og horfði út eins og hún byggist við að sjá manninn aftur.

– Ég veit að ég var svolítið hysterísk þegar ég hringdi í þig og talaði um Holberg af því að mér fannst eitt andartak að þetta gæti verið hann. Mér brá svo illilega við að sjá hann. En ég fann ekki til ótta. Ég var miklu frekar reið en það var eitthvað við manninn, hvernig hann stóð, hvernig hann hengdi haus. Það var einhver dapurleiki yfir honum, yfir andlitinu, einhver sorg. Ég hugsaði með mér að þessum manni gæti ekki liðið vel. Honum getur ekki liðið vel. Var hann í sambandi við föður sinn? Veistu það?

– Ég veit í sjálfu sér ekkert hvort þessi maður er yfirleitt til, sagði Erlendur. Það sem þú sást styrkir ákveðna kenningu. Við höfum engar vísbendingar um þennan mann. Það eru engar fermingarmyndir af honum heima hjá Holberg ef þú ert að meina það. Hins vegar fékk Holberg símhringingar heim til sín skömmu áður en hann var myrtur og þær komu honum í upp-nám. Meira vitum við ekki.

Erlendur var búinn að taka upp farsímamann sinn og bað Elínu um að hafa sig afsakaðan andartak.

– Nokkuð nýtt? sagði hann þegar Sigurður Óli svaraði.

– Hvern djöfulinn ertu búinn að setja okkur í! hrópaði Sigurður Óli og reiðin leyndi sér ekki. Þeir komu niður á skítarörið og það var allt morandi í viðbjóðslegum pöddum, milljón litlum, ógeðslegum pöddum undir andskotans gólfinu. Þetta er viðbjóður. Hvar í dauðanum ert þú?

– Í Keflavík. Einhver merki um Grétar?

– Nei, engin andskotans merki um neinn helvítis Grétar, sagði Sigurður Óli og slökkti á símanum.

– Það er eitt enn, Erlendur, sagði Elín, sem ég er bara að upp-  
götva í þessu, þegar þú talar um skyldleikann við Auði. Ég sé  
núna að það var rétt hjá mér. Ég skildi það ekki þá en það var  
annar svipur á manningum sem ég hélt að ég sæi aldrei aftur. Það  
var svipur fortíðar sem ég hef aldrei gleymt.

– Hvað var það? sagði Erlendur.

– Það var þess vegna sem ég hræddist ekki manning.

– Hvaða svipur var á honum?

– Ég áttaði mig ekki á því. Hann minnti mig líka á Auði. Það  
var eitthvað við hann sem minnti mig á hana.

Sigurður Óli setti farsímamann í hulstrið á beltinu og gekk aftur upp að húsinu. Hann hafði ásamt nokkrum öðrum starfsmönnum lögreglunnar verið inni þegar loftborinn fór niður úr gólfplötunni og upp úr henni steig slíkur óþefur að hann kúgaðist. Hann þusti til dyranna eins og aðrir þar inni og hélt að hann mundi selja upp áður en hann næði út í hreint loftið. Þegar þeir fóru niður aftur voru þeir með hlífðargleraugu og grisjur fyrir andlitinu en lyktin smaug í gegn og var skelfileg.

Bormaðurinn stækkaði gatið yfir brotna skólprörinu. Það gekk greiðlega eftir að hann var kominn niður í gegnum gólfíð. Sigurður Óli gat ekki ímyndað sér hversu langt var um liðið frá því rörið brotnaði. Honum sýndist úrgangurinn hafa safnast saman á stóru svæði undir gólfinu. Smávægileg gufa steig upp úr gatinu. Hann lýsti niður á hroðann með vasaljósi og gat ekki betur séð en jarðvegurinn hefði sigið um að minnsta kosti hálfan metra frá gólfplötunni.

Hroðinn var eins og lifandi fleki, allur hulinn litlum svörtum pöddum. Hann hrökk til baka þegar hann sá eitthvert kvikindi skjótast fyrir ljósgeislann.

– Passið ykkur! kallaði hann og strunsaði út úr kjallaranum. Það eru rottur undir þessu helvíti. Lokið gatinu og kallið á meindýraeyði. Við hættum hér. Hættum á stundinni!

Það mótmælti honum enginn. Einhver breiddi dúk yfir gatið í gólfinu og kjallarinn tæmdist á andartaki. Sigurður Óli reif af sér grímuna þegar hann kom upp úr kjallaranum og sogaði áfergjulega í sig hreina loftið. Hinir gerðu það sama.

Erlendur heyrði af framgangi rannsóknarinnar í Norðurmýrinni á leiðinni heim frá Keflavík. Meindýraeyðir hafði verið kallaður á

staðinn en ekkert yrði aðhafst frekar í húsinu fyrr en næsta morgun þegar öllu lifandi í grunninum hefði verið eytt. Sigurður Óli var farinn heim til sín og var að koma úr sturtu þegar Erlendur hringdi í hann og fékk að heyra fréttirnar. Elínborg var einnig farin heim. Vakt var við hús Holbergs á meðan meindýraeyðirinn vann sitt verk. Tveir lögreglubílar stóðu framan við húsið alla nóttina.

Eva Lind tók á móti föður sínum í dyrunum þegar hann kom heim. Klukkan var farin að ganga tíu. Brúðurin var horfin á braut. Sagði við Evu Lind áður en hún fór að hún ætlaði að tala við eiginmann sinn og heyra í honum hljóðið. Hún var ekki viss um hvort hún ætlaði að segja honum raunverulegu ástæðuna fyrir því að hún stakk af úr brúðkaupinu. Eva Lind hvatti hana til þess, sagði henni að vera ekki að hlífa karlandskotanum föður sínum. Síst af öllu að hlífa honum.

Pau settust niður í stofunni. Erlendur sagði Evu Lind undan og ofan af morðrannsókniinni, hvert hún hefði leitt hann og hvað væri að brjótast um í hausnum á honum. Hann gerði það ekki síður til þess að fá sjálfur einhvers konar botn í málið, skýrari mynd af því sem gerst hafði undanfarna daga. Hann sagði henni næstum því allt, frá því er þeir komu að líki Holbergs í kjallaranum, frá lyktinni í íbúðinni hans, frá orðsendingunni, gömlu ljósmyndinni í skrifborðinu, frá kláminu í tölvunni, grafskriftinni á legsteininum, Kolbrúnu og systur hennar, Elínu, Auði og óútskýrðu láti hennar, frá draumnum sem ásótti hann, Elliða í fangelsinu og hvarfi Grétars, Marion Briem, leitinni að öðru fórnarlambi Holbergs og mannum framan við hús Elínar, hugsanlegum syni Holbergs. Hann reyndi að segja skipulega frá og rökræddi við sjálfan sig ýmsar kenningar og álitamál þar til hann komst ekki lengra og þagnaði.

Hann sagði Evu Lind ekki frá því að heilann vantaði í lík barnsins. Hann var enn ekki farinn að skilja hvernig gat staðið á því.

Eva Lind hlustaði á hann án þess að grípa fram í fyrir honum og tók eftir því að Erlendur strauk hendinni yfir brjóstið á sér á meðan hann talaði. Hún fann hvernig mál Holbergs hafði áhrif á hann. Hún fann í honum uppgjöf sem hún hafði ekki orðið vör við áður. Hún fann í honum þreytuna þegar hann talaði um litlu stúlkuna. Þá var eins og hann hyrfi inn í sig, það dró niður í röddinni og hann varð fjarlægur.

– Er Auður stelpa sem þú sagðir mér frá þegar þú öskraðir á mig í morgun? spurði Eva Lind.

– Hún var, ég veit það ekki, kannski einhvers konar guðsgjöf til móður sinnar, sagði Erlendur. Elskuð út yfir gröf og dauða. Fyrirgefðu ef ég hef verið vondur við þig. Ég ætlaði ekki að vera það en þegar ég sé hvernig þú lifir, þegar ég sé hirðuleysið og virðingarleysið gagnvart sjálfri þér, þegar ég sé eyðilegginguna, allt sem þú gerir sjálfri þér og horfi svo á litla kistu koma upp úr jörðinni, þá skil ég ekki lengur neitt í hlutunum. Þá skil ég ekki hvað er að gerast og mig langar að ...

Erlendur þagnaði.

– Berja úr mér líftóruna, botnaði Eva Lind.

Erlendur yppti öxlum.

– Ég veit ekki hvað mig langar til að gera. Kannski er best að gera ekki neitt. Kannski er best að láta lífið hafa sinn gang. Gleyma þessu öllu saman. Fara að gera eitthvað af viti. Hvers vegna ætti maður að vilja standa í þessu. Öllum þessum sora. Tala við menn eins og Elliða. Semja við skítseidi eins og Edda. Sjá hvað menn eins og Holberg skemmta sér við. Lesa skýrslur um nauðganir. Grafa niður í húsgrunna fulla af pöddum og skít. Grafa upp litlar kistur.

Erlendur strauk sér æ fastar um brjostið.

– Maður heldur að það hafi engin áhrif á mann. Maður heldur að maður sé nógu sterkur til þess að þola svonalagað. Maður heldur að með árunum brynji maður sig og geti horft úr fjarlægð

á sorann eins og hann komi manni ekki við og reynt að halda þannig sönsum. En það er engin fjarlægð. Og það er engin brynja. Það er enginn nógu sterkur. Viðbjóðurinn ásækir mann eins og illur andi sem tekur sér bólfestu í huga manns og lætur mann ekki í friði þangað til manni finnst sorinn vera lífið sjálft af því maður hefur gleymt því hvernig venjulegt fólk lifir. Þannig er þetta mál. Eins og illur andi sem hefur verið sleppt lausum til þess að ólmast um í hausnum á manni og gera mann á endanum að aumingja.

Erlendur stundi þunglega.

– Þetta er allt ein andskotans norðurmýri.

Hann þagnaði og Eva Lind sat hljóð með honum.

Þannig leið nokkur stund uns hún stóð upp, settist við hliðina á föður sínum, tók utan um hann og þrýsti sér fast upp að honum. Hún heyrði hjarta hans slá taktfast eins og róandi klukka og sofnaði loks með lítið bros í andlitinu.

Um níuleytið daginn eftir safnaðist lið tækni- og rannsóknarlög-  
reglumanna aftur saman við hús Holbergs. Dagsbirtan var hverf-  
andi þótt liðið væri á morguninn, himinninn þungbúinn og enn  
rigndi. Talað var um það í útvarpinu að úrkoman í Reykjavík í  
október nálgadist metárið 1926.

Búið var að hreinsa frá skólprörinu og ekkert kvikt var lengur  
á sveimi í húsgrunninum. Gatið í gólfplötunni hafði verið stækkað  
að svo nú komust tveir menn niður um það í einu. Húseigendur  
stöðu í hnapp utan við kjallaradyrnar. Þeir höfðu fengið pípura til  
þess að lagfæra rörið og gátu kallað á hann um leið og lögreglan  
gæfi til þess leyfi.

Fljótlega kom í ljós að holrúmið við klósettrörið var tiltölulega  
lítið. Það var um þrír fermetrar og lokað, því jarðvegurinn hafði  
ekki alls staðar sigið frá gólfplötunni. Rörið hafði brotnað á sama  
stað og áður. Það sást í gömlu viðgerðina og annars konar mól var  
undir rörinu en í kringum það. Tæknimennirnir ræddu um hvort  
þeir ættu að stækka gatið ennþá meira, grafa upp mölina í  
grunninum og tæma hann þangað til vel sæist undir alla plötuna.  
Eftir nokkurt þóf komust þeir að þeirri niðurstöðu að platan gæti  
brotnað ef undirstaðan væri fjarlægð með öllu og þeir ákváðu að  
nota öruggari og tæknilegri aðferð, bora lítil göt hér og hvar í  
gólfíð og renna lítilli myndavél niður í grunninn.

Þeir eru ekki tæknimenn fyrir ekkert, hugsaði Sigurður Óli  
með sér.

Hann fylgdist með því þegar byrjað var að bora göt í gólfíð og  
síðan settir upp tveir litlir sjónvarpsskjáir tengdir myndavélun-  
um tveimur sem tæknideildin hafði til umráða. Myndavélarnar  
voru lítið annað en rör, með ljósi framan á, sem rennt var í gegn-  
um götin og hægt var að stjórna með fjarstýringu. Borað var í

gólfið þar sem talið var að holt væri undir, myndavélunum rennt í gegnum gatið og kveikt á sjónvarpsskjáunum tveimur. Myndin sem birtist var svarthvít og afar óskýr að mati Sigurðar Óla, sem sjálfur átti hálftrar milljón króna sjónvarpstæki af þýskri gerð.

Erlendur kom í kjallarann um það bil sem byrjað var að leita með myndavélunum og stuttu síðar mætti Elínborg á staðinn. Sigurður Óli tók eftir því að Erlendur hafði rakað sig og var kominn í önnur og hrein föt, sem honum sýndust vera næstum því straujuð.

– Nokkuð að gerast? spurði Erlendur og kveikti sér í sígarettu, Sigurði Óla til ama.

– Þeir ætla að leita með myndavélum, sagði Sigurður Óli. Við getum fylgst með í sjónvarpinu.

– Ekkert hjá klóakinu? sagði Erlendur og sogaði að sér reykinn.

– Þöddur og rottur, ekkert annað.

– Viðbjóðsleg fýla er hérna niðri, sagði Elínborg og var búin að taka upp lítinn ilmklút sem hún bar í veski sínu. Erlendur bauð henni sígarettu en hún afþakkaði.

– Holberg getur hafa notað gatið sem píparinn gerði til þess að setja Grétar niður í gólfið, sagði Erlendur. Hann hefur séð holrúmið sem myndaðist undir gólfplötunni og hann hefur sem best getað fært mölina til þar hann var búinn að koma Grétari fyrir hvar sem hann vildi undir gólfinu.

Þau söfnuðust saman við skjáina og botnuðu ekki mikið í því sem þau sáu. Lítill ljósglampi færðist til og frá, upp og niður og til hliðanna. Stundum fannst þeim móta fyrir gólfplötunni og stundum var eins og þau sæju í möl. Misjafnt var hversu mikið jarðvegurinn hafði sigið. Sums staðar var hann alveg upp við plötuna en annars staðar var allt upp í áttatíu sentímetra bil niður í mölina.



Þau stóðu góða stund og fylgdust með myndavélunum. Hávaði var mikill í kjallaranum því sífellt var verið að bora ný göt og brátt missti Erlendur þolinmæðina og gekk út. Elínborg fylgdi honum fljótlega eftir og loks Sigurður Óli. Þau settust öll inn í bíl Erlends. Hann hafði sagt þeim kvöldið áður hvers vegna hann hvarf svo skyndilega af vettvangi til Keflavíkur en þau höfðu ekki haft tóm til þess að ræða það frekar sín á milli.

– Það kemur auðvitað heim og saman við orðsendinguna sem skilin var eftir í Norðurmýrinni. Og ef maðurinn sem Elín sá í Keflavík er svona svipaður Holberg þá passar það við kenninguna um annað barn hans.

– Það þarf ekki að vera að Holberg hafi eignast son eftir nauðgun, sagði Sigurður Óli. Við höfum í sjálfu sér ekkert sem styður það nema hvað Elliði vissi af annarri konu. Það er allt og sumt. Og Elliði er auðvitað fáviti.

– Enginn sem við höfum talað við og þekkti Holberg hefur nefnt að hann ætti son, sagði Elínborg.

– Enginn sem við höfum talað við þekkti Holberg neitt, sagði Sigurður Óli. Það er málið. Hann var einfari, umgekkst einhverja vinnufélaga, safnaði klámi á netinu, var í slagtogi við fífl eins og Elliða og Grétar. Það veit enginn neitt um þennan mann.

– Eigum við að auglýsa eftir huldumanninum? spurði Elínborg og það kom stríðnisglampi í augun. Nota mynd af Holberg þegar hann var ungur, búa til leirstyttu af honum og senda fjölmiðlunum?

– Það sem ég er að hugsa um, sagði Erlendur og hlustaði ekki á myndina í Elínborgu, er þetta: Ef sonur Holbergs er til, hvernig veit hann þá um Elínu, móðursystur Auðar? Veit hann þá ekki um Auði líka, sem var systir hans? Ef hann veit um Elínu þá geri ég ráð fyrir að hann viti líka um Kolbrúnu og um nauðgunina og ég get ekki skilið hvernig. Það hefur ekkert verið fjallað um at-

riði rannsóknarinnar í fjölmiðlunum. Hvaðan fær hann upplýsingarnar?

– Hefur hann ekki fengið þetta upp úr Holberg áður en hann kálaði honum? sagði Sigurður Óli. Er það ekki líklegt?

– Kannski hefur hann þínt það út úr honum, sagði Elínborg.

– Í fyrsta lagi vitum við ekki hvort þessi maður er til, sagði Erlendur. Elín var í miklu uppnámi. Við vitum ekkert um það hvort hann kálaði Holberg. Heldur ekki hvort hann hefur yfirleitt vitað af tilvist föður síns ef hann hefur komið undir við þessar kringumstæður, eftir nauðgun. Elliði segir að það hafi verið kona á undan Kolbrúnu sem fékk sömu meðferð og hún, kannski verri. Ef barn kom út úr því efast ég um að móðirin hafi verið áfjád í að segja frá föðurnum. Hún tilkynnti lögreglunni ekki um það sem gerðist. Við höfum ekkert um aðrar nauðganir Holbergs í okkar skápum. Við eigum eftir að finna þessa konu ef hún er þá til ...

– Og við erum að sprengja upp húsgrunna í leit að manni sem kemur málinu líklega ekkert við, sagði Sigurður Óli.

– Hvaða djöfulsins húmor er þetta eiginlega allt í einu? sagði Erlendur og hækkaði röddina. Er einhver leið að fá út úr ykkur eina andskotans setningu sem ekki er algerlega drepfyndin?

– Kannski liggur Grétar ekki hérna í húsgrunninum, sagði Elínborg.

– Hvernig þá? spurði Erlendur.

– Kannski er hann enn á lífi, meinarðu? sagði Sigurður Óli.

– Hann vissi allt um Holberg, get ég ímyndað mér, sagði Elínborg. Hann vissi um dótturina, annars hefði hann ekki tekið myndina af leiði hennar. Hann vissi örugglega hvernig hún kom undir. Ef Holberg eignaðist annað barn, son, hefur hann líka vitað um hann.

Erlendur og Sigurður Óli horfðu á hana með vaxandi áhuga.

– Kannski er Grétar enn á meðal vor, hélt hún áfram, og í sam-

bandi við soninn. Það er ein skýringin á því hvernig sonurinn veit um Elínu og um Auði.

– En Grétar hvarf fyrir aldarfjórðungi og það hefur ekkert spurst til hans síðan, sagði Sigurður Óli.

– Þótt hann hafi horfið þýðir það ekki endilega að hann sé dauður, sagði Elínborg.

– Þannig að ... byrjaði Erlendur en Elínborg greip fram í fyrir honum.

– Mér finnst óþarfi að útiloka hann. Hvers vegna ekki að gera ráð fyrir þeim möguleika að Grétar sé á lífi. Líkið fannst aldrei. Hann gæti hafa farið úr landi. Það getur verið nóg fyrir hann að hafa farið út á land. Það skipti sér enginn af honum. Enginn saknaði hans.

– Ég man ekki eftir slíku tilviki, sagði Erlendur.

– Hverju? spurði Sigurður Óli.

– Að horfinn maður snúi aftur mannsaldri síðar. Mannshvörf hér á landi eru í öllum tilvikum endanleg. Það kemur aldrei neinn fram aftur áratugum síðar.

Aldrei.

Erlendur skildi þau eftir í Norðurmýrinni og fór upp á Barónsstíg að hitta réttarlækninn. Læknirinn var að ljúka skoðun á Holberg þegar Erlendur kom að honum og breiddi yfir líkið. Jarðneskar leifar Auðar voru hvergi sýnilegar.

– Ertu búinn að hafa uppi á heilanum úr stúlkunni? spurði læknirinn formálalaust þegar Erlendur gekk inn til hans.

– Nei, sagði Erlendur.

– Ég talaði við prófessor, gamla vinkonu mína í Háskólanum, og skýrði þetta út fyrir henni, ég vona að það hafi verið í lagi, og hún var ekkert hissa á þessari litlu uppgötvun okkar. Sagan hans Halldórs Laxness, hefurðu lesið hana?

– Um Nebúkarnesar? Hún hefur komið upp í hugann síðustu daga, sagði Erlendur.

– Heitir hún ekki Lilja, sagan? Það er langt síðan ég las hana, en hún segir frá læknanemum sem rændu líki og settu grjót í kistuna og það er í einföldustu mynd það sem gerist. Áður fyrr var ekki fylgst með þessu að neinu ráði, rétt eins og lýst er í sögunni. Fólk sem dó á spítölunum var krufið nema það væri forboðið og krufningin notuð, auðvitað í kennsluskyni. Stundum voru sýni fjarlægð og það gat eiginlega verið hvað sem var, frá heilum líffærum til minni vefjasýna. Svo var öllu pakkað saman og viðkomandi grafinn með sæmd. Núna er þetta með svolítið öðrum hætti. Það er ekki lengur framkvæmd krufning nema samþykki aðstandenda hafi fengist og það eru ekki fjarlægð líffæri í kennslu- eða rannsóknarskyni nema að uppfylltum skilyrðum. Ég held ekki að neinu sé stolið lengur.

– Þú heldur ekki?

Læknirinn yppti öxlum.

– Við erum ekki að tala um líffæraflutninga, er það? sagði Erlendur.

– Allt annað mál. Fólk er yfirleitt reiðubúið að verða öðrum að liði ef lífið liggur við.

– Og hvar er líffærasafnið?

– Það eru þúsundir sýna í þessu húsi hér, sagði réttarlæknirinn. Hér á Barónsstígnum. Stærsti hluti þess er svokallað Dungalsafn, sem er stærsta safn lífsýna á landinu.

– Geturðu sýnt mér það? spurði Erlendur. Ertu með skrá yfir hvaðan sýnin eru fengin?

– Þetta er allt vandlega skrásett. Ég leyfði mér að athuga með sýnið okkar en fann það ekki.

– Hvar er það þá?

– Þú ættir að tala við prófessorinn og heyra hvað hún hefur að segja. Ég held að einhverjar skrár séu uppi í Háskóla.

– Af hverju sagðirðu mér þetta ekki strax? spurði Erlendur. Þegar þú uppgötvaðir að búíð var að taka heilann? Þú vissir þetta?

– Talaðu við hana og komdu svo aftur. Ég er líklega búinn að segja alltof mikið nú þegar.

– Eru skrárnar yfir safnið í Háskólanum?

– Ég veit ekki betur, sagði réttarlæknirinn, gaf Erlendi upp nafnið á prófessornum og sagði honum að láta sig í friði.

– Þú þekkir þá Krukkuborgina, sagði Erlendur.

– Þeir kölluðu eitt herbergið hér Krukkuborgina, sagði læknirinn. Það er búíð að loka því. Ekki spyrja mig hvað varð um krukurnar því ég hef ekki hugmynd um það.

– Finnst þér óþægilegt að tala um þetta?

– Viltu hætta þessu.

– Hvað?

– Hættu þessu.

Prófessorinn, deildarforseti Læknadeildar Háskóla Íslands, hét Hanna og starði yfir borðið á Erlend eins og hann væri meinvarp sem hún þyrfti að fjarlægja sem fyrst af skrifstofunni. Hún var nokkru yngri en Erlendur, ákaflega röggöm, hraðmælt og skjót til svara, virtist ekki þola neitt kjaftæði eða óþarfa málalengingar. Það hann fremur ruddalega að koma sér að efninu þegar Erlendur var byrjaður á langri tölu um ástæður þess að hann var staddur á skrifstofu hennar. Erlendur brosti með sjálfum sér. Hann kunni strax vel við hana og vissi að þau ættu eftir að rífast eins og hundur og köttur áður en fundi þeirra væri lokið. Hún var í dökkum jakkaötum, feitlagin, ómáluð, ljóst hárið stutt-klippipt, hendurnar verklegar, svipurinn alvarlegur og íbygginn. Erlendur hefði viljað sjá hana brosa. Honum varð ekki að ósk sinni.

Hann truflaði hana í kennslustund. Bankaði eins og rati á hurðina á kennslustofunni til þess að spyrja eftir henni. Hún kom í dyrnar og það hann vinsamlegast að bíða þar til tíminn væri búinn. Erlendur stóð á ganginum eins og skrópagemlingur í korter áður en hurðinni var svipt upp. Hanna strunsaði út á ganginn og framhjá Erlendi og sagði honum að fylgja sér. Hann átti fullt í fangi með það. Það var eins og hún tæki tvö skref á meðan hann tók eitt.

– Ég skil ekki hvað rannsóknarlögreglan vill mér, sagði hún á siglingunni og sneri höfðinu eins og til þess að fullvissa sig um að Erlendur héldi í við hana.

– Það kemur í ljós, sagði Erlendur andstuttur.

– Það ætla ég bara rétt að vona, sagði Hanna og vísaði honum inn á skrifstofuna til sín.

Þegar Erlendur sagði henni erindi sitt sat hún og hugsaði sig um í langan tíma. Erlendi tókst að hægja svolítið á henni með frásögninni um Auði og móður hennar og krufninguna, sjúkdómsgreininguna og heilann sem hafði verið fjarlægður.

– Hvar segirðu að stúlkan hafi verið lögð inn? spurði hún loksins.

– Sjúkrahúsinu í Keflavík. Hvernig útvegið þið ykkur líffæri í kennsluna?

Hanna starði á Erlend.

– Ég skil ekki hvað þú ert að fara.

– Þið notið líffæri úr fólki við kennslu, sagði Erlendur. Lífsýni er það líklega kallað, ég er enginn sérfræðingur, en spurningin er mjög einföld: Hvaðan fáid þið þau?

– Ég held að ég þurfi ekki að segja þér neitt um það, sagði hún og byrjaði að eiga við blöð sem lágu á skrifborðinu hennar eins og hún væri of upptekin til þess að sinna Erlendi almennilega.

– Það er okkur talsvert mikilvægt, sagði Erlendur, okkur hjá lögreglunni, að komast að því hvort heilinn sé ennþá til. Hugsanlega er það skráð hjá ykkur. Hann var rannsakaður á sínum tíma en ekki skilað aftur á sinn stað. Kannski er mjög eðlileg skýring á því. Það hefur þurft tíma til þess að rannsaka æxlið og svo hefur þurft að grafa líkið. Háskólinn og spítalarnir eru þeir geymslustaðir fyrir líffæri sem helst koma til greina. Þú getur setið þarna eins og rembihnútur í framan en ég get gert ýmislegt til þess að valda þér, Háskólanum og spítölunum óþægindum. Það er alveg furðulegt hvað maður getur verið lausmáll við fjölmiðla eins og þeir eru leiðinlegir.

Hanna horfði lengi á Erlend sem starði á hana á móti.

– Sveltur sitjandi kráka, sagði hún loksins.

– En fljúgandi fær, botnaði Erlendur.

– Það var í rauninni eina reglan í þessum efnum en ég get ekkert sagt við þig eins og þú getur kannski ímyndað þér. Þetta eru talsvert viðkvæm mál.

– Ég er ekki að rannsaka þetta sem eitthvert glæpamál, sagði Erlendur. Ég veit ekki einu sinni hvort um einhvern sérstakan

líffærastuld hefur verið að ræða. Það sem þið gerið við dautt fólk kemur mér ekki við ef það er innan hæfilegra marka.

Svipur Hönnu varð enn grimmdarlegri.

– Ef þetta er það sem læknisfræðin þarf á að halda, þá má ef-  
laust réttlæta það fyrir einhverjum. Ég þarf að finna ákveðið líf-  
færi úr ákveðnum einstaklingi til þess að rannsaka upp á nýtt og  
ef hægt er að rekja feril þess frá því að það var tekið og fram á  
þennan dag væri ég afar þakklátur. Þetta eru privatupplýsingar  
fyrir mig sjálfan.

– Hvernig privatupplýsingar?

– Ég hef ekki áhuga á að þetta fari neitt lengra. Við þurfum að  
fá líffærið aftur ef það er hægt. Það sem ég var að hugsa um var  
hvort ekki hefði verið nægjanlegt að taka sýni, hvort nauðsyn-  
legt hafi verið að fjarlægja allt líffærið.

– Ég þekki auðvitað ekki þetta ákveðna tilfelli sem þú ert að  
tala um en það gilda strangari reglur núna en í gamla daga um  
krufningar, sagði Hanna eftir nokkra umhugsun. Ef þetta hefur  
átt sér stað á sjöunda áratugnum, þá getur þetta svo sem hafa  
gerst, ég segi það ekki. Þú segir að stúlkan hafi verið krufin gegn  
vilja móðurinnar. Það er varla einsdæmi. Í dag eru aðstandendur  
spurdir strax eftir dauðsfall hvort megi framkvæma krufningu.  
Ég held ég geti sagt að farið sé að óskum þeirra ef þeir neita,  
nema í algjörum undantekningartilvikum. Það hefur átt við  
þarna. Barnadauði er það skelfilegasta sem við er að eiga. Það er  
engin leið að lýsa þeim hörmungum sem ríða yfir fólk sem miss-  
ir barn og spurningin um krufningu í slíkum tilvikum getur ver-  
ið óþægileg.

Hanna þagnaði.

– Sumt höfum við skráð í tölvunum okkar, sagði hún svo, en  
annað er í skjalageymslu sem við höfum hérna í byggingunni.  
Það eru haldnar um þetta nokkuð nákvæmar skrár. Stærsta safn  
líffæra sem spítalarnir eiga er á Barónsstígnum. Þú gerir þér



grein fyrir því að minnst af læknakennslunni fer fram hér á háskólalóðinni. Hún fer fram á spítölonum. Þangað er lærdómurinn sóttur.

– Réttarlæknirinn vildi ekki sýna mér líffærasafnið, sagði Erlendur. Vildi að ég talaði við þig fyrst. Hefur Háskólinn eitthvað yfir þessu að segja?

– Komdu, sagði Hanna án þess að svara spurningu hans. Við skulum sjá hvað er í tölvunum.

Hún stóð upp og Erlendur gekk á eftir henni. Hún opnaði rúmgott herbergi með lykum og sló inn kóða á öryggistæki sem hékk á vegg við dyrnar. Hún gekk að skrifborði og kveikti á tölvu en Erlendur litaðist um á meðan. Herbergið var gluggalaust og skjalaskápar stóðu í röðum upp við veggina. Hanna bað um nafn Auðar og dánardægur og sló það inn í tölvuna.

– Það er ekki hér, sagði hún hugsandi og einblíndi á tölvuskjáinn. Tölvuskráningin nær bara aftur til 1984. Við erum að tölvuskrá allar upplýsingar frá því læknadeildin var stofnuð en skráningin er ekki lengra komin.

– Þá eru það skáparnir, sagði Erlendur.

– Ég má hreinlega ekki vera að þessu, sagði Hanna og leit á klukkuna. Ég á að vera mætt aftur í stofuna.

Hún gekk yfir til Erlends og litaðist um með hraði, gekk á milli skjalaskápanna og las utan á þá. Hún dró út skúffu hér og hvar og blaðaði í skjölum en renndi þeim fljótlega inn aftur. Erlendi sýndist raðað í skúffurnar eftir stafrófsröð en hafði ekki hugmynd um hvað þær geymdu.

– Eruð þið með sjúkraskýrslur hérna inni? spurði hann.

Hanna stundi.

– Ekki segja mér að þú sért á vegum Tölvunefndar, sagði hún þunglega og skellti aftur enn einni skúffunni.

– Bara spurði, sagði Erlendur.

Hanna tók upp skýrslu og las af henni.

– Hérna er eitthvað yfir sýnatökur, sagði hún. Nítjánhundrað sextíu og átta. Það eru nokkur nöfn hérna. Ekkert sem þú hefur áhuga á. Hún setti skýrsluna aftur í skápinn og skellti aftur skúffunni og dró út aðra. Hérna eru fleiri, sagði hún. Bíddu við. Hérna er stúlkunafnið Auður og móðurnafn hennar. Hérna er þetta.

Hanna las hratt yfir skýrsluna.

– Eitt líffæri fjarlæggt, sagði hún eins og við sjálfa sig. Tekið á spítalanum í Keflavík. Leyfi aðstandenda ... ekkert þar. Hér er ekkert um að líffærinu hafi verið fargað.

Hanna lokaði möppunni.

– Það er ekki lengur til.

– Má ég sjá þetta? sagði Erlendur og reyndi ekki að leyna ákafanum.

– Þú græðir ekkert á þessu, sagði Hanna og setti möppuna aftur í skúffuna og lokaði. Ég hef sagt þér það sem þú þarft að vita.

– Hvað stendur þarna? Hverju ertu að leyna?

– Engu, sagði Hanna, og nú þarf ég að koma mér aftur í kennsluna.

– Þá fæ ég dómsúrskurð og kem aftur seinna í dag og þá er eins gott að þessi skýrsla sé á sínum stað, sagði Erlendur og gekk í átt til dyra. Hanna horfði á eftir honum.

– Lofarðu því að upplýsingarnar héðan fari ekki lengra? sagði hún þegar Erlendur hafði opnað dyrnar og var að hverfa út um þær.

– Ég er búinn að segja þér það. Þetta eru upplýsingar fyrir mig sjálfan, sagði Erlendur.

– Skoðaðu þetta þá, sagði Hanna og opnaði aftur skápinn og rétti honum möppuna.

Erlendur lokaði dyrunum, tók möppuna og sökkti sér ofan í hana. Hanna tók upp sígarettupakka og kveikti sér í sígarettu á meðan hún beið eftir að Erlendur lyki lestrinum. Hún leit ekki

við skiltinu sem á stóð að reykingar væru bannaðar í herberginu og brátt var það fullt af reyk.

– Hver er Eydal?

– Einn af okkar færustu vísindamönnum í læknisfræði.

– Hvað í þessu vildirðu ekki sýna mér? Má ég ekki tala við þennan mann?

Hanna svaraði ekki.

– Hvað er í gangi? sagði Erlendur.

Hanna dæsti.

– Mér skilst að hann geymi sjálfur nokkur líffæri, sagði hún loksins.

– Safnar þessi maður líffærum? sagði Erlendur.

– Hann geymir nokkur líffæri, lítið safn.

– Líffærasafnari?

– Þetta er það eina sem ég veit, sagði Hanna.

– Það er hugsanlegt að hann hafi heilann hjá sér, sagði Erlendur. Hér stendur að hann hafi fengið sýni úr henni til athugunar. Er þetta eitthvert vandræðamál fyrir ykkur?

– Hann er einn okkar fremsti vísindamaður, sagði hún aftur á milli samanbitinna tannanna.

– Hann geymir heilann úr fjögurra ára gamalli stúlku á arin-hillunni heima hjá sér, hrópaði Erlendur.

– Ég ætlast ekki til þess að þú skiljir vísindastörf, sagði hún.

– Hvað í þessu þarf maður að skilja?

– Ég hefði aldrei átt að hleypa þér héra inn, hvæsti Hanna.

– Ég hef heyrt þennan áður, sagði Erlendur.

Elínborg fann konuna frá Húsavík.

Hún átti eftir að kanna tvö nöfn á listanum sínum og skildi Sigurð Óla eftir í Norðurmýrinni með tæknimönnunum. Fyrri konan sýndi viðbrögð sem hún hafði svo oft fengið, mikla en á einhvern hátt fyrirfram ákveðna undrun, búin að heyra söguna annars staðar frá, jafnvel nokkrum sinnum. Sagðist í sannleika sagt hafa átt von á lögreglunni. Síðari konan, síðasta konan á lista Elínborgar, neitaði að tala við hana. Neitaði að hleypa henni inn. Sagðist ekki vita hvað hún væri að tala um og gæti ekkert hjálpað henni.

En það var eitthvert hik á konunni. Það var eins og hún þyrfti að taka á öllu sem hún átti til þess að segja það sem hún ætlaði að segja og Elínborgu fannst eins og hún hefði æft rulluna. Hún hegðaði sér eins og hún hefði átt von á henni en ólíkt hinum vildi hún ekkert vita. Vildi losna strax við hana.

Elínborg fann það á sér að hún hafði fundið konuna sem þau leituðu að. Hún leit aftur á skjölin sín. Konan hét Katrín og var deildarstjóri hjá Bókasafni Reykjavíkur. Gift. Maðurinn hennar var framkvæmdastjóri á stórri auglýsingastofu. Hún var sextug. Þrjú börn. Allt synir, fæddir á árunum 1958 til 1962. Hún hafði flutt frá Húsavík það ár og búið í Reykjavík alla tíð síðan.

Elínborg hringdi bjöllunni aftur.

– Ég held að þú ættir að tala við mig, sagði hún þegar Katrín opnaði dyrnar aftur.

Konan leit á hana.

– Það er ekkert sem ég get hjálpað ykkur með, sagði hún strax, furðu hvöss í máli. Ég veit um hvað málið snýst. Ég hef fengið þessar hryllilegu hringingar. En ég veit ekki um neina nauðgun. Vonandi læturðu þér það nægja. Ekki ónáða mig aftur.

Hún hallaði aftur hurðinni.

– Það má vera að ég láti það nægja en maður að nafni Erlendur, sem rannsakar morðið á Holberg, þú hefur kannski heyrt um það, hann lætur það ekki nægja. Næst þegar þú opnar dyrnar stendur hann hérna og hann fer ekki neitt. Hann lætur ekki loka á sig. Hann getur kallað þig niður á stöð ef í hart fer.

– Viltu gera svo vel að láta mig í friði, sagði Katrín um leið og hurðin féll að stöfum.

Ég vildi svo sannarlega að ég gæti það, hugsaði Elínborg. Hún tók upp farsímann og hringdi í Erlend, sem var að koma úr Háskólanum. Elínborg lýsti fyrir honum stöðunni, hann kvaðst verða kominn til hennar eftir tíu mínútur.

Hann sá Elínborgu hvergi fyrir utan húsið þegar hann kom að heimili Katrínar en þekkti bílinn hennar á planinu. Þetta var stórt einbýlishús í Vogunum, á tveimur hæðum með tvöföldum bílskúr. Hann hringdi bjöllunni og honum til furðu kom Elínborg til dyra.

– Ég held að ég sé búin að finna konuna, sagði hún hljóðlega og hleypti Erlendi inn. Hún kom út til mín áðan og bauð mér inn, afsakaði hvernig hún kom fram. Hún vildi frekar tala við okkur hérna en á stöðinni. Hafði heyrt sögurnar um nauðgunina og átti von á okkur.

Elínborg gekk inn í húsið á undan Erlendi og inn í stofu þar sem Katrín stóð. Hún tók í höndina á honum og reyndi að brosa en tókst það ekki vel. Hún var smekklega klædd, í gráu pilsu og hvítri blússu, með slétt, þykkt hár sem náði niður á herðar, greitt til hliðar. Hún var hávaxin, fætturnir grannir og herðarnar litlar, andlitsfríð með mildan en áhyggjufullan svip.

Erlendur leit í kringum sig í stofunni. Bækur voru áberandi, í lokuðum glerskápum. Fallegt skrifpúlt stóð við einn bókaskápin, gamalt en vel með farið leðursófasett var í stofunni miðri, í einu horninu reykbörð. Málverk á veggjum. Litlar vatnslita-

teikningar í falletum römmum, ljósmyndir af fjölskyldu hennar. Hann leit betur á þær. Þær voru allar gamlar. Drengirnir þrír með foreldrum sínum. Nýjustu myndirnar frá því þeir voru fermdir. Þeir virtust ekki hafa lokið stúdentsprófi eða háskólanámi eða kvænst.

– Við ætlum að minnka við okkur, sagði Katrín eins og afsakandi þegar hún sá Erlend skoða sig um. Þetta er orðið alltof mikið ferlíki fyrir okkur, þetta hús.

Erlendur kinkaði kalli.

– Maðurinn þinn, er hann heima líka?

– Albert kemur ekki heim fyrir en seint í kvöld. Hann er í útlöndum. Ég var að vona að við gætum talað um þetta áður en hann kemur.

– Eigum við ekki að setjast? sagði Elínborg. Katrín afsakaði ókurteisina og bauð þeim sæti. Hún settist ein í sófann en Elínborg og Erlendur hvort í sinn leðurstólinn gegnt henni.

– Hvað er það nákvæmlega sem þið viljið mér? spurði Katrín og leit á þau til skiptis. Ég skil ekki almennilega hvernig ég kem inn í þetta. Maðurinn er látinn. Mér kemur það ekkert við.

– Holberg var nauðgari, sagði Erlendur. Hann eignaðist dóttur með konu af Suðurnesjunum eftir að hafa nauðgað henni. Þegar við fórum að athuga hann nánar var okkur sagt að hann hefði gert það áður og að sú kona hefði verið frá Húsavík, á svipuðum aldri og seinna fórnarlambið. Það má vera að Holberg hafi nauðgað síðan, við vitum það ekki, en við þurfum að hafa uppi á fórnarlambi hans frá Húsavík. Holberg var myrtur á heimili sínu og við höfum ástæðu til þess að ætla að skýringanna á því sé að leita í fortíð mannsins, jafn ógeðfæld og hún nú er.

Erlendur og Elínborg tóku bæði eftir því að ræðan virtist engin áhrif hafa á Katrínu. Henni brá ekki við að heyra um nauðganir Holbergs eða dótturina sem hann eignaðist og hún spurði

hvorki nánar út í konuna af Suðurnesjunum né dótturina. Erlendur tók til máls.

– Þér bregður ekki við þessi tíðindi, sagði hann.

– Nei, sagði Katrín, við hvað á mér svo sem að bregða?

– Hvað geturðu sagt okkur um Holberg? spurði Erlendur eftir nokkra þögn.

– Ég þekkti hann strax aftur á myndunum í blöðunum, sagði Katrín og það var eins og síðasti snefill af mótþróa hyrfi úr röddinni. Orð hennar urðu að hvísli. Hann hafði samt breyst mjög mikið, sagði hún.

– Við áttum hana á lager hjá okkur, sagði Elínborg til útskýringar. Hún var fengin úr nýlegu meiraprófsskírteini sem hann hafði endurnýjað. Vörubílstjóri. Keyrði um allt land.

– Hann sagði við mig á sínum tíma að hann væri lögfræðingur í Reykjavík.

– Hann hefur sennilega verið að vinna hjá Vita- og hafnamálum á þessum tíma, sagði Erlendur.

– Ég var rétt rúmlega tvítug. Við Albert áttum tvö börn þegar þetta var. Við byrjuðum mjög ung að búa saman. Hann var á sjónum, hann Albert. Það gerðist ekki oft. Hann var með litla verslun og var umboðsmaður fyrir tryggingafélag.

– Veit hann hvað gerðist? spurði Erlendur.

Katrín hikaði andartak.

– Nei, ég sagði honum aldrei frá því. Og mér þætti vænt um ef þið reynduð að halda þessu okkar á milli.

Þau þögnuðu.

– Sagðirðu engum frá því sem gerðist? spurði Erlendur.

– Ég sagði engum frá því. Hún þagnaði.

Erlendur og Elínborg biðu.

– Ég kenni sjálfri mér ennþá um það. Drottinn minn, stundi hún. Ég veit að það er ekki rétt af mér. Ég veit að ég hafði ekkert með það að gera. Það eru liðin fjörutíu ár og ég er enn að

ásaka sjálfa mig þótt ég viti að ég eigi ekki að gera það. Fjöru-  
tíu ár.

Þau biðu.

– Ég veit ekki hvað þið viljið fara út í mikil smáatriði. Hvað af þessu skiptir ykkur máli. Eins og ég segi, þá var Albert á sjón-  
um. Ég var úti að skemmta mér með vinafólki og við hittum þessa menn á ballinu.

– Þessa menn? skaut Erlendur inn í.

– Holberg og annan sem var með honum. Ég komst aldrei að því hvað hann hét. Hann sýndi mér litla myndavél sem hann gekk með á sér. Ég talaði eitthvað við hann um ljósmyndir. Þeir fylgdu okkur heim til vinkonu minnar og þar héldum við áfram að skemmta okkur. Við vorum fjórar sem fórum saman út. Tvær af okkur voru giftar. Eftir nokkra stund sagðist ég vilja fara heim og þá bauðst hann til þess að fylgja mér.

– Holberg? sagði Elínborg.

– Já, Holberg. Ég afþakkaði og kvaddi vinkonur mínar og gekk svo ein heim. Það var ekki langt að fara. En þegar ég opn-  
aði dyrnar, við bjuggum í litlu einbýlishúsi í nýrri götu sem ver-  
ið var að byggja á Húsavík, þá stóð hann allt í einu fyrir aftan mig. Hann sagði eitthvað sem ég heyrði ekki, ýtti mér inn fyrir og lokaði. Ég vissi ekki hvaðan á mig stóð veðrið. Vissi ekki hvort ég átti að vera hrædd eða hissa. Áfengið slævði mig líka. Auðvitað þekkti ég þennan mann ekki neitt, hafði aldrei séð hann áður.

– Af hverju kennirðu þér þá um? spurði Elínborg.

– Það voru einhver fíflalæti í mér á ballinu, sagði Katrín eftir nokkra stund. Ég bauð honum upp í dans. Ég veit ekki af hverju ég gerði það. Ég var búin að drekka aðeins en þoldi aldrei mik-  
ið vín. Það var búið að vera gaman hjá okkur vinkonunum og einhvern veginn var maður að sletta úr klaufunum. Ábyrgðar-  
laus. Drukkin.



– En þú getur ekki kennt sjálfri þér ... byrjaði Elínborg.

– Ekkert sem þú segir getur hjálpað mér hið minnsta, sagði Katrín dauflaga og leit á Elínborgu, svo þú skalt ekki segja mér hvað ég get og get ekki. Það er ekki til neins.

– Hann hékk utan í okkur upp frá því, hélt hún áfram eftir nokkra stund. Kom alls ekkert illa fyrir, þessi maður. Hann var fyndinn og vissi hvernig hann átti að koma okkur stelpunum til þess að hlæja. Spilaði á okkur og spilaði með okkur. Ég mundi það seinna að hann spurði út í Albert og komst að því að ég var ein heima. En hann gerði það þannig að mig grunaði aldrei hvað bjó undir.

– Þetta er í öllum aðalatriðum sama sagan og þegar Holberg réðst á konuna í Keflavík, sagði Erlendur. Hún leyfði honum að vísu að fylgja sér heim. Svo bað hann um að fá að nota símann og réðst á hana inni í eldhúsi, flutti hana inn í svefnherbergi og kom fram vilja sínum við hana þar.

– Maðurinn varð einhvern veginn allur annar. Viðbjóðslegur. Það sem hann sagði. Hann reif mig úr kápu sem ég var í, ýtti mér inn í húsið og kallaði mig hryllilegum nöfnum. Varð mjög æstur. Ég reyndi að tala við hann en það var gersamlega tilgangslaust og þegar ég byrjaði að hrópa á hjálp stökk hann á mig og þagg-  
aði niður í mér. Svo dró hann mig inn í svefnherbergi ...

Hún safnaði í sig því sem hún átti til af kjarki og sagði þeim frá því sem Holberg gerði, skipulega og án þess að draga neitt undan. Hún hafði ekki gleymt neinu af því sem gerðist þetta kvöld. Þvert á móti mundi hún hvert smáatriði. Frásögn hennar var algerlega laus við tilfinningasemi. Það var eins og hún læsi upp blákaldar staðreyndir af blaði. Hún hafði aldrei talað um atburðinn með þessum hætti, af þessari nákvæmni, áður, en hún hafði myndað slíka fjarlægð við hann að Erlendi fannst eins og hún væri að lýsa einhverju sem komið hafði fyrir aðra konu. Ekki hana sjálfa heldur einhvern annan. Annars staðar. Á öðrum tíma. Í öðru lífi.

Einu sinni í frásögninni gretti Erlendur sig og Elínborg for-  
mælti í hljóði.

Katrín þagnaði.

– Hvers vegna kærðir þú ekki kvikindið? spurði Elínborg.

– Hann var eins og skrímsli. Hann hótaði mér því að ef ég segði frá þessu og lögreglan tæki hann fastan þá mundi hann koma og ganga frá mér. Og það sem verra var, hann sagði að ef ég gerði mál úr þessu mundi hann halda því fram að ég hefði beðið hann að hitta mig heima og viljað sofa hjá honum. Hann notaði önnur orð yfir þetta en ég skildi hvað hann var að fara. Hann var ótrúlega sterkur en það sá svo sem ekki neitt á mér. Hann gætti þess. Ég fór að hugsa um það síðar. Hann sló mig nokkrum sinnum í andlitið en aldrei fast.

– Hvenær gerðist þetta? spurði Erlendur.

– Þetta var árið 1961. Seint. Um haustið.

– Og urðu þá engin eftirmál? Sástu Holberg aldrei aftur eða ...

– Nei. Ég sá hann aldrei eftir þetta. Ekki fyrr en ég sá mynd-  
ina af honum í blöðunum.

– Þú fluttir frá Húsavík?

– Það var í sjálfu sér það sem við ætluðum okkur. Albert hafði það alltaf á bak við eyrað. Ég var ekki eins mótfallin því eftir þetta. Húsavíkingar eru gott fólk og það var gott að búa á Húsavík en ég hef aldrei komið þangað síðan.

– Þú áttir tvö börn fyrir, syni, sýnist mér, sagði Erlendur og kinkaði kolla í átt að fermingarmyndunum, og svo eignastu þriðja soninn ... hvenær?

– Tveimur árum síðar, sagði Katrín.

Erlendur horfði á hana og sá hvernig hún laug í fyrsta skipti í samtali þeirra.

– Af hverju hættirðu þarna? spurði Elínborg hvasst þegar þau gengu frá húsinu og út á götuna.

Hún átti bágð með að leyna undrun sinni þegar Erlendur þakkaði Katrínu allt í einu fyrir hversu samvinnuþýð hún hefði verið. Hann sagðist vita hversu erfitt það væri fyrir hana að tala um þessi mál og að hann mundi gæta þess að ekkert af því sem þau töluðu um færi lengra. Elínborg gapti. Samtal þeirra var rétt að hefjast.

– Hún var byrjuð að ljúga, sagði Erlendur. Þetta er of mikil þolraun fyrir hana. Við hittum hana seinna. Það þarf að hlera símann hennar og við þurfum bíl hérna utan við húsið til þess að fylgjast með ferðum hennar og gestakomum. Við þurfum að græja þetta eins og við séum að eltast við eiturlyfjasala. Við þurfum að komast að því hvað synir hennar gera, fá nýlegar myndir af þeim ef við getum, en án þess að það vekji mikla athygli, og við þurfum að hafa uppi á fólki sem þekkti Katrínu á Húsavík og man jafnvel eftir þessu kvöldi þótt það sé kannski fulllangsótt. Ég var búinn að biðja Sigurð Óla um að hafa samband við Vita og hafnamál og athuga hvort þeir geti sagt okkur hvenær Holberg vann fyrir þá á Húsavík. Kannski er hann búinn að því. Fáðu giftingarvottorð Katrínar og Alberts og athugaðu hvenær þau gengu í hjónaband.

Erlendur var sestur inn í bílinn sinn.

– Og Elínborg, þú mátt koma með næst þegar við tölum við hana.

– Er hægt að gera svona eins og hún lýsti? spurði Elínborg og var enn með hugann við frásögn Katrínar.

– Ég býst við að þegar Holberg á í hlut sé allt hægt, svaraði Erlendur.

Hann ók niður í Norðurmýri. Sigurður Óli var enn þar staddur. Hann hafði verið í sambandi við Landssímann vegna hringinganna sem Holberg fékk helgina sem hann var myrtur. Tvær þeirra voru frá vinnustað hans en aðrar þrjár voru úr almennings-símum í miðbænum: Tvær úr símaklefa við Lækjargötu en ein úr tókallasíma á Hlemmi.

– Eitthvað fleira?

– Ja, það er klámið í tölvunni hans. Þeir eru búnir að skoða töluverðan hluta af því í tæknideildinni og það er agalegt. Alveg hreint agalegt. Það er allt það versta í því sem hægt er að finna á netinu, þar með talin dýr og börn. Þessi maður hefur verið alveg stórkostlegur öfuguggi. Ég held að þeir hafi gefist upp á að skoða þetta.

– Það er kannski óþarfi að láta þá kveljast svona, sagði Erlendur.

– Ég veit það ekki, sagði Sigurður Óli, en þetta gefur okkur svolitla mynd af því ógeðslega, viðbjóðslega krípi sem maðurinn var.

– Meinarðu að hann hafi átt skilið að vera laminn í hausinn og depinn? sagði Erlendur.

– Hvað finnst þér?

– Ertu búinn að tala við Vita- og hafnamál um Holberg?

– Nei.

– Drífa sig í því.

– Er hann að veifa okkur? spurði Sigurður Óli. Þeir stóðu framan við hús Holbergs. Einn af tæknimönnunum var kominn út úr kjallaranum, stóð í hvíta samfestingnum sínum og veifaði til þeirra að koma. Hann virtist í nokkru uppnámi. Þeir stigu út úr bílnum, gengu niður í kjallarann og tæknimaðurinn benti þeim á að koma að öðrum sjónvarpsskjánum. Hann hélt á lítilli fjarstýringu og sagði þeim að hann stjórnaði myndavél sem hefði verið þrædd niður í eitt gatið í horni stofunnar.

Peir horfðu á skjáinn en sáu ekkert á honum sem vakti áhuga þeirra. Myndin var grófkornuð, illa lýst, óskýr og litlaus. Peir sáu í möl og upp í gólflötuna en annars ekkert óvenjulegt. Þannig leið góð stund þar til tæknimaðurinn gat ekki lengur á sér setið.

– Það er þetta hér, sagði hann og benti ofarlega á skjáinn fyrir miðju. Alveg uppi við gólflötuna.

– Hvað? spurði Erlendur og sá ekki neitt.

– Sjáið þið það ekki? sagði tæknimaðurinn.

– Hvað? sagði Sigurður Óli.

– Hringinn, sagði tæknimaðurinn.

– Hringinn? sagði Erlendur.

– Þetta er greinilega hringur sem höfum fundið undir gólfinu. Sjáið þið hann ekki?

Peir rýndu á skjáinn þar til þeim sýndist móta fyrir hlut sem gat allt eins verið hringur. Hann var mjög ógreinilegur eins og eitthvað skyggði á hann. Annað sáu þeir ekki.

– Það er eins og það sé eitthvað fyrir honum, sagði Sigurður Óli.

– Það getur verið byggingaplast, sagði tæknimaðurinn. Fleiri höfðu safnast við skjáinn til þess að fylgjast með því sem var að gerast. Sjáið þetta hérna, sagði tæknimaðurinn. Línuna hérna hjá hringnum. Þetta getur alveg eins verið fingur af manni. Það liggur eitthvað þarna úti í horninu sem ég held að við þurfum að athuga betur.

– Brjótíð það upp, skipaði Erlendur. Skoðum hvað þetta er.

Tæknimennirnir hófust þegar handa. Peir afmörkuðu staðinn í stofunni og byrjuðu að brjóta upp gólfið með stóra loftbornum. Fínlegt steinryk þyrlaðist um kjallarann og Erlendur og Sigurður Óli settu grisjur fyrir andlitið. Peir stóðu yfir tæknimönnunum og fylgdust með hvernig gatið í góflinu stækkaði. Gólfplatan var fimmtán til tuttugu sentímetra þykk og það tók nokkurn tíma fyrir loftborinn að fara í gegnum hana.

Þegar það hafði tekist stækkaði gatið ört. Steypubrotunum var sópað frá jafnóðum og innan stundar sást í plastið sem myndavélin sýndi. Erlendur leit á Sigurð Óla sem kinkaði kalli til hans.

Plastið kom æ betur í ljós. Erlendi sýndist það vera þykkt byggingaplast. Ómögulegt var að sjá í gegnum það. Hann var búinn að gleyma hávaðanum inni í kjallaranum, ógeðslegri lyktinni og rykinu sem þyrlaðist upp. Sigurður Óli var búinn að taka grisjuna frá andlitinu til þess að sjá betur. Hann beygði sig og teygði yfir tæknimennina, sem unnu við að brjóta gólfíð.

– Er það svona sem þeir opna graphýsin í Egyptalandi? sagði hann og það létti aðeins á spennunni.

– Nema hér liggur enginn konungur, er ég hræddur um, sagði Erlendur.

– Getur verið að við séum að finna Grétar undir gólfinu hjá Holberg? sagði Sigurður Óli og eftirvæntingin leyndi sér ekki. Eftir fokking aldarfjórðung! Djöfulsins snilld er þetta.

– Mamma hans hafði rétt fyrir sér, sagði Erlendur.

– Mamma Grétars?

– Það var eins og honum hefði verið stolið, sagði hún.

– Pakkað inn í plast og settur ofan í gólfíð.

– Marion Briem, sagði Erlendur lágt við sjálfan sig og hristi hausinn.

Tæknimennirnir hömuðust á rafmagnsborunum, gólfíð tvístraðist undan þeim og gatið stækkaði þar til allur plastböggullinn var kominn í ljós. Hann var á lengd við meðalmann. Tæknimennirnir ræddu það sín á milli hvernig þeir ættu að fara að því að opna böggulinn. Þeir ákváðu svo að taka hann í heilu lagi upp úr gólfinu og snerta hann ekki fyrr en þeir hefðu flutt hann í líkhúsið við Barónsstíg þar sem hægt yrði að eiga við hann án þess að glata hugsanlegum sönnunargögnum.

Þeir náðu í börur sem þeir höfðu komið með niður í kjallarann

kvöldið áður og lögðu við gatið í gólfinu. Tveir þeirra reyndu að lyfta plastbögglinum en hann reyndist of þungur svo að tveir til viðbótar komu þeim til aðstoðar. Brátt haggðist böggullinn og losnaði úr geymslustað sínum og þeir lyftu honum upp og lögðu á bórurnar.

Erlendur steig nær bögglinum, beygði sig yfir hann og reyndi að rýna í gegnum plastið og þóttist sjá móta fyrir andliti, morknu og rotnuðu, tönnum og parti af nefi. Hann reisti sig upp aftur.

– Lítur hreint ekki svo illa út, sagði hann.

– Hvað er þetta? spurði Sigurður Óli og benti niður í gatið.

– Hvað? sagði Erlendur.

– Eru þetta filmur? sagði Sigurður Óli.

Erlendur færði sig nær, beygði sig í hnjánum og tók eftir að undir plastbögglinum voru ljósmyndafilmur hálfgrafnar í mölina. Margir metrar af filmum sem lágu á víð og dreif. Hann vonaði að einhverjar þeirra væru áteknar.

Katrín hreyfði sig ekki úr húsi það sem eftir lifði dagsins. Hún fékk engar heimsóknir og notaði ekki símann. Um kvöldið renndi maður á jeppabifreið upp að húsinu og gekk inn í það með miðlungsstóra ferðatösku í hendinni. Talið var að þar færi Albert, eiginmaður hennar. Hann átti að skila sér heim úr viðskiptaferð frá Þýskalandi þetta síðdegi.

Tveir menn í ómerktri lögreglubifreið stóðu vakt við húsið. Síminn var hleraður. Gerð hafði verið grein fyrir tveimur eldri sonum hjónanna en ekki var vitað um ferðir hins yngsta. Hann var fráskilinn og bjó í lítilli íbúð í Smáíbúðahverfinu, sem virtist standa auð. Vakt var við heimili hans. Lögreglan vann við að safna upplýsingum um hann og lýsing á honum var send á lögreglustöðvar um allt land. Ekki var enn talin ástæða til þess að auglýsa sérstaklega eftir honum í fjölmiðlum.

Erlendur renndi í hlað framan við líkhúsið á Barónsstígnum. Líkið af manninum sem talið var að væri Grétar hafði verið flutt þangað. Réttarlæknirinn, sá sami og skoðaði Holberg og Auði, var búinn að fjarlægja plastið utan af líkinu. Í ljós hafði komið líkami karlmanns með hausinn keyrðan aftur, munninn opinn eins og í angistaröskri og hendurnar lagðar niður með síðum. Húðin var uppþornuð og skorpín og grámygluleg en stórir rotnunarblettir voru hér og hvar á líkamanum, sem var nakinn. Höfuðið virtist vera illilega laskað, hárið sítt og litlaust niður með andlitinu.

– Hann tók úr honum innýflin, sagði réttarlæknirinn.

– Ha?

– Sá sem geymdi hann. Viturlegt ef menn ætla að geyma lík.

Upp á lyktina að gera. Hann hefur þornað smámsaman upp innan í plastinu. Ágætlega varðveittur þannig séð.



– Sérðu dánarorsökina?

– Það var plastpoki yfir hausnum á honum sem bendir til þess að hann hafi verið kæfður en ég á enn eftir að skoða hann betur. Þú færð að vita eitthvað meira síðar. Þetta tekur allt sinn tíma. Veistu hver þetta er? Hann er hálfgerður væskill, greyið.

– Ég hef ákveðnar grunsemdir, sagði Erlendur.

– Talaðirðu við prófessorinn?

– Indæl kona.

– Finnst þér ekki.

Sigurður Óli beið Erlends þegar hann kom á skrifstofuna og sagði honum að hann væri á leið í tæknideildina. Tekist hafði að stækka nokkur myndbrot af filmunum sem fundust í kjallara Holbergs. Erlendur sagði honum undan og ofan af samræðum hans og Elínborgar við Katrínu.

Ragnar, yfirmaður tæknideildarinnar, beið þeirra á skrifstofu sinni með nokkrar filmur á skrifborðinu og ljósmyndir sem höfðu verið stækkaðar. Hann rétti þeim ljósmyndirnar og þeir grúfðu sig yfir þær.

– Við náðum ekki nema þessum þremur, sagði yfirmaðurinn, og ég veit í rauninni ekki hvað þær sýna. Þetta voru sjö tuttugu og fjögurra mynda filmur frá Kodak. Þrjár voru alveg svartar og við vitum ekki hvort þær voru áteknar en af einni gátum við stækkað þetta litla sem við sjáum. Er þetta eitthvað sem þið þekkið?

Erlendur og Sigurður Óli rýndu í myndirnar. Þær voru allar svarthvítar. Tvær þeirra voru svartar að hálfu leyti eins og ljósopið hefði ekki opnast fyllilega, viðfangsefnið úr fókus og svo óskýrt að þeir gátu ekki áttað sig hvað þær sýndu. Sú þriðja og síðasta var heil og sæmilega skörp og sýndi mann taka ljósmynd af sjálfum sér framan við spegil. Myndavélin var lítil og flöt, ofan á henni stóð flasskubbur með fjórum perum og flassið lýsti upp

manninn í speglinum. Hann var í gallabuxum og skyrtu og sum-  
arjakka sem náði honum niður á mitti.

– Munið þið eftir flasskubbunum? sagði Erlendur eins og með  
eftirsjá í röddinni. Hvílík bylting.

– Ég man vel eftir þeim, sagði Ragnar sem var á aldur við Er-  
lend. Sigurður Óli horfði á þá til skiptis og hristi hausinn.

– Mundi þetta kallast sjálfsmynd? sagði Erlendur.

– Það er erfitt að sjá framan í hann fyrir myndavélinni, sagði  
Sigurður Óli, en er ekki líklegt að þetta sé Grétar sjálfur?

– Þekkið þið umhverfið, það litla sem sést? spurði yfirmaður-  
inn.

Í spegilmyndinni mátti greina hluta af því sem virtist vera  
stofa aftan við ljósmyndarann. Erlendur sá stólbak og jafnvel  
borðstofuborð, teppi á gólfinu, hluta af einhverju sem gat verið  
gluggatjöld sem náðu niður á gólf en annað var illgreinanlegt.  
Mesta ljósið var á manninum í speglinum en svo fjarði það út  
til hliðanna í algjört myrkur.

Þeir rýndu lengi vel í myndina. Eftir langa mæðu tók Erlend-  
ur að greina eitthvað í myrkrinu vinstra megin við ljósmyndar-  
ann, sem honum fannst að gæti verið form, jafnvel vangasvipur,  
augabrúnir og nef. Það var aðeins tilfinning sem hann fékk en  
það var ójafna í birtunni, örsmáir skuggar, sem kveiktu í ímynd-  
unarafli hans.

– Getum við stækkað þetta svæði? spurði hann Ragnar sem  
rýndi í sama hluta en sá ekki neitt. Sigurður Óli tók myndina og  
hélt henni fyrir framan sig en greindi ekki það sem Erlendur  
þóttist sjá.

– Við erum enga stund að þessu, sagði Ragnar. Þeir fylgdu  
honum af skrifstofunni og inn til tæknimannanna.

– Eru fingraför á filmunum? spurði Sigurður Óli.

– Já, sagði Ragnar, tvönn, þau sömu og á ljósmyndinni úr  
kirkjugarðinum. Grétars og Holbergs.

Myndin var skönnuð og birtist á stórum tölvuskjá og svæðið stækkað. Það sem var ekki annað en ójafna í ljósinu varð að óteljandi punktum á tölvuskjánum og náði yfir hann allan. Þeir sáu ekkert út úr myndinni og jafnvel Erlendur hafði misst sjónar á því sem hann hélt að hann hefði séð. Tæknimaðurinn vann nokkra stund á lykklaborðið, sló inn skipanir og myndin minnk-aði og þéttist. Hann hélt áfram, punktarnir röðuðust saman þar til smám saman tók að móta fyrir andliti manns. Það var mjög óskýrt en Erlendur þóttist þekkja Holberg á myndinni.

– Er þetta ekki svínið? sagði Sigurður Óli.

– Það er meira hérna, sagði tæknimaðurinn og hélt áfram að skerpa myndina. Brátt komu í ljós bylgjur sem minntu Erlend á sítt kvenmannshár og annar og ógreinilegri vangasvipur. Erlendur starði á myndina þangað til honum sýndist Holberg sitja á tali við konu. Undarleg skynvilla greip hann á sama andartaki og honum varð þetta ljóst. Hann langaði til að hrópa á konuna að koma sér burtu úr íbúðinni en skildi um leið að það var of seint. Áratugum of seint.

Í þessu hringdi sími í herberginu en það hreyfði sig enginn. Erlendur hélt að síminn á skrifborðinu væri að hringja.

– Þetta er þinn, sagði Sigurður Óli við Erlend.

Það tók Erlend nokkurn tíma að finna símann sinn en loks kraflaði hann tækið upp úr jakkavasanum.

Þetta var Elínborg.

– Hvað ert þú að dóla? sagði hún þegar hann loksins svaraði.

– Viltu koma þér að efninu, sagði Erlendur.

– Efninu? Af hverju ertu svona stressaður?

– Ég vissi að þú gætir ekki bara sagt það sem þú ætlaðir að segja.

– Það er út af drengjunum hennar Katrínar, sagði Elínborg. Eða körlunum, þetta eru fullorðnir menn allt saman.

– Hvað með þá?

– Allt saman finir náungar, líklega, nema einn þeirra vinnur á svólítið athyglisverðum vinnustað. Mér fannst að þú yrðir að heyra strax af því en ef þú ert svona stressaður og tímabundinn og getur ekki hugsað þér að rabba neitt, þá hringi ég bara í Sigurð Óla.

– Elínborg.

– Hvað, krúttið mitt?

– Drottinn minn dýri, kona, hrópaði Erlendur og leit á Sigurð Óla, ætlarðu að segja mér það sem þú ætlar að segja.

– Sonurinn er hjá Erfðagreiningarmiðstöð Íslands, sagði Elínborg.

– Hvað?

– Hann vinnur hjá Erfðagreiningarmiðstöð Íslands.

– Erfðagreiningar ... hvaða sonur?

– Sá yngsti. Hann vinnur við nýja gagnagrunninn þeirra. Vinnur með ættartré og sjúkdóma, íslenskar ættir og arfgenga sjúkdóma, erfðasjúkdóma. Maðurinn er sérfræðingur í íslenskum erfðasjúkdómum.

Erlendur kom heim til sín síðla kvölds. Hann ráðgerði að fara snemma morguninn eftir á fund Katrínar og ræða við hana grunsendir sínar. Hann vonaðist til þess að sonur hennar kæmi fljótlega í leitirnar. Ef leitin drægist á langinn væri hætta á fjölmiðlafári og slíkt vildi hann umfram allt forðast.

Eva Lind var ekki heima við. Hún hafði lagað til í eldhúsinu eftir upphlaup Erlends og hann setti annan réttinn, sem hann hafði keypt í kvöldsölubúð, í örbylgjuna og ýtti á start. Erlendur minntist þess þegar Eva Lind kom til hans nokkrum kvöldum áður, þegar hann hafði staðið við ofninn, og sagði honum að hún væri með barni. Honum fannst eins og heilt ár væri liðið frá því hún sat á móti honum, sníkti peninga og hörfaði undan spurningum hans en vissi að það voru aðeins nokkur kvöld. Hann dreymdi ennþá illa á nóttunni. Hann hafði aldrei dreymt mikið og mundi ekki nema slitur af því þegar hann vaknaði en það fylgdi honum óþægindatilfinning inn í vökuna, sem hann losnaði ekki við. Ekki bætti úr skák að verkurinn fyrir brjóstinu var sífellt að minna á sig, sviðaverkur sem hann gat ekki nuddað í burtu.

Hann hugsaði um Evu Lind og barnið og um Kolbrúnu og Auði og um Elínu og Katrínu og syni hennar, um Holberg og Grétar og Elliða í fangelsinu og um stelpuna úr Gardabænum og föður hennar og um sjálfan sig og sín eigin börn, son sinn Sindra Snæ, sem hann hitti eiginlega aldrei, og Evu sem leitaði til hans og hann jósk skömmum yfir þegar honum mislíkaði það sem hún gerði. Það var rétt hjá henni. Hvaða efni hafði hann á því að útdeila skömmum?

Hann hugsaði um mæður og dætur og feður og syni og mæður og syni og feður og dætur og börn sem urðu til og enginn vildi

og börn sem dóu í þessu litla samfélagi, Íslandi, þar sem allir virtust á einhvern hátt vera skyldir eða tengdir.

Ef Holberg átti yngsta son Katrínar, hafði sá þá myrt föður sinn? Vissi hann að Holberg var faðir hans? Hvernig hafði hann komist að því? Hafði Katrín sagt honum það? Hvenær? Hvers vegna? Hafði hann vitað það allan tímann? Vissi hann af nauðguninni? Hafði Katrín sagt honum að Holberg hefði nauðgað sér og hann orðið til? Hvers konar tilfinning er það? Hvers konar tilfinning er það að komast að því að maður er ekki sá sem maður taldi sig vera? Ekki sá sem maður er? Að faðir manns sé ekki faðir manns, maður sjálfur ekki sonur hans, maður sjálfur sonur einhvers annars sem maður vissi ekki að væri til. Manns sem beitti ofbeldi og nauðgaði.

Hvernig er það? hugsaði Erlendur. Hvernig gerir maður eitthvað slíkt upp við sig? Fer maður og hittir föður sinn og myrðir hann? Skrifar svo: Ég er hann.

Og ef Katrín sagði honum ekki frá Holberg, hvernig komst hann þá að sannleikanum? Erlendur velti spurningunni fyrir sér fram og til baka. Eftir því sem hann hugsaði málið betur og taldi upp möguleikana varð honum æ meir hugsað til skilaboðatrésins í Garðabænum. Það var aðeins ein önnur leið fyrir soninn að komast að hinu sanna og Erlendur ætlaði að athuga hana daginn eftir.

Og hvað var það sem Grétar sá? Af hverju þurfti hann að deyja? Kúgaði hann Holberg? Vissi hann um nauðganir Holbergs og ætlaði að segja frá? Tók hann myndir af Holberg? Hvaða kona var þetta sem sat með Holberg á myndinni? Hvenær var myndin tekin? Grétar hvarf þjóðhátíðarsumarið svo hún hlaut að vera tekin fyrir þann tíma. Erlendur hugsaði með sér hvort til væru fleiri fórnarlömb Holbergs, sem aldrei höfðu látið í sér heyra.

Hann heyrdi lykli snúið í skránni og stóð upp. Eva Lind var að koma heim.

– Ég hitti stelpuna og fylgdi henni í Garðabæinn, sagði hún þegar hún sá Erlend koma úr eldhúsinu og lokaði hurðinni á eftir sér. Hún sagðist ætla að kæra karlhelvítið fyrir öll árin sem hann misnotaði hana. Mamman fékk taugaáfall. Svo fórum við.

– Til eiginmannsins?

– Já, heim í litlu, sætu íbúðina þeirra, sagði Eva Lind og sparkaði af sér skónum í anddyrinu. Hann ætlaði að vera eitt-hvað reiður en svo róaðist hann þegar hann fékk skýringuna.

– Hvernig tók hann því?

– Þetta er fínn náungi. Þegar ég fór var hann á leiðinni í Garðabæinn að tala við kallinn.

– Nú.

– Heldurðu að það þýði eitthvað að kæra kvikindið? spurði Eva Lind.

– Þetta eru erfið mál. Mennirnir neita öllu saman og komast einhvern veginn upp með það. Kannski spurning um mömmuna, hvað hún segir. Kannski ætti hún að tala við Stígamót. Hvað segirðu af sjálfri þér?

– Allt fínt, sagði Eva Lind.

– Hefurðu hugleitt ómskoðun eða hvað þetta nú heitir? spurði Erlendur. Ég gæti farið með þér.

– Það kemur að því, sagði Eva Lind.

– Er það?

– Já.

– Gott, sagði Erlendur.

– Hvað hefur þú verið að brasa? spurði Eva Lind og skellti hinum örbylgjuréttinum í ofninn.

– Ég hugsa ekki um annað en börn þessa dagana, sagði Erlendur. Og skilaboðatré sem er eins konar ættartré; þau geyma alls konar skilaboð til okkar ef við bara vitum að hverju við eigum að leita. Og ég er að hugsa um söfnunaráráttu. Hvernig er aftur lagið um nútímann?

Eva Lind horfði á föður sinn. Hann vissi að hún var vel heima í tónlist.

- Meinarðu nútíminn er trunta, sagði hún.
- Með tóman grautarhaus, sagði Erlendur.
- Hjartað, það er hrímað.
- Og heilinn gengur laus, botnaði Erlendur. Hann setti á sig hattinn og sagðist ekki verða lengi í burtu.



Hanna hafði gert læknum viðvart svo hann átti von á Erlendi um kvöldið. Hann bjó í reisulegu húsi í gamla bænum í Hafnarfirði og tók á móti Erlendi í dyrunum, ljúfmennskan og kurteis-in uppmáluð, lágvaxinn maður, nauðasköllóttur og vel í holdum undir þykkum kvöldslöpp. Lífsnautnamaður, hugsaði Erlendur, með eilífan og svolítið kvenlegan roða í kinnnum. Hann var á óræðum aldri, gat verið um sextugt. Heilsaði með pappírspurri hendi og bauð Erlendi til stofu.

Erlendur settist í stóran, vínrauðan leðursófa og afþakkaði þegar lækurinn bauð honum áfengi. Lækurinn settist í stól gegnt honum og beið eftir að hann tæki til máls. Erlendur skoðaði sig um í stofunni, sem var rúmgóð og ríkulega búin málverkum og listmunum, og velti því fyrir sér hvort lækurinn byggi einn. Hann spurði að því.

– Alltaf búið einn, sagði lækurinn. Kann ákaflega vel við það og hef alltaf gert. Það er sagt að menn sem komnir eru á minn aldur sjái eftir því að hafa ekki komið sér upp fjölskyldu og eignast börn. Kollegar mínir eru veifandi myndum af uppkomnum barnabörnum á ráðstefnum út um heiminn en ég hef aldrei haft áhuga á að stofna fjölskyldu. Aldrei haft áhuga á börnum.

Hann var alúðin uppmáluð, ræðinn og kumpánlegur eins og Erlendur væri trúnaðarvinur og það væri ákveðin viðurkenning fólgin í því fyrir hann. Erlendi gat ekki staðið meira á sama.

– En þú hefur áhuga á líffærum í krukku, sagði hann þjösnalega.

Lækurinn lét sér hvergi bregða.

– Hanna sagði mér að þú værir reiður, sagði hann. Ég veit ekki af hverju þú ættir að reiðast. Ekki er ég að gera neitt sem er ólög-

legt. Jú, ég á lítið safn af líffærum. Þau eru flest hver geymd í formalíni í glerkrukkum. Ég geymi þau hérna í húsinu. Það stóð til að farga þeim en ég hef tekið þau og geymt aðeins lengur. Ég geymi líka annars konar lífsýni, vefsýni.

Læknirinn þagnaði.

– Hvers vegna, er líklega það sem þú vilt vita núna, hélt hann svo áfram en Erlendur hristi höfuðið.

– Hvað hefurðu stolið mörgum líffærum, var reyndar spurningin sem ég ætlaði að spyrja þig, sagði hann, en við getum komið að henni síðar.

– Ég hef engum líffærum stolið, sagði læknirinn og strauk sér hægt um skallann. Ég skil ekki þessa andúð. Er þér sama þótt ég fái mér sérrítar? spurði hann svo og stóð upp. Erlendur beið á meðan hann gekk að litlum skenk og hellti sér í staup. Hann bauð Erlendi, sem afþakkaði, og dreypiti lítillaga á sérríinu þykkum vörum. Það sást á kringuleitu andlitinu hvernig hann naut bragðsins.

– Fólk veltir þessu ekki fyrir sér dagsdaglega, sagði hann svo, enda engin sérstök ástæða til. Allt sem er dautt er ónýti í okkar heimi og dauður mannlíkami er það líka. Óþarfi að vera með mikla tilfinningavellu vegna þess. Sálin er horfin. Aðeins hismið er eftir og hismið er ekkert. Þú verður að skoða þetta út frá læknisfræðilegu sjónarmiði. Líkaminn er ekkert, skilurðu?

– Hann hefur greinilega merkingu fyrir þig. Þú safnar líkamspörtum.

– Erlendis kaupa háskólasjúkrahúsin líffæri til kennslu, hélt læknirinn áfram, en það hefur ekki tíðkast hér. Hér er beðið um leyfi fyrir krufningu í hverju tilviki fyrir sig og stundum er farið fram á að líffæri séu fjarlægð þótt það komi kannski ekki endilega dauðsfallinu við. Því er hafnað eða það er samþykkt eins og gengur. Mest er það eldra fólk sem á í hlut. Það stelur enginn líffærum.

– En það var ekki alltaf þannig, sagði Erlendur.

– Ég veit ekkert hvernig þetta gekk fyrir sig í gamla daga. Sjálfsgagt hefur ekki verið fylgst eins náíð með því sem þá var gert. Ég bara veit það ekki. Ég veit ekki af hverju þú ert að hneykslast á mér. Manstu fréttina um Frakkana. Bílaverksmiðja sem notaði mannlíkama í árekstratílaunir sínar, líka börn. Þú skalt hneykslast á þeim. Líffæri ganga kaupum og sölum um allan heim. Fólk er jafnvel drepið fyrir líffæri. Það sem ég hef safnað að mér telst varla neinn glæpur.

– En til hvers? sagði Erlendur. Hvað gerirðu við þetta?

– Rannsaka, auðvitað, sagði læknirinn og dreypiti á sérríinu. Skoða í smásjá. Hvað gera ekki safnarar? Frímerkjasafnarar skoða pósthimpla. Bókasafnarar skoða útgáfuár. Stjórnfræðingar hafa alla veröldina fyrir augunum á sér og skoða ótrúlegar stærðir. Ég er sífellt að skoða mína smásjárveröld.

– Tómsfundagaman þitt er þá semsé rannsóknir, þú hefur aðstöðu til að rannsaka sýnin eða líffærin sem þú átt?

– Já.

– Hér í húsinu?

– Já. Ef sýnin eru vel varðveitt er alltaf hægt að rannsaka þau. Þegar maður fær nýjar upplýsingar um eitthvað eða vill kanna eitthvað sérstakt þá eru þau fullkomlega brúklegr til rannsókna. Fullkomlega.

Læknirinn þagnaði.

– Þú ert að spyrja um Auði, sagði hann svo.

– Þekkir þú hana? sagði Erlendur undrandi.

– Þú veist að ef hún hefði ekki verið krufin og heili hennar fjarlægður hefðir þú kannski aldrei getað komist að því hvað varð henni að bana. Þú veist það. Hún hefur legið of lengi í jörðinni. Það hefði ekki verið hægt að rannsaka heilann af neinu viti eftir meira en þrjátíu ár í moldinni. Þannig hefur það sem vekur þér svo mikinn viðbjóð í rauninni orðið þér til hjálpar. Þú gerir þér væntanlega grein fyrir því.

Læknirinn hugsaði sig um.

– Hefurðu heyrð um Loðvík sautjándi? Hann var sonur Loðvíks sextánda og Maríu Antonettu. Fangelsaður í frönsku bylt-ingunni, tekinn af lífi tíu ára gamall.

– Hver?

– Loðvík sautjándi.

– Loðvík?

– Það var sagt frá því í fréttunum, fyrir svo sem eins og ári eða meira, að franskir vísindamenn hefðu komist að því að hann hafði látist en ekki sloppið úr fangelsi eins og sumir héldu fram. Veistu hvernig þeir komust að því?

– Ég veit ekkert hvað þú ert að tala um, sagði Erlendur.

– Hjarta hans var fjarlægð á sínum tíma og geymt í formalíni. Þeir gátu gert DNA-próf og önnur próf og komust að því að meintir ættingjar byggðu tengslin við frönsku konungsættina á lygum. Þeir voru ekkert skildir prinsinum. Veistu hvenær Loðvík þessi lést, barnungur?

– Nei.

– Fyrir meira en tvö hundruð árum. Árið 1795. Formalín er einstakur vökvi.

Erlendur hugleiddi orð læknisins.

– Hvað veist þú um Auði? spurði hann.

– Ýmislegt.

– Hvernig lenti sýnið í þínum höndum?

– Í gegnum þriðja aðila, sagði læknirinn. Ég held að ég kæri mig ekki um að fara nánar út í þá sálma.

– Úr Krukkuborginni?

– Já.

– Fékkst þú Krukkuborgina?

– Eitthvað af henni. Það er óþarfi að tala við mig eins og glæpamann.

Erlendur hugleiddi orð hans.

– Hefur þú fundið út dánarorsök?

Læknirinn horfði á Erlend og dreypti enn á sérfinu.

– Já, reyndar, sagði hann svo. Ég hef alltaf verið meira fyrir rannsóknir en lækniþjónustu. Með þessari söfnunaráráttu minni hef ég getað sameinað það tvennt þótt það sé auðvitað í smáum stíl.

– Í réttarskýrslunni frá Keflavík er aðeins talað um heilæxli en það ekkert skýrt nánar.

– Ég sá þessa skýrslu. Hún er mjög ófullkomin, var aldrei annað en bráðabirgðaskýrsla. Eins og ég segi, þá hef ég skoðað þetta nánar og tel mig vera kominn með svör við einhverjum af spurningum þínum.

Erlendur hallaði sér fram í stólnum.

– Og? sagði hann.

– Erfðasjúkdómur. Finnst í nokkrum ættum hérlendis. Tilfellið var ansi flókið og þrátt fyrir ítarlega skoðun var ég lengi vel ekki viss. Að lokum fannst mér líklegast að æxlið tengdist arfgengum sjúkdómi, taugatrefjaæxlageri eða neurofibromatosis. Ég býst ekki við að þú hafir heyrt á það minnst áður. Sjúkdóms-einkennin þurfa ekki að vera áberandi. Í sumum tilfellum getur fólk sennilega dáði án þess að sjúkdómurinn geri nokkurn tíma vart við sig. Það eru einkennalausir berar. Hitt er miklu algengara að einkennin komi snemma í ljós og þá aðallega blettir á víð og dreif um líkamann og húðæxli.

Læknirinn dreypti aftur á víninu.

– Þeir í Keflavík lýstu ekki neinu slíku í skýrslunni en ég er ekki heldur viss um að þeir hafi vitað að hverju þeir áttu að leita.

– Þeir töluðu um húðbletti við aðstandendur.

– Já, er það? Sjúkdómsgreiningar eru ekki alltaf öruggar.

– Erfist þessi sjúkdómur frá föður til dóttur?

– Hann getur gert það. En arfgangurinn er þó ekki takmarkaður af slíku. Bæði kynin geta borið og fengið sjúkdóminn. Það

er sagt að eitt afbrigði hans hafi komið fram hjá Fílamanninum svokallaða. Sástu myndina?

– Nei, sagði Erlendur.

– Það hleypur stundum ofvöxtur í bein sem veldur afmyndun eins og í tilfelli Fílamannsins. Aðrir halda því reyndar fram að sjúkdómurinn hafi ekkert með Fílamanninn að gera. En það er önnur saga.

– Af hverju fórst þú að leita að honum? greip Erlendur fram í fyrir læknum.

– Heilasjúkdómar eru mín sérgrein, sagði hann. Þessi stúlka er eitt af mínum athyglisverðustu tilfellum. Ég kynnti mér allar skýrslurnar um hana. Þær voru ekki mjög nákvæmar. Læknirinn sem stundaði hana var lélegur heimilislæknir, drykkjumaður á þessum tíma skilst mér. Ég aflaði mér upplýsinga um það, en hvað sem því líður skrifaði hann um bráðaberkla í höfði á einum stað og sú lýsing var stundum notuð þegar sjúkdómurinn birtist í gamla daga. Ég byrjaði út frá því. Réttarskýrslan frá Keflavík var heldur ekki mjög nákvæm eins og við töluðum um áðan. Þeir fundu æxlið og létu sér það nægja.

Læknirinn stóð upp og gekk að stórum bókaskáp í stofunni. Hann tók út tímarit og rétti Erlendi.

– Ég er ekki viss um að þú skiljir allt sem í þessu er en ég skrifaði stutta vísindaritgerð um rannsóknir mínar í ágætlega virt bandarískt læknatímarit.

– Hefurðu skrifað vísindaritgerð um Auði? sagði Erlendur.

– Auður hefur hjálpað okkur áleiðis að skilja sjúkdóminn. Hún hefur verið mér mjög mikilvæg og læknavísindunum. Ég vona að það valdi þér ekki vonbrigðum.

– Faðir stúlkunnar getur verið arfberi, sagði Erlendur og var enn að reyna að átta sig á því sem læknirinn hafði sagt. Og hann setur sjúkdóminn í dóttur sína. Ef hann hefði átt son þá hefði sá ekki fengið sjúkdóminn, eða hvað?

– Hann þarf ekki endilega að koma fram í honum, sagði læknirinn, en hann gæti verið arfberi eins og faðir hans.

– Þannig að?

– Ef hann eignast barn gæti það fengið sjúkdóminn.

Erlendur hugleiddi orð læknisins.

– Annars ættirðu að tala við þá hjá Erfðagreiningarmiðstöðinni, sagði læknirinn. Þeir eru með svörin við erfðaspurningunum.

– Hvað? sagði Erlendur.

– Talaðu við Erfðagreiningarmiðstöð Íslands. Það er nýja Krukkuborgin okkar. Þeir eru með svörin. Hvað er að? Af hverju bregður þér svona? Þekkirðu einhvern þar?

– Nei, sagði Erlendur, en það styttist í það.

– Viltu sjá Auði? spurði læknirinn.

Erlendur skildi í fyrstu ekki hvað læknirinn var að fara.

– Meinarðu ...?

– Ég er með litla rannsóknarstofu hérna niðri. Þér er velkomid að skoða þig um.

Erlendur hikaði.

– Allt í lagi, sagði hann.

Þeir stóðu upp og Erlendur fylgdi lækninum niður þröngan stiga. Læknirinn kveikti og í ljós kom drifhvít, lítil rannsóknarstofa með smásjám, tölvum, tilraunaglösnum og tækjum sem Erlendur gerði sér enga grein fyrir hvaða tilgangi þjónuðu.

Hann mundi eftir athugasemd um safnara sem hann hafði rekist á í bók. Safnarar búa sér til heim. Þeir búa til litla veröld í kringum sig, velja ákveðin tákni úr veruleikanum og gera þau að helstu íbúum í veröldinni sem þeir skapa. Holberg var líka safnari. Hans söfnunarárátta tengdist klámi. Úr því bjó hann til sína einkaveröld rétt eins og læknirinn gerði úr líffærum.

– Hún er hérna, sagði læknirinn.

Hann gekk að stórum, gömlum viðarskáp, eina hlutnum í her-

berginu sem stakk í stúf við gerilsneytt umhverfið, opnaði hann og tók niður þykka glerkrukku með loki. Hann setti hana varlega frá sér á borð og Erlendur sá í sterkri flúrlýsingunni lítinn barnsheila sem flaut í gruggugu formalíni.

Þegar hann fór frá læknum hafði hann meðferðis litla svarta leðurtösku með jarðneskum leifum Auðar. Hann hugsaði um Krukkuborgina þar sem hann ók heim á leið um mannauð stræti og hugsaði með sjálfum sér að vonandi yrðu hlutar af honum aldrei geymdir á rannsóknarstofum. Það rigndi enn þegar hann renndi bílnum upp að blokkinni sinni. Hann drap á vélinni, kveikti sér í sígarettu og horfði út í nóttina.

Erlendur leit á svörtu töskuna í framsætinu.

Hann ætlaði að skila Auði á sinn stað.



Lögreglumennirnir, sem sátu á vakt framan við hús Katrínar, tóku eftir því um miðnætti þetta kvöld að Albert kom út úr húsinu og skellti á eftir sér hurðinni, rauk upp í bifreið sína og ók í burtu. Það virtist vera mikill asi á honum og þeir tóku eftir því að hann var með sömu litlu ferðatöskuna í hendinni og þegar hann kom að utan fyrir um daginn. Lögreglumennirnir urðu ekki varir fleiri mannaferða um nóttina og hvergi sást til Katrínar.

Kallaður var til eftirlitsbíll lögreglunnar úr nágrenninu sem veitti Albert eftirför á Hótel Esju þar sem hann skráði sig inn fyrir nóttina.

Erlendur var mættur utan við heimili Katrínar klukkan átta morguninn eftir. Elínborg var með honum. Enn rigndi. Það hafði ekki séð til sólar dögum saman. Þau hringdu bjöllunni í þrígang áður en þau heyrðu þrusk innandyra og hurðin opnaðist. Katrín birtist þeim í dyrunum. Elínborg veitti því athygli að hún var enn í sömu fötunum og deginum áður og hún hafði grátið. Hún var tekin í andliti og augun voru rauðþrútin.

– Fyrirgefðu þið, sagði Katrín eins og utangátta, en ég hlýt að hafa sofnað í stólnum. Hvað er klukkan?

– Megum við koma inn fyrir? sagði Erlendur.

– Ég sagði Albert aldrei frá því sem gerðist, sagði hún og gekk inn í húsið án þess að bjóða þeim inn. Erlendur og Elínborg litu hvort á annað og eltu hana.

– Hann fór frá mér í gærkvöldi, sagði Katrín. Hvað er klukkan eiginlega? Ég held ég hafi sofnað í stólnum. Albert var svo reiður. Ég hef aldrei séð hann svona reiðan.

– Geturðu haft samband við eitthvað af þínu fólki? spurði

Elínborg. Einhvern sem getur komið og verið hjá þér? Syni þína?

– Nei, Albert kemur aftur og þetta verður í lagi. Ég vil ekki trufla drengina. Þetta verður í lagi. Albert kemur aftur.

– Af hverju var hann svona reiður? spurði Erlendur. Katrín hafði sest í sófann í stofunni, Erlendur og Elínborg settust gegnt henni rétt eins og áður.

– Hann var svo fjúkandi reiður, maðurinn. Hann sem er yfirleitt svo rólegur. Albert er góður maður, svo góður maður, og hann hefur alltaf verið svo góður við mig. Þetta er gott hjónaband. Við höfum alltaf verið hamingjusöm.

– Þú vilt kannski að við komum seinna, sagði Elínborg. Erlendur leit hvasst á hana.

– Nei, sagði Katrín, þetta er allt í lagi. Þetta verður allt í lagi. Albert kemur aftur. Hann á bara eftir að jafna sig. Drottinn minn dýri hvað þetta er erfitt. Ég hefði átt að segja honum þetta strax, sagði hann. Hann gat ekki skilið hvernig ég hef getað þagað um þetta allan þennan tíma. Hann öskraði á mig.

Katrín horfði á þau.

– Hann hefur aldrei öskrað á mig áður.

– Ég ætla að ná í lækni fyrir þig, sagði Elínborg og stóð upp. Erlendur trúði ekki sínum eigin eyrum.

– Nei, þetta er allt í lagi, sagði Katrín. Það er óþarfi. Ég er bara svolítið rugluð eftir svefninn. Þetta verður allt í lagi. Sestu, vinan. Þetta lagast allt.

– Hvað sagðirðu við Albert? spurði Erlendur. Sagðirðu honum frá nauðguninni?

– Mig hefur langað til þess í öll þessi ár en aldrei fengið mig til þess. Ég hef aldrei sagt neinum frá þessum atburði. Ég hef reynt að gleyma honum eins og þetta hefði aldrei gerst. Oft hefur það verið erfitt en þó einhvern veginn gengið. Svo komuð þið og ég gat ekki annað en sagt allt af létta. Einhvern veginn

leið mér betur eftir það. Það var eins og þið hefðuð lyft af mér þungu fargi, ég vissi að ég gat talað út og að það væri hið eina rétta. Jafnvel eftir allan þennan tíma.

Katrín þagnaði.

– Reiddist hann þér vegna þess að þú hafðir ekki sagt honum frá nauðguninni? spurði Erlendur.

– Já.

– Skildi hann ekki þitt sjónarmið? spurði Elínborg.

– Hann sagði að ég hefði átt að segja honum strax frá þessu. Það er auðvitað skiljanlegt. Hann sagðist alltaf hafa komið heiðarlega fram við mig og að hann hefði ekki átt þetta skilið.

– En ég skil þetta ekki alveg, sagði Erlendur. Mér heyrir Albert vera meiri maður en þetta. Ég hefði frekar haldið að hann mundi reyna að hughreysta þig og standa með þér í erfiðleikum, ekki rjúka á dyr.

– Ég veit, sagði Katrín. Kannski sagði ég honum ekki rétt frá.

– Rétt frá, sagði Elínborg og leyndi ekki hneykslun sinni. Hvernig er hægt að segja rétt frá svonalöguðu?

Katrín hristi höfuðið.

– Ég veit það ekki. Ég sver það, ég veit það ekki.

– Sagðirðu honum allan sannleikann? spurði Erlendur.

– Ég sagði honum það sem ég sagði ykkur.

– Og ekkert annað?

– Nei, sagði Katrín.

– Aðeins frá nauðguninni?

– Aðeins, endurtók Katrín. Aðeins! Eins og það sé ekki nóg. Eins og það sé ekki nóg að hann heyri að mér hafi verið nauðgað og hann aldrei fengið að vita af því. Er það ekki nóg?

Þau þögnuðu.

– Sagðirðu honum þá ekki frá yngsta syni ykkar? spurði Erlendur loks.

Katrín leit á hann og allt í einu skutu augun gneistum.

– Hvað með yngsta son okkar? sagði hún og beit orðin út úr sér.

– Þú skírðir hann Einar, sagði Erlendur, sem litið hafði yfir þær upplýsingar sem Elínborg safnaði saman um fjölskylduna daginn áður.

– Hvað með Einar?

Erlendur horfði á hana.

– Hvað með Einar? endurtók hún.

– Hann er sonur þinn, sagði Erlendur. En hann er ekki sonur föður síns.

– Hvað ertu að tala um? Ekki sonur föður síns? Auðvitað er hann sonur föður síns! Hver er ekki sonur föður síns?

– Fyrirgefðu, ég er ekki nógu nákvæmur. Hann er ekki sonur þess föður sem hann taldi að væri sinn, sagði Erlendur rólega. Hann er sonur nauðgara þíns. Sonur Holbergs. Sagðirðu manninum þínum það? Var það þess vegna sem hann rauk á dyr?

Katrín þagði.

– Sagðirðu honum allan sannleikann?

Katrín horfði á Erlend. Honum fannst eins og hún ætlaði enn þá að streitast við. Þannig leið nokkur stund en svo sá hann hvernig varnirnar gáfu sig. Axlirnar sigu, hún lokaði augunum, líkaminn hálffél samant í stólnum og hún brast í grát. Elínborg leit til Erlends með hvössu augnaráði en Erlendur horfði á Katrínu í stólnum og leyfði henni að jafna sig.

– Sagðirðu honum frá Einari? spurði hann loksins þegar honum virtist hún hafa náð jafnvægi á ný.

– Hann trúði því ekki, sagði hún.

– Að hann ætti ekki Einar? sagði Erlendur.

– Það er sérstaklega náíð samband á milli Einars og Alberts og hefur alltaf verið. Alveg frá því að drengurinn fæddist. Albert elskar hina syni sína tvo auðvitað líka en Einar sérstaklega.

Alveg frá byrjun. Hann er yngsta barnið og Albert hefur alltaf dekrað við hann.

Katrín þagnaði.

– Kannski var það þess vegna sem ég sagði aldrei neitt, sagði hún. Ég vissi að Albert myndi ekki þola það. Árin liðu og ég lét eins og ekkert væri. Sagði aldrei neitt. Og það gekk ágætlega. Holberg hafði skilið eftir sár og hvers vegna mátti það ekki gróa í friði? Af hverju átti hann að fá að eyðileggja framtíð okkar saman? Þetta var mín aðferð til þess að eiga við hryllinginn.

– Vissirðu strax að Einar var sonur Holbergs? spurði Elínborg.

– Hann gat vel verið sonur Alberts.

Katrín þagnaði aftur.

– Þú sást það í svipnum á honum, sagði Erlendur.

Katrín leit á hann.

– Hvernig veist þú allt? sagði hún.

– Hann líkist Holberg, er það ekki? sagði Erlendur. Holberg þegar hann var ungur. Það sást til hans í Keflavík og konan sem sá hann hélt að hann væri Holberg sjálfur.

– Það eru ákveðin líkindi með þeim.

– Ef þú sagðir syni þínum aldrei neitt og maðurinn þinn vissi ekki um Einar, af hverju varð þá allt þetta mikla uppgjör núna á milli ykkar Alberts? Hvað kom því af stað?

– Hvaða kona í Keflavík? sagði Katrín. Hvaða kona þekkti Holberg og býr í Keflavík? Bjó hann með konu þar?

– Nei, sagði Erlendur og íhugaði hvort hann ætti að segja henni frá Kolbrúnu og Auði. Hann vissi að hún myndi fréttu af þeim fyrr en seinna og sá enga mikilvæga ástæðu fyrir því að Katrín mætti ekki heyra sannleikann nú þegar. Hann hafði áður sagt henni frá nauðguninni í Keflavík en nú nafngreindi hann fórnarlamb Holbergs og sagði henni frá Auði, sem látist hafði ung að aldri eftir mikil og erfið veikindi. Hann sagði henni hvernig þeir hefðu fundið ljósmyndina af legsteininum í skrif-

borði Holbergs og hvernig hún hefði leitt þá til Keflavíkur og Elínar. Og hvernig tekið hefði verið á móti Kolbrúnu þegar hún kærði.

Katrín hlustaði einbeitt á frásögnina. Það komu tár í augun á henni þegar Erlendur sagði henni frá því þegar Auður lést. Hann sagði henni einnig frá Grétari, manninum með myndavélina sem hún hefði séð í fylgd með Holberg, og hvernig hann hefði horfið sporlaust en fundist steypdur niður í gólfíð í kjallaraíbúð Holbergs.

– Er það uppstandið í Norðurmýrinni sem verið hefur í fréttum? sagði Katrín.

Erlendur kinkaði kalli.

– Ég vissi ekki að Holberg hefði nauðgað öðrum konum, sagði Katrín. Ég hélt að ég væri sú eina.

– Við vitum um ykkur tvær, sagði Erlendur. Þær gætu vel verið fleiri. Það er óvíst að það komi nokkru sinni í ljós.

– Auður hefur þá verið hálf systir Einars, sagði Katrín djúpt hugsí. Blessað barnið.

– Ertu viss um að þú hafir ekki vitað af henni? spurði Erlendur.

– Að sjálfsögðu er ég viss um það, sagði hún. Ég hafði ekki hugmynd um þetta.

– Einar veit um hana, sagði Erlendur. Hann hafði uppi á Elínu í Keflavík.

Katrín svaraði engu. Hann ákvað að endurtaka spurninguna.

– Ef sonur þinn vissi ekkert og þú sagðir manninum þínum aldrei frá þessu, hvers vegna hefur sonur þinn allt í einu komist að sannleikanum núna?

– Ég veit það ekki, sagði Katrín. Bíddu við, segðu mér, hvernig dó aumingja stúlkan?

– Þú veist að sonur þinn er grunaður um morðið á Holberg, sagði Erlendur og svaraði ekki spurningu hennar. Hann reyndi

að orða það sem hann þurfti að segja eins gætilega og honum var unnt. Honum fannst Katrín furðu róleg, eins og það kæmi henni ekki á óvart að sonur hennar væri grunaður um morð.

– Sonur minn er enginn morðingi, sagði hún hljóðlega. Hann gæti aldrei drepið nokkurn mann.

– Það eru miklar líkur á að hann hafi slegið Holberg í höfuðið. Kannski ætlaði hann ekki að myrða hann. Líklega gerði hann það í reiðikasti. Hann skildi eftir orðsendingu til okkar. Á henni stóð: Ég er hann. Skilurðu hvað ég meina?

Katrín þagði.

– Vissi hann að Holberg var faðir hans? Vissi hann hvað Holberg hafði gert þér? Fór hann að hitta föður sinn? Vissi hann um Auði og Elínu? Hvernig?

Katrín horfði í gaupnir sér.

– Hvar er sonur þinn núna? spurði Elínborg.

– Ég veit það ekki, sagði Katrín hljóðlega. Ég hef ekki heyrt frá honum í nokkra daga.

Hún leit á Erlend.

– Allt í einu vissi hann um Holberg. Vissi að eitthvað var ekki eins og það átti að vera. Hann komst að því hjá þessu fyrirtæki sem hann vinnur hjá, sagði hún. Hann sagði að það væri ekki hægt að fela nein leyndarmál lengur. Hann sagði að þetta væri allt í gagnagrunninum.

Erlendur horfði á Katrínu.

– Er það þannig sem hann fær upplýsingarnar um sinn raunverulega föður? spurði hann.

– Hann komst að því að hann gat ekki verið sonur föður síns, sagði Katrín hljóðlega.

– Hvernig? spurði Erlendur. Að hverju var hann að leita? Hvers vegna var hann að skoða sjálfan sig í gagnagrunninum? Var það tilviljun?

– Nei, sagði Katrín. Það var alls engin tilviljun.

Elínborg var búin að fá nóg. Hún vildi hætta yfirheyrslunni og leyfa Katrínu að jafna sig. Hún stóð upp, sagðist þurfa að ná sér í vatn og gaf Erlendi merki um að fylgja sér. Hann elti hana inn í eldhús. Þar sagði Elínborg að konan væri búin að ganga í gegnum nóg í bili og að þau ættu að láta hana í friði, benda henni á að hafa samráð við lögfræðing áður en hún segði nokkuð meira. Þau ættu að geyma frekari yfirheyrslur þar til síðar um daginn, tala við fjölskyldu hennar og biðja einhvern að vera hjá henni og aðstoða hana. Erlendur benti henni á að Katrín hefði ekki verið handtekin, væri ekki grunuð um neitt, að þetta væri ekki formleg yfirheyrsla heldur upplýsingasöfnun og að Katrín væri mjög samstarfsfús þessa stundina. Því skyldu þau halda áfram.

Elínborg hristi höfuðið.

– Hamra járníð meðan það er heitt, sagði Erlendur.

– Að heyra í þér! hvæsti Elínborg.

Katrín birtist í eldhúsdyrnunum og spurði hvort þau ættu ekki að halda áfram. Hún væri tilbúin að segja þeim sannleikann og draga ekkert undan í þetta skiptið.

– Ég vil að þessu ljúki, sagði hún.

Elínborg spurði hvort hún vildi hafa samband við lögfræðing



en Katrín afþakkaði það. Hún sagðist ekki þekkja neinn og aldrei hafa þurft að leita til lögfræðings. Vissi ekki hvernig hún ætti að fara að því.

Elínborg horfði á Erlend með ásakandi augnaráði. Hann spurði Katrínu hvort þau ættu ekki að halda áfram. Þegar þau voru öll sest byrjaði Katrín að segja frá. Hún neri saman höndunum döpur í bragði og hvarf inn í frásögnina.

*Albert flaug út um morguninn. Þau fóru á fætur eldsnemma. Hún lagði kaffi handa þeim. Þau töluðu eina ferðina enn um að selja húsið og kaupa eitthvað minna. Þau höfðu oft rætt það en aldrei komið því í verk. Kannski fannst þeim það of stórt skref eins og þau væru að undirstríka hvað þau voru orðin roskin. Þeim fannst þau ekki vera gömul en samt var eins og aðkallandi að minnka við sig. Albert ætlaði að tala við fasteignasala þegar hann kæmi til baka. Svo fór hann á jeppanum.*

*Hún lagði sig aftur. Það voru tveir tímar þar til hún átti að mæta í vinnuna en hún gat ekki sofð. Hún lá og bylti sér þangað til klukkan var orðin átta. Þá fór hún á fætur. Hún var í eldhúsinu þegar hún heyrði Einar koma inn. Hann var með lykla að húsinu.*

*Hún sá strax að hann var í uppnámi en vissi ekki hvers vegna. Hann sagðist hafa vakað alla nóttina. Gekk um stofuna og fram í eldhús og neitadi að setjast niður.*

*– Ég vissi að það var eitthvað sem passaði ekki, sagði hann og horfði reiðilega á móður sína. Ég vissi það allan tímann!*

*Hún skildi ekki af hverju hann var reiður.*

*– Ég vissi að það var eitthvað í þessu helvíti sem passaði ekki, endurtók hann og var næstum farinn að öskra.*

*– Um hvað ertu að tala, elskan, sagði hún og gerði sér enn ekki grein fyrir reiði hans. Hvað passar ekki?*

*– Ég opnaði kóðann, sagði hann. Ég braut reglurnar til þess að opna kóðann. Mig langaði að sjá hvernig sjúkdómurinn liggur í ætt-*

*um og hann liggur í ættum, skal ég segja þér. Hann er í nokkrum ættum en hann er ekki í okkar ættum. Ekki í þabba ætt og ekki þinni. Þess vegna passar þetta ekki. Skilurðu? Skilurðu það sem ég er að segja?*

Farsími Erlends hringdi í frakkavasa hans og hann bað Katrínu um að afsaka sig. Erlendur var kominn inn í eldhúsið þegar hann svaraði. Það var Sigurður Óli.

– Kerlingin í Keflavík er að leita að þér, sagði hann formálaust.

– Kerlingin? Meinarðu Elín?

– Já, Elín.

– Talaðir þú við hana?

– Já, sagði Sigurður Óli. Hún sagðist þurfa að tala við þig og það strax.

– Veistu hvað hún vill?

– Neitaði gersamlega að segja mér það. Hvernig gengur hjá ykkur?

– Gafstu henni upp farsímanúmerið?

– Nei.

– Ef hún hringir aftur, gefðu henni þá númerið mitt, sagði Erlendur og sleit símtalinu. Katrín og Elínborg biðu hans í stofunni. Afsakaðu, sagði hann við Katrínu. Hún hélt áfram með frásögn sína.

*Einar gekk um gólfid í stofunni. Katrín reyndi að róa hann og átta sig á því hvers vegna sonur hennar var í slíku uppnámi. Hún settist og bað hann að setjast hjá sér en hann hlustaði ekki á hana. Gekk fram og aftur fyrir framan hana. Hún vissi að hann hafði átt erfitt lengi og skilnaðurinn var ekki til að bæta það. Konan hafði farið frá honum. Hún vildi byrja upp á nýtt. Hún vildi ekki láta sorgina yfirbuga sig.*

– Segðu mér hvað er að, sagði hún.

– Það er svo margt, mamma, svo ótalmargt.

Og svo kom spurningin sem hún hafði beðið eftir í öll þessi ár.

– Hver er pabbi minn? spurði sonur hennar og nam staðar fyrir framan hana. Hver er raunverulegur faðir minn?

Hún horfði á hann.

– Við eigum engin leyndarmál lengur, mamma, sagði hann.

– Ad hverju hefurðu komist? spurði hún. Hvað er það sem þú hefur verið að gera?

– Ég veit hver er ekki faðir minn, sagði hann, og það er hann pabbi. Hann skellti upp úr. Heyrdirðu þetta? Pabbi er ekki pabbi minn! Og ef hann er ekki pabbi minn, hver er ég þá? Hvaðan kem ég? Bræður mínir. Allt í einu eru þeir bara hálfbræður. Af hverju hefurðu aldrei sagt mér neitt? Af hverju hefurðu logið að mér allan þennan tíma? Hvers vegna?

Hún starði á hann og tár komu fram í augun á henni.

– Hέλstu framhjá pabba? spurði hann. Þú getur sagt mér það. Ég segi það engum. Hέλstu framhjá? Það þarf enginn að vita það nema við tvö en ég verð að heyra það frá þér. Þú verður að segja mér sannleikann. Hvernig er ég tilkominn? Hvernig varð ég til?

Hann þagnadi.

– Er ég tókubarn? Munadarleysingi? Hvað er ég? Hver er ég? Mamma?

Katrín brast í grát með þungum ekkasögum. Hann starði á hana, aðeins farinn að róast, þar sem hún grét í sófanum. Þannig leið nokkur stund þangað til hann sá hvað hann hafði gert. Hann settist loks hjá henni og tók utan um hana. Þau sátu góða stund í þögn uns hún byrjaði að segja honum frá nóttinni á Húsavík þegar faðir hans var á sjónum og hún að skemmta sér með vinkonum sínum og hitti þessa menn og þar á meðal var Holberg, sem hafði ráðist inn á heimili hennar.

Hann sat hljóður yfir frásögn hennar.

Hún sagði honum að Holberg hefði nauðgað sér og að hann hefði hótad henni og hún tekið þá ákvörðun ein með sjálfri sér að eiga barnið

og segja aldrei frá því sem gerðist. Ekki föður hans og ekki honum. Og það hafði verið allt í lagi. Þau höfðu lifað hamingjusömu lífi. Hún hafði ekki leyft Holberg að hafa af sér lífshamingjuna. Honum hafði ekki tekist að drepa fjölskyldu hennar.

Hún sagði honum hvernig hún hefði alltaf vitað að hann væri sonur manns sem hefði nauðgað henni. Það hefði þó ekki komið í veg fyrir að hún elskaði hann jafnmikið og hina syni sína tvo og hún vissi að Albert hafði sérstakar mætur á honum. Þannig hefði Einar aldrei líðið fyrir það sem Holberg gerði. Aldrei.

Það líðu nokkrar mínútur á meðan hann var að gera sér grein fyrir því sem hún hafði sagt.

– Fyrirgefðu, sagði hann loksins. Ég ætlaði ekki að verða reidur við þig. Ég hélt að þú hefðir verið í framhjáhaldi og að ég hefði komið þannig undir. Ég vissi ekki um nauðgunina.

– Auðvitað ekki, sagði hún. Hvernig áttir þú að vita um hana? Ég hef aldrei sagt neinum frá því sem gerðist fyrr en núna.

– Ég hefði átt að sjá þann möguleika líka, sagði hann. Það var annar möguleiki en ég hugsaði ekki út í hann. Fyrirgefðu. Þér hlýtur að hafa líðið hræðilega í öll þessi ári.

– Þú átt ekki að hugsa um það, sagði hún. Þú átt ekki að líða fyrir það sem Holberg gerði.

– Ég hef þegar líðið fyrir það, mamma, sagði hann. Óendanlegar kvalir. Og ekki bara ég. Af hverju fórstu ekki í fóstureyðingu? Hvað stoppaði þig?

– Drottinn, guð, segðu þetta ekki, Einar. Talaðu aldrei svona.

Katrín þagnaði.

– Hugleiddirðu aldrei fóstureyðingu? spurði Elínborg.

– Allan tímann. Alltaf. Þangað til það var orðið of seint. Ég hugsaði um það á hverjum degi eftir að mér varð ljóst að ég var með barni. Ég gekk svo langt að tala við lækni sem skoðaði mig og ráðlagði mér að gera það ekki. Það gat vel hugsast að Albert

ætti barnið. Sennilega hefur það gert útslagið. Svo lagðist ég í þunglyndi eftir barnsburðinn. Ég veit ekki hvað það er kallað, það er til eitthvert orð núna yfir þunglyndi eftir barnsburð. Ég var send á Klepp í meðferð. Eftir þrjá mánuði var ég orðin nógu góð til þess að sjá um drenginn og ég hef elskað hann alltaf síðan.

Erlendur beið andartak áður en hann hann hélt yfirheyrslunni áfram.

– Af hverju fór sonur þinn að leita að erfðasjúkdómi í gagnagrunni Erfðagreiningarmiðstöðvarinnar? spurði hann loks.

Katrín leit á hann.

– Hvernig dó þessi stúlka í Keflavík? spurði hún.

– Úr heilaæxli, sagði Erlendur. Sjúkdómurinn heitir tauga-trefjaæxlager.

Katrín táraðist og stundi þunglega.

– Veistu það ekki? sagði hún.

– Hvað veit ég ekki?

– Ástin okkar dó fyrir þremur árum, sagði Katrín. Á óskiljanlegan hátt. Gersamlega óskiljanlegan hátt.

– Ástin ykkar? sagði Erlendur.

– Litla hjartað okkar, sagði hún. Dóttir Einars. Hún dó. Aumingja blessað barnið.

Grafarþögn ríkti í húsinu.

Katrín sat og drúpti höfði. Elínborg horfði á hana og síðan á Erlend eins og þrumu lostin. Erlendur horfði fram fyrir sig og hugsaði um Evu Lind. Hvað var hún að gera núna? Var hún heima hjá honum? Hann fann þörf til þess að tala við dóttur sína. Fann þörf til þess að faðma hana að sér, hjúfra sig upp að henni og sleppa henni ekki fyrir en hann væri búinn að segja henni hversu mikils virði hún væri honum.

– Ég trúi þessu ekki, sagði Elínborg.

Erlendur leit á hana. Og síðan á Katrínu.

– Sonur þinn er arfberi, er það ekki? sagði hann.

– Það var orðið sem hann notaði, sagði Katrín. Arfberi. Þeir eru það báðir. Hann og Holberg. Hann sagðist hafa fengið það í arf frá nauðgara mínum.

– En þeir veikjast ekki, sagði Erlendur.

– Það virðast vera stúlkurnar sem veikjast, sagði Katrín. Karlarnir bera sjúkdóminn en geta verið einkennalausir. Eða hvað það nú er. Annars er allur gangur á þessu, ég kann ekki skil á því. Sonur minn skildi þetta. Hann reyndi að skýra þetta út fyrir mér en ég vissi ekki alveg hvað hann var að fara. Hann var í miklu uppnámi. Og ég auðvitað líka.

– Og hann komst að þessu í gegnum gagnagrunninn sem verið er að setja saman, sagði Erlendur.

Katrín kinkaði kalli.

– Hann skildi ekki hvers vegna blessað barnið fékk þennan sjúkdóm og var sífellt að leita að honum í ættum okkar Alberts. Hann talaði við skyldmenni og var óstöðvandi. Við héldum að það væri hans aðferð til þess að takast á við áfallið. Öll þessi látlausla leit að orsök. Leit að svörum þar sem okkur fannst að eng-

in svör væri að finna. Þau skildu fyrir nokkru, Lára og hann. Gátu ekki búið lengur saman og ákváðu að skilja tímabundið en ég sé ekki að það eigi nokkurn tíma eftir að lagast.

Katrín þagnaði.

– Og svo fann hann svarið, sagði Erlendur.

– Hann var sannfærður um að Albert væri ekki faðir sinn. Hann sagði að það gæti ekki staðist miðað við þær upplýsingar sem hann hafði úr grunninum. Þess vegna leitaði hann til mín. Hann hélt að ég hefði staðið í framhjáhaldi og hann þannig orðið til. Eða hann væri tökubarn.

– Sá hann Holberg í grunninum?

– Það held ég ekki. Ekki fyrr en síðar. Eftir að ég sagði honum frá Holberg. Þetta var svo afkáralegt. Svo fáránlegt! Sonur minn hafði gert lista yfir hugsanlega feður sína og Holberg var á honum. Hann gat rakið sjúkdóminn eftir ættum með hjálp gagnagrunnsins og ættfræðigrunnsins og þannig komist að því að hann gat ekki verið sonur föður síns. Hann var frávik. Afbrigði.

– Hvað var dóttir hans gömul?

– Hún var sjö ára, barnið.

– Það var heilaæxli sem dró hana til dauða, var það ekki? sagði Erlendur.

– Jú, sagði Katrín.

– Hún hefur dáíð úr sama sjúkdómi og Auður. Taugaæxli.

– Já, það er sami sjúkdómurinn. Móður Auðar hlýtur að hafa liðið hræðilega; fyrst Holberg og svo lát stúlkunnar.

Erlendur hikaði andartak.

– Kolbrún, móðir hennar, fyrirfór sér þremur árum eftir lát dóttur sinnar, sagði hann svo.

– Drottinn minn, stundi Katrín.

– Hvar er sonur þinn núna? spurði Erlendur.

– Ég veit það ekki, svaraði Katrín. Ég er að sálast úr áhyggj-

um af því að hann fari sér að voða. Honum líður svo hryllilega illa, drengnum. Svo hræðilega illa.

– Heldurðu að hann hafi verið í sambandi við Holberg?

– Ég veit það ekki. Ég veit bara að hann er ekki morðingi. Svo mikið veit ég.

– Fannst þér hann líkur föður sínum? spurði Erlendur og leit á fermingarmyndirnar.

Katrín svaraði ekki.

– Sástu svip með þeim? spurði Erlendur.

– Hvað er að þér, maður? hreytti Elínborg út úr sér og var nóg boðið. Finnst þér ekki komið nóg, í alvöru?

– Fyrirgefðu, sagði Erlendur við Katrínu. Þetta kemur auðvitað að rannsókninni ekkert við. Þetta er bölvuð hnýsni í mér. Þú hefur verið okkur ákaflega hjálpleg og ef það er þér einhver huggun þá efast ég um að til sé nokkur heilsteyptari manneskja en þú eða sterkari, að geta borið harm þinn svona í hljóði í öll þessi ár.

– Þetta er allt í lagi, sagði Katrín við Elínborgu. Börn eru með marga svipi. Ég sá aldrei Holberg í drengnum mínum. Aldrei. Hann sagði að þetta væri ekki mín sök. Einar sagði mér það. Ég ætti enga sök á því hvernig stúlkan okkar dó.

Katrín þagnaði.

– Hvað verður um Einar? spurði hún svo. Það var enginn mótþrói í henni lengur. Engar lygar. Aðeins uppgjöf.

– Við þurfum að finna hann, sagði Erlendur, tala við hann og heyra hvað hann segir.

Þau Elínborg stóðu upp. Erlendur setti á sig hattinn. Katrín sat kyrr eftir í sófanum.

– Ef þú vilt get ég talað við Albert, sagði Erlendur. Hann gisti á Hótel Esju í nótt. Við höfum fylgst með heimili þínu frá því í gær ef sonur þinn skyldi láta sjá sig. Ég get skýrt Albert frá því sem er að gerast. Hann tekur sönsum, maðurinn.



– Þakka þér fyrir, sagði Katrín, ég hringi í hann. Ég veit að hann kemur aftur. Við þurfum að standa saman vegna drengsins okkar.

Hún leit upp.

– Hann er drengurinn okkar, sagði hún. Hann verður alltaf drengurinn okkar.

Erlendur átti ekki von á því að Einar væri heima hjá sér. Hann leigði litla íbúð í Stóragerði og þau Elínborg héldu þangað frá Katrínu. Komið var hádegi og umferðin mikil. Á leiðinni lýsti Erlendur málavöxtum fyrir Sigurði Óla. Þeir þurftu að láta auglýsa eftir Einari. Finna mynd af honum til þess að setja í blöð og sjónvarp ásamt stuttri tilkynningu. Þeir mæltu sér mót í Stóragerðinu. Þegar þangað kom steig Erlendur úr bílnum en Elínborg hélt áfram.

Erlendur beið stutta stund eftir Sigurði Óla. Íbúðin var á jarðhæð í þríbýlishúsi og það var gengið beint inn í hana af götunni. Þeir hringdu dyrabjöllunni og börðu kröftuglega að dyrum en ekkert gerðist.

Þeir reyndu á hæðunum fyrir ofan og í ljós kom að Einar leigði hjá öðrum íbúðareigandanum, sem skroppið hafði heim til sín í hádeginu, en var fús að fylgja þeim niður og opna fyrir þá inn til leigjandans. Hann sagðist ekki hafa séð Einar í nokkra daga, gott ef ekki í heila viku; sagði að hann væri rólegheitamaður, hafði ekkert undan honum að kvarta, hann borgaði leiguna alltaf á réttum tíma, skildi ekki hvað lögreglan eiginlega vildi honum. Sigurður Óli sagði, til þess að forðast of miklar bollalaggingar, að hans væri saknað af fjölskyldunni og að þeir væru að reyna að komast að því hvert hann hefði getað farið.

Íbúðareigandinn spurði ekki hvort þeir hefðu heimild til þess að gera húsrannsókn. Þeir höfðu hana ekki en myndu fá hana í hendur síðar um daginn.

Þeir báðu hann að hafa sig afsakaða þegar hann hafði opnað fyrir þeim og stigu inn í íbúðina. Dregið var fyrir alla glugga svo dimmt var innandyra. Íbúðin var mjög lítil. Stofa og herbergi og eldhús og lítið baðherbergi. Teppi á gólfunum nema á baðinu.

en í eldhúsinu var dúkur. Sjónvarp í stofunni. Sófi framan við sjónvarpið. Það var þungt loft í íbúðinni. Í stað þess að draga frá gluggunum kveikti Erlendur ljós í stofunni og þeir sáu betur til.

Þeir störfðu á veggj íbúðarinnar og litu hvor á annan. Veggirnir voru þaktir orðunum sem þeir þekktu svo vel úr íbúð Holbergs, skrifuðum með pennum, tússlitum og litaspreyi. Þrjú orð sem höfðu verið óskiljanleg Erlendi en voru það ekki lengur.

Ég er HANN.

Þeir gengu innar í íbúðina.

Dagblöð og tímarit lágu á víð og dreif, innlend og erlend, bækur, sem Erlendi sýndust vera vísindalegs efnis, voru í stöflum hér og hvar á gólfí stofunnar og í svefnherberginu. Stór myndaalbúm voru innan um og saman við. Í eldhúsinu voru umbúðir utan af skyndimat.

– Faðerni Íslendinga, sagði Sigurður Óli og setti upp gúmmíhanska, getum við nokkurn tíma verið öruggir um það?

Erlendi varð hugsað til erfðarannsóknanna. Vinna var nýlega hafin hjá Erfðagreiningarmiðstöð Íslands við að safna saman sjúkragögnum um alla Íslendinga lífs og liðna og vinna úr þeim gagnagrunn með heilsufarsupplýsingum þjóðarinnar. Hann var samkeyrður með ættfræðigrunni þar sem ætt hvers einasta Íslendinga var rakin aftur á miðaldir; talað var um leitina að erfðamengi Íslendinga. Helsta markmiðið var að finna hvernig sjúkdómar bærust með erfðum, rannsaka þá með genarannsóknnum og finna leiðir til lækninga við þeim og öðrum sjúkdómum ef hægt var. Talað var um einsleita þjóð og litla blóðblöndun og því tilvalið rannsóknarefni fyrir erfðafræðina.

Fyrirtækið og heilbrigðisráðuneytið, sem veitti því leyfi fyrir gagnagrunninum, ábyrgðust að enginn óviðkomandi gæti brotist inn í grunninn og lýstu flóknu dulkóðunarkerfi sem upplýsingarnar væru skráðar eftir og ógerlegt væri að leysa.

– Hefurðu áhyggjur af faðerninu? spurði Erlendur. Hann var einnig búinn að setja á sig gúmmihanska og gekk varlega inn í stofuna. Hann tók upp eitt af myndaalbúmunum og fletti því. Það var gamalt.

– Það var alltaf sagt að ég líktist hvorki pabba né mömmu og engum í minni familíu.

– Ég hef alltaf haft það á tilfinningunni, sagði Erlendur.

– Hvað? Hvað meinarðu?

– Að þú værir bastardur.

– Gaman að þú skulir vera að fá húmorinn aftur, sagði Sigurður Óli. Þú hefur verið svolítið dularfullur undanfarið.

– Hvaða húmor? sagði Erlendur.

Hann fletti myndunum. Þær voru gamlar og svarthvítar. Hann þóttist þekkja móður Einars á sumum þeirra. Þá hlaut maðurinn á myndunum að vera Albert og drengirnir þrír synir þeirra. Einar þeirra yngstur. Þetta voru myndir sem teknar voru á jólum og í sumarleyfum og sumar hversdagslegar, teknar úti á götu eða í eldhúsinu þar sem drengirnir sátu við matborðið klæddir munstruðum prjónapreysum, sem Erlendur mundi eftir frá þessum tíma. Tímanum fyrir 1970. Eldri bræðurnir orðnir síðhærðir. Syrpa frá útlöndum. Tívolí í Kaupmannahöfn, sýndist Erlendi.

Aftar í albúminu höfðu drengirnir elst og hárið síkkað og þeir voru komnir í jakkaföt með stórum boðungum og háhælaða sparískó. Katrín með túperað hárið. Litur kominn á myndirnar. Albert að missa hárið. Erlendur leitaði eftir Einari og þegar hann bar saman svip hans á myndunum og svip bræðra hans og foreldra sá hann hversu ólíkur þeim hann var. Hinir drengirnir tveir báru sterkt svipmót foreldra sinna, sérstaklega föðurins. Einar var ljóti andarunginn.

Hann setti gamla albúmið frá sér og tók upp annað nýlegra. Myndirnar í því virtist Einar hafa tekið sjálfur af sinni eigin fjöl-

skyldu. Þær sýndu ekki eins langa sögu. Það var eins og Erlendur hefði gripið inn í lífshlaup Einars þegar hann var að kynnst eiginkonu sinni. Hann velti því fyrir sér hvort þetta væru myndir úr tilhugalífínu. Þau höfðu ferðast um landið. Farið á Hornstrandir, sýndist honum. Þórsmörk. Herðubreiðarlindir. Stundum voru þau á reiðhjólum. Stundum á bílskrjóð. Myndir úr tjöldum. Erlendur ályktaði að þær væru teknar um miðjan níunda áratuginn.

Hann fletti hratt, lagði albúmið frá sér og tók upp það sem honum sýndist að gæti verið nýlegasta myndaalbúmið. Í því sá hann litla stúlku í sjúkrarúmi með leiðslur í handleggjunum og súrefnisgrímu fyrir andlitinu. Hún var með augun lokuð og tæki allt í kringum sig. Honum sýndist hún liggja á gjörgæsludeild. Hann hikaði andartak áður en hann fletti áfram.

Erlendur hrökk við þegar farsími hans fór allt í einu að hringja. Hann lagði albúmið frá sér án þess að loka því. Það var Elín í Keflavík og hún var í miklu uppnámi.

– Hann var hjá mér í morgun, sagði hún formálalaust.

– Hver?

– Bróðir Auðar. Hann heitir Einar. Ég reyndi að ná í þig. Hann var hjá mér í morgun og sagði mér hvernig í öllu liggur, aumingja maðurinn. Hann missti dóttur sína alveg eins og Kolbrún. Hann vissi úr hverju Auður dó. Það er sjúkdómur í ætt Holbergs.

– Hvar er hann núna? spurði Erlendur.

– Hann var óskaplega langt niðri, sagði Elín. Hann gæti gert einhverja vitleysu.

– Hvað meinardu, vitleysu?

– Hann sagði að þetta væri búíð.

– Hvað er búíð?

– Hann sagði það ekki. Sagði bara að þetta væri búíð.

– Veistu hvar hann er niðurkominn?

– Hann sagðist ætla aftur til Reykjavíkur.

– Til Reykjavíkur? Hvert?

– Hann sagði það ekki, svaraði Elín.

– Sagði hann hvað hann ætlaðist fyrir?

– Nei, sagði Elín. Hann talaði ekkert um það. Þú verður að hafa uppi á honum áður en hann gerir einhverja vitleysu. Honum líður óskaplega illa, manningum. Þetta er hræðilegt. Alveg hræðilegt. Drottinn minn, ég hef aldrei vitað annað eins.

– Hvað?

– Hann er svo líkur föður sínum. Hann er svo nauðalíkur Holberg, maðurinn, og hann getur ekki lifað við það. Getur það ekki. Ekki eftir að hann heyrði hvað Holberg gerði móður hans. Hann segist vera lokaður inni í líkama hans. Hann segir að blóð Holbergs renni um æðar sínar og hann þolir það ekki.

– Um hvað er hann að tala?

– Það er eins og hann hati sjálfan sig, sagði Elín. Hann segir að hann sé ekki lengur sá sem hann var heldur einhver annar og kennir sjálfum sér um hvernig fór. Það var alveg sama hvað ég sagði, hann hlustaði ekki á mig.

Erlendur leit niður á myndaalbúmið, á stúlkuna í sjúkrarúminu.

– Af hverju vildi hann hitta þig?

– Hann vildi vita um Auði. Allt um Auði. Hvers konar stúlka hún var. Hvernig hún dó. Hann sagði að ég væri nýja fjölskyldan hans. Geturðu hugsað þér annað eins?

– Hvert skyldi hann hafa farið? sagði Erlendur og leit á armbandsúrið sitt.

– Í guðs bænum reyndu að finna hann áður en það er um seinan.

– Við gerum okkar besta, sagði Erlendur og ætlaði að kveðja en fann hik á Elínu. Hvað, er það eitthvað fleira? spurði hann.

– Hann sá þegar þið grófuð Auði upp, sagði Elín.

- Sá hann það?
- Hann var búinn að hafa uppi á mér og fylgdi okkur í kirkju-  
garðinn og sá þegar þið tókuð kistuna úr gröfinni.

Erlendur lét herða á leitinni að Einari. Ljósmyndum af honum var dreift á lögreglustöðvar í Reykjavík og nágrenni og í helstu kaupstaði úti á landi; tilkynningar voru sendar fjölmiðlum. Hann skipaði svo fyrir að maðurinn skyldi látinn óáreittur; ef til hans sæist ætti þegar að hafa samband við Erlend en ekki aðhafast neitt annað. Hann átti stutt símtal við Katrínu, sem sagðist ekkert vita um ferðir sonar síns. Eldri synir hennar tveir voru hjá henni. Hún hafði sagt þeim sannleikann. Þeir vissu ekki um bróður sinn. Albert hélt sig inni á herberginu á Hótel Esju allan daginn. Hann hringdi tvö símtöl, bæði í fyrirtæki sitt.

– Þvílíkur andskotans harmleikur, muldraði Erlendur á leið sinni aftur á skrifstofuna. Þeir höfðu ekki fundið neitt í íbúð Einars sem benti til þess hvar hann gæti haldið sig.

Dagurinn leið og þau skiptu með sér verkum. Elínborg og Sigurður Óli ræddu við fyrrverandi eiginkonu Einars en Erlendur fór í Erfðagreiningarmiðstöð Íslands. Nýreist stórhýsi fyrirtækisins stóð við Vesturlandsveginn. Það var á fimm hæðum og ströng öryggisgæsla við innganginn. Tveir öryggisverðir tóku á móti Erlendi í glæsilegu anddyrinu. Hann hafði gert boð á undan sér og forstjóri fyrirtækisins hafði séð sig tilneyddan að veita honum áheyrn í nokkrar mínútur.

Forstjórinn var einn af eigendum fyrirtækisins, íslenskur sameindaerfðafræðingur sem menntaður var í Bretlandi og Bandaríkjunum og kynnt hafði hugmyndina um Ísland sem heppilegan stað til erfðarannsókna með lyfjagerð í huga. Með hjálp gagnagrunnsins var hægt að safna saman öllum sjúkraskráum í landinu á einn stað og vinna úr honum heilsufarsupplýsingar, sem komið gátu að notum við meingenaleit.

Forstjórinn tók á móti Erlendi á skrifstofunni sinni, kona um



fimmtugt, Karítas að nafni, grönn og fínleg með stutt, biksvart hár og vingjarnlegt bros. Hún var minni en Erlendur hafði gert sér í hugarlund af sjónvarpsmyndum en alúðleg. Skildi ekki hvað rannsóknarlögreglan vildi fyrirtækinu. Hún bauð Erlendi sæti. Á meðan hann skoðaði íslensku nútímalistaverkin á veggjunum sagði hann henni blátt áfram að ástæða væri til að ætla að brotist hefði verið inn í gagnagrunninn með óleyfilegum hætti og upplýsingar fengnar úr honum sem gætu skaðað viðkomandi einstaklinga. Hann vissi ekki sjálfur nákvæmlega um hvað hann var að tala en hún virtist vita það. Og hún eyddi engum tíma í málalengingar, Erlendi til mikils léttis. Hann bjóst við mótspyrnu. Þagnarsamsæri.

– Málið er svo viðkvæmt út af persónuupplýsingunum, sagði hún strax og Erlendur lauk máli sínu, og þess vegna verð ég að biðja þig um að hafa þetta algerlega okkar á milli. Við höfum vitað af því í nokkurn tíma að farið hefur verið ólöglega inn í grunninn. Við höfum haft málið í rannsókn hér innanhúss. Böndin berast að ákveðnum líffræðingi, sem við höfum ekki getað rætt við því það er eins og hann sé horfinn af yfirborði jarðar.

– Einar?

– Já, það er hann. Við erum ennþá að móta grunninn, ef svo má segja, en við viljum skiljanlega ekki að það fréttist að hægt sé að ráða dulkóðann og vasast í grunninum að vild. Þú skilur það. Þótt þetta snúist reyndar ekki um dulkóðann.

– Af hverju tilkynntuð þið ekki lögreglunni um málið?

– Eins og ég segi, þá vildum við ráða fram úr þessu sjálf. Þetta er vandræðamál fyrir okkur. Fólk treystir því að þær upplýsingar sem fara í grunninn séu ekki bornar á torg eða notaðar í vafasömum tilgangi eða þeim hreinlega stolið. Það er ákaflega mikil viðkvæmni fyrir þessu í samfélaginu eins og þú kannski þekkir og við vildum reyna að forðast múgæsingu.

– Múgæsingu?

– Stundum er eins og öll þjóðin sé á móti okkur.

– Réð hann kóðann? Af hverju snýst þetta ekki um dulkóðann?

– Óskaplega geturðu gert þetta reyfarakennt. Nei, hann réð engan kóða. Eiginlega ekki. Hann fór öðruvísi að.

– Hvað gerði hann?

– Hann setti á fót rannsóknarverkefni sem ekkert samþykki var fyrir. Hann falsaði undirskriftir. Mína til dæmis. Hann lét eins og fyrirtækið væri að rannsaka arfgengi túmorsjúkdóms sem hér finnst í nokkrum ættum. Hann blekkti Tölvunefnd, sem er eins konar eftirlitsaðili með grunninum. Hann blekkti Vísindasíðanefnd. Hann blekkti okkur hérna.

Hún þagnaði andartak og leit á armbandsúr sitt. Hún stóð upp og gekk að skrifborðinu og náði sambandi við ritara sinn. Hún frestaði fundi um tíu mínútur og settist aftur hjá Erlendi.

– Prósessinn hefur verið þessi hingað til, sagði hún.

– Prósessinn? sagði Erlendur.

Karítas leit á hann hugsi. Síminn tók að hringja í vasa Erlends, hann afsakaði sig og kveikti á honum. Sigurður Óli var á línunni.

– Tæknideildin er að fara í gegnum íbúð Einars í Stóragarðinu, sagði hann. Ég hringdi í þá og þeir hafa svo sem ekki fundið neitt annað en það að Einar varð sér úti um byssuleyfi fyrir tveimur árum eða svo.

– Byssuleyfi? endurtók Erlendur.

– Við höfum það á skrá hjá okkur. En það er ekki allt. Hann á haglabyssu og við fundum afsagað hlaupið undir rúmi í herberginu hans.

– Hlaupið?

– Hann hefur sagað hlaupið af.

– Meinarðu ...?

– Þeir gera þetta stundum. Auðveldar þeim að skjóta sig.

– Heldurðu að hann geti verið hættulegur?

– Þegar við finnum hann, sagði Sigurður Óli, þurfum við að fara varlega að honum. Það er ómögulegt að vita hvað hann ætla sér með byssu.

– Varla ætla hann að drepa með henni, sagði Erlendur, sem var staðinn upp og búinn að snúa baki í Karítas til þess að fá eins konar næði.

– Af hverju ekki?

– Þá væri hann búinn að nota hana, sagði Erlendur lágt. Á Holberg. Heldurðu það ekki?

– Ég veit ekki neitt.

– Sjáumst, sagði Erlendur og slökkti á símanum og afsakaði sig aftur áður en hann settist á ný.

– Aðferðin hefur verið þessi hingað til, sagði Karítas eins og ekkert hefði í skorist. Við sækjum um leyfi til þessara aðila til að hefja vísindarannsókn, eins og í tilfelli Einars, rannsókn á arfgengi ákveðins sjúkdóms. Við fáum í hendur dulkóðaðan nafnalista yfir þá sem haldnir eru sjúkdómnum eða eru hugsanlegir arfberar og berum saman við dulkóðaðan ættfræðigrunn. Úr því verður dulkóðað ættartré.

– Eins og skilaboðatré, sagði Erlendur.

– Ha?

– Nei, haltu áfram.

– Tölvunefnd afkóðar lista með nöfnum þeirra sem við viljum rannsaka, svokallaðs úrtakshóps, bæði sjúklinga og ættingja, og býr til þátttakendalista með kennitölum. Skilurðu?

– Og þar með var Einar kominn með nöfn og kennitölur allra þeirra sem fengið hafa sjúkdóminn aftur í ættir?

Hún kinkaði kalli.

– Fer þetta allt í gegnum Tölvunefnd?

– Ég veit ekki hvað þú vilt fara djúpt í þetta. Við erum í samstarfi við lækna hjá ýmsum stofnunum. Þeir afhenda Tölvunefnd nöfn sjúklinga, hún dulkóðar nöfn þeirra og kennitölur og

sendir áfram til Erfðagreiningarmiðstöðvarinnar. Við höfum sérstakt ættrakningarforrit sem raðar sjúklingum saman í þyrpingar samkvæmt innbyrðis skyldleika. Með þessu forriti getum við valið þá sjúklinga sem veita mestar tölfræðilegar upplýsingar við meingenaleitina. Einstaklingar úr þessum hópi eru síðan beðnir um að taka þátt í rannsókninni. Gildi ættfræðinnar liggur í því að sjá hvort um ættlægan sjúkdóm sé að ræða, að velja góðan rannsóknarhóp og ættfræðin er öflugt hjálpartæki í leitinni að meingenum.

– Það eina sem Einar þurfti að gera var að þykjast búa til rannsóknarhóp og fá þannig nafnleyndinni aflétt, allt með hjálp Tölvunefndar.

– Hann laug og sveik og blekkti og þannig komst hann upp með það.

– Ég skil að þetta geti orðið vandamál fyrir ykkur.

– Einar er einn af æðstu yfirmönnum hér og einn af okkar færustu vísindamönnum. Gæðamaður. Af hverju gerði hann þetta? spurði forstjórinn.

– Hann missti dóttur sína, sagði Erlendur. Vissirðu ekki af því?

– Nei, sagði hún og starði á Erlend.

– Hvað hefur hann unnið hér lengi?

– Tvö ár.

– Það var nokkru fyrir þann tíma.

– Hvernig missti hann dóttur sína?

– Úr arfgengum taugasjúkdómi. Hann var arfberinn en vissi ekki um sjúkdóminn í sínum ættum.

– Rangt faðerni? sagði hún.

Erlendur svaraði henni ekki. Fannst hann vera búinn að segja nóg.

– Það er eitt af vandamálunum þegar settur er saman ættfræðigrunnur af þessu tagi, sagði hún. Sjúkdómarnir eiga það til

að færast tilviljunarkennt af ættartrénu og svo koma þeir fram þar sem þeirra er síst von.

Erlendur stóð upp.

– Og þið geymið alla þessa leyndardóma, sagði hann. Gömul fjölskylduleyndarmál. Harmleiki, sorgir og dauða, allt vandlega flokkað í tölvunum. Fjölskyldusögur og sögur af einstaklingum. Sögur af mér og þér. Geymið allan leyndardóminn og getið kallað hann fram þegar þið viljið. Krukkuborg fyrir alla þjóðina.

– Ég veit ekki um hvað þú ert að tala, sagði Karítas. Krukkuborg?

– Nei, auðvitað ekki, sagði Erlendur og kvaddi.

Pegar Erlendur kom heim til sín um kvöldið hafði enn ekkert spurst til Einars. Fjölskylda hans hafði safnast saman í húsi foreldranna. Albert hafði skráð sig af hótelinu síðdegis og haldið heim eftir tilfinningaþrungið símtal við Katrínu. Þar voru fyrir eldri synir þeirra og eiginkonur og brátt bættist fyrrverandi eiginkona Einars í hópinn. Elínborg og Sigurður Óli höfðu rætt við hana fyrr um daginn en hún sagðist ekki geta ímyndað sér hvar Einar héldi sig. Hann hefði ekki verið í sambandi við hana í um hálf t.ár.

Eva Lind kom heim skömmu á eftir Erlendi og hann sagði henni undan og ofan af rannsókninni. Fingraför sem fundust á heimili Holbergs stemmdu við fingraför Einars sem tekin voru á heimili hans í Stóragerðinu.

Hann hafði að lokum farið að hitta föður sinn og svo virtist sem hann hefði myrt hann.

Erlendur sagði Evu Lind einnig frá Grétari. Eina sennilega kenningin um hvarf hans og dauða var að Grétar hefði kúgað Holberg með einhverjum hætti, líklegast með ljósmyndum. Óvíst var hvað þær sýndu nákvæmlega en miðað við það sem þeir höfðu undir höndum taldi Erlendur ekki ólíklegt að Grétar hefði tekið myndir af aðförum Holbergs, jafnvel nauðgunum sem þeir vissu ekki um og kæmu líklega aldrei upp á yfirborðið úr þessu. Ljósmyndin af legsteini Auðar benti til þess að Grétar hefði vitað um það sem gerðist, hefði jafnvel getað borið vitni um það, og að hann hefði safnað upplýsingum um Holberg, ef til vill í þeim tilgangi að hafa af honum fé.

Þannig töluðu þau saman fram eftir kvöldinu á meðan rigningin ólmaðist á rúðunum og það hvein í haustvindunum. Hún spurði hann hvers vegna hann nuddaði brjóstakassann á sér eins

og hann gerði líkt og ósjálfrátt. Erlendur sagði henni frá verknum sem hann hafði fyrir brjóstinu. Hann kenndi gömlu dýnunni sinni um en Eva Lind skipaði honum að fara til læknis. Hann tók dræmt í það.

– Hvað meinarðu að þú farir ekki til læknis? sagði hún og Erlendur sá strax eftir því að hafa sagt henni frá verknum.

– Þetta er ekki neitt, sagði hann.

– Hvað ertu búinn að reykja mikið í dag?

– Hvað er þetta?

– Bíddu, þú ert með verk fyrir brjóstinu, reykir eins og skorsteinn, hreyfir þig ekki nema í bíl, ert á djúpsteiktu skítafæði og neitar að láta kíkja á þig! En svo geturðu lesið yfir mér svóleiðis svívirðingarnar að maður grenjar eins og smástelpa undan þér. Finnst þér þetta heilbriggt? Er ekki allt í lagi með þig?

Eva Lind var staðin upp og stóð eins og þrumuguð yfir föður sínum, sem kinokaði sér við að horfa upp til hennar en horfði hundslegur fram fyrir sig.

Ó, drottinn minn, hugsaði hann með sér.

– Ég læt kíkja á þetta, sagði hann svo.

– Lætur kíkja á þetta! Hvort þú lætur kíkja á þetta! hrópaði Eva Lind. Og hefðir átt að gera það fyrir löngu síðan. Aumingi.

– Strax á morgun, sagði hann og leit á dóttur sína.

– Eins gott, sagði hún.

Erlendur var að taka á sig náðir þegar síminn hringdi. Það var Sigurður Óli sem sagði honum að lögreglunni hefði borist tilkynning um innbrot í líkhúsið við Barónsstíginn.

– Líkhúsið við Barónsstíginn, endurtók Sigurður Óli þegar hann fékk engin viðbrögð frá Erlendi.

– Andskotinn, stundi Erlendur. Og hvað?

– Ég veit það ekki, sagði Sigurður Óli. Tilkynningin var að berast. Þeir hringdu í mig og ég sagðist mundu hafa samband við

þig. Þeir vita ekkert um ástæður innbrotsins. Er nokkuð nema lík þarna niður frá?

– Ég hitti þig þar, sagði Erlendur. Fáðu réttarlækninn niður eftir, bætti hann við og lagði á.

Eva Lind var sofnuð í stofunni þegar hann klæddi sig í frakkann, setti á sig hattinn og leit á klukkuna. Komið var miðnætti. Hann lokaði dyrunum varlega á eftir sér svo hann veki ekki dóttur sína, snaraðist niður stigann og út í bíl.

Þegar hann kom í líkhúsið stóðu þrír lögreglubílar þar fyrir utan með blikkandi ljósin. Hann þekkti bíl Sigurðar Óla og um það bil sem Erlendur var að stíga inn í húsið sá hann réttarlækninn beygja fyrir hornið svo ískraði í hjólbörðunum á blautu malbikinu. Læknirinn var ófrýnilegur á svipinn. Erlendur hraðaði sér inn eftir löngum gangi þar sem stóðu lögreglumenn og Sigurður Óli, sem kom út úr skurðstofunni.

– Það er ekki hægt að sjá að neitt vanti, sagði Sigurður Óli þegar hann sá Erlend storma inn eftir ganginum.

– Segðu mér hvað gerðist, sagði Erlendur og gekk með honum inn á skurðstofuna. Skurðarborðin voru auð, allir skápar lokaðir og ekkert þar inni sem benti til innbrots.

– Það voru spor um allt gólf hér inni sem núna eru að mestu þornuð, sagði Sigurður Óli. Húsið er tengt viðvörunarkerfi sem hringir inn til öryggismiðstöðvar og þaðan var haft samband við okkur fyrir um fimmtán mínútum. Það lítur út fyrir að sá sem braust inn í húsið hafi brotið rúðu hér baka til og teygt sig í lásinn. Ekki mjög flókið. Um leið og hann steig inn fóru skynjarar í gang. Hann hefur ekki haft mikinn tíma til þess að athafna sig.

– Örugglega nægan, sagði Erlendur. Réttarlæknirinn var kominn til þeirra og var í sýnilegu uppnámi.

– Hver í andskotanum brýst inn í líkhús? stundi hann.

– Hvar eru líkin af Holberg og Auði? spurði Erlendur.

Réttarlæknirinn leit á Erlend.



- Tengist þetta morðinu á Holberg? spurði hann.
- Getur verið, sagði Erlendur. Fljótt, fljótt, fljótt.
- Líkgeymslan er hér inn af, sagði læknirinn og þeir fylgdu honum að dyrum sem hann opnaði.
- Eru þessar dyr alltaf ólæstar? spurði Sigurður Óli.
- Hver stelur líkum? hreytti læknirinn út úr sér en snarstoppaði þegar hann leit inn í herbergið.
- Hvað er nú? spurði Erlendur.
- Stúlkan er farin, sagði læknirinn eins og hann tryði ekki sínum eigin augum. Hann gekk hratt í gegnum líkgeymsluna, opnaði kompu inn af henni og kveikti ljós.
- Hvað? spurði Erlendur.
- Kistan hennar er líka farin, sagði læknirinn. Hann horfði á Sigurð Óla og Erlend til skiptis. Við vorum búnir að fá nýja kistu undir hana. Hver gerir annað eins? Hverjum dettur önnur eins afskræming í hug?
- Hann heitir Einar, sagði Erlendur. Og þetta er engin afskræming!
- Hann snerist á hæli. Sigurður Óli fylgdi honum fast eftir og þeir gengu hröðum skrefum út úr líkhúsinu.

Lítill umferð var á Keflavíkurveginum þessa nótt og Erlendur ók eins hratt og tíu ára gamli japanski smábíllinn hans komst. Rigningin buldi á framrúðunni svo rúðupurrkurnar höfðu ekki undan og Erlendur minntist þess þegar hann fór í fyrsta skipti að hitta Elínu fyrir nokkrum dögum. Það var eins og það ætlaði aldrei að hætta að rigna.

Hann hafði skipað Sigurði Óla að biðja lögregluna í Keflavík um að vera í viðbragðsstöðu og sjá um að þeir fengju lögreglumenn úr Reykjavík til aðstoðar. Einnig skyldi hann hafa samband við Katrínu, móður Einars, og gera henni viðvart um hvernig málið hafði þróast. Sjálfur ætlaði hann að aka beint að kirkjugarðinum í þeirri von að Einar væri þar með líkamsleifar Auðar. Hann gat ekki ímyndað sér annað en að Einar ætlaði að skila systur sinni aftur í jörðina.

Þegar Erlendur ók upp að hliði kirkjugarðsins í Sandgerði sá hann bíl Einars þar með dyrnar bílstjóramegin opnar og aðrar afturdyrnar. Erlendur drap á vélinni, steig út í rigninguna og skoðaði bíl Einars. Hann reisti sig upp og hlustaði en heyrði aðeins í rigningunni þar sem hún féll lóðrétt niður á jörðina. Það var logn og hann horfði upp í svartan himininn. Í fjarlægð sá hann ljós ofan við innganginn að kirkjunni og þegar hann leit yfir kirkjugarðinn sá hann litla ljóstýru þar sem gröf Auðar var.

Honum sýndist hann sjá hreyfingu við leiðið.

Og litlu, hvítu kistuna.

Hann gekk varlega af stað og læddist hljóðlega í átt til mannsins, sem hann taldi að væri Einar. Ljósíð kom frá öflugri gaslukt sem maðurinn hafði meðferðis og stóð á jörðinni við kistuna. Erlendur steig hægt inn í birtuna og maðurinn varð

hans var. Hann leit upp frá því sem hann var að gera og horfði í augun á Erlendi.

Erlendur hafði séð myndir af Holberg ungum og svipurinn leyndi sér ekki. Ennið var lágt og lítillaga kúpt, augabrúnirnar þykkar, stutt á milli augnanna, kinnbeinin voru áberandi í grönnu andlitinu og tennurnar eilítið framstæðar. Nefið var mjótt og varirnar líka en hakan stór og hálsinn langur.

Þeir horfðust í augu nokkra stund.

– Hver ert þú? spurði Einar.

– Ég er Erlendur. Holberg er mitt mál.

– Ertu undrandi á því hvað ég er líkur honum? sagði Einar.

– Það er ákveðinn svipur, sagði Erlendur.

– Þú veist að hann nauðgaði móður minni, sagði Einar.

– Það er ekki þín sök, sagði Erlendur.

– Hann var faðir minn.

– Það er ekki þín sök heldur.

– Þú hefðir ekki átt að gera þetta, sagði Einar og benti á kistuna.

– Ég taldi mig verða að gera það, sagði Erlendur. Ég hef komist að raun um að hún lést úr sama sjúkdómi og dóttir þín.

– Ég ætla að setja hana á sinn stað, sagði Einar.

– Það er allt í lagi, sagði Erlendur og fíkraði sig nær kistunni. Þú vilt örugglega hafa þetta hér með í gröfinni. Erlendur rétti fram svörtu leður töskuna sem hann hafði geymt í bílnum frá því hann kom frá safnaranum.

– Hvað er þetta? spurði Einar.

– Sjúkdómurinn, sagði Erlendur.

– Ég skil ekki ...

– Þetta er lífsýni úr Auði. Mér finnst að við eigum að geyma það hjá henni.

Einar horfði á töskuna og Erlend til skiptis, óviss um hvað hann ætti til bragðs að taka. Erlendur færði sig enn nær þar til

hann var kominn upp að líkkistunni, sem var á milli þeirra, og setti töskuna ofan á hana og bakkaði rólega aftur þangað sem hann stóð.

– Ég vil láta brenna mig, sagði Einar allt í einu.

– Þú hefur alla ævina til þess að ganga frá því, sagði Erlendur.

– Einmitt, ævina, sagði Einar og brýndi raustina. Hvað er það? Hvað er ævi þegar hún er sjö ár? Geturðu sagt mér það? Hvers konar ævi er það?

– Ég get ekki sagt þér það, sagði Erlendur. Ertu með byssuna á þér?

– Ég talaði við Elínu, sagði Einar og svaraði honum ekki. Þú veist það líklega. Við töluðum um Auði. Systur mína. Ég vissi um hana en ekki að hún væri systir mín fyrr en seinna. Ég sá þegar þið tókuð hana upp úr gröfinni. Ég skildi Elínu vel þegar hún ætlaði að ráðast á þig.

– Hvernig vissirðu um Auði?

– Í gegnum gagnagrunninn. Ég fann þá sem höfðu látist úr þessu ákveðna afbrigði sjúkdómsins. Þá vissi ég ekki að ég væri sonur Holbergs og að Auður væri systir mín. Ég fann það út síðar. Hvernig ég kom undir. Þegar ég spurði mömmu.

Hann leit á Erlend.

– Eftir að ég komst að því að ég væri arfberi.

– Hvernig tengdirðu Holberg og Auði?

– Með sjúkdómnum. Þessu afbrigði hans. Heilæxlið er það sjaldgæft.

Einar þagnaði stutta stund en hóf svo að segja frá, skipulega og án málalenginga eða tilfinningasemi, eins og hann hefði búið sig undir það að þurfa að gefa nákvæma skýrslu um gerðir sínar. Hann hækkaði aldrei róminn en talaði í sömu lágu tóntegundinni, sem varð stundum að hvísli. Rigningin féll á jörðina og á kistuna og holur hljómurinn frá henni barst út í næturkyrrðina.

Hann sagði frá því hvernig dóttir hans veiktist upp úr þurru

þegar hún var fjögurra ára. Það reyndist erfitt að greina sjúkdóm-  
inn og mánuðir liðu áður en læknarnir komust að þeirri niður-  
stöðu að um sjaldgæfan taugasjúkdóm væri að ræða. Haldið var  
að sjúkdómurinn bærist með erfðum og væri bundinn við  
ákveðnar ættir en það furðulega var að hann fannst hvorki í móð-  
urætt dóttur hans né föðurætt. Um hefði verið að ræða einhvers  
konar frávik eða afbrigði, sem læknarnir áttu erfitt með að út-  
skýra nema orðið hefði einhvers konar stökkbreyting.

Þeim var sagt að sjúkdómurinn væri í heila barnsins og gæti  
leitt til dauða á fáeinum árum. Við tók tímabil sem Einar sagðist  
ekki geta lýst fyrir Erlendi.

– Áttu börn? spurði hann þess í stað.

– Tvö, sagði Erlendur. Strák og stelpu.

– Við áttum bara hana, sagði hann. Og við skildum þegar hún  
fór. Það var einhvern veginn ekkert sem hélt okkur saman nema  
sorgin og minningarnar og baráttan á sjúkrahúsinu. Þegar því var  
lokið var eins og lífi okkar væri líka lokið. Að það væri ekkert  
eftir.

Einar þagnaði og lygndi aftur augunum eins og hann ætlaði að  
sofna. Rigningarvatnið lak niður eftir andliti hans.

– Ég var einn af fyrstu starfsmönnum nýja fyrirtækisins, sagði  
hann svo. Þegar leyfi fékkst fyrir gagnagrunninum og við fórum  
að vinna við hann var eins og ég vaknaði til lífsins. Ég gat ekki  
fellt mig við svör læknanna. Ég varð að leita skýringa. Áhugi  
minn vaknaði aftur á því að vita hvernig sjúkdómurinn hafði  
borist í dóttur mína ef það var þá hægt. Heilsufarsgrunnurinn er  
tengdur risastórum ættfræðigrunni og það er hægt að samkeyra  
þá og ef maður veit að hverju maður er að leita og hefur dulkóð-  
ann þá sér maður hvar sjúkdómurinn liggur og getur rakið hann  
niður ættartréd. Maður getur jafnvel séð frávikin. Frávik eins og  
mig. Og Auði.

– Ég talaði við Karítas hjá Erfðagreiningarmiðstöðinni, sagði

Erlendur og velti því fyrir sér hvernig hann ætti að ná til hans. Hún lýsti blekkingunni fyrir mér. Þetta er svo nýtt fyrir okkur. Maður skilur ekki nákvæmlega hvað hægt er að gera með þessar uppsöfnuðu upplýsingar. Hvað þær hafa að geyma og hvað maður getur lesið úr þeim.

– Mig var farið að gruna þetta. Læknar dóttur minnar höfðu ákveðna kenningu um að sjúkdómurinn væri arfgengur. Fyrst hélt ég að ég væri hreinlega tókubarn og það hefði svo sannarlega verið betra þannig. Að þau hefðu ættleitt mig. Svo fór ég að gruna mömmu. Ég plataði hana til þess að gefa mér blóðsýni. Pabba líka. Fann ekkert í þeim. Hvorugu þeirra. Ég fann hann í mér.

– En þú ert einkennalaus?

– Næstum því, sagði Einar. Ég hef misst að mestu heyrn á öðru eyranu. Það er æxli við heyrnartaugina. Góðkynja. Og ég er með húðbletti.

– Kaffibletti?

– Þú hefur lesið þér til. Ég hefði getað sýkst við genabreytingu. Stökkbreytingu. En mér fannst hitt líklegra. Á endanum var ég með nöfn nokkurra manna sem hugsast gat að mamma hefði staðið í sambandi við. Holberg var einn af þeim. Mamma sagði mér strax hvernig í öllu lá þegar ég fór til hennar með grunsemdir mínar. Hvernig hún hafði þagað um nauðgunina og að ég hefði aldrei liðið fyrir uppruna minn. Þvert á móti. Ég er yngsti sonurinn, sagði hann til skýringar. Örverpið.

– Ég veit, sagði Erlendur.

– Hvílíkar fréttir! hrópaði Einar út í næturkyrrðina. Ég var ekki sonur föður míns; faðir minn var nauðgari móður minnar; ég var sonur nauðgara; hann hafði sett í mig meingen sem snerti varla við mér en dró dóttur mína til dauða; ég átti hálf systur sem dó úr sama sjúkdómi. Ég hef ekki ennþá skilið þetta til fulls, ekki ennþá náð utan um þetta. Þegar mamma sagði mér frá Hol-

berg blossaði reiðin upp í mér og ég hreinlega tapaði mér. Þetta var viðbjóðslegur maður.

– Þú byrjaðir á því að hringja í hann.

– Mig langaði að heyra í honum röddina. Langar ekki alla föðurleysingja til þess að hitta föður sinn? sagði Einar og bros lék um varir hans.

– Þótt það sé ekki nema einu sinni.

Það hafði dregið smám saman úr rigningunni og loks stytt upp. Ljósið frá gasluktinni varpaði gulleitri birtu á jörðina og regnvatnið sem rann í litlum sprænum eftir göngustígnum við leiðin. Þeir stóðu hreyfingarlausir hvor andspænis öðrum, með kistuna á milli sín og horfðust í augu.

– Honum hlýtur að hafa brugðið við að sjá þig, sagði Erlendur loks. Hann vissi af lögreglunni á leið að kirkjugarðinum og vildi nýta þessa stund sem hann hafði með Einari áður en lætin byrjuðu. Hann vissi líka að Einar gat verið vopnaður. Hann sá ekki haglabyssuna en gat ekki útilokað að hann væri með hana á sér. Einar hafði aðra höndina innan undir frakkanum.

– Þú hefur átt að sjá svipinn á honum, sagði Einar. Það var eins og hann hefði séð draug úr fortíðinni og þessi draugur var hann sjálfur.

*Holberg stóð í dyrunum og horfði á unga manninn sem hringt hafði bjöllunni. Hann hafði aldrei séð hann áður en samt þekkti hann strax svipinn.*

– *Halló, pabbi, sagði Einar hæðnislega. Hann gat ekki dulið reidi sína.*

– *Hver ert þú? sagði Holberg og undrunin leyndi sér ekki.*

– *Nú, sonur þinn, sagði Einar.*

– *Hvaða eiginlega ... Hefur þú verið að hringja í mig? Ég ætla að biðja þig um að láta mig í friði. Ég þekki þig ekki neitt. Þú ert greinilega ekki heill á geðmunum.*

*Þeir voru svipaðir á hæð en það sem kom Einari mest á óvart var hversu gamallegur Holberg sýndist og veiklulegur. Þegar hann talaði heyrðist hrygluhljóð djúpt nedan úr hálsinum eftir langvarandi reykingar. Hann var tekinn í andliti, stórskorinn, með dökka bauga undir*



augunum, óhreint, grátt hárið límt fast við höfuðið. Húðin skorpin. Fingurgómarnir gulir. Hann var lítillaga lotinn í herðunum, augun litlaus og daufleg.

Holberg ætlaði að loka dyrunum en Einar var sterkari og ýtti honum inn á undan sér með hurðinni, steig inn í íbúðina og lokaði. Hann fann strax lyktina. Eins og af hrossum en þó verri.

– Hvað geymirðu hérna inni? sagði Einar.

– Viltu hafa þig héðan út á stundinni. Holberg varð skrækróma þegar hann hrópaði á Einar og bakkadi lengra inn í stofuna.

– Ég hef fullan rétt á því að vera hérna, sagði Einar og leit í kringum sig á bókaskápin og tökvuna úti í horninu. Ég er sonur þinn. Glataði sonurinn. Má ég spyrja þig að einu, pabbi? Nauðgaðirðu fleiri konum en mömmu?

– Ég hringi á lögregluna! Hrygluhljóðið var meira áberandi þegar hann æsti sig.

– Það er löngu kominn tími til þess, sagði Einar og Holberg hikaði.

– Hvað viltu mér? sagði hann.

– Þú hefur ekki hugmynd um hvað hefur gerst og varðar ekkert um það. Gæti ekki staðið meira á sama. Er það ekki rétt hjá mér?

– Þessi svipur, sagði Holberg en lauk ekki setningunni. Hann horfði sínum litlausu augum á Einar og virti hann fyrir sér langa stund þangað til hann fór að skilja það sem Einar sagði, að hann væri sonur hans. Einar sá hikið í honum. Sá hvernig hann braut heilann um það sem hann hafði sagt honum.

– Ég hef aldrei nauðgað á ævi minni, sagði Holberg loks. Það er allt saman helvítis lygi. Þeir sögðu að ég hefði eignast dóttur í Keflavík og mamma hennar kærði mig fyrir nauðgun en hún gat aldrei sannað það. Ég fékk engan dóm.

– Veistu hvað varð um þessa dóttur þína?

– Ég held hún hafi dáðið ung. Ég var aldrei í sambandi við hana eða móðurina. Þú hlýtur að skilja það. Hún kærði mig fyrir nauðgun!

– Kannast þú við barnadauða í þinni fjölskyldu? spurði Einar.

- Um hvað ertu að tala?
- Hafa dáið börn í þinni fjölskyldu?
- Hvað er að gerast hér?
- Ég veit um nokkur tilvik frá því um aldamótin. Eitt af þeim var systir þín.

Holberg starði á Einar.

- Hvað veist þú um mína fjölskyldu? sagði hann. Hvernig ...?
- Bróðir þinn. Tuttugu árum eldri en þú. Látinn fyrir um fimmtán árum. Missti unga dóttur sína árið 1941. Þú varst 11 ára. Þið voruð bara tveir bræðurnir og fæddust með þessu langa millibili.

Holberg þagði og Einar hélt áfram.

- Sjúkdómurinn hefði átt að hverfa með þér. Þú hefðir átt að vera síðasti arfberinn. Þú varst síðastur í röðinni. Ókvæntur. Barnlaus. Engin fjölskylda. En þú varst nauðgari. Aumur, andskotans, djöfuls-ins nauðgari!

Einar þagnaði og horfði hatursfullum augum á Holberg.

- Og nú er það ég sem er síðasti arfberinn.
- Hvað ertu að tala um?
- Auður fékk sjúkdóminn frá þér. Dóttir mín fékk hann frá mér. Svo einfalt er það. Ég hef skadað þetta í gagnagrunninum. Það hafa ekki komið fram ný tilfelli sjúkdómsins í þessari ætt frá því Auður dó, ef frá er talin dóttir mín. Við erum þeir síðustu.

Einar gekk skrefi nær, tók upp þunga gleröskubakkann og vó hann í höndum sér.

- Og nú lýkur því, sagði hann.
- Ég fór ekki þarna inn til þess að drepa hann, sagði Einar. Hann hlýtur að hafa talið sig vera í mikilli hættu. Ég veit ekki af hverju ég tók upp öskubakkann. Kannski ætlaði ég að kasta honum í hann. Kannski vildi ég ráðast á hann. Hann varð fyrri til. Réðst á mig og tók um hálsinn á mér en ég sló hann í höfuðið og hann datt í gólfid. Ég gerði þetta í algjöru hugsunarleysi. Ég var reið-

ur og hefði alveg eins getað ráðist á hann. Ég velti því fyrir mér hvernig þessum fundi okkar mundi ljúka en ég sá þetta aldrei fyrir. Aldrei. Hann skall með höfuðið í stofuborðið og svo í gólf-  
ið og það fór að blæða úr honum. Ég vissi að hann var dauður þegar ég beygði mig niður að honum. Ég leit í kringum mig, sá blað og blýant og skrifaði að ég væri hann. Það var það eina sem ég gat hugsað um frá því að ég sá hann í dyrunum. Að ég væri hann. Að ég væri þessi maður. Og að þessi maður væri faðir minn.

Einar leit niður í opna gröfina.

– Það er vatn í henni, sagði hann.

– Við björgum því, sagði Erlendur. Ef þú ert með byssu á þér skaltu láta mig hafa hana. Erlendur færðist hægt nær honum en það var eins og Einari stæði á sama.

– Börn eru heimspekingar, sagði hann. Dóttir mín spurði mig einu sinni á spítalanum, af hverju erum við með augu? Ég sagði að það væri til þess að við gætum séð.

Einar þagnaði.

– Hún leiðrétti mig, sagði hann eins og við sjálfan sig.

Hann leit á Erlend.

– Hún sagði að það væri svo að við gætum grátið.

Svo var eins og hann tæki ákvörðun.

– Hver ertu ef þú ert ekki þú sjálfur? sagði hann.

– Vertu rólegur, sagði Erlendur.

– Hver ertu þá?

– Þetta lagast.

– Ég ætlaði ekki að hafa þetta svona en nú er það of seint.

Erlendur áttaði sig ekki á hvað hann sagði.

– Þessu lýkur.

Erlendur horfði á hann í daufu ljósinu af gasluktinni.

– Þessu lýkur hérna, sagði Einar.

Erlendur sá þegar hann tók byssuna fram undan frakkanum

og beindi henni fyrst að Erlendi, sem hafði fíkrað sig nær honum. Erlendur stoppaði. Skyndilega sneri Einar hlaupinu við og setti sér að hjartastað. Hann gerði það örsnöggt. Erlendur tók viðbragð og hrópaði um leið á Einar. Öskrandi hvellurinn rauf kvöldkyrrðina í kirkjugarðinum. Erlendur missti andartak heyrnina. Hann kastaði sér á Einar og þeir féllu báðir til jarðar.

Stundum leið honum eins og líf hans væri komið í eyði og aðeins líkami hans stæði eftir og horfði tómum augum út í sortann.

Erlendur stóð á grafarbakkanum og leit niður á Einar sem lá við hlið litlu grafarinnar. Hann tók gasluktina, lýsti niður og sá að Einar var látinn. Hann lagði frá sér luktina og tók til við að koma kistunni ofan í jörðina. Fyrst opnaði hann hana, setti glerkrukkuna í hana og lokaði aftur. Það var erfitt verk fyrir hann einan að koma kistunni niður en honum tókst það um síðir. Hann fann skóflu sem skilin hafði verið eftir við moldarhauginn. Eftir að hafa gert krossmark yfir kistunni byrjaði hann að moka yfir hana og fann til í hvert skipti sem þung moldin skall á kistunni með dimmum, holum hljómi.

Erlendur tók hvítu rimlagirðinguna sem lá brotin við leiðið, reyndi að setja hana á sinn stað og beitti öllum sínum kröftum til þess að reisa legsteininn við.

Hann var að ljúka verkinu þegar hann heyrði í fyrstu bílunum og köll í fólki sem dreif að kirkjugarðinum. Hann heyrði Sigurð Óla og Elínborgu hrópa á sig til skiptis. Hann heyrði aðrar kvenmannsraddir og raddir í karlmönnum sem bílljósinn lýstu upp svo skuggar þeirra urðu risavaxnir í næturmyrkrunu. Hann sá geisla frá vasaljósum sem fjölgaði ört og nálguðust hann.

Hann sá að Katrín var í hópnum og stuttu síðar tók hann eftir Elínu. Hann sá Katrínu horfa á sig með spurn í andlitinu og þegar henni varð ljóst hvað gerst hafði kastaði hún sér grátandi yfir Einar og faðmaði hann að sér. Hann reyndi ekki að stöðva hana. Hann sá að Elín kraup niður hjá henni.

Hann heyrði Sigurð Óla spyrja sig hvort hann væri í lagi og sá Elínborgu taka upp haglabyssuna sem fallið hafði á jörðina.

Hann sá fleiri lögreglumenn drífa að og flassljós myndavélanna í fjarska eins og litlar eldingar.

Hann leit upp. Það var aftur farið að rigna en honum fannst eins og rigningin hefði mildast.

Einar var jarðaður við hlið dóttur sinnar í kirkjugarðinum í Grafarvogi. Jarðarförin fór fram í kyrriþey.

Erlendur var í sambandi við Katrínu. Hann sagði henni frá fundi Einars og Holbergs. Erlendur talaði um sjálfsvörn en Katrín vissi að hann var að reyna að draga úr sársaukanum. Hann vissi hvernig henni leið.

Það hélt áfram að rigna en það hafði dregið niður í haustvindunum. Brátt tæki veturinn við og frostið og myrkrið. Erlendur kveið því ekki.

Fyrir þrábeiðni dóttur sinnar fór Erlendur loks til læknis. Læknirinn sagði að verkurinn fyrir brjóstinu stafaði af eymslum í brjóski sem kallaðist geislungur og líklega væri vondri rúm-dýnu og almennu hreyfingarleysi um að kenna.

Erlendur spurði Evu Lind einn daginn yfir rjúkandi kjötsúpu hvort hann mætti ráða nafninu ef hún eignaðist stúlku. Hún sagðist hafa átt von á að hann kæmi með einhverjar tillögur.

– Hvað viltu láta hana heita? spurði hún.

Erlendur leit á hana.

– Auður, sagði hann. Mér datt í hug að það væri gott að láta hana heita Auði.

